



Fiskeldi Austfjarða hf.

**Matsskýrsla vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi
í Seyðisfirði**

**Viðaukahefti 1
VIÐAUKAR
1-22**

Mat á umhverfisáhrifum

14. júní 2021

Efnisyfirlit - viðaukahefti 1

Viðauki 1: Yfirlýsing hafrannsóknarstofnunar vegna burðarþols Seyðisfjarðar og áhættumats.....	2
Viðauki 2: Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis.....	4
Viðauki 3: Mælingar á straumum, hita- og seltu í Seyðisfirði frá 26. júlí til 31. október árið 2002 ...	16
Viðauki 4: Staðarstraumsmælingar við Háubakka og í Sörlastaðavík í september og október 2018	50
Viðauki 5: Vöktunaráætlun fyrir Fiskeldi Austfjarða vegna sjókvíaeldis í Seyðisfirði	101
Viðauki 6: Rannsóknir á lífríki Seyðisfjarðar	111
Viðauki 7: Yfirlýsing dýralæknis fisksjúkdóma vegna laxalúsar á Austfjörðum	155
Viðauki 8: Leiðbeiningar frá MAST um lúsatalningu	158
Viðauki 9: Mat RORUM á fjölda laxa sem sleppi úr eldi	164
Viðauki 10: Upplýsingar um afla sem veiddur var í Seyðisfirði	168
Viðauki 11: Gæðahandbók Fiskeldis Austfjarða.....	173
Viðauki 12: Vátryggingaskírteini og yfirlýsing frá Tryggingamiðstöðinni vegna Seyðisfjarðar	234
Viðauki 13: Lokaðar kvíar í sjó og landeldi – valkostagreining	238
Viðauki 14: Yfirlýsing frá Stapa jarðfræðistofu dagsett 19. september 2019	250
Viðauki 15: Staðarstraumsmælingar í Selstaðavík og Skálanesbót í júlí og ágúst 2019	252
Viðauki 16: Viðhorf ferðamanna til fiskeldis á Austfjörðum	301
Viðauki 17: Spurningavagn MMR viðhorfskannanir í júní og desember 2018 til fiskeldis	318
Viðauki 18: Endurskoðað áhættumat erfðablöndunar 2020	330
Viðauki 19: Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi 2017	334
Viðauki 20: Endurskoðað áhættumat erfðablöndunar 2020 – tækniskýrsla	380
Viðauki 21: Seyðisfjörður – botndýrarannsókn júlí 2019	426
Viðauki 22: Fóður og efnainnihald þess.....	441

Efnisyfirlit - viðaukahefti 2

Viðauki 23: Umsagnir um frummatsskýrslu	3
Viðauki 24: Samantekt umsagna og viðbrögð við þeim	40
Viðauki 25: Athugasemdir við frummatsskýrslu	43
Viðauki 26: Undirskrifalisti.....	406
Viðauki 27: Samantekt athugasemda og viðbrögð við þeim	440
Viðauki 28: Fjarfundur til kynningar á frummatsskýrslu – samantekt	560
Viðauki 29: Frumgreining á áhrifum snjóflóða á eldiskvíar í Seyðisfirði	563

|

Viðauki 1: Yfirlýsing hafrannsóknarstofnunar vegna burðarþols
Seyðisfjarðar og áhættumats

----- Forwarded message -----

Frá: Ragnar Jóhannsson <ragnar.johannsson@hafogvatn.is>

Date: þri., 16. apr. 2019 kl. 15:33

Subject: Burðarþol Seyðisfjarðar og áhættumat

To: Steinar Rafn Beck Baldursson <sbeck@umhverfisstofnun.is>

Cc: Sigurður Guðjónsson <sigurdur.gudjonsson@hafogvatn.is>, Guðmundur Gíslason <gudmundur@icefishfarm.com>, Þórður Þórðarson <ththordarson@gmail.com>

Heill og sæll Steinar Rafn,

Þar sem fyrir liggur burðarþolsmat fyrir Seyðisfjörð mun hann verða tekinn með í næstu endurskoðun áhættumats vegna erfðablöndunar. Nákvæm tímasetning liggur ekki fyrir en samkvæmt því lagafrumvarpi sem nú liggur fyrir vorþingi er gert ráð fyrir Hafrannsóknastofnun skuli leggja tillögu að endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar fyrir samráðsnefnd um fiskeldi innan tveggja mánaða eftir að lög hafa verið birt í Stjórnartíðindum.

Ég vill benda á að Áhættumatið tekur eingöngu til eldis á frjóum laxi. *Með notkun á ófrjóum laxi er unnt að auka eldi umfram það sem lagt er til í gildandi Áhættumati.*

Með bestu kveðju

Ragnar Jóhannsson

Sviðsstjóri | Head of Division

Fiskeldi og fiskirækt | Aquaculture

Hafrannsóknastofnun – rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna | Marine and Freshwater Research Institute

Skúlagata 4, IS-101 Reykjavík

Sími | Tel: + 354 575 2222

Farsími | Mobile: + 354 891 64 82

Ragnar.Johannsson@hafogvatn.is

www.hafogvatn.is | www.mfri.is

Viðauki 2: Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar m.t.t. sjókvíældis

Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis

Niðurstaða

Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við lög um fiskeldi (nr 71/2008 m.s.br.) að hámarklífmassi fiskeldis í Seyðisfirði verði 10.000 tonn.

Inngangur

Við breytingu á lögum um fiskeldi (nr. 71/2008) árið 2014 voru sett inn ný ákvæði um að rekstrarleyfi skuli fylgja burðarþolsmat sem framkvæmt sé af Hafrannsóknastofnun. Í lögum er mat á burðarþoli svæða skilgreint sem mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi.

Forsendur


Niðurstaðan byggir á mati á áhrifum eldisins á ýmsa umhverfisþætti strandsjávarvatnshlota eins og lýst er í reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Einkum er horft til álags á lífríki botnsins, súrefnisstyrks og styrks næringarefna.

Ekki liggur fyrir matskerfi til að nota við mat á ástandi líffræðilegra gæðabátta í strandsjávarvatnshlotum en hér er stuðst við aðrar skuldbindingar eins og t.d. OSPAR samninginn. Til vatnshlota í strandsjó, sem hafa gott eða mjög gott ástand, er gerð sú krafa að ástand þeirra skuli ekki hnigna þrátt fyrir fiskeldi eða aðra starfsemi.


Tillit er tekið til stærðar fjarðarins, dýpis og varúðarnálgunar varðandi raunveruleg áhrif eldisins einkum á botndýralíf og súrefnisstyrk. Í þessu mati er gert ráð fyrir að hámarklífmassi verði aldrei meiri en 10.000 tonn og að nákvæm vöktun á áhrifum eldisins fari fram samhliða því. Slík vöktun er forsenda fyrir hugsanlegu endurmati á burðarþoli fjarðarins, til hækkunar eða lækkunar, sem byggt væri á raungögnum. Jafnframt er bent á að æskilegra er að eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar.

Staðhættir og niðurstöður rannsókna

Í Seyðisfirði er mesta dýpi 89 metrar utarlega í firðinum og grunnur eða nokkurs konar þröskuldur er utan fjarðarins með um 69 m dýpi. Nokkuð svæði í ytri hluta fjarðarins er dýpra en 80 m (1. mynd). Meðaldýpi fjarðarins er um 55 m og mesta dýpi um 89 m. Dýpi fjarðar er þannig hátt að frá grunni ofan 20 m dýpkar hratt niður á meira en 60 m og því má gera ráð fyrir að botnfall frá fiskeldi falli og skriði nokkuð hratt niður í djúplag fjarðarins. Lengd fjarðarins er um 17,5 km, flatarmál hans er um 34,0 km² og rúmmál hans er um 1,88 km³. Á fyrstu mynd eru sýndar staðsetningar straummælilagna ásamt meðalstraumi á tveimur dýpum á þessum mælistöðvum.





1. mynd. Botndýpi í Seyðisfirði. Rauða línan táknar ytri mörk þess svæðis sem líkankeyslur náðu til. Staðsetningar og tákn straumlagna eru einnig sýndar ásamt meðalstraumi og stefnu fyrir tvö dýptarbil á mælitímanum. Dýptargögn eru frá Sjósmælingasviði Landhelgigæslunnar.







2. mynd. Niðurstöður mælinga í Seyðisfirði 18. ágúst 2016 (fjólublátt), 12. febrúar 2017 (blátt), 27. maí 2017 (grænt) og 24. febrúar 2018 (rautt). Myndirnar sýna eðlisþyngd, hita, seltu, súrefnisstyrk og súrefnismettun sem lóðréttu ferla auk staðsetninga mælistöðva.

Athuganir á ástandi sjávar í firðinum á ýmsum árstímum (2. mynd) sýna að vatnssúlan er líkt og víða í fjörðum nær öll uppblönduð að vetri. Stöðvar sunnanvert í firðinum sýna þó að þunnt ferskvatnslag er viðvarandi stóran hluta ársins. Að sumarlagi myndast eilítið heitara og ferskara yfirborðslag í efstu 15 til 20 metrum sjávarins í firðinum. Þrjár staðsetningar sem sýndar eru á 1. mynd sýna samfelldar mælistöðvar/straumlagnir sem eru táknaðar með SENA utarlega, norðanvert í firðinum, SESA utarlega, sunnanvert í firðinum og SESV sem var innanlega, sunnanvert í Seyðisfirði. Súrefnismæling á innstu lögn gekk ekki sem skyldi 2016-2017 og var því lagt aftur og náðist mæling 2017 til 2018. Árssveifla hita á straummæilögnum við botn er sýnd á 3. mynd. Hitamælingar náðust á öllum stöðvum 2016 til 2017 og sýna að hiti er tiltölulega svipaður á sama tíma um allan fjörð niður undir botni. Hiti var á bilinu 2.5° til 9°C og talsvert kaldara var veturinn 2018 en 2017. Mælingar súrefnis hvort sem er á mælistöðvum með sondu eða á samfelldum mælingum á straumlögnum sýna að gildin verða sjaldan lág, súrefnismettun fór ekki undir 75% (2. og 4. mynd). Mælingar á hita, seltu og súrefni gefa tilefni til að ætla að notast megi við þriggja laga líkan af firðinum. Með yfirborðslagi, miðlagi og tiltölulega þunnu botnlagi.




3. mynd. Hitamælingar á straummæilögnum í Seyðisfirði. Vinstra megin 27. maí 2016 til 13. febrúar 2017, þrjár mæilagnir og hægra megin 27. maí 2017 til 24. febrúar 2018 einungis á innstu mæilögn.




4. mynd. Súrefni og súrefnimettun í Seyðisfirði. Efri myndir sýna þróun súrefnis (vinstri) og súrefnis mettunar (hægra) fyrir ytri mæilagnir í firðinum. Neðri myndir sýna sama fyrir innri mæilögn í firðinum. Dýpi mælitækis er tilgreint á myndum. Mælitími ytri lagna er 2016 til 2017. Mælitími innri lagna er 2017 til 2018.


Niðurstöður straummælinga (1., 5. og 6. mynd) sýna meðalstraum 2–4 cm/s mismunandi eftir dýpi og stað. Tilhneiging er til innflæðis dýpra norðanvert og útfæðis gynnra sunnanvert. Líkt og víðar hefur vindur mikil áhrif á strauma fjarðarins og virðast sunnanvindar draga úr útfæði en veikir og breytilegir vindar eru ráðandi þegar flæði er inn fjörðinn að norðan og út að sunnan (7. mynd). Miðað við meðaltal af straumi vatnssúlunnar má ætla að endurnýjunartími fjarðarins sé um 10 til 11 sólarhringar.



Mynd 5. Meðalstraumhraði (láréttur ás) á mismunandi dýpi (lóðréttur ás) á staðsetningum SENA utarlega, norðanvert, SESA utarlega, sunnanvert, og SESV innarlega, sunnanvert í Seyðisfirði. Sýndir eru austur-vestur þáttur (blár) og norður-suður þáttur (rauður) straumsins.



6. mynd. Tímaraðir straumstyrks og straumstefnu sjávar á mismunandi dýpi (um 10 m rautt, um 30m grænt og næst botni blátt) á straummælistöðvum í Seyðisfirði (staðsetningar á 1.mynd). Lóðréttur ás sýnir straum í cm/s. Gögnin eru síuð þannig að sjávarföll eru tekin út með 36 klst low-pass síu.



7. mynd. Tímaraðir vinds á Dalatanga og austur-vestur þáttur straums sjávar á straummælistöð SENA og SESA, norðanvert og sunnanvert í Seyðisfirði (1.mynd).


Nánar um forsendur og líkön

Líkt og annars staðar í Evrópu er horft til rammatilskipunar um vatn (water framework directive) sem tók gildi á Íslandi með lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011, þegar reglur um sjálfbært fiskeldi verða skilgreindar (Jeffrey o.fl., 2014). Til vatnshlota í strandsjó sem hafa gott eða mjög gott ástand er gerð sú krafa að ástandi þeirra skuli ekki hnigna þrátt fyrir fiskeldi eða aðra starfsemi. Það er grundvallaratriði í þróun sjálfbærs, vishæfs fiskeldis í sjó. Samkvæmt lögnum skal meta ástand strandsjávar með þremur líffræðilegum gæðapáttum sem eru botndýr, botnþörungur og svifþörungur. Þá skal einnig fylgjast með eðlis- og efnafræðilegum gæðapáttum eins og magni uppleysts súrefnis (Anon., 2014 a og b). Markmiðið er að öll vatnshlot séu að lágmarki með gott ástand sem er næst besti ástandsflokkurinn. Þá skal ástand þeirra ekki rýrna nema að því leyti að það má fara úr mjög góðu í gott ástand vegna sjálfbærrar starfsemi af einhverju tagi.


Burðarþol er skilgreint sem hámarks lífmassi tegunda í eldi sem hægt er að hafa á tilteknu svæði án þess að fara yfir mörk álags sem ásættanlegt er bæði fyrir eldið og umhverfið. Umhverfismörk eru nauðsynleg sem viðmið til að meta hvort að áhrif eldis séu ásættanleg. Ef viðmiðin eru öllum ljós verða forsendur ákvarðanatöku vegna burðarþolsmats einnig ljósar. Í nágrannalöndum okkar hefur fiskeldi verið stundað í stórum stíl um árabíl. Þar hafa verið þróaðar aðferðir við að meta hæfi svæða til eldisstarfsemi og sett mörk um hvað telst ásættanlegt álag (Stigebrant o.fl., 2004, Tett o.fl., 2011, Tett o.fl. 2003). Grundvöllur alls slíks er þekking á umhverfinu. Áhætta af sjókvíaldri í Noregi hefur verið metin (Taranger o.fl., 2012) og þar kemur fram að nauðsynlegt er að skoða heildstætt samlegðaráhrif allrar starfsemi innan ákveðins sjókvíaldissvæðis.

Einn þáttur verkefnis, sem lýtur að því að meta burðarþol, er að þróa áreiðanlegar, hlutlægar aðferðir eða líkön til þess að meta áhrif fiskeldis á umhverfið. Með því að nota slík líkön ásamt rannsóknaniðurstöðum frá tilteknu sjókvíaldissvæði og þeim umhverfismörkum sem menn setja sér, er hægt að meta burðarþol m.t.t. eldis fyrir afmörkuð svæði. Reiknilíkönin þurfa að ná að líkja vel eftir hafaðlisfræðilegum, hafefnafræðilegum og vistfræðilegum ferlum í umhverfinu, sem og eftir súrefnisnotkun og uppsprettum og afdrifum lífræns efnis og næringarefna sem stafa frá eldinu. Grundvöllur þess að geta metið álag með líkönum er að hafa tiltækar athuganir á straumum, hita, seltu, súrefni, næringarefnum og þeim þáttum vistkerfisins sem á að meta.

Gerðar voru mælingar á þeim grundvallarþáttum í Seyðisfirði sem að ofan eru nefndir á tímabilinu frá 18. ágúst 2016 til 24. febrúar 2018 og þar af með síritandi tækjum frá 6. ágúst 2016 til 13. febrúar 2017. En ástæða er til að ætla að á þessu tímabili sé súrefnisstyrkur sjávar lægstur á árinu (4. mynd). Vegna bilunar var lagt aftur síritandi tækjum á innri lögn 27. maí 2017 til 24. febrúar 2018. Til þess að meta áhrif eldisins á vistkerfið er notað líkanið AceXR, sem hefur verið aðlagð að mæliniðurstöðum. Eins og áður sagði er gert ráð fyrir að í firðinum séu 3 sjávarlög, þunnt yfirborðslag, miðlag og djúp- eða botnlag. Þokkalegt samræmi fæst milli athugana og útreikninga líkansins á eðliseiginleikum sjávar (7. mynd).



7. mynd. Hitamælingar (fjólublátt) frá straumlögn SESV í innri Seyðisfirði bornar saman við niðurstöður líkans fyrir yfirborðslag (blátt), miðlag (grænt) og djúplag (rautt). Mælitíminn er 2017 til 2018 og eru fyrstu mánuðir ársins 2018 sýndir í janúar til mars á teikningu.




8. mynd. Súrefnismæling á 66 m dýpi á SESV innarlega í Seyðisfirði (fjólublátt) ásamt reiknuðu gildi ACExR líkans fyrir súrefni í yfirborðslagi (blátt), miðlagi (grænt) og djúplagi (rautt) án eldis í firðinum og útreiknað súrefni miðað við 10.000 tonna lífmassa í firðinum sýnt sem mjó punktalína með sömu litum. Mælitíminn er 2017 til 2018 og eru fyrstu mánuðir ársins 2018 sýndir í janúar til mars á teikningu (fjólublátt).

Á mælistöð inni í firðinum (SESV) náðust samfelldar súrefnismælingar niður undir botni og var lægsta gildið um $5,2 \text{ ml l}^{-1}$ í ágúst sem bendir til þess að fjörðurinn sé síður viðkvæmur fyrir lífrænu álagi hvað varðar súrefnisbúskap hans (8. mynd).

Sökum þess hve brattur botn fjarðarins er, er hér gert ráð fyrir að allt fasta efnið frá eldinu sem fellur til botns lendi í djúplaginu og að álag á það svæði verði því meira. Þetta hefur bein áhrif á burðargetu fjarðarins.

Styrkur næringarefna er einn þeirra þátta sem losun frá fiskeldi hefur áhrif á. Þar sem vatnsskipti eru hægt eða rúmmál viðtaka lítið geta slíkar aðstæður orðið til þess að dreifing þeirra næringarefna sem losuð eru frá fiskeldi verði ekki næg til koma í veg fyrir marktæka styrk aukningu í firðinum, sem aftur getur leitt af sér aukinn svifþörungargróður og niðurbrot lífræns efnis.

Samkvæmt niðurstöðum líkansins (9. mynd) má búast við $0,5 - 1 \mu\text{mól l}^{-1}$ styrk aukningu nitrats að sumri í yfirborðslaginu við 10.000 tonna lífmassa í eldi í firðinum. Sú aukning kann að valda aukinni frumframleiðni sem eykur álagið á súrefnisbúskap fjarðarins og þekkt er að svifþörungur og marglyttur hafa valdið vandræðum við fiskeldi í Seyðisfirði (Valdimar I. Gunnarsson, 2008)



9. mynd. Niðurstöður AceXR líkansins fyrir nítatstyrk í Seyðisfirði. Þykku heilu línurnar sýna niðurstöður líkansins án eldis í firðinum. Bláa línan sýnir ársferil nítatstyrksins í yfirborðslagi fjarðarins og græna þykka línan sýnir útreikninga líkansins fyrir nítatstyrk í botnlaginu. Mjóa grænu og bláu línurnar sýna niðurstöður líkansins á nítatstyrk í botnlaginu og yfirborðslaginu í firðinum miðað við áhrif 10.000 tonna lífmassa í firðinum.

Margir aðrir líffræðilegir, vistfræðilegir og hagrænir þættir geta líka legið til grundvallar burðarþoli varðandi fiskeldið, t.d. skólþrosun, smíthætta, lyfjanotkun, erfðablöndun við villta stofna og veiðihagsmunir. Þessu til viðbótar hefur komið í ljós að laxalús og fiskilús geta valdið meiri skaða en áður var talið. Fyrir fjörð sem er jafn lítill og Seyðisfjörður hefur skortur á plássi einnig áhrif á burðarþolið og getur magnað mögulegan lúsavanda. Ljóst er að hér eru fyrir hendi aðstæður sem setja verulegt mark á burðarþol fjarðarins.

Af þessum sökum gefur varúðarnálgun ástæðu til þess að mæla með því að hámarks lífmassi verði ekki meiri en 10.000 tonn í Seyðisfirði.

Í þessu mati er gert ráð fyrir að heildarlífmassi verði aldrei meiri en 10.000 tonn í Seyðisfirði og að nákvæm vöktun á áhrifum eldisins fari fram samhliða því. Slík vöktun er forsenda fyrir hugsanlegu endurmati á burðarþoli fjarðarins, til hækkunar eða lækkunar, sem byggt væri á raungögnum. Jafnframt er bent á að æskilegra er að meiri eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Þá telur Hafrannsóknastofnun að ástæða sé til að halda þau lágmarks fjarlægðarmörk milli eldisvæða sem reglugerð nr 1170/2015 setur.

Rétt er að taka fram að endanleg burðarþolsmörk fyrir ákveðna firði eða svæði verða seint gefin út enda hefur slíkt varla verið gert í nágrannalöndunum, heldur er alltaf tekið með í reikninginn hvaða staðsetningar og hvers konar eldi er um að ræða, enda fara umhverfisáhrifin eftir báðum þessum þáttum. Því má búast við að burðarþol fjarða og annarra eldissvæða verði endurmetið ef þörf krefur.

Heimildir

Anon, 2014a. Gæðabættir og viðmiðunaraðstæður strandsjávarvatnshlota. Hafrannsóknastofnun, skýrsla.

Anon, 2014b. Drög að vistfræðilegri ástandsflökkun strandsjávarvatnshlota. Hafrannsóknastofnun, skýrsla.

Hydes, D.J., Gowen, R.J., Holliday, N.P., Shammon, T., Mills, D., 2004. External and internal control of winter concentrations of nutrients (N, P and Si) in north-west European shelf seas. *Estuarine, Coastal and Shelf Science* 59, 151-161.

Jeffery, K.R., Vivian, C.M.G., Painting, S.J., Hyder, K., Verner-Jeffreys, D.W., Walker, R.J., Ellis, T., Rae, L.J., Judd, A.D., Collingridge, K.A., Arkell, S., Kershaw, S.R., Kirby, D.R., Watts, S., Kershaw, P.J., and Auchterlonie, N.A., 2014. Background information for sustainable aquaculture development, addressing environmental protection in particular. Cefas contract report < C6078 >.

OSPAR 2001. Annex 5: Draft Common Assessment Criteria and their Application within the Comprehensive Procedure and the Common Procedure. Meeting Of The Eutrophication Task Group (Etg), London (Secretariat): 9-11 October 2001.

OSPAR, Commission 2003. The OSPAR integrated report 2003 on the Eutrophication status of the OSPAR Maritime Area based upon the first application of the Comprehensive Procedure. Includes "baseline/assessment levels used by Contracting Parties and monitoring data (MMC 2003/2/4: OSPAR publication 2003: ISBN: 1 – 904426-25-5).

Stigebrandt A., Aure J., Ervik A. & Hansen P.K., 2004. Regulating the local environmental impact of intensive marine fish farming. III. A model for estimation of the holding capacity in the MOM system (Modelling – Ongrowing fish farm – Monitoring). *Aquaculture* 234, 239–261.

Taranger, G.L. et al., 2012. Risikovurdering norsk fiskopdrett, 2012. *Fisken og havet, særnummer 2-2012*. Institute of Marine Research, Bergen.

Tett, P., Portilla, E., Gillibrand, P.A. og Inall, M., 2011. Carrying and assimilative capacities: the ACEX-LESV model for sea-loch aquaculture. *Aquaculture Research. Special Issue: Proceedings of the International Symposium, Scottish Aquaculture: A sustainable future*. Volume 42, Issue Supplement s1, pages 51–67.

Tett, P., Gilpin, L., Svendsen, H., Erlandson, C. P., Larson, U., Kratzer, S., Fouillans, E., Janzen, C., Lee, J.-Y., Grenz, C., Newton, A., Ferreira, J.G., Fernandes T., Scory, S. 2003. Eutrophication and some European waters of restricted exchange. *Continental Shelf Research* 23, 1635-1671.

Valdimar I. Gunnarsson, 2008. Reynsla af sjókvíældi á Íslandi. Fjölrit Hafrannsóknastofnunar nr. 136.

Viðauki 3: Mælingar á straumum, hita- og seltu í Seyðisfirði frá 26. júlí til 31. október árið 2002

**Mælingar á straumum, hita- og seltu í
Seyðisfirði
frá 26. júlí til 31. október árið 2002**

Inngangur.

Samkvæmt beiðni Austlax ehf á Seyðisfirði þá tók Hafrannsóknastofnunin að sér athuganir á straumum, næringæfnum í sjó og botndýrum í Seyðisfirði vegna fyrirhugaðs fiskeldis í firðinum. Straummælingum var ætlað að meta straumstyrk og stefnur á þeim þremur svæðum í firðinum þar sem fyrirhugað er að hafa fiskeldiskvíar en einnig skyldi innanverður fjörðurinn athugaður sérstaklega.

Auk beinna straummælinga voru gerðar athuganir á hita- og seltudreifingu sjávar á níu sniðum (1. mynd) auk þess sem gerðar voru straummælingar með dopplerstraumsjá frá báti á nokkrum sniðum.

Straummælingarnar hófust í lok júlí 2002 og lauk þeim síðustu ekki fyrr en í lok október. Urðu tafir á að ljúka þeim vegna galla í rafhlöðum og bilana í lögnum. Hita- og seltumælingar voru gerðar tvisvar. Fyrri yfirferðin var farin 28. júlí og sú síðari 7. september. Daginn eftir eða 8. september var safnað sýnum með botngrep vegna athugana á botndýrum. Mælingar með dopplerstraumsjá fóru fram dagana 29. og 30. júlí. Sjósýnum til efnarannsóknna var safnað á R/S Áma Friðrikssyni 28. nóvember.

Seyðisfjörður er á miðjum Austfjörðum og liggur milli Mjóafjarðar að sunnan og Loðmundarfjarðar að norðan. Eins og Norðfjörður og Mjóifjörður ganga inn úr sameiginlegum flóa sem liggur á milli Barðsneshorns og Dalatanga og opnast til norðausturs út í Seyðisfjarðardjúpi þannig mynda Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður sameiginlegan flóa sem liggur milli Dalatanga og Álftavíkurtanga og opnast einnig til norðausturs út í Seyðisfjarðardjúpið.

Mynni Seyðisfjarðar inn úr þessum flóa liggur milli Borgarness og Skálarness og er um tvær sjómílar á breidd. Þegar haldið er inn fjörðinn þá liggur hann fyrst því sem næst til suðvesturs inn undir Brimnes. Þar hefur hann mjökkað niður í um eina sjómílu og beygir nú til vesturs. Heldur hann þeirri stefnu inn á móts við Eyrar þar sem hann sveigir aftur til suðvesturs og þrengist smá saman svo að inn við Dvergastein er hann orðinn hálf sjómíla á breidd. Þar fyrir innan beygir hann enn á ný og segja má að innsti hluti hans stefni næstum til hásuðurs.

Fjörðurinn er fjöllum girtur bæði að sunnan og norðan og vegna þess má segja að vindáttir verði aðallega tvær, út og inn eða austur og vestur. Þrátt fyrir þessa stefnuvirkni í vindinum er fjörðurinn skjólgóður vegna þess hve bugðóttur hann er. Aðdýpi í firðinum er mikið og siglingaleiðir inn fjörðinn hreinar og er hann talinn ein besta höfn landsins. Það sakar heldur ekki að hæðarmunur flóðs og fjöru er lítil. Fjörðurinn er jafndjúpur, 70 - 90 metra dýpi er í ytri hluta hans og 50 - 60 metra í innri hlutanum alveg inn undir botn.

Sjórinn sem berst inn í fjörðin utan af landgrunninu er fyrst og fremst úr Strandstraumnum sem fylgir ströndinni kringum landið og þar sem engann þröskuld er að finna í firðinum þá er ekkert sem hindrar vatnskipti við hafið utan fjarðarmynnisins. Fyrir Austfjörðum er selta sjávar úti á landgrunninu 34,6 til 34,8 en upp við landið og inni á fjörðum getur hún orðið umtalsvert minni vegna rigninga og ferskvatnsafrennslis af landinu.

Í Seyðisfjörðinn falla nokkrar ár sem eru flestar vatnslitlar nema í rigningum en þá geta þær orðið að skaðræðisfljótum. Sú stersta og vatnsmesta er Fjarðaráin sem fellur í botn fjarðarinn. Aðalúrkomuáttir á Austfjörðum eru frá norðaustri og til suðausturs svo að fjörðurinn opnast beint á móti þeim og þar sem fjöllin eru bæði há og brött þá er regnvatn fljótt að skila sér til sjávar. Vatnasvið fjarðarinn er ekki stórt en Seyðisfjörður er þekktur fyrir stórrigningar og að mikið ferskvatn skilað sér til sjávar á skömmum tíma.

Tæki og búnaður.

Til straummælinga á föstum lögnum voru notaðir Aanderaa RCM7 straummælur. Auk þess að mæla straumhraða og stefnu þá mældu þeir hita, þrýsting og leiðni. Niðurstöður voru skráðar í tölvuminni í tækjanna. Mælumir voru stilltir til að skrá á 10 mínútna fresti og minnsti straumur sem þeir geta mælt er 1.1 cm/sek. Mælunum var lagt við neðansjávardufl og voru tvö flot og þrjú mælur hafðir á hverri lögn. Staðsetning þeirra á lögnunum miðaðist við að efsti mælirinn væri á hálfu dýpi fyrirhugaðra kvía (7 – 8 metrar) og mældi yfirborðsstraum. Næsti var mitt á milli kvíabotns og sjávarbotns ($(\text{sjávardýpi} - \text{kvíadýpi})/2 + \text{kvíadýpi}$) og mældi dreifstraum og loks neðsti mælirinn um 2 metra fyrir ofan botn og mældi hann botnstraum. Neðst á lögninni var hafður svonefndur sleppibúnaður. Með honum er unnt að losa lögnina frá botni með því að senda til hans mótað hljóðmerki. Æskilegt hefði verið að hafa neðsta mælinn ekki meira en 1.5 metra frá botni en það var ekki hægt vegna sleppibúnaðarins og ankeris.

Straummælingar á sniðum voru gerðar með dopplerstraummæli af gerðinni 300kHz WorkHorse frá fyrirtækinu RDInstruments. ADCP (Acoustic Doppler Current Profiler) eða straumsgjá eins og þessir mælur eru nefndir á íslensku. Svona mælur nota vel þekkt eðlisfræðilegt fyrirbæri, svokölluð Dopplerhrif, til að mæla sjávarstrauma. Tækið er búið fjórum kringlóttum botnstykkjum sem senda frá sér hvert af öðru mjóa hallandi hljóðgeisla. Botnstykkinn nema síðan hvert um sig endurvarp hljóðmerkjanna af ögnum sem berast með straumnum. Ef þessar agnir eru á leið frá tækinu þá lækkar tíðni hins endurkastaða hljóðs en hækkar séu agnir á leið til tækisins. Þessi tíðnibreyting er notuð til þess að ákvarða straumhraðann. Geislarnir fjórir gera mælinguna þrívíða og tölva í tækinu reiknar tölfræðileg meðaltöl af þeim fjölda endurvarpa sem tækið nemur. Hún skiptir síðan endurvarpinu niður sem fall af tíma og lagskiptir með því vatnssúlunni sem mæld er. Þannig getur straumsgjain skift sjávarsúlunni niður í allt að eins meters þykk lög og reiknað bæði lárétta strauma lóðrétta strauma.

Unnt er að hengja straumsgjanna utan á bát á siglingu og er hún þá látin vísa niður og mæla straum um leið og sigld eru t.d. snið þvert á firði. Tækið notar botn sem viðmiðun við útreikninga á hraða og stefnu ásamt innbyggðum áttavita. Jafnframt er skráð GPS staðsetning með reglulegu millibili. Við upphaf mælingar er ákveðið hvort tækið skráir mælingarnar sem fall af tíma eða vegalengd. Í Seyðisfirði var tækið látið skrá með 3 metra millibili og síðan voru notuð 60 metra meðaltöl við úrvinnslu.

Til að mæla hita, leiðni, þrýsting og gegnskin var notuð SBE 19 SEACAT sonda frá SeaBird Electronics. Selta var síðan reiknuð sem fall af hita, leiðni og þrýstingi. Næmni tækisins er gefin upp af framleiðanda sem 0.01°C fyrir hita og 0.001 S/m fyrir leiðni og 0.25% af dýptarsviði þrýstingsnemans sem er gerður fyrir 0 – 600 metra.


Framkvæmd mælinga.

Þann 25. júlí var straummælum lagt á þeim þremur svæðum sem fyrirhuguð eru fyrir eldiskvíar í firðinum. Í töflu 1 má sjá hnit hornpunkta svæðanna og í töflu 2 er staðsetningu straummælanna. Mælunum var lagt því sem næst á miðju hvers svæðis. Þegar þeir voru teknir upp 8. september, þá kom í ljós að sumar mælingarnar voru gallaðar. Tvær vegna gallaðra rafhlaðna en tvær vegna þess að lagnirnar höfðu krækst í stél mælanna og þeir ekki snúist eðlilega með straum og stefnur því vitlausar. Þeim var því lagt aftur og þurfti að tvíleggja öðrum áður en nothæf mæling fékkst.

Þessar mælingar eru því styttri og ekki samtímis hinum. Mælingarnar gefa þó raunhæfa mynd af þeim straumi sem er á þesum þremur svæðum.

Háubakkar – lögn A			
65°16'.465 N 14°00'.181 V	65°16'.521 N 14°00'.301 V	65°16'.965 N 13°58'.811 V	65°16'.892 N 13° 58'.733 V
Sörlastaðavík - lögn B			
65°16'.832 N 13°54'.785 V	65°16'.953 N 13°54'.915 V	65°17'.260 N 13°53'.270 V	65°17'.173 N 13°53'.180 V
Selstaðavík – lögn C			
65°17'.956 N 13°53'.216 V	65°18'.046 N 13°53'.327 V	65°18'.627 N 13°50'.746 V	65°18'.470 N 13°50'.765 V

Tafla 1. Hornpunktar fyrirhugaðra kvíældissvæða.



1. mynd. Kort er sýnir staðsetningu sniða og straummælalagna í Seyðisfirði 2002.

Jafnframt straummælingum á kvíæsvæðunum þá var tvívegis mældur hiti og selta á átta þversniðum á fjörðinn á alls 42 stöðvum (1. mynd). Fyrri mælingin fór fram 28. júlí en hin síðari 7. september. Auk þess voru fjögur innstu sniðin mæld með sondu 30.m júlí vegna könnunar á innsta hluta fjarðarins. Til þess að kanna streymi sjávarins inn og út fjörðinn og til að styrkja mat á endunýjunartíma sjávar í firðinum þá var ellefu sinnum mæld tvö þversnið á fjörðinn með straumsgá. Sniðin lágu yfir fyrirhuguð eldissvæði á Sörlastaða- og Selstaðavíkunum (snið 5 og 6 á 1. mynd).

Hita og seltumælingar.

Þann 28. júlí voru gerðar hita og seltumælingar á 7 sniðum þvert á fjörðinn allt frá fjarðarmynni og inn í botn (55.- 61. mynd). Snið 4 var ekki tekið í þessari umferð. Mælingarnar leiddu í ljós að á þremur innstu sniðunum var kaldur og saltur sjór ($< 3.4^\circ$ og selta > 34.4) en á sniði 5 (Sörlastaðasniði) og þar fyrir utan var heitari og ferskari sjór ($> 5^\circ$ og selta < 34.3) á leið inn fjörðinn.

Á niðurstöðum hita og seltumæla sem voru á straummælunum undir Háubökkum má svo sjá að þessi aðkomusjór er kominn inn í botn rúmum sólarhringi seinna (2., 6. og 10. mynd). Þar má einnig greina, sérstaklega á botnmælunum, að þessi sjór blandaðist þeim sem fyrir var að hluta. Á sniðum 5 – 7 var aftur á móti kaldur og saltur kjami (hiti $< 3.5^\circ$ og selta > 34.4) við botn undir heita sjónum og var þarna að öllum líkindum kaldur sjór úr botni fjarðarinnar að streyma út fjörðinn undir þeim heita sem var á innleið. Þetta var þó ekki stöðugt útstreymi því á dopplermælingunni þann 29. júlí sést að þessi sjór streymir bæði út og inn í öfugum takt við sjóinn í efri lögnum.

Á hita og seltusniðunum sjást smávegis skil í yfirborðslögnum sem er fyrst og fremst vegna ferskvatnsrennslis úr ánum innst í firðinum. Þannig má á sniðum 1 og 2 (55. mynd og 56. mynd) greina vatnið úr Vestdalsánni efst til hægri á seltu- og hitamyndunum.

Á sniði 3 (57. mynd) má sjá á seltunni og eðlisþyngdinni hvar ferskvatnið flæðir út fjörðinn að sunnanverðu ofan á heita sjónum sem er á innleið. Hitamismunurinn er ekki það mikill að hægt sé að greina þessa tvo vatnsmassa á honum.

Það er ekki unnt að greina sérstakt hita- og seltuskiptalag í yfirborði eins og algengt er inn á fjörðum á þessum árstíma þ.e.a.s. fyrir utan árvatnið. Bendir það til að sjórinn sem er á innleið sé vel uppblandaður.

Önnur umferð var farin með hita og seltusönduna 7. september (61.- 69. mynd). Þá var ekki að sjá reglulegt hitaskiptalag í yfirborði aftur á móti voru svæði með hita $> 8^\circ$ C og virðast tengjast afrennslis ferskvatns af landinu. Aftur á móti þá var lag af sjó með seltu undir 33 yfir öllum firðinum og innst í fjarðarbotni voru 20 – 25 metrar niður á sjó með seltu 34. Þetta ferska lag þynnist síðan eftir því sem utar dregur og eru um 10 metrar niður seltuna 34 í fjarðarmynni. Fimm dögum fyrr þá var töluvert hvassviðri í firðinum og þá má lesa á mælinum á 32 metra dýpi undir Háubökkum að hiti snarlækkar um 3.5° C og selta hækkar að sama skapi um 6.5 seltustig. Þarna hefur vestan veður hreinsað ferskvatnið út og kaldari og saltari sjór streymt inn undir ferska sjónum og komið í stað hans. Síðan hafa stórrigningar komið hitanum og seltunni aftur í nýtt hámark/lágmark á 4 – 5 dögum.

Mælingar á sniðum með straumsjá.

Sörlastaðasnið.

Mælingarnar fóru fram 29. júlí á Sörlastaða- og Selstaðasniðunum og náðu yfir bæði aðfall og útfall. Þann 30. júlí voru gerðar mælingar á sniðum 1, 2, 3, og 9. Fyrsta yfirferðin á Sörlastaðasniðinu var farin kl. 10:10 eða 10 mínútur fyrir fjöru sem var kl. 10:21. Sniðin voru alltaf mæld til suðurs þ.e. frá hægri til vinstri á myndunum og er horft inn fjörðinn með Sörlastaði á vinstri hönd. Myndir 38 - 39 og 47 - 48 eru af þeim sniðum sem sigldu voru og síðan sýna myndir 40 - 46 og 49 - 54 straumvektorán eftir dýpum. Er ein mynd fyrir hverja yfirferð og smámyndir sýna hvert dýpi fyrir sig og vektorarnir tákna straumstyrk og stefnu.

Á myndunum er norður upp, suður niður, austur til hægri og vestur til vinstri. Guli liturinn sýnir straumböndin en blái liturinn táknar lítinn straum. Á myndunum kemur vel fram hvernig

straumkjarnarnir eru aðskildir með straumleysi. Hver feringur á myndunum sýnir þau þverskurðarflatarmál sem tegrud eru og síðan notuð til að reikna út hvern straumvektor fyrir sig.

Niðurstöður mælingarinnar eru að smá óregla var í yfirborði í byrjun en annars var kominn aðfallstraumur sem náði niður á 35 metra dýpi. Yfirborðsstraumurinn var lítill og óreglulegur allt fallið og en kjarni fallstraumsins var í 15 til 25 metra dýpi og var styrkur hans 10 – 11 cm/sek þar sem hann var mestur. Fyrir neðan 40 metra var allt fallið útstreymi til botns.

Straumur á útfallinu var lítill og óreglulegur fyrrihluta fallsins og ekki orðinn sæmilega sterkur fyrr en síðasta einn og hálfu tímann en þá var komið vaxandi innstreymi fyrir neðan 45 metra dýpi og til botns.

Selstaðasnið.

Mælingar á Selstaðasniði voru gerðar 29. júlí og hófust kl 10:45 rétt eftir hálfjörü. Á litlu myndinni efst til vinstri á 49. mynd er sýndur meðalstraumur á öllum dýpum á sniðinu. Þar sést að á tveimur þriðjuhluta sniðsins að norðanverðu liggur straumur inn en út að sunnan verðu. Síðan sýna myndir af vektorum eftir dýpi að innstreymið að norðanverðu nær niður á 40 metra en þar fyrir neðan er að mestu straumleysa.

Útstreymi á syðri hluta sniðsins er töluvert í yfirborði. Síðan dregur úr því á 10 metra dýpi og eykst síðan aftur og er sterkast á 30 til 40 metra dýpi. Þegar aðfallsstraumurinn er sterkastur um mitt fallið þá liggur þessi neðri kjarni dýpra. Báðir þessir kjarnar þ.e yfirborðsstreymið og straumurinn miðdýpis halda styrk sínum að mestu fram undir næstu fjöru þegar dregur úr honum. Þeim dýpri fyrr.

Á háflóðinu er kominn sterkt innstreymi fyrir neðan 60 metra dýpi og helst það alveg fram yfir það að mælingum lauk á næstu fjöru.

Straummælingar

Staður	Staðsetning	Dýpi
Lögn A Háubakkar	65° 16'.71 N 13° 59'.51 V	50 metrar
Lögn B Sörlastaðavík	65° 17'.06 N 13° 54'.04 V	71 metrar
Lögn C Selstaðavík	65° 18'.28 N 13° 52'.01 V	60 metrar

Tafla 2. Staðsetning straummælalagna á kvísvæðum í Seyðisfirði 2002

Umræða og niðurstöður.

Straumar í fjörðum og á grunnslóðar eru ennþá lítt kannaðir en þær athuganir sem gerðar hafa verið sýna að þeir geta bæði verið æði margbrotnir og fjölbreyttir. Orsökina eru m.a þau að margs konar kraftar hafa áhrif á rennsli sjávar. Þar má nefna sjávarföll, vind, loftþrýsting, ferskvatnsafrennsli af landinu, hita, seltu, svigkraft jarðar, aðliggjandi sjávarstrauma, innri bylgjur og síðast en ekki síst lögun strandlengju og sjávarbotns. Það getur verið æði flókið mál að finna út hvernig samspili þessara krafta á er á straumana. Lengi vel var mælitæknin takmarkandi og straummælingar buðu ekki upp á annað en svo nefndar punkt mælingar. Straummælum var lagt einum eða fleirum á hverja lögn og hver um sig mældi í einum föstum punkti. Síðan gat verið algjör tilviljun hvort menn hittu á réttan stað eða dýpi til að finna þann straum eða straumleysi sem var dæmigerður fyrir atugunarsvæðið. Þetta gat skipt máli ef t.d. var verið að kanna blöndunarsvæði fyrir frárennsli eða meta endurnýjunartíma sjávar á einhverju svæði.

En tækninni hefur fleygt fram og hinar nýju straumsjár gera nú mögulegt að skoða nokkurs konar sneiðmynd af hafsvæðum sem eru til könnunar og velja stað og dýpi fyrir gömlu mælana sem þannig nýtast mun betur. Í sambandi við könnunum strauma vegna kvíaeldis í Seyðisfirði var valið að sigla með straumsjáanna nokkrum sinnum á tveimur þversniðum á fjörðinn yfir bæði aðfall og útfall og sjá hvernig straumar breytast yfir föllin. Þessar upplýsingar voru svo nýttar við að meta endurnýjunartíma sjávar í firðinum því mælirinn reiknar bæði þverskurðarflatarmál fjarðarins og flæðið í gegnum sniðið sem siglt er. Þá var ekki síður fróðlegt að skoða afstöðu kvíanna til strauma.

Við mælinguna kom í ljós að sjávarfalla straumurinn lá norðanvert í firðinum á belt sem tók yfir tvo þriðju af breidd fjarðarins og var á dýpinu 0- 40 metrar. Að sunnan verðu var ferskvatns útstreymi í yfirborði með landinu en á 20 til 60 metra dýpi var straumkjarni sem lá utan í hallanum og náði stundum út og undir sjávarfalla lagið. Á milli þessara tveggja kjarna var svo lítil straumur.

Á Sörlastaðavíkinni voru tveir neðri straummælarnir í neðra laginu en yfirborðsmælirinn í efra laginu. Þeir mældu þó ekki allir samtímis svo ekki var unnt að bera mælingarnar saman en allar sýndu þær sömu einkennin.

Þegar metnar eru niðurstöður straummælinga á kvíastæðum þá er straumur í kvíadýpi talinn góður sé hann að meðaltali á bilinu 4 – 10 cm/sek. Um dreifistrauma er helst að segja að dreifistraumar sem mældir hefa verið í Reyðarfirði og Seyðisfirði hafa reynst verið að meðaltali á bilinu 3.5 – 3.8 cm/sek og botnstraumar 2 – 4 cm/sek.

Þegar lítið er á niðurstöður einstakra mælinganna þá var meðalstraumur í yfirborði á lögnum A undir Háubökkum 5.1 cm/sek sem flokkast sem góður. Staðalfrávikíð er nokkuð stórt enda töluverður breytileiki í straumhraðanum. Mestur straumur mældist 30.1 cm/sek og straumur var 12% af tímanum yfir 10 cm/sek. Straumleysi var tiltölulega lítið og lengst 6 klukkustundir í einu. Dreifistraumurinn var að meðaltali 3.8 cm/sek. Megnið af tímanum var meðaltalið hærra því lítill straumur á tímabilinu 29. júlí til 7. ágúst dregur það niður. Botnstraumurinn var að meðaltali 3 cm/sek og mestur straumur mældist 20.9 cm/sek.

Yfirborðsstraumur á Sörlastaðavíkinni var að meðaltali 5.3 cm/sek og tals vera góður. Lítið var um langa straumleysiskafla, lengst 8 tímar í einu. Dreifistraumurinn var að meðaltali 5.3 cm/sek sem er meira en yfirborðsstraumurinn og er það óvenjulegt. Mestur straumur var 20 cm/sek. Botnstraumurinn mældist að meðaltali 4.1 cm/sek og stefndi mest allann tímann til austur. Straumurinn var nokkuð stöðugur því 75% tímans var straumur á milli 1.1 og 10 cm/sek. Nokkur straumleysistímabil var að finna en þau voru fá miðað við að um botnstraum er að ræða.


Á sniðmyndunum frá Selstaðasniðinu (47. og 48. mynd) má sjá að mælalögnin er norðanvert við aðal kjarna sjávarfallastraumsins (dýpi 60 metrar) en þó var meðalstraumur yfir alla mælinguna 5.8 cm/sek. Mesti straumur mældist 36.4 cm/sek. Samanlagt var klukkutíma-meðalstraumur í 17 tíma yfir 20 cm/sek. Straumleysa var samantlagt í 158 klukkutíma en að jafnaði ekki lengi í einu nema dagana 30. ágúst til 1. september þegar lítill eða enginn straumur var í samfelt 63 tíma. Meðaldreifistraumur var 3.7 cm/sek og mesti straumur 13.4 cm/sek. Botnstraumur var 3.6 cm/sek að meðaltali

Af þessum mælingum er ekki annað að sjá en að straumar á kvíastæðunum séu hagstæðir fyrir eldi. Það verður þó að hafa í huga þetta eru sumar- og haustmælingar og fyrir utan einn storm í byrjun september þá vantar í þær öll áhrif vetrarstórviðra.

Við mat á endurnýjunartíma var stuðst við straumsjármælingar, niðurstöður straummælinga ásamt hita og seltu sem mælarnir skráðu. Benda öll þessi gögn til þess að endurnýjunartíminn fjarðarins sé 10 til 12 dagar. Aftur á móti má sjá á straummælunum að það koma púlsar fram í mælingunum sem benda til að þetta geti gengið mun hraðar fyrir sig og þá sérstaklega ef sterkir vindar blása út eða inn fjörðinn. Sondumælingarnar gefa til kynna að blöndun sé góð enda töluverð hreyfiorka í firðinum.

Lögn A - Háubakkar – Yfirborðsstraumur.


Mælingin fór fram dagana 26. júlí til 8. september 2002. Botndýpi var 50 metrar og mælisdýpi 8 metrar. Staðsetning lagningarinnar var 65° 16'.71 N 13° 59'.5 V.




2. mynd. Straumhraði, straumstefna og hitastig frá yfirborðsmælingu undir Háubökkum frá 25. júlí til 8. ágúst 2002. Sléttuðu línurnar sýnir 25 tíma keðjumeðaltöl.

Tafla 3. 10 mínútna straummælingum frá yfirborðsstraum undir Háubökkum skipt niður í 5 cm/sek flokka og 45°stefnugeira.


45°geirar	!	0- 45	45- 90	90-135	135-180	180-225	225-270	270-315	315-360	!
V (cm/sek)	!									! Samtals
35 - 40	!	0	0	0	0	0	3	0	0	! 3
30 - 35	!	1	0	0	0	0	3	0	0	! 4
25 - 30	!	0	4	0	0	3	21	0	0	! 28
20 - 25	!	5	8	0	0	25	52	0	0	! 90
15 - 20	!	9	3	0	5	34	111	0	1	! 163
10 - 15	!	78	21	0	8	73	254	22	25	! 481
5 - 10	!	173	355	28	45	275	466	90	37	! 1469
0 - 5	!	733	1130	424	405	595	453	251	251	! 4242
Samtals	!	999	1521	452	463	1005	1363	363	314	! 6480



3. mynd. Tíðni 10° stefnugeira á 8 metra dýpi á lögn A.



4. mynd Framskreiður straumvektor fyrir 8 metra dýpi á lögn A.



5. mynd Dreifing A-V og N-S straumvektora í 8 metra dýpi á lögn A.

Tafla 4. Tölfraeðilegar niðurstöður mælinga á yfirborðsstraumi á lögn A undir Háubökkum.

	Meðaltal	Hæsta gildi	Lægsta gildi	Staðal frávik
Straumhraði	5.04 cm/sek	30.1 cm/sek	1.1 cm/sek	4.359
Hiti °C	6.9°	9.5°	3.6°	1.126
Selta	-	-	-	-


Niðurstöður straummælinganna undir Háubökkum sýna að yfirborðsstraumurinn var að meðaltali um 5.04 cm/sek. Aðalstraumstefnur voru tvær 50° og 240° og fylgja botnlögun fjarðarins. Hér gættir nokkuð sjávarfallastrauma sem voru um 2-4 cm/sek að styrkleika. Vindur og þá m.a. hafgola og landræna auka síðan við eða draga úr þessum straum.

Heildarstraumurinn, þ.e. hina raunverulegu tilfærsla sjávar sést á framskreiða vektorum og var hann að meðaltali um 1.2 cm/sek. Tilfærslan því rúmlega 1 km á sólarhring. Eðlisþyngdarstraumar viðhalda rólegu flæði en það eru fyrst og fremst áhrif vinda sem valda einhverjum straum að ráði. Á myndinni af straumstyrk má t.d. sjá að eftir miðjan ágúst og aftur í byrjun september þegar vindur fer upp í 15 – 20 m/sek var straumur frá 15 cm/sek og í rúmlega 30 cm/sek.

Á töflu 3 sést að 65% af mælingatímanum var straumur á bilinu 0 – 5 cm/sek. Þar af var hann 12% tímans minni en 1.1 cm/sek (jaðargildi mælanna), 23% tímans var hann á bilinu 5 – 10 cm/sek og 12% yfir 10 cm/sek. Á mælingatímanu voru fjögur 4 til 6 klukkutíma löng tímabil þar sem um straumleysi (< 1.1 cm/sek) var að ræða. Þrjú þeirra á smástreymi um miðjan og í lok ágúst.

Háubakkar – Lögn A – Dreifstraumur.


Mælingin á dreifstraum fór fram dagana 26. júlí til 8. september 2002. Botndýpi var 50 metrar og mælisýpi 32 metrar sem er nálægt því að vera mitt á milli kvíabotns og sjávarbotns.




6. mynd. Straumhraði, straumstefna, hitastig og selta frá mælingu á dreifstraum undir Háubökkum frá 26. júlí til 8. september 2002. Sléttuðu línurnar sýnir 25 tíma keðjumeðaltöl.

Tafla 5. 10 mínútna straumgildum frá mælingu á dreifstraum undir Háubökkum skipt niður í 5 cm/sek flokka og 45^ostefnugeira.


45 ^o geirar	0-45	45-90	90-135	135-180	180-225	225-270	270-315	315-360	
V (cm/sek)									Samtals
20 - 25	1	2	0	0	0	6	0	0	9
15 - 20	0	3	0	0	5	25	0	0	33
10 - 15	1	3	4	0	87	263	20	2	380
5 - 10	4	39	33	21	495	788	75	2	1457
0 - 5	119	223	200	529	1562	1270	541	157	4601
Samtals	125	270	237	550	2149	2352	636	161	6480



7. mynd. Tíðni 10° stefnugæira á 32 metra dýpi á lögn A.



8. mynd. Framskreiður straumvektor fyrir 32 metra dýpi á lögn A.



9. mynd Dreifing A-V og N-S straumvektora í yfirborði á lögn A.

Tafla 6. Tölfræðilegar niðurstöður mælinga á dreifistraum á lögn A undir Háubökkum.

	Meðaltal	Hæsta gildi	Lægsta gildi	Staðal frávik
Straumhraði	3.75 cm/sek	21.9 cm/sek	1.1 cm/sek	3.253
Hiti °C	5.9°	7.6°	3.0°	1.013
Selta	34.43	34.94	33.51	0.197


Niðurstöður mælinga á dreifistraum sýna að hann var að meðaltali um 3.75 cm/sek. Straumurinn lá til vesturs 82% tímans og var aðalstefnan 240°. Á myndinni af straumstefnum (7. mynd) sést að sjávarfalla gætir lítið og 9. mynd sýnir að mest öll dreifing var inn og til suðvesturs.

Heildar strauminn var að meðaltali um 2.9 cm/sek og tilfærsla sjávar rúmlega 2.5 km á sólarhring.

Tafla 4 sýnir að 71% tímans var straumur á bilinu 0 – 5 cm/sek, þar af 41% < 1.1 cm/sek (jaðargildi mælanna), á bilinu 5 – 10 cm/sek var hann 22% tímans og 7% yfir 10 cm/sek. Greina má fáein nokkurra klukkustunda löng tímabil, þar sem straum var lítill sem engin. Lengst var tímabilið frá 29. júlí til 7. ágúst þegar einungis mældust örfáir straumpúlsar.

Lögn A - Háubakkar – Botnstraumur.


Mælingin fór fram dagana 26. júl til 8. september. Botndýpi var 50 metrar og mælisdýpi 48 metrar.




10. mynd. Straumhraði, straumstefna og hitastig frá mælingu við botn undir Háubökkum frá 26. júl til 8. september 2002. Síttuðu línurnar sýna 25 tíma keðjumeðaltöl.

Tafla 7. 10 mínútna straumgildum frá mælingu á botnstraum undir Háubökkum skift niður í 5 cm/sek flokka og 45°stefnugeira


45°geirar	!	0- 45	45- 90	90-135	135-180	180-225	225-270	270-315	315-360	!
V (cm/sek)	!									! Samtals
20 - 25	!	7	0	0	0	0	1	1	0	!
15 - 20	!	6	0	0	0	0	31	2	0	!
10 - 15	!	39	16	2	0	0	102	1	0	!
5 - 10	!	422	156	9	4	87	246	38	7	!
0 - 5	!	1259	378	721	449	364	485	707	940	!
Samtals	!	1733	550	732	453	451	865	749	947	!



11. mynd. Tíðni 10° stefnugeira straums við botn á lögnum A.



12. mynd. Framskreiður straumvektora við botn á lögnum A.



13. mynd Dreifing A-V og N-S straumvektora við botn á lögnum A.

Tafla 8. Tölfræðilegar niðurstöður mælinga á botnstraumi á lögn A undir Háubökkum.

	Meðaltal	Hæsta gildi	Lægsta gildi	Staðal frávik
Straumhraði	2.97 cm/sek	20.9 cm/sek	1.1 cm/sek	2.778
Hiti °C	5.2°	7.2°	2.7°	0.960
Selta	34.51	34.91	34.09	0.144


Niðurstöður mælinga á botnstraumi sýna að hann var að meðaltali um 2.97 cm/sek. á Stefnunni má sjá að mikið af tímanum skifti ekki föllum heldur jók við eða dróg úr straumnum e fúr því í hvora áttina fallið lá. Fallstraumurinn var sem fyrr 2 – 4 cm/sek. Fæst gildin voru beint í suður en flest í norðaustlæga stefnu (20° - 30°). Oftar en ekki var botnstraumurinn í gagnstæða eða aðra stefnu en dreifstraumurinn. Heildarstraumurinn var að meðaltali um 0.75 cm/sek og tilfærslan rúmlega 648 m á sólarhring.

Tafla 6 sýnir að 82% tímans var straumur á bilinu 0 – 5 cm/sek, þar af 48% minni en 1.1 cm/sek (jaðargildi mælanna). Hann var á bilinu 5 – 10 cm/sek 15% tímans og 3% yfir 10 cm/sek.

Athyglivert er að á meðan dreifstraumur var lítill dagana 29. júlí til 7. ágúst þá var meðalstraumur við botn 2.54 cm/sek (mest 11.6 cm/sek) og síðan er það öfugt 9. til 15 ágúst þegar segja má að hafi verið straumleysa við botn, þá komu nokkrir straumpúlsar í dreifi-strauminn. Greina má nokkur tímabil sem voru nokkurra klukkustunda löng, þar sem straumur var lítill sem engin. Lengst var þó tímabilið frá 29. júlí til 7. ágúst þegar að einungis mældust örfáir straumpúlsar.

Lögn B - Sörlastaðavík – Yfirborðsstraumur.


Mælingin fór fram dagana 26/7 til 24/8 2002. Yfirborðsmælir var á 8 metra dýpi eða um mitt áætlað kvíadýpi. Botndýpi var 71 metrar. Staðsetning lagnarinnar var $65^{\circ} 17'.06\text{ N } 13^{\circ} 54'.04\text{ V}$.




14. mynd. Straumhraði, straumstefna og hitastig og selta frá yfirborðsmælingu á Sörlastaðavík 26. júlí til 24. ágúst 2002. Sléttuðu línurnar sýna 25 tíma keðjumeðaltöl.

Tafla 9. 10 mínútna straumgildi skipt niður í 5 cm/sek flokka og 45° stefnugeira.


45°geirar	0- 45	45- 90	90-135	135-180	180-225	225-270	270-315	315-360	
V (cm/ sek)									Samtals
20 - 25	0	9	0	0	1	2	0	0	12
15 - 20	0	96	3	0	3	8	0	0	110
10 - 15	22	158	11	0	27	29	0	0	247
5 - 10	122	868	31	3	71	222	0	5	1322
0 - 5	405	920	173	72	153	539	174	190	2626
Samtals	549	2051	218	75	255	800	174	195	4317



15. mynd. Tíðni 10° stefnugeira á 8 metra dýpi á lögn B.



16. mynd Framskreiður straumvektor fyrir 8 metra dýpi á lögn B.



17. mynd Dreifing A-V og N-S straumvektora í 8 metra dýpi á lögn B.

Tafla 10. Tölfræðilegar upplýsingar úr mælingu á yfirborðstraum á Sörlastaðavík 26. júlí til 24. ágúst 2002.


	Meðaltal	Hæsta gildi	Lægsta gildi	Staðal frávik
Straumhraði	4.99 cm/sek	20.0 cm/sek	1.1 cm/sek	3.515
Hiti °C	6.4°	8.3°	3.9°	1.023
Selta	33.91	34.4	32.8	0.334

Meðalstraumur í yfirborði var 4.99 cm/sek og hæsta klukkutímameðaltal reyndist 20.0 cm/sek. Hæsti 10 mínútna toppur var 29.0 cm/sek. Aðalstraumstefnur voru tvær (15. mynd) og fylgdu þær nokkuð botnlagi. Til austurs var aðalstefna 60° og lá straumur í austlæga stefnu 67% tímans en til vesturs var aðalstefna 250° og var vestlægur straumur 33% af tímanum.

Ekki var mikið um straumlausa kafla nema dagana 2.–3. ágúst en þá var lítil straumur og lengst 8 klst. kafla þegar straumur var < 1.1. cm/sek. Framskreiður vektor (16. mynd) var 2.51 cm/sek að meðaltali sem gerir 2.166 km tilfærsla sjávar á sólarhring. Dreifing (17. mynd) var eðli málsins samkvæmt bæði í suðvestlæga stefnu en þó að meiri hluta til norðausturs.

Lögn B – Sörlastaðavík – Dreifstraumur.


Vegna bilana í mælum og lögnum þá þurfti að þrændurtaka mælingun á dreyfistraum á þessari lögn. Mælingin fór því ekki fram fyrr en dagana 15. til 31. október. Mældýpi var 45 metrar sem var mitt á milli kvíabotns og botns. Botndýpi var 71 metrar.




18. mynd. Straumhraði, straumstefna og hitastig og selta frá yfirborðsmælingu á Sörlastaðavíkin 26. júlí til 24. ágúst 2002. Skléttuðu línurnar sýna 25 tíma keðjumeðaltöl.

Tafla 11. 10 mínútna straumgildi skipt niður í 5 cm/sek flokka og 45°stefnugeira.


45°geirar !	0-45	45-90	90-135	135-180	180-225	225-270	270-315	315-360	
V (cm/sek)									Samtals
25 - 30 !	0	1	0	0	0	0	0	0	!
20 - 25 !	0	7	2	0	0	0	0	0	!
15 - 20 !	1	86	0	0	0	0	0	0	!
10 - 15 !	8	237	2	0	0	1	0	0	!
5 - 10 !	22	544	22	4	23	39	0	0	!
0 - 5 !	58	355	334	120	166	179	33	25	!
Samtals !	89	1230	360	124	189	219	33	25	!



19. mynd. Tíðni 10° stefnugeira á 45 metra dýpi á lögn B.



20. mynd Framskreiður straumvektor fyrir 45 metra dýpi á lögn B.



21. mynd Dreifing A-V og N-S straumvektora í 45 metra dýpi á lögn B.

Tafla 12. Tölfraeðilegar upplýsingar úr mælingu á dreifistraumi á Sörlastaðavík 26. júl til 24. ágúst 2002.

	Meðaltal	Hæsta gildi	Lægsta gildi	Staðal frávik
Straumhraði	5.25 cm/sek	20.3 cm/sek	1.1 cm/sek	4.203
Hiti °C	6.1°	6.6°	5.6°	0.144
Selta	34.66	35.16	33.85	0.259


Meðaldreifistraumur á Sörlastaðavíkinni var 5.25 cm/sek og stærsta klukkutíma meðaltal var 22.3 cm/sek. Hæsta 10 mínútna gildi var aftur á móti 32.2 cm/sek. Aðalstraumstefnur voru tvær (19. mynd). Straumur lá 80% tímans í 60° út fjörðinn og 20% inn í stefnuna 230°.

Framskreiði vektorinn stefndi út fjörðinn og var að meðaltali 4 cm/sek eða 3.456 km/sólarhring.

Seyðisfjörður (Mynd 1) er mest um 14,3 km langur og er breidd fjarðarins er víða um 1,7 km. Flatarmál fjarðarins er áætlað 24 km². Í miðju fjarðarins er dýpið víðast um 50-90 m, allt inn undir fjarðarbotn. Breidd fjarðarminnis móti úthafinu er um 2,3 km og utan fjarðarminnis er 100 m dýpi. Engir neðansjávarhryggir þvera fjörðinn. Fjörðurinn telst þannig mjög opinn fjörður, með mikil sjóskipti. Heildarrúmmál sjávar í Seyðisfirði er áætlað um 1,2 km³.

Burðarþol fjarðarins er talið 10.000 tonn (Hafrannsóknastofnun 2018)



Mynd 1. Staðsetningar sjókvíaldissvæða Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði.

Eldri rannsóknir og fyrirliggjandi gögn:

Árin 2016 til 2018 framkvæmdi Hafrannsóknastofnun rannsóknir vegna burðarþolsmats fjarðarins og mældi dýpi, strauma, hita, seltu, eðlisþyngd, súrefni og súrefnismettun (Hafrannsóknastofnum 2018). Þar segir m.a. „Athuganir á ástandi sjávar í firðinum á ýmsum árstímum sýna að vatnssúlan er líkt og víða í fjörðum nær öll uppblönduð að vetri. Stöðvar sunnanvert í firðinum sýna þó að þunnt ferskvatnslag er viðvarandi stóran hluta ársins. Að sumarlagi myndast eilítið heitara og ferskara yfirborðslag í efstu 15 til 20 metrum sjávarins í firðinum“. Hiti í firðinum var á bilinu 2.5°C til 9°C og talsvert kaldara var veturinn 2018 en 2017. Straumur í firðinum er að meðaltali 2-4 cm/s, mismunandi eftir dýpi og staðsetningu. Heildarstraumurinn er inn fjörðinn að norðanverðu og út að sunnanverðu. Endurnýjunartími fjarðarins er talinn 10-11 dagar (Hafrannsóknastofnun 2018).

Fiskeldi Austfjarða fékk Náttúrustofu Austurlands og RORUM til að gera rannsóknir á botni Seyðisfjarðar á þeim svæðum þar sem væntanlegt eldi verður og á hugsanlegum áhrifasvæðum eldisins (Erlín Emma Jóhannesdóttir o.fl. 2017a; Þorleifur Eiríksson o.fl 2019), en áður hafði hafði

Hafrannsóknastofnun gert rannsóknir við fyrirhuguð fiskeldissvæði við Háubakka, Sörlastaðavík og Selstaðavík (Sigmar A, Steingrímsson 2009).

Mikill þéttleiki og fjölbreytni botndýra í firðinum og líkist samsetningu botndýrasamfélaga á leðjubotni í öðrum fjörðum á Austfjörðum (Hafsteinn G. Guðfinnsson o.fl. 2001; Jörundur Svavarsson og Guðmundur Víðir Helgason 2002; Þorleifur Eiríksson & Böðvar Þórisson 2004; Þorleifur Eiríksson o.fl. 2007; Erlín Emma Jóhannsdóttir o.fl. 2012; Erlín Emma Jóhannsdóttir & Cristian Gallo 2015; Þorleifur Eiríksson og Guðmundur Víði Helgason, 2017; Þorleifur Eiríksson, o.fl. 2017; Erlín Emma Jóhannsdóttir o.fl. 2017b).

Gerðar voru redox mælingar á nokkrum stöðvum og reyndist oxunargeta setsins mjög góð eins og er líka í Berufirði (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2017) og Stöðvarfirði (Erlín Emma Jóhannsdóttir o.fl. 2017b). Einnig var mælt heildar köfnunarefni (TN), heildar lífrænt kolefni (TOC) og heildar fosfór (TP) í setinu (Erlín Emma Jóhannsdóttir o.fl. 2017a) og er ætlunin að nota þau gildi sem bakgrunnsgildi til samanburðar við vöktun fiskeldis í firðinum í framtíðinni.

Staðsetning sjókvíaeldissvæða og sýnatökustaða

Samkvæmt áætlunum Fiskeldis Austfjarða er stefnt að því að ala um 10.000 tonn af laxi í Seyðisfirði og hafa verið skilgreind fjögur Sjókvíaeldissvæði í firðinum. Gert er ráð fyrir 20 kvíum í heildina sem skiptast í tvær tíu-kvíaeiningar. Tvö sjókvíaeldissvæði verða í notkun á hverjum tíma, en þriðja svæðið verður í hvíld.


Á myndum 2 og 3 má sjá sjókvíaeldissvæðin Sörlastaðavík, Selstaðavík og Skálanesbót og fyrirhuguar sýnatökustöðvar á botni fjarðanna, sem hafa verið valdir í samræmi við staðalinn ISO 12878:2012 eins og fram kemur í kafla um aðferðafræði sýnatöku hér að aftan. Hnit sjókvíaeldissvæða eru í töflu 1, mynd 2 og 3 og hnit sýnatökustöðva eru sýnd í töflu 2.

Tafla 1. Heiti og staðsetning sjókvíaldissvæða Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði.


Sörlastaðavík	Norðurhnit (N)	Vesturhnit (W)
Punktur 1	65°16.860	13°55.900
Punktur 2	65°16.876	13°54.832
Punktur 3	65°16.921	13°54.439
Punktur 4	65°16.928	13°54.250
Punktur 5	65°16.956	13°54.043
Punktur 6	65°17.215	13°53.227
Punktur 7	65°17.466	13°53.048
Selstaðavík	Norðurhnit (N)	Vesturhnit (W)
Punktur 1	65°18.287	13°51.465
Punktur 2	65°18.505	13°51.413
Punktur 3	65°18.583	13°50.754
Punktur 4	65°18.535	13°49.908
Punktur 5	65°18.427	13°48.615
Punktur 6	65°18.195	13°48.627
Skálanesbót	Norðurhnit (N)	Vesturhnit (W)
Punktur 1	65°17.696	13°47.090
Punktur 2	65°17.693	13°44.479
Punktur 3	65°17.425	13°44.475
Punktur 4	65°17.332	13°44.642
Punktur 5	65°17.333	13°46.871
Punktur 6	65°17.426	13°47.067

Tafla 2. Hnit sýnatökustöðva við sjókvíaldissvæði og viðmiðunarstöðva.

PunktaNr	SynaSvaedi	Eldissvaed	N	V
SEL1	Nærsvæði	Selstaðavík	65,30478	-13,85775
SEL2	Millisvæði	Selstaðavík	65,30458	-13,85817
SEL3	Fjarsvæði	Selstaðavík	65,30411	-13,85915
SEL4	Viðmiðun	Selstaðavík	65,29801	-13,87179
SK5	Nærsvæði	Skálanesbót	65,29403	-13,74131
SK6	Millisvæði	Skálanesbót	65,29416	-13,74066
SK7	Fjarsvæði	Skálanesbót	65,29432	-13,73919
SK8	Viðmiðun	Skálanesbót	65,29721	-13,72086
SÖ1	Nærsvæði	Sörlastaðavík	65,29072	-13,88441
SÖ2	Millisvæði	Sörlastaðavík	65,29086	-13,88363
SÖ3	Fjarsvæði	Sörlastaðavík	65,29127	-13,88207
SÖ4	Viðmiðun	Sörlastaðavík	65,29349	-13,86546



Mynd 2. Sjókvíaldissvæðin Sörlastaðavík og Selstaðavík í Seyðisfirði ásamt sýnatökustöðvum (grænir punktar) og viðmiðunarstöðvar (rauðir punktar) (mynd: Adam Hoffritz).



Mynd 3. Sjókvíaeldissvæði í Skálanesbót í Seyðisfirði ásamt sýnatökustöðvum (grænir punktar) og viðmiðunarstöð, (rauður punktur) (mynd: Adam Hoffritz).

Aðferðir

Aðferðir við botnsýnatöku

Vöktunaráætlunin byggir á ISO 12878:2012 staðlinum. Samkvæmt honum eru skilgreind þrjú áhrifsvæði umhverfis kvíar (nærsvæði; local impact zone) sem er við fiskeldiskvíar, miðsvæði (intermediate impact zone) sem er í 30 m fjarlægð frá kvíum og fjarsvæði (regional impact zone) sem er í 100 m fjarlægð frá kvíum. Sýnatökustöðvar eru því við kvíar, í 30 m fjarlægð og loks 100 m fjarlægð í straumstefnu. Einnig er viðmiðunarstöð fyrir hvert svæði í um 1 km fjarlægð (myndir 2 og 3).

Samkvæmt ISO 12878:2012 staðlinum á að taka eina stöð á hverju svæði, stöð í kílómetra fjarlægð. Allar stöðvar eru í straumstefnu. Skoða á setið vandlega (skinmat), þ.e. lit, þéttleika, lykt, gasbólur, hvort að til staðar séu bakteríur mottur og hvort að til staðar séu fódurköggjar. Redox, pH og hiti verður mælt í seti á staðnum. Mæla á lífrænt kolefni (TOC) í yfirborðslagi á hverri stöð. Efnasýni verða fryst og komið til viðurkenndra greiningaraðila.

Botndýrasýni eru tekin með 250 cm² Van Veen botngreip, fest í 10% formalíni, sigtuð með 0,5 mm sigti og dýr greind til tegunda og hópa.

Við upphaf eldis á hverju svæði og ávallt við upphaf nýrra kynslóða (eftir hvíld) eru tekin sýni á öllum stöðvum á svæðinu auk viðmiðunastöðvar.

Við hámark eru einungis tekin sýni á nærs-og miðsvæði (local- and intermediate zone).

Tíðni mælinga í hámarki fer eftir ástandi. Ef ástand svæðis er slæmt (engin infauna) þarf að endurtaka sýnatökuna þegar næsta kynslóð er í hámarki. Ef ástand svæðis er gott eru mælingar endurteknar aðhverja kynslóð (sjá töflu 4 í staðlinum ISO 12878:2012).

Viðmið úr norska staðlinum NS 9410:2016 verða notuð við vöktunina þar til að íslensk yfirvöld gefa út viðmið fyrir Ísland.

Vöktun strandsjávar:

Til að fylgjast með mögulegri aukningu næringarefna í strandsjó eru tekin sjósýni og í þeim mældur styrkur köfnunarefnis (N) og fosfórs (P).

Fjöldi sýna og aðferðir við sýnatöku á sjó.

Eitt sjósýni verður tekið á fjarsvæði (regional impact zone) og eitt á viðmiðunarsvæði á öllum sjókvíaeldissvæðum á sömu stöð og botnsýni og á sama tíma. Sýni eru tekin í 500 ml flösku 60 cm fyrir neðan sjávaryfirborð. Sýnum er komið fyrir í kæliboxi eð fryst og send eins fljótt og auðið er til efnagreiningar hjá viðurkenndri rannsóknastofu á heildar köfnunarefni og fosfór í sýnunum, Hitastig er skráð á hverri stöð.

Vöktun fugla:

Fuglar verða vaktaðir við og nálægt sjókvíum í skipulögðum sýnatökuferðum. Fuglar verða greindir til regundar, atferli þeirra lýst og þeir taldir.

Vöktunarskýrsla:

Fiskeldi Austfjarða mun senda frá sér vöktunarskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Í vöktunarskýrslunni verður gert grein fyrir niðurstöðum mælinga og þær túlkaðar og ræddar. Ef fram koma frávik verða hugsanlegar mótvægisáðgerðir reifaðar.

Heimildir:

Erlín Emma Jóhannsdóttir & Cristian Gallo. 2015. Botndýrarannsóknir og efnagreiningar á sjó og seti vegna fiskeldis í Berufirði 2015. Náttúrustofa Austurlands: Neskaupsstað.

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Halldór W. Stefánsson & Cristian Gallo. 2017a. Rannsóknir á lífríki Seyðisfjarðar - Botndýr, mælingar í seti, fuglar og þörungar í fjöru. Náttúrustofa Austurlands. NA-170175.

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Halldór W. Stefánsson & Cristian Gallo. 2017b. Rannsóknir á lífríki Stöðvarfjarðar - Botndýr, mælingar í seti, fuglar og þörungar í fjöru. Náttúrustofa Austurlands. NA-170174.

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Þorleifur Eiríksson & Böðvar Þórisson. 2012. Botndýrarannsóknir vegna fiskeldis í Berufirði - Unnið fyrir HB Granda. Náttúrustofa Austurlands & Náttúrustofa Vestfjarða.

Hafrannsóknarstofnun. 2018. Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis. Hafrannsóknarstofnun (23.8.2018).

Hafsteinn G. Guðfinnsson, Héðinn Valdimarsson, Steingrímur Jónsson, Jóhannes Briem, Jón Ólafsson, Sólveig Ólafsdóttir, Ástþór Gíslason og Sigmar A. Steingrímsson. 2001. Rannsóknir

- á straumum, umhverfisþáttum og lífríki sjávar í Reyðarfirði frá júlí til október árið 2000. Reykjavík, Hafrannsóknarstofnun.
- Jörundur Svavarsson og Guðmundur V. Helgason. 2002. Lífríki á botni Mjóafjarðar. Fjölrit Líffræðistofnunar Háskólans nr. 63.
- Þorleifur Eiríksson & Böðvar Þórisson. 2004. Botndýr í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Unnið fyrir Salar-Islandica. Náttúrustofa Vestfjarða, 9-04.
- Þorleifur Eiríksson, Böðvar Þórisson & Gunnar Steinn Gunnarsson. 2007. Botndýrarannsóknir vegna fiskeldis í Berufirði. Unnið fyrir Salar-Islandica. Náttúrustofa Vestfjarða, 5-07.
- Þorleifur Eiríksson og Guðmundur Víði Helgason. 2017. Botndýr á kvíasvæði Laxa fiskeldis í Reyðarfirði. RORUM 2017 003
- Þorleifur Eiríksson, Leon Moodley, Guðmundur Víðir Helgason, Kristján Lilliendahl, Halldór Pálmar Halldórsson, Shaw Bamber, Gunnar Steinn Jónsson, Jónatann Thordarson and Thorleifur Águstsson. 2017. Estimate of organic load from aquaculture. RORUM 2017 011.
- Þorleifur Eiríksson, Þorgerður Þorleifsdóttir og Guðmundur Víðir Helgason. 2019. Botndýr í utanverðum Seyðisfirði. RORUM 006 19.

Viðauki 6: Rannsóknir á lífríki Seyðisfjarðar



Rannsóknir á lífríki Seyðisfjarðar

-Botndýr, mælingar í seti, fuglar og þörungar í fjöru



Erlín Emma Jóhannsdóttir, Halldór W. Stefánsson og Cristian Gallo
Unnið fyrir Fiskeldi Austfjarða

NA- 170175
Neskaupstaður
Desember 2017 – Endurskoðað í september 2018

 		<input type="checkbox"/> Egilsstaðir <input checked="" type="checkbox"/> Neskaupstaður
Skýrsla nr: NA-170175	Dags: Desember 2017 – Endurskoðuð í september 2018.	Dreifing: Lokuð
Heiti skýrslu (aðal- og undirtill): Rannsóknir á lífríki Seyðisfjarðar -Botndýr, mælingar í seti, fuglar og þörungar í fjöru		Upplag: 5 Síðufjöldi: 44
Ljósmynd á forsiðu: Horft yfir svæðið við Sörlastaðavík í sunnanverðum Seyðisfirði. Ljós. KÁ.		Fjöldi korta: Fjöldi viðauka: 4
Höfundar: Erlín Emma Jóhannsdóttir, Halldór W. Stefánsson og Cristian Gallo		
Unnið fyrir: Fiskeldi Austfjarða		
Samvinnuaðilar:		
<p>Vegna fyrirhugaðs fiskeldis á tveimur svæðum í Seyðisfirði óskaði Fiskeldi Austfjarða eftir grunnrannsóknnum á botndýralífi og efnamælingum í seti innan fyrirhugaðra fiskeldissvæða og í nágrenni þeirra. Einnig var gerð athugun á þekju þörungna og mengun í fjöru og gerð grein fyrir heimildum um fuglalíf í firðinum.</p> <p>Botndýr og mælingar í seti</p> <p>Sýnum af botni var safnað samkvæmt ISO 12878:2012 staðli. Sýni voru tekin á 16 stöðum, átta við Háubakka norðan megin í Seyðisfirði og átta við Sörlastaðavík, sunnan megin. Þrjár sýnatökustaðir voru staðsettir innan fyrirhugaðs fiskeldissvæðis og fimm fyrir utan á báðum stöðum. Á hverri sýnatökustöð var fjórum sýnum safnað með Van Veen botngreip. Þrjú sýni voru tekin til greininga á botndýrum og mælinga á pH gildi, hita og oxunargetu (redox) setsins. Fjórdá sýnið var tekið til efnamælinga á lífrænu kolefni (TOC), heildar köfnunarefni (TN), heildar fosfór (TP) og heildarmagni lífræna leifa (Total organic content). Niðurstöður mælinga sýndu að oxunargetan í setinu var mjög góð og innan þess sem telst eðlilegt þegar um bakgrunnsgildi er að ræða. Burstaormar voru algengasti dýrahópurinn á báðum stöðum. Þráðormar voru einnig nokkuð áberandi dýrahópur. Tegundasamsetning botndýra í Seyðisfirði svipar til þess sem hefur fundist í öðrum fjörðum á Austurlandi. Við fiskeldi safnast upp lífrænar leifar undir kvíum sem veldur ójafnvægi á botndýrafánu. Tegundir sem þola uppsöfnun lífræna leifa fjölga sér en aðrar sem eru viðkvæmar fyrir því hverfa oftast en ekki undir eldiskvíunum. Þær koma þó oftast aftur þegar svæðin eru hvíld. Því er ekki talið að áhrif fiskeldis á botndýralíf séu varanleg.</p> <p>Fuglalíf</p> <p>Sjókvíaelði í Seyðisfirði mun laða að ýmsar tegundir fugla. Af 46 fuglategundum sem fjallað er um í firðinum eru 22 á válista. Líklega mun fiskeldi hafa lítil neikvæð áhrif á fugla sem hér eru til skoðunar.</p> <p>Þörungar í fjöru</p> <p>Alls voru fimm snið könnuð, tvö við fyrirhuguð fiskeldissvæði við Háubakka norðan til í Seyðisfirði og tvö í Sörlastaðavík sunnan megin og eitt viðmiðunarsnið utan þessa svæða norðan fjarðar. Einnig var kannað hvor rusl eða önnur sýnileg mengun væri á svæðinu. Á hverju sniði voru stöðvar settar út með jöfnu millibili. Á hverri stöð var 1x1 m rammur settur niður og þekja þörungna metin innan hans. Niðurstöðurnar sýndu augljósa beltaskipting þörungna. Klóþang var ríkjandi um miðbik fjörunnar á báðum stöðum innan fyrirhugaðra fiskeldissvæða en skúfaþang var ríkjandi á viðmiðunarsstöð. Nokkuð var um rusl í fjörunni við Háubakka og einnig varð vart við olímengun á því svæði, bæði í sjó og fjöru.</p>		
Lykilorð: Seyðisfjörður, botndýr, lífríki, fuglar, fjara, fiskeldi		ISSN nr:
Yfirfarið: KÁ		ISBN nr:

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	4
Myndaskrá.....	5
Töfluskrá	5
Inngangur	6
Rannsóknarsvæðið	7
Botndýr og mælingar í seti	7
Aðferðir	7
Sýnataka og úrvinnsla sýna	7
Umreikningur á redox gildum	9
Töluleg úrvinnsla	9
Niðurstöður	9
Lýsing á botnsýnum og mælingar í seti	9
Botndýr	12
Umræður	16
Fuglar	17
Aðferðir	17
Niðurstöður og umræða.....	18
Þörungur í fjöru	21
Aðferðir	21
Niðurstöður	21
Umræða	25
Pakkir	25
Heimildir	26
Viðauki I- Meðalfjöldi hópa/tegunda botndýra á átta stöðvum við Háubakka (A til H) og átta stöðvum við Sörlastaðavík (I til P) í Seyðisfirði 2017.....	I
Viðauki II-Meðalfjöldi hópa/tegunda á stöðvum (3 sýni) sem liggja til grundvallar fyrir útreikninga á fjölbreytni botndýra í Seyðisfirði 2017.	VII
Viðauki III-Þekja þörungna, fjörusvertu og fastra dýra á fimm sniðum í fjöru í Seyðisfirði.	XII
Viðauki IV- Skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um efnamælingar í seti.	XV

Myndaskrá

1. mynd. Yfirlit yfir sýnatökustaði á botni í júní 2017 (grænir punktar, A-H), fyrri rannsóknir Hafrannsóknastofnunar árið 2002 (appelsínugulir kassar) og könnun á þekju þörungna, mengun og rusli í fjöru á sniðum (gulir punktar snið (SN1-SN5) og í jöðrum fyrirhugaðra fiskeldissvæða (hvítir punktar (J1-J4) (Landhelgisgæslan 2016, Landmælingar Íslands 2013 og 2016). Háubakkar eru norðan fjarðar og Sörlastaðavík sunnan fjarðar. Afmörkun fiskeldissvæða (rauðar línur) er skv. hnitsettum upplýsingum frá Fiskeldi Austfjarða. 7
2. mynd. Meðalþéttleiki botndýrahópa á m² á hverri stöð (A–H) við Háubakka og í Sörlastaðavík (I–P) í Seyðisfirði. 13
3. mynd. Hlutfallslegur fjöldi (% af heildarfjölda) burstaorma eftir tegundum á tveimur svæðum í Seyðisfirði 2017. 15
4. mynd. Olíumengun á sjónum í nágrenni Háubakka í Seyðisfirði. 24

Töfluskrá

- Tafla 1. Yfirlit yfir dýpi (faðmar) og staðsetningu botnstöðva í Seyðisfirði 2017. 8
- Tafla 2. Lýsing á lit, áferð og lykt botnsýna í Seyðisfirði 9. og 19 júní 2017. 10
- Tafla 3. Meðaltal þriggja mælinga á, pH gildum, hita og redox gilda ($E_{mælt}$), í setsýnum á átta stöðum (A-H) við Háubakka og átta stöðum í Sörlastaðavík (I-P) í Seyðisfirði í júní 2017. Auk þess er gefið upp gildi sem þarf að bæta við mælda gildið ($E_{ref.pot}$) sem fylgir með nemanum (Thermo Fisher Scientific inc., 2007) sem mælt er með og er sú tala háð hita í setinu. Umreiknuð gildi (E_{SHE}) fást með jöfnunni $E_{SHE} = E_{mælt} + E_{ref.pot}$ 11
- Tafla 4. Niðurstöður mælinga á heildar köfnunarefni (TN), heildar lífrænu kolefni (TOC), heildar fosfór og heildarmagni lífrænna leifa (Tot.org cont) í setsýnum á átta stöðum (A-H) við Háubakka og á átta stöðum (I-P) í Sörlastaðavík í Seyðisfirði í júní 2017. Allar niðurstöður eru gefnar upp miðað við 0 % rakainnihald (Niðurstöður frá efnagreiningum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, 2017). 12
- Tafla 5. Yfirlit yfir fjölda tegunda (S), meðalfjölda dýra á fermetra (N, að þráðormum, árfætlum og ögnum undanskildum), jafnræðisstuðul Pileous (J') og Shannons fjölbreytni (H') á tveimur svæðum í Seyðisfirði árið 2017. 14
- Tafla 6. Þekktar fuglategundir í Seyðisfirði ásamt stöðu þeirra á svæðinu og metnum áhrifum fiskeldis í sjó á þær. 18
- Tafla 7. Tíðni (%) einstakra þörungategunda, fjörusvertu og fastra dýra í 1 x 1 m reitum á sniðum 1-5 og fjöldi þörungategunda/hópa. 23

Inngangur

Áformað er að hefja sjókvíaelði á tveimur svæðum í Seyðisfirði, við Háubakka að norðanverðu og í Sörlastaðavík að sunnanverðu. Forsvarsmenn Fiskeldis Austfjarða ehf. óskuðu eftir því að Náttúrustofa Austurlands ynni grunnrannsóknir á botndýralífi, efnamælingar í seti og mat á þekju þörunga í fjöru á fyrirhuguðum fiskeldissvæðum og svæðum þar í kring. Jafnframt var óskað eftir heimildaöflun varðandi fuglalíf í firðinum.


Hafrannsóknastofnun vann grunnrannsóknir á botndýralífi árið 2002 í Seyðisfirði á þremur svæðum vegna fyrirhugaðs fiskeldis, Við Háubakka, í Sörlastaðavík og í Selstaðavík (Sigmar Arnar Steingrímsson, 2009). Rannsóknir á botndýrum hafa verið gerðar í allmörgum fjörðum á Austurlandi í tengslum við bæði sjókvíaelði og stóriðju. Meðal fyrirliggjandi rannsókna sem tengjast fiskeldi í sjó má nefna rannsóknir á botndýralífi í Mjóafirði (Jörundur Svavarsson og Guðmundur V. Helgason, 2002), Norðfirði (Þorleifur Eiríksson o.fl., 2003a), Reyðarfirði (Þorleifur Eiríksson o.fl., 2003b) Berufirði og Fáskrúðsfirði (Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson, 2004) og Stöðvarfirði (Erlín Emma Jóhannsdóttir o.fl., 2017). Hafrannsóknastofnun gerði umfangsmikla rannsókn á straumum, umhverfisþáttum og lífríki sjávar í Reyðarfirði árið 2001 vegna fyrirhugaðs álvers við Hraun (Hafsteinn G. Guðfinnsson, o.fl., 2001) sem og á grunnástandi botndýralífs í Héraðsflóa árið 2006 vegna byggingu Kárahnjúkavirkjunar (Steinunn Hilma Ólafsdóttir og Sigmar Arnar Steingrímsson, 2007). Þá hafa allnokkrar athuganir á botndýrum verið gerðar vegna kröfu um vöktunarmælingar í starfsleyfum fiskeldisfyrirtækja. Flestar hafa verið gerðar í Berufirði, árin 2006 (Þorleifur Eiríksson o.fl., 2007), 2011 (Erlín Emma Jóhannsdóttir o.fl., 2011), 2015 en þá voru auk þess gerðar efnamælingar í seti (Erlín Emma Jóhannsdóttir og Cristian Gallo, 2015) og 2017 (Erlín Emma Jóhannsdóttir, 2017 óbirt gögn). Vöktun á botni undir fiskeldiskvíum í Mjóafirði var gerð einu sinni, árið 2003 á starfsárum Sæsifurs (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2003c).

Ekki fór fram sérstök athugun á fuglum í tengslum við fyrirhuguðu fiskeldi í sjó í Seyðisfirði og því verður samantektin um fugla sem hér er lögð fram ekki tæmandi fyrir svæðið, sem verður að teljast miður. Eldri upplýsingar um fugla geta gefið einhverja mynd af fuglalífi, en sérstök úttekt myndi staðfesta og bæta í þær eyður sem eru óhjákvæmilega fyrir hendi. Gera má ráð fyrir að fuglalíf í Seyðisfirði sé með svipuðu sniði og annarsstaðar á Austfjörðum. Þar koma margæsir (*Branta bernicla*) reglulega við á leið sinni til varpstöðva í Kanada en að mestu leiti koma margæsir við á vestanverðu landinu vor og haust. Þá hefur margæs verið sumarlangt í Seyðisfirði og felld þar fjaðrir (Ólafur Pétursson, munnleg heimild, 2009). Svæðið er að öðru leiti dæmigert búsvæði sjófugla og ýmsa vatna- og sundfugla.

Fjörur eru vinsæl útivistarsvæði og hefur gildi þeirra aukist undanfarið með aukinni aðsókn í hvers konar útvist. Lítið eða ekkert hefur verið kannað hvort og hvaða áhrif aukin næringarefni frá fiskeldi í sjó hefur á þörunga í fjörum hér á landi og er því mikilvægt að hafa upplýsingar um grunnástand áður en fiskeldi í sjó hefst. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að aukin næringarefni frá fiskeldi geta leitt til þess að þekja sumra tegunda grænþörunga (t.d. *Ulva* spp og *Chaetomorpha* spp) aukist nálægt fiskeldissvæðum (Oh o.fl., 2015). Einnig hafa komið fram breytingar á vexti og lífmassa ásætubörunga á þangi af ættkvísl *Fucus*, þannig að ásætutegundir í flokki brún- og rauðþörunga hverfa og í staðin vaxa grænþörungar á þanginu (Ronnberg, 1991 og Hemmi o.fl., 2005).

Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið er á fyrirhugaðu fiskeldissvæði við Háubakka og Sörlastaðavík í Seyðisfirði sem og á viðmiðunarstöðvum á botni og í fjöru (. mynd).



1. mynd. Yfirlit yfir sýnatökustaði á botni í júní 2017 (grænir punktar, A-H), fyrri rannsóknir Hafrannsóknastofnunar árið 2002 (appelsínugulir kassar) og könnun á þekju þörunga, mengun og rusli í fjöru á sniðum (gulir punktar snið (SN1-SN5) og í jöðrum fyrirhugaðra fiskeldissvæða (hvítir punktar (J1-J4) (Landheglsáæslan 2016, Landmælingar Íslands 2013 og 2016). Háubakkar eru norðan fjarðar og Sörlastaðavík sunnan fjarðar. Afmörkun fiskeldissvæða (rauðar línur) er skv. hnitsettum upplýsingum frá Fiskeldi Austfjarða.

Þegar mat er lagt á möguleg áhrif sjókvíaeldis á fugla í fjörðum er áhrifsvæðið allur fjörðurinn, ásamt fjörunni og nánasta umhverfi. Ytri mörk svæðisins er því við mynni Seyðisfjarðar milli Borgarness í norðri og Tröllaness í austri. Fuglar eru þó hreyfanlegir og færa sig auðveldlega til innan rannsóknarsvæðisins og einnig út fyrir það.

Botndýr og mælingar í seti

Aðferðir

Sýnataka og úrvinnsla sýna

Sýnataka fór fram í Seyðisfirði þann 9. og 19. júní 2017, samkvæmt ISO 12878:2012 staðli en hann fjallar um grunnrannsóknir sem og vöktun á mjúkbotni sjávar þar sem fiskeldi er fyrirhugað eða starfrækt (Staðlaráð Íslands, 2016). Alls voru 16 sýnatökustaðir settir niður á kort áður en sýnataka fór fram, átta við Háubakka norðan megin í Seyðisfirði og átta við

Sörlastaðavík sem er sunnan megin. Þrjú sýnatökustaðir voru staðsettir innan fyrirhugaðs fiskeldissvæðis og fimm fyrir utan á báðum svæðum (. mynd og *Tafla 1*). Dýpt var skráð af dýptarmæli um borð í bátnum við hverja stöð. Sýnum var safnað með Van Veen botngreip (flatarmál=200 og 250 cm² stöð D). Greipin var látin síga niður á hlið bátsins og hífð upp með línuspili. Sýni var notað ef greip var vel lokuð og set var í henni. Á hverri stöð voru fjögur sýni tekin, þrjú til greininga á botndýrum en eitt til efnagreininga.

Tafla 1. Yfirlit yfir dýpi (faðmar) og staðsetningu botnstöðva í Seyðisfirði 2017.

Staðsetning	Dýpi		Hnit	
	Faðmar	m	Lat	Long
Háubakkar				
A	26	44	65.2758	-14.0000
B	27	45	65.2776	-13.9945
C	27	45	65.2794	-13.9885
D	25	42	65.2729	-14.0030
E	26	44	65.2747	-13.9955
F	29	48	65.2765	-13.9887
G	31	52	65.2782	-13.9806
H	25	42	65.2745	-13.9816
Sörlastaðavík				
I	34	57	65.2822	-13.9126
J	38	64	65.2842	-13.9012
K	33	55	65.2861	-13.8923
L	40	67	65.2851	-13.9062
M	43	71	65.2880	-13.8994
N	43	72	65.2891	-13.8900
O	44	73	65.2883	-13.9180
P	45	74	65.2915	-13.8923

Í þremur sýnum á hverri stöð var mælt, í fyrstu 2 cm setsins, svokallað redox gildi eða oxunargeta (**reduction–oxidation reaction**) og hiti með Eutech instrument mæli og Thermo fisher scientific Orion 9678BNWP nema. Einnig var pH gildi mælt með pH meter CG 837. Sýni voru síðan losuð í plastbakka og þeim lýst með tilliti til grófleika, áferðar, litar og lyktar. Einnig voru sjáanleg dýr skráð. Sýnunum var loks komið fyrir í 4 L fötu og 8% formalíni hellt á þau ásamt boraxi til að koma í veg fyrir að kalkhlutar lífvera leystust upp. Við söfnun á sýnum til efnagreiningavar efsta lag setsins, um 2 cm, skafið af með plastskeið og komið fyrir í tveimur plastdolum og sett í kæli. Sýnin voru fryst við heimkomu og síðar send til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til efnagreiningar á lífrænu kolefni (TOC), heildar köfnunarefni (TN), heildar fosfór (TP) og heildarmagni lífrænna leifa (Total organic content) .

Formalíni var hellt af sýnunum nokkrum dögum eftir sýnatöku og þau sigtuð varlega í rennandi vatni með 0,5 mm sigti. Þeim var síðan komið fyrir í hæfilegri sýnadollu og varðveitt í 70% ethanoli þar til unnið var úr þeim. Hlutsýni var tekið af öllum sýnum og öll dýr tínd úr einu eða fleiri hlutsýnum undir viðsjá (Leica MZ6), allt eftir fjölda dýra í sýni. Dýrin voru greind til tegundar eða dýrahóps og þau talin. Sum eintök dýra var erfitt að greina sökum

Þess að um ungvíði var að ræða og/eða eintök illa farin. Þau eintök eru skilgreind sem cf í texta og töflum.

Umreikningur á redox gildum

Redox gildi eru umreiknuð til að geta borið mæld redox gildi í setinu saman við aðrar rannsóknir og þekkt gildi í botnseti (t.d. Hargarve o.fl., 2008). Til að umreikna redox gildi (E_{SHE}) þarf að bæta við uppgöfnum gildi sem fylgir með nemanum (Thermo Fisher Scientific inc., 2007) og fæst með jöfnunni $E_{\text{SHE}} = E_{\text{mælt}} + E_{\text{ref.pot.}}$. Redox mælingar í seti gefa upplýsingar um ástand sets og mæla oxunargetu þess (oxunar- afoxunarspennu) og eru niðurstöður þessarar rannsóknar grunnildi áður en starfsemi fiskeldis hefst.

Töluleg úrvinnsla

Meðalþéttleiki botndýra fyrir hverja stöð var reiknað út frá öllum greipum viðkomandi stöðvar. Fjölbreytni botndýrasamfélaga var metin með Shannon-Wiener H' fjölbreytileika stuðli (Magurran, 2004) og var PRIMER 6 forritið notað við útreikninga. Í Viðauka II má sjá greiningar og meðalfjölda á hverri stöð sem liggja til grundvallar fyrir útreikninga á fjölbreytni og jafnræði. Sumar tegundir voru sameinaðar í ættkvísl eða ætt fyrir útreikninga. Þráðormar (Nematoda) voru ekki með við útreikninga á fjölbreytni, en kveðið er á um að þeim eigi að sleppa í *ISO staðli 12878:2012* (Staðlaráð Íslands, 2016). Árfætlur (Copepoda) og agnir (Mysida) voru einnig teknar út fyrir útreikningana.

Shannon-Wiener fjölbreytni stuðull H' :

$$H' = - \sum_{i=1}^s (p_i) (\log_2 p_i)$$

þar sem s = fjöldi tegunda, p_i = hlutdeild af heildarsýni sem tilheyrir tegund i . Þessi stuðull er mikið notaður við vistfræðirannsóknir og hækkar eftir því sem fjölbreytileiki eykst. Jafnræðisstuðull, er nátengdur Shannon-Wiener stuðlinum, en sýnir hvort jafnræði er milli tegunda, eða hvort ein eða fáar tegundir séu sérstaklega áberandi. Stuðullinn lækkar þegar það gerist og er einungis ein tegund í gögnunum þegar báðir þessir stuðlar eru núll.

Jafnræðisstuðull Pielous J' :

$$J' = \frac{H'}{H'_{\text{max}}}$$

Niðurstöður

Lýsing á botnsýnum og mælingar í seti

Allar greipar voru vel lokaðar og fullar af seti. Í öllum tilvikum var botngerðin grábrún leðja. Á stöðvum J, L og O við Sörlastaðavík var leðjan mjög þétt. Engin brennisteinslykt fannst af sýnunum (Tafla 2).

Tafla 2. Lýsing á lit, áferð og lykt botnsýna í Seyðisfirði 9. og 19 júní 2017.

Staðsetning	Litur og áferð	Lykt
Háubakkar		
A	Brún/grá leðja	Engin
B	Brún/grá leðja	Engin
C	Brún/grá leðja	Engin
D	Brún/grá leðja	Engin
E	Brún/grá leðja	Engin
F	Brún/grá leðja	Engin
G	Brún/grá leðja	Engin
H	Brún/grá leðja	Engin
Sörlastaðavík		
I	Brún/grá leðja	Engin
J	Mjög þétt brún/grá leðja	Engin
K	Brún/grá leðja	Engin
L	Mjög þétt brún/grá leðja	Engin
M	Brún/grá leðja	Engin
N	Brún/grá leðja	Engin
O	Mjög þétt brún/grá leðja	Engin
P	Brún/grá leðja	Engin

Gildi pH var mjög svipað milli stöðva og mældist að meðaltali 7,13 (spönn 7,06–7,20) við Háubakka en að meðaltali 7,20 (spönn 7,09–7,29) við í Sörlastaðavík. Hiti í seti var að meðaltali 4,3°C (spönn 4,1–4,5°C) við Háubakka en 3,99°C (spönn 3,90–4,13°C) í Sörlastaðavík. Redox gildi voru jákvæð á öllum stöðvum og voru umreiknuð (E_{SHE}) gildi að meðaltali 392,7 mV (Spönn 339,6 til 486,1 mV), við Háubakka en að meðaltali 350,1 mV (spönn 301,3 til 388,6mV) í Sörlastaðavík (Tafla 3).

Tafla 3. Meðaltal þriggja mælinga á, pH gildum, hita og redox gilda (E_{mait}), í setsýnum á átta stöðum (A-H) við Háubakka og átta stöðum í Sörlastaðavík (I-P) í Seyðisfirði í júní 2017. Auk þess er gefið upp gildi sem þarf að bæta við mældu gildið ($E_{ref,pot}$) sem fylgir með nemanum (Thermo Fisher Scientific inc., 2007) sem mælt er með og er sú tala háð hita í setinu. Umreiknuð gildi ($E_{H_{SHE}}$) fást með jöfnunni $E_{H_{SHE}}=E_{mait}+E_{ref,pot}$.

Staðsetning	pH	Hiti (°C)	Redox (mV)		
			Meðaltal mældra gilda (E_{mait})	Uppgefið gildi ($E_{ref,pot}$)	Umreiknuð gildi ($E_{H_{SHE}}$)
Háubakkar					
A	7,06	4,5	132,5	218	350,5
B	7,11	4,2	145,5	218	363,5
C	7,20	4,4	121,6	218	339,6
D	7,19	4,3	268,1	218	486,1
E	7,07	4,2	189,3	218	407,3
F	7,20	4,2	243,1	218	461,1
G	7,12	4,1	121,6	218	339,6
H	7,10	4,5	176,1	218	394,1
Sörlastaðavík					
I	7,09	4,1	124,1	218	342,1
J	7,19	4,0	135,9	218	353,9
K	7,20	4,1	170,6	218	388,6
L	7,17	3,9	109,6	218	327,6
M	7,18	3,9	139,1	218	357,1
N	7,22	4,0	132,5	218	350,5
O	7,23	3,9	83,3	218	301,3
P	7,29	4,0	161,4	218	379,4


Við Háubakka var heildar köfnunarefni (TN) að meðaltali 1,38 mg/g (1,28–1,65 mg/g). Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) var þar að meðaltali 13,51 mg/g (spönn 12,47–15,17 mg/g), heildar fosfór að meðaltali 1,75 mg/g (spönn 1,62–1,90 mg/g) og heildarmagn lífrænna leifa var að meðaltali 75,34 mg/g (spönn 61,11–82,71 mg/g). Við Sörlastaðavík mældust gildin mjög svipuð og við Háubakka. Heildar köfnunarefni var að meðaltali 1,48 mg/g, heildarmagn lífræns kolefnis var að meðaltali 12,27 mg/g og heildarmagn lífrænna leifa að meðaltali 69,04 mg/g. Heildar fosfórstyrkur var þar að meðaltali 1,85 mg/g (Tafla 4 og Viðauki IV).

Tafla 4. Niðurstöður mælinga á heildar köfnunarefni (TN), heildar lífrænu kolefni (TOC), heildar fosfór og heildarmagn lífrænna leifa (Tot.org cont) í setsýnum á átta stöðum (A-H) við Háubakka og á átta stöðum (I-P) í Sörlastaðavík í Seyðisfirði í júní 2017. Allar niðurstöður eru gefnar upp miðað við 0 % rakainnihald (Niðurstöður frá efnagreiningum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, 2017).

Staðsetning	Heildar köfnunarefni (TN, mg/g)	Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC, mg/g)	Heildar fosfór (P-tot, mg/g)	Heildarmagn lífrænna leifa (Tot.org cont, mg/g)
Háubakkar				
A	1,33	12,9	1,71	75,8
B	1,29	12,8	1,62	75,1
C	1,28	12,8	1,62	76,4
D	1,65	15,2	1,69	82,1
E	1,42	14,3	1,88	79,5
F	1,36	13,6	1,79	61,1
G	1,28	12,5	1,82	69,9
H	1,44	14,1	1,90	82,7
Sörlastaðavík				
I	1,40	12,9	1,81	60,2
J	1,36	12,1	1,81	73,0
K	1,48	12,4	1,83	69,1
L	1,48	12,1	1,85	68,4
M	1,51	12,6	1,93	67,5
N	1,52	12,5	1,81	78,3
O	1,54	11,8	1,93	71,0
P	1,53	11,8	1,87	64,8

Botndýr

Að meðaltali fundust 13.545 dýr á fermetra (spönn 6.760–20.567) við Háubakka sem greindust í a.m.k. 66 flokkunareiningar. Þéttleiki dýra var um helmingi minni í Sörlastaðavík eða 6.706 dýr á fermetra (spönn 4.767–10.783) sem greindust í a.m.k. 63 flokkunareingar (. mynd og Viðauki III). Burstaormar (Polychaeta) var sá dýrahópur sem var ríkjandi á botni í Seyðisfirði. Við Háubakka voru að meðaltali 8.050 einst./m² og nam hlutfall þeirra 50% af heildarfjölda botndýra. Þráðormar (Nematoda) voru svo annar algengasti dýrahópurinn þar með 6.013 einstaklingar á fermetra sem var um 44% hlutfall af heildarfjölda botndýra. Þráðormar voru ríkjandi dýrahópur í fjórum (A, E, G og H) af átta stöðvum með hlutfall sem nam 51%–57%. Samlokur (Bivalvia) voru svo þriðji algengasti dýrahópurinn við Háubakka með hlutfall sem nam 3%. Pungrækjur (Cumacea) og marflær (Amphipoda) voru með 1% hlutfall af heildarfjölda botndýra. Í Sörlastaðavík var þéttleiki burstaorma um helmingi minni (4.452 einst./m²) en við Háubakka en hlutfall þeirra af heildarfjölda botndýra var nokkuð meira eða 66%. Næst algengasti dýrahópurinn voru svo þráðormar, líkt og við Háubakka, og var þéttleiki þeirra 1.673 einstaklingar á fermetra sem var um 25% hlutfall af heildarfjölda botndýra. Ranaormar (Nemertea) voru svo með um 2% hlutfall og pungrækur rétt um 1%. Aðrir dýrahópar höfðu mun minni þéttleika (. mynd og Viðauki III).



2. mynd. Meðalþéttleiki botndýrahópa á m^2 á hverri stöð (A–H) við Háubakka og í Sörlastaðavík (I–P) í Seyðisfirði.



Meðalfjöldi tegunda/hópa var svipaður milli svæða eða 32 við Háubakka (spönn 28 til 36) og 31 í Sörlastaðavík (spönn 28–41). Flestar tegundir fundust á stöð K (41) við Sörlastaðavík en fæstar voru þær á stöð J á sama stað og á stöð F við Háubakka (28 tegundir/hópar) (Tafla 5). Fjölbreytni Shannons ($H' \log_2$) var svipuð á öllum stöðvum við Háubakka 3,9 (spönn 3,8 til 4,0). Í Sörlastaðavík var hún einnig svipuð milli stöðva og samanborið við Háubakka eða að meðaltali 4,0 (spönn 3,7–4,3). Jafnræði (J') milli tegunda var eins milli svæða, 0,8 í Sörlastaðavík og 0,8 við Háubakka (Tafla 5).

Tafla 5. Yfirlit yfir fjölda tegunda (S), meðalfjölda dýra á fermetra (N, að þráðormum, árfætlum og ögnum undanskildum), jafnræðisstuðul Pileous (J') og Shannons fjölbreytni (H') á tveimur svæðum í Seyðisfirði árið 2017.

Staðsetning	S	N	J'	H'(log _e)	H'(log ₂)
Háubakkar					
A	32	6.617	0,772	2,677	3,862
B	34	10.017	0,752	2,650	3,823
C	33	9.500	0,753	2,631	3,796
D	34	4.627	0,783	2,761	3,984
E	29	5.167	0,816	2,747	3,963
F	28	7.600	0,825	2,750	3,967
G	30	7.867	0,803	2,732	3,941
H	36	8.867	0,771	2,761	3,984
Meðaltal	32	7.533	0,784	2,714	3,915
Sörlastaðavík					
I	32	6.483	0,742	2,572	3,711
J	28	5.433	0,805	2,681	3,868
K	41	9.067	0,752	2,793	4,030
L	27	4.267	0,855	2,816	4,063
M	30	3.250	0,841	2,862	4,128
N	29	3.333	0,878	2,957	4,266
O	35	4.767	0,789	2,806	4,048
P	27	3.600	0,841	2,774	4,002
Meðaltal	31	5.025	0,813	2,783	4,015

Alls greindust 48 tegundir burstaorma við Háubakka en 52 tegundir í Sörlastaðavík. Samfélag burstaorma var svipað milli svæða og var tegundin *Chaetozone setosa* algengust á báðum stöðum. Við Háubakka var hlutfall hennar um 16% af heildarfjölda burstorma en 19 % í Sörlastaðavík. Önnur algengasta tegundin við Háubakka var svo *Galathowenia oculata* en hlutfall hennar var 15% og svo var tegund af ættkvísl *Euchone* þriðja algengasta tegundin með 13%. Í Sörlastaðavík var hins vegar *Maldane sarsi* önnur algengasta tegundin með 12% hlutfall af heildarfjölda burstaorma og svo tegundirnar *Galathowenia oculata* og *Prionospio steenstrupi* þriðju algengastu tegundirnar með hlutfall sem nam 9%.

Af öðrum tegundum sem fundust á báðum stöðum og voru með þéttleika sem nam 3 til 8% má nefna tegundirnar *Cossura longocirrata*, *Terebellides stroemii*, *Sabellides borealis* og *Scoletoma fragilis*. Aðrar tegundir voru sjaldgæfari (. mynd).



3. mynd. Hlutfallslegur fjöldi (% af heildarfjölda) burstaorma eftir tegundum á tveimur svæðum í Seyðisfirði 2017.

Alls fundust 17 tegundir/hópar krabbadýra (Crustacea) við Háubakka og 12 tegundir/hópar við Sörlastaðavík. Af þeim krabbadýrum sem unnt var að greina til tegunda þá voru tvær tegundir af ættkvísl *Eudorella* (*Eudorella sp* og *Eudorella emarginata*) í flokki pungrækja algengastar á báðum stöðum með hlutfall sem nam 42% (Háubakkar) og 35% (Sörlastaðavík) af heildarfjölda krabbadýra. Ættkvísl *Leucon*, einnig í flokki pungrækja, var jafnframt nokkuð algeng með 15% og 19% hlutfall af heildarþéttleika krabbadýra. Ógreindar marflær (mest ungvíði) voru með hlutfallslegan þéttleika sem nam 20% af heildarfjölda krabbadýra. Algengustu marflærnar voru tegundir af undirætt Oedicerodidae og tegundin *Monoculodes longirostris* við Háubakka en undirættin Lysianassidae var algengust við Sörlastaðavík.

Prettán tegundir lindýra fundust við Háubakka, 11 tegundir samloka (Bivalvia) og tvær tegundir snigla (Gasteropoda). Við Sörlastaðavík voru tegundirnar alls níu og allar af flokki samloka. Gljánytla (*Ennucula tenuis*) var lang algengust á báðum svæðunum. Þéttleiki hennar var að meðaltali 234 einstaklingar á fermetra við Háubakka og nam hlutfall hennar 54% af heildarfjölda lindýra þar. Við Sörlastaðavík var þéttleikinn að meðaltali 202 einst./m² og var hlutfall hennar 78% af heildarfjölda lindýra. Við Háubakka voru tegundirnar *Macoma calcarea* og *Nuculana pernula* einnig nokkuð áberandi með þéttleika sem nam 17 % og 10% af heildarfjölda botndýra. *Nuculana pernula* var önnur algengasta tegundin (6%) við Sörlastaðavík en þar var einnig tegundin *Thyasira* sp með svipaðan fjölda. Þær sniglategundir sem fundust *Bulbus smithii* cf og *Cylichna alba* cf voru í mjög litlum þéttleika (17 og 13 einst./m²) og fundust einungis á tveimur stöðvum við Háubakka.

Skrápdýr (Echinodermata) fundust einungis við Háubakka og voru það bara slöngustjörnur (Ophiuriodea). Ættkvíslin *Ophiura* fannst þar en í litlum þéttleika. Sæbelgir (Sipunculidae) fundust á tveimur stöðum við Háubakka (E og H) og einni stöð (K) Við Sörlastaðavík en í litlum þéttleika.

Í viðauka I er að finna lista yfir alla hópa/tegundir sem fundust í þessari rannsókn og í viðauka II er svo listi yfir tegundir sem liggja til grundvallar fyrir útreikninga á fjölbreytileika.

Umræður

Fyrirhuguð fiskeldissvæði eru yfir mjúkum botni og var brún grá leðja sem einkenndi sjávarbotninn á báðum svæðunum (Háubakkar og Sörlastaðavík) í Seyðisfirði en leðja er sú botngerð sem er ráðandi í mörgum austfirskum fjörðum (t.d. Hafsteinn G. Guðfinnsson o.fl. 2001; Jörundur Svavarsson og Guðmundur V. Helgason, 2002; Sigmar Arnar Steingrímsson, 2009; Erlín Emma Jóhannsdóttir o.fl. 2017).

Í heildina var botndýralífið mjög svipað milli fyrirhugaðra fiskeldissvæða við Háubakka og Sörlastaðavík í Seyðisfirði en það einkenndist af tegundum burstaorma sem lifa annaðhvort sem yfirborðsætur eða grafa sig niður í setið (Fauchald og Jumars, 1979; Jumars o.fl., 2014). Þannig samsetning tegunda endurspeglar vel samsett og rótgróin samfélög á botni sjávar (Pearson og Rosenberg, 1978; Rhoads og Germano, 1986). Burstaormar sem eru grotætur og hafa sama fæðuöflunarháttinn á og lýst er hér að ofan eru algengir á mjúkum botni víðar á Austfjörðum (t.d. Hafsteinn G. Guðfinnsson o.fl. 2001; Jörundur Svavarsson, 2002; Þorleifur Eiríksson o.fl., 2003a; Erlín Emma Jóhannsdóttir o.fl. 2017).

Samfélög botndýra í þessari rannsókn er mjög svipuð og fannst á botni Seyðisfjarðar árið 2002 en þá voru burstaormar algengasta tegundin og þráðormar næst algengastir líkt og nú. Þéttleiki algengustu tegundanna var þó önnur í rannsóknunum árið 2002 og var *Maldane sarsi* algengasta tegundin þá en *Chaetozone setosa* sem var algengasta burstaorma tegundin í þessari rannsókn var önnur algengasta tegundin við Háubakka og Sörlastaðavík. Tegundirnar *Sabellides borealis* og *Owenia fusiformis* fundust ekki í fyrri rannsókn en voru í þónokkrum þéttleika árið 2017 (.mynd) (Sigmar Arnar Steingrímsson, 2009). Sá munur sem sást á tegundasamsetningu og þéttleika einstakra tegunda ef þessar rannsóknir eru bornar saman gæti verið sá að sýnin voru ekki tekin á sömu stöðum og mun færri sýni (bæði greipar

og stöðvar) voru á hverjum stað í rannsóknunum árið 2002. Auk þess voru sýnin tekin á mismunandi dýpi og tíma, í september árið 2002 (Sigmar Arnar Steingrímsson, 2009) en júní í þessari rannsókn.

Oxunargeta (redox) setsins var mjög góð og mældust redox gildi öll hærrí en +300 mV. Bakgrunnsgildi og/eða viðmiðunargildi (umhverfismörk) fyrir redox gildi í seti eru ekki gefin upp eða skilgreind í reglugerðum/stöðlum hér á landi en gildi hærrí en +100 mV teljast bakgrunnsgildi og endurspegla eðlilegt ástand sets (Hargarve o.fl. 2008; Zettler o.fl., 2007; Wildish o.fl. 2001; Brooks o.fl., 2003). Niðurstöður á efnamælingum í seti (TN, TOC, TP og total organic content), sem og redox mælingarnar, í Seyðisfirði eru bakgrunnsgildi og segja til um magn ofangreindra efna áður en fiskeldi hefst á þessum svæðum. Litlar upplýsingar eru til um styrk þessara efna almennt í botnseti hér við land og hafa bakgrunnsgildi og/eða viðmiðunargildi (umhverfismörk) heldur ekki verið skilgreind fyrir þessi efni í reglugerðum/stöðlum hér á landi. Norðmenn hafa sett mörk fyrir heildarmagn lífræns kolefnis og telst ástand sets mjög gott ef gildin eru <20 mg/g (Molvær o.fl., 2004). Gildin í Seyðisfirði voru öll undir þeim mörkum.

Við fiskeldi safnast upp lífrænar leifar og við það breytist samsetning botndýra þannig að þær tegundir sem ekki þola aukningu á lífrænum leifum hverfa. Mikilvægt er því að hvíla svæðin með reglulegu millibili. Samkvæmt 3. grein reglugerðar nr. 401/2012 um fiskeldi skal hvíldartími eldissvæða vera að minnsta kosti 90 dagar. Á hvíldartímanum brotna lífrænu leifarnar niður og í framhaldi af því má búast við að botndýr sem lifa í nágrenninu og þola ekki uppsöfnun lífrænna leifa geti fært sig á svæðið aftur. Því er ekki talið að áhrif fiskeldis á botndýralíf séu varanleg ef þau eru hvíld með reglulegu millibili og í þann tíma sem tekur botndýralífið að endurheimtast. Mjög misjafnt er hins vegar hversu langan tíma það tekur en það fer eftir straumum og hversu mikil uppsöfnun var á lífrænum leifum undir eldiskvíunum. Því er mikilvægt að meta hvert svæði fyrir sig eftir hvíldartíma áður en fiskur er settur aftur út.

Fuglar

Aðferðir

Heimilda um fugla í Seyðisfirði var aflað og þær skoðaðar með tilliti til fiskeldis í sjó. Stuðst var við ferðadagbækur starfsmanns Náttúrustofu Austurlands (Halldór W. Stefánsson, ferðadagbækur, 2001, 2012 og 2015). Auk þess fengust upplýsingar um fugla frá staðkunnugum á Seyðisfirði og í Mjóafirði. Náttúrustofan kannaði fuglalíf í Seyðisfirði árið 1997 sem nýtist hér að hluta til (Halldór W. Stefánsson, 1998). Einnig var fuglalíf í fjörum kannað af stofunni árin 1998 og 2000 (Skarphéðinn G. Þórisson, 2000). Gögn úr vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands frá Seyðisfirði frá árunum 1987-1989 (Skarphéðinn G. Þórisson, 2000) og árunum 2002-2016 (Náttúrufræðistofnun Íslands 2017) nýttust við þessa samantekt. Þá er á fuglanetsíðunni Ebird skrásettir fuglar sem áhugamenn um fugla hafa séð í Seyðisfirði (Ebird, 2013-2017). Hér verður vitnað í gögn af þeirri síðu fyrir tímabilið 2013-2017 til staðfestingar á eldri upplýsingum.

Flestar athuganirnar eru frá vori og sumri en minna um vetrarathuganir. Samantektin byggir á þeim tegundum sem teljast til vatna- og sundfugla, þar með taldir sjófuglar, og þeirra sem nýta sér fjöruna á einn eða annan hátt t.d. vaðfuglar. Fuglategundum sem nota alla jafna

svæði innar til landsins, svokallaðir landfuglar eins og flestir spörfuglar, rjúpur (*Lagopus mutus*) og ránfuglar er sleppt í þessari samantekt.

Kannað var hve margar tegundir væru nýjum válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). og mat lagt á möguleg áhrif fiskeldis á þær. Jafnframt voru nýlega skilgreind mikilvæg fuglasvæði á Íslandi skoðuð m.t.t. staðsetningar fyrirhugaðs fiskeldis í Seyðisfirði (Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage, 2016)

Sumar tegundirnar geta tilheyrð ýmsum flokkum í samantektartöflu, t.d. verið faliðaðar, átt leið um Seyðisfjörð líkt og umferðarfuglar, verið gestir eða verið varpfuglar. Sumir varpfuglarnir s.s. svartfuglarnir eru staðbundnir. Til einföldunar er einn flokkur látinn standa fyrir hverja tegund og þá í flestum tilvikum sá flokkur sem álitinn var líklegastur fyrir tegundina. Þá var staða sumra tegunda óþekkt (tafla 6).

Áhrif sjókvíaeldis á fugla voru metin eftirfarandi: *veruleg og neikvæð, lítil eða engin* (tafla 6). Ekki er tekin afstaða til óbeinna áhrifa eins og eldisvarna, þar sem „óæskilegum“ tegundum er yfirleitt bægt frá en öðrum ekki. Við mat á áhrifum fiskeldis á fugla verður stuðst við skýrslu Samherja frá 2002 og skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 1999, þar sem þekkt eru áhrif á æðarfugl, máfa, skarfa og fleiri fugla- og dýrategundir. Einnig voru erlendar heimildir um mögulega áhrif fiskeldis á fuglalíf skoðaðar. T.d. samantektar grein frá Nýja Sjálandi (Forrest 2007) og grein frá Noregi um áhrif fugla vegna umferðar í tengslum við fiskeldi (Follestad, 2015).

Niðurstöður og umræða

Samkvæmt heimildum er hér um að ræða 46 fuglategundir sem eru til skoðunar vegna fiskeldisáforma í Seyðisfirði. Líkt og víða á Austfjörðum eru máfar, andfuglar, vaðfuglar og sjófuglar þar mest áberandi.

Þar sem ekki gafst færi á að fylla í eyður yfir fuglaþekkinguna í Seyðisfirði má fastlega gera ráð fyrir að þar séu fleiri tegundir en hér er gerð grein fyrir.

Tafla 6. Þekktar fuglategundir í Seyðisfirði ásamt stöðu þeirra á svæðinu og metnum áhrifum fiskeldis í sjó á þær.

Tegund	Válisti	Staða	Áhrif
1. Lómur <i>Gavia stellatta</i>		Gestur	Lítill
2. Himbrimi (<i>Gavia immer</i>)	VU	Gestur	Lítill
3. Fýll <i>Fulmarus glacialis</i>	EN	Algeng	Lítill
4. Dilaskarfur <i>Phalacrocorax*</i>		Gestur	Lítill
5. Álf <i>Cygnus cygnus</i>		Fáliðuð	Engin
6. Heiðagæs <i>Anser****</i>		Gestur	Engin
7. Blesgæs <i>Anser albifrons***</i>	EN	Umferðarfugl	Engin
8. Marggæs <i>Branta bernicla**</i>		Umferðarfugl	Lítill
9. Grágæs <i>Anser anser</i>		Algeng	Engin
10. Rauðhöfðaönd <i>Anas</i>		Fáliðuð	Engin
11. Urtönd <i>Anas crecca</i>		Fáliðuð	Engin
12. Stökkönd <i>Anas</i>		Algeng	Engin

Tegund	Válisti	Staða	Áhrif
13. Gulönd (<i>Mergus merganser</i>)	VU	Sjaldgæfur gestur	Engin
14. Skúfönd <i>Aythya fuligula</i>		Fáliðuð	Engin
15. Duggönd <i>Aythya marila</i>	EN	Fáliðuð	Engin
16. Æður <i>Somateria mollissima</i>	VU	Algeng	Lítill
17. Straumönd <i>Histrionicus</i>		Algeng	Lítill
18. Hávellá <i>Clangula hyemalis</i>	NT	Vetrarfugl	Lítill
19. Toppönd <i>Mergus serrator</i>		Fáliðuð	Lítill
20. Tjaldur <i>Haematopus*****</i>	VU	Algeng	Engin
21. Sandlóa <i>Charadrius hiaticula</i>		Óþekkt	Engin
22. Heiðlóa <i>Pluvialis apricaria</i>		Óþekkt	Engin
23. Sendlingur <i>Calidris maritima</i>	EN	Vetrarfugl	Engin
24. Lóupræll <i>Calidris alpina</i>		Óþekkt	Engin
25. Hrossagaukur <i>Gallinago</i>		Óþekkt	Engin
26. Jaðrakan <i>Limosa limosa</i>		Óþekkt	Engin
27. Spói <i>Numenius phaeopus</i>		Óþekkt	Engin
28. Stelkur <i>Tringa totanus</i>	NT	Algeng	Engin
29. Tildra <i>Arenaria interpres</i>		Umferðarfarfugl	Engin
30. Óðinshani <i>Phalaropus</i>		Gestur	Engin
31. Hettumáfur <i>Larus ridibundus</i>		Algeng	Lítill
32. Stormmáfur <i>Larus canus</i>		Fáliðuð	Lítill
33. Sílamáfur <i>Larus fuscus</i>		Fáliðuð	Engin
34. Hvítmáfur <i>Larus</i>	EN	Fáliðuð	Engin
35. Silfurmáfur <i>Larus argentatus</i>	NT	Algeng	Lítill
36. Bjartmáfur <i>Larus glaucoides</i>		Gestur	Lítill
37. Svartbakur <i>Larus marinus</i>	EN	Algeng	Lítill
38. Rita <i>Rissa tridactyla</i>	VU	Óþekkt	Lítill
39. Kría <i>Sterna paradisaea</i>	VU	Óþekkt	Engin
40. Stuttnefja <i>Uria lomvia</i>	EN	Fáliðuð	Engin
41. Langvía <i>Uria aalge</i>	VU	Algeng	Lítill
42. Álka <i>Alca torda</i>	NT	Algeng	Lítill
43. Teista <i>Cepphus grylle</i>	EN	Fáliðuð	Lítill
44. Haftyrðill <i>Alle alle</i>	RE	Vetrarfugl	Lítill
45. Lundi <i>Fratercula arctica</i>	CR	Algeng	Lítill
46. Hrafn <i>Corvus corax</i>	VU	Algeng	Engin

*Þóra Guðmundsdóttir, munnleg heimild, 12.10 2007. **Ólafur Pétursson, munnleg heimild, 28.8.2009. ***Sólveig Sigurðardóttir, tölvupóstur fenginn þann 21.11.2011. ****Ólafur Pétursson, tölvupóstur fenginn þann 30.10.2017. *****Skúli Sveinsson, munnleg heimild 9.3.2010.

Samkvæmt nýjum válista flokkast viðkomandi tegundir í 6. töflu eftirfarandi: RE útdauðar tegundir á Íslandi, CR tegund í bráðri hættu, EN tegund í hættu, VU tegund í nokkurri hættu og NT tegund í yfirvofandi hættu.

Af 46 fuglategundum sem eru taldar upp í 6. töflu, eru 22 á válista (Náttúrfræðistofnun Íslands 2018). Ólíklegt er að þær verði fyrir neikvæðum áhrifum fiskeldisáforma í Seyðisfirði. Haftyrðill er eina tegundin sem telst til útdauðra tegunda á Íslandi sem varptegund þó tegundin sé allalengur vetrargestur.

Náttúrustofan metur áhrif fiskeldis í Seyðisfirði lítil á 20 tegundir þ.á m. margæsir og engin á 26 tegundir (tafla 6). Þekkt er að ýmsar dýrategundir laðast að sjókvíum. Þetta á t.d. við um fugla sem eru í leit að fæðu og sækja í aukið fæðuframboði vegna næringarefna sem koma frá eldi. Þá laðar fiskeldi gjarnan að aðra fæðu, s.s. aðra fiska eða seiði sem geta vakið forvitni fugla, hvala, sela og minka (Samherji 2002). Reynsla fiskeldis í Eskifirði á árunum 1988-1997 sýndi að kræklingur sem sest á kvíar laðar að æðarfugl (Sigtryggur Hreggviðsson, munnleg heimild, 2001). Það eru einkum máfar, fiskiætur og æður sem sækja að eldiskvíum og njóta í mörgum tilvikum góðs af. Sumar tegundir laðast að kvíum í fæðuleit og aðrar sækja í vernd sem af eldinu hlýst. Því getur mögulegt aukið fæðuframboð komið ýmsum fuglategundum til góða í Seyðisfirði og vart við neikvæðum áhrifum eldis á fugla að búast. (Samherji 2002 og Hörður Kristinsson o.fl. 1999). Samantektarskýrsla um vistfræðileg áhrif sjókvíaeldis á Nýja Sjálandi benti til að möguleg áhrif á fugla væru ekki vel skilgreind, en rannsóknir þar hafa sýnt fram á að sjókvíar laði að ýmsa sjófugla sem njóta góðs af auknu fæðuframboði við kvíar. Þar var einnig bent á að aukið sjókvíaeldi takmarki mögulega búsvæði einhverra fuglategunda, en með vel ígrunduðu staðarvali má draga úr slíkum áhrifum (Forrest o.fl. 2007). Þá er þekkt að bátaumferð geti haft fælandi áhrif á ófleyga fugla (Follestad, A. 2015) en umfang slíkrar truflunar ætti að vera innan þolmarka í Seyðisfirði.

Seyðisfjörður sker sig úr frá öðrum fjörðum austanlands hvað fugla varðar, þar sem margæsir (*Branta bernicla*) koma þar við reglulega á leið sinni til varpstöðva í Kanada en að mestu leiti kemur tegundin við á vestanverðu landinu vor og haust. Þá hefur margæs verið sumarlangt í Seyðisfirði og fellt þar fjaðrir (Ólafur Pétursson, munnleg heimild, 2009). Ólíklegt er að fiskeldisáform muni hafa áhrif á margæsir í firðinum.

- Teljið lausa lús í svæfingarkarinu og hafið með í meðaltali kvíarinnar. Þægilegast er að nota fingert sigti til að sigta í gegnum vatnið. Lúsín sest líka oft innan á karið. Fjarlægjið lausar lús ef nota á svæfinguna í annari kví, svo engar lús verði tvítaldar.
- Teljið lús í a.m.k. þrjá flokka eftir stígum (sjá norska skýringarmynd):
 - **Fastar lús (F)**
 - **Hreyfanlegar lús (H)**
 - **Kynþroska kvenlús (með og án eggstrenjala) (K)**

Bestemmelsesnøkkel for lakselus

Þráng	Fastastanda (stærðir 1-4)					Svæfing				Kynþroska	
											
Kvæðitt (ca 0,7 mm)	Kvæðende 1 (ca 1,1 mm)	Kvæðende 2 (ca 1,8 mm)	Kvæðende 3 (ca 2,1 mm)	Kvæðende 4 (ca 2,3 mm)	Svæfing 1 hvar, 1,4 mm	Svæfing 1 hvar, 1,6 mm	Svæfing 2 hvar, ca 4,1 mm	Svæfing 2 hvar, 1,2 mm	Kynþroska hvar, 3-4 mm		

EVERY OCEAN. EVERY FISH

Kynþroska,
hvar, 3-4 mm

- Þegar búið er að telja lús á fiskinum er æskilegt að láta hann vakna í ferskum sjó í karl áður en honum er sleppt aftur í kvína. Fari fiskurinn meðvitundarlaus í kvína er mikil hættu á hreisturskemmdum og sárum í kjölfarið, því hann getur jafnvel legið lengi upp við netið í kvíni áður en hann nær fullri meðvitund.

Lýsing

4. Skráningar

Skráning fyrir eldislús og eldisstöð:

- Fjöldi lús í hverjum flokki er skráður lárétt fyrir hvern fisk, á þar til gert eyðublað, fjöldi í hverjum flokki er svo lagður saman lóðrétt og meðaltal reiknað innan hvers lúsaflokks (heilðarfjöldi lúsaflokks deilt með fjölda fiska sem voru með í talningu) fyrir hverja kví.
- Skráð upplýsingar um veður og hitastig sjávar á talningardegi, númer kvíar, stærð og dýpt kvíar (lóðréttar hlíðar), fjölda fiska í kví, meðalþyngd í kví. Seltu skal skrá mánaðarlega.
- Meðaltal fyrir eldisstöð er fundið með því að leggja saman meðaltöl hvers lúsaflokks og deila með fjölda talningarkvía.

Velferð fisksins

Atriði sem hafa ber í huga:

- Fiskurinn meðhöndlaður: Aðþrengdur fiskur í nótt, hanskar, aðferðir við að lyfta og halda.
- Hitastig sjávar, lofts, vindur og ölduhæð.

Slysasleppingar

- Forðist að handleika fiskinn þannig að hætta skapist á að hann detti beint í sjóinn ef starfsmaður missir takið á fiskinum. Öryggisnet milli kvjar og báts er hentugt sem vörn gegn slysasleppingum.

Öryggi og vinnuvernd

- Notið ávallt hanska við útblöndun og meðferð svæfingarlýfja. Blandið stofnlausn (duft+vatn) innandýra og forðist að þyrja upp duftinu þar sem það er hættulegt að anda því að sér.
- Notið björgunarvesti, hjálm og annan viðeigandi og nauðsynlegan öryggisbúnað þegar verið er að háfa/sækja fisk og telja lús.

Niðurstaða

Upplýsingar sem fást með talningu á lús nýtast í áframhaldandi vinnu við að kortleggja útbreiðslu og dreifingu laxalúsar milli fjarða, eldisstöðva og innan kvíastæða og til samanburðar við lúsaálag á villtum fiski í nágrenni eldisins.

Talningarniðurstöður skal senda undirritaðri sem heldur utan um upplýsingarnar.

Ísafirði, júní 2014
Sigríður Gísladóttir
sigridur.gisladottir@mast.is



Skráningarblað
Lúsatalning

Fyrirtæki:	
Stöð:	
Kv. nr.:	
Dagss.:	
Sjávarhitl.:	
Þyngd:	
Fjöldi í kv.:	

Fiskur nr.	Fastar (F)	Hreyfan- legar (H)	Fullorðnar kvk (K)	Fisklús	Athugasemdir (sáraffiskur, lónari o.fl.)
1					
2					
3					
4					
5					
6					
7					
8					
9					
10					
11					
12					
13					
14					
15					
16					
17					
18					
19					
20					
Samtals					
Meðaltal					

Athugasemdir (Veður, frávik)



Skráningarblað
Lúsatalning

Fyrirtæki:	
Stöð:	
Kv. nr.:	
Dagss.:	
Sjávarhitl.:	
Þyngd:	
Fjöldi í kv.:	

Fiskur nr.	Fastar (F)	Hreyfan- legar (H)	Fullorðnar kvk (K)	Fisklús	Athugasemdir (sáraffiskur, lónari o.fl.)
1					
2					
3					
4					
5					
6					
7					
8					
9					
10					
11					
12					
13					
14					
15					
16					
17					
18					
19					
20					
Samtals					
Meðaltal					

Athugasemdir (Veður, frávik)

Viðauki 9: Mat RORUM á fjölda laxa sem sleppi úr eldi

RORUM

18.05.2021

Rauntölur um stök laxa úr eldi eru forsenda þess að hægt sé að áætla möguleg neikvæð áhrif á villtan íslenskan lax. Hafrannsóknastofnun lagði áherslu á að áhættumatið væri "lífandi plagg" – sem þýðir að sífellt verður að uppfæra áhættumatið með nýjustu upplýsingum.

Ekki er nóg að vitna í tölur frá Noregi um slysasleppingar – enda segja þær tölur ekkert um hve margir laxar leita upp í ár á Íslandi. Mikilvægt er þó að benda á að stök laxa úr eldi í Noregi hefur minnkað gríðarlega á liðnum árum (mynd 1) og á sama tíma hafa endurveiðar aukist mjög, enda ekki við öðru að búast þar sem þróun í eldisbúnaði og eftirliti hefur verið hröð.

Séu tölur skoðaðar fyrir ár 2020 í Noregi, sem er lang stærsti laxaframleiðandi í heimi þá hefur verið tilkynnt um ríflega 43 þúsund þúsund fiska sem hafa sloppið. Þetta er mjög lágt hlutfall sem undirstrikar að ástand er allmennt mjög gott.

Undir þessa staðreynd tekur nýskipuð sérfræðinefnd um áhættumat og vinnubrögð Hafró í nýrri skýrslu og bendir á að taka verði tillit til bættrar tækni og betra eftirlits. Ennfremur segir í skýrslu nefndarinnar að breyti verði í áhættumatinu hvernig hlutfall stökulaxa er reiknað út og að stökutíðni, sem sett er fram sem 0,8 fiskar á hvert framleitt tonn á ári sé ekki rétt reiknuð. Réttara sé að setja hana fram að nýju sem hlutfall af tonni af lífmassa. Niðurstaðan yrði sú að í stað áætlaðs hlutfalls stökufiska á ári fyrir hvert ton lífmassa yrði 0,67 í stað 0,8 (Gunnar Stefánsson o.fl., 2020).


Nefndin bendir ennfremur á að gögn sem stuðst er við af hálfu Hafró við gerð líkansins séu úrelt í ljósi þess að sú tæknilegar framfarir hafa verið gríðarlegar síðustu ár og slysasleppingum fækkað mjög eins og fram kemur á mynd 1.

Mjög mikilvægt er hinsvegar að taka eftirfarandi til greina: a) Lax sem sleppur í Noregi leitar ekki upp í ár á Íslandi og b) ekki er hægt að tala um að allur lax sem sleppur úr sjókvíum gangi í ár. Af þessum ástæðum er réttast að nota upplýsingar um fjölda eldislaxa sem veiðast í íslenskum ám og sannanlega er hægt að rekja til laxeldis í sjó. Þegar það er gert er staðan allt önnur. Aðeins þrjú eldislaxar veiddust í ám árið 2020 og fimm fiskar fyrir árið 2019. Sé miðað við árið 2018 (mynd 2), þar sem fleiri fiskar veiddust, eða 12 fiskar í íslenskum ám og sem áttu uppruna sinn í eldi og miðað sé við 30 þúsund tonna framleiðslu árið 2020 þá liti reikningsdæmið svona út:

12 fiskar á 30 þúsund tonn = 0,0004 fiskar á hver þúsund tonn.

Ef litið er til Seyðisfjarðar sérstaklega, þá sýna niðurstöður rannsókna og veiðitölur að áin er bleikjuá, þar sem mjög sjaldgæft sé að urriði og lax veiðist. Af þeim sökum er ekki um ræða hættu á erfðablöndun frá eldislaxi (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2019; Jóhannes Sturlaugsson 2021; Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson 2001).

Antall innmeldte rømte fisk og gjenfangst i perioden 2014-2020



Mynd 1. Yfirlit yfir tilvik þar sem lax hefur sloppið 2014-2020 (dökkar súlur) og hve vel hefur tekist til að endurveiða (ljósbláar súlur). Heimild <https://www.fiskeridir.no/Akvakultur/Tall-og-analyse/Roemningsstatistikk>

Upplýsingar um uppruna eldislaxa

Auðkenni	Veidistaður	Dagsetning	Uppruni	Seldaárgangur
F2018001	Selá í Ísafirði	2018-07-24	Laugardalur Tálknafirði	2015
F2018002	Staðara	2018-07-30	Hringsdalur Amarfirði	2015
F183110	Staðarhólsá/Hvolsá	2018-08-18	Laugardalur Tálknafirði	2015
F183504	Vatnsdalsá	2018-08-31	Laugardalur Tálknafirði	2015
F2018005	Mjöká	2018-08-31	Hringsdalur Amarfirði	2015
F183303	Mjöká	2018-08-31	óþekkt (líklega innlendir uppruni)	2015
F183503	Eyjarjarðará	2018-09-06	Hringsdalur Amarfirði	2015
F183113	Breiðdalsá	2018-09-15	Salmóbreed (erlendir uppruni)	
F2018009	Laugardalsá	2018-09-16	Hringsdalur Amarfirði	2015
F2018010	Fjarðarhornsa	2018-09-25	Hringsdalur Amarfirði	2015
F2018011	Filustaðadalá	2018-10-15	Hringsdalur Amarfirði	2015
F2018012	Filustaðadalá	2018-10-15	Hringsdalur Amarfirði	2015
F192504	Mjöká	2019-08-30	Hringsdalur í Amarfirði eða Laugardalur í Tálknafirði	2015
F192513	Mjöká	2019-08-30	Hringsdalur í Amarfirði eða Laugardalur í Tálknafirði	2015
F192513	Mjöká	2019-08-30	Hringsdalur í Amarfirði eða Laugardalur í Tálknafirði	2015
F192503	Mjöká	2019-08-30	Hringsdalur í Amarfirði eða Laugardalur í Tálknafirði	2016
F192515	Mjöká	2019-08-30	Hringsdalur í Amarfirði eða Laugardalur í Tálknafirði	2016
F192515	Ytri-Rangá	2019-08-15	óþekkt (erlendir uppruni)	
F204913	Viðdalsá	2020-07-01	óþekkt	
F204915	Seyðisfjörður	2020-07-12	Glámsyrri í Benufirði	2016
F204916	Staðara	2020-07-01	Eyrihló í Dýrafirði	2017

Mynd 2. Uppruni eldisfiska sem veiðst hafa í íslenskum ám fyrir árin 2018, 2019 og 2020.
 Heimild <https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/voktun-veidaa/ar-og-eldi#all>

Heimildir:

Gunnar Stefánsson, Bruce J. McAdam & Kevin A. Glover (2020). *Skýrsla óháðrar nefndar um athugun á aðferðafræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar*. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Jóhannes Sturlaugsson (2021). *Fiskistofnar Fjarðarár í Seyðisfirði í ljósi veiðigagna 1990-2020 og fórnarkostnaður þeirra fiskistofna gangi eftir áætlanir um laxeldi í sjókvíum í Seyðisfirði*. Greinargerð unnin fyrir Veiðifélag Fjarðarár í Seyðisfirði.

Leó Alexander Guðmundsson o.fl. (2019). *Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vantsfalla á Austfjörðum*. HV 2019-40.

Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson. 2001. *Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðarár í Seyðisfirði*. Veiðimálastofnun, VMST-R/0117.

Virðingarfyllt,

Dr. Þorleifur Ágústsson

Dr. Þorleifur Eiríksson

Viðauki 10: Upplýsingar um afla sem veiddur var í Seyðisfirði

Gögn sem birt eru hér byggja á afladagbókum sem fengin voru frá Hafrannsóknarstofnun.

Veiðar í Seyðisfirði 2005-2017 samkvæmt afladagbókum:

ár	veidarf	heiti	aflí
2010	Handfæri	Þorskur	0,8
2011	Handfæri	Þorskur	0,51
2012	Handfæri	Þorskur	3,34
2013	Handfæri	Þorskur	1,285
2014	Handfæri	Þorskur	3,9
2015	Handfæri	Þorskur	0,35
2016	Handfæri	Þorskur	3,35
2010	Handfæri	Annað	0,04
2011	Handfæri	Annað	0,0075
2012	Handfæri	Annað	0,001
2014	Handfæri	Annað	0,126
2005	Lína	Þorskur	3,77
2006	Lína	Þorskur	1,477
2007	Lína	Þorskur	1,107
2008	Lína	Þorskur	0,079
2010	Lína	Þorskur	0,99
2012	Lína	Þorskur	4,15
2017	Lína	Þorskur	0,003
2005	Lína	Ýsa	5,2
2006	Lína	Ýsa	4,759
2007	Lína	Ýsa	2,158
2008	Lína	Ýsa	0,229
2010	Lína	Ýsa	0,24
2012	Lína	Ýsa	2,606
2012	Lína	Steinbítur	0,002

2012	Lína	Hlýri	0,005
2016	Lína	Hrognkelsi	6,87
2017	Lína	Hrognkelsi	5,16
2005	Lína	Annað	0,005
2007	Lína	Annað	0,31
2008	Lína	Annað	0,047
2010	Lína	Annað	0,004
2012	Lína	Annað	0,049
2017	Lína	Annað	0,056
2005	Net	Þorskur	50,635
2006	Net	Þorskur	19,415
2007	Net	Þorskur	9,737
2008	Net	Þorskur	38,899
2009	Net	Þorskur	11,489
2010	Net	Þorskur	37,103
2011	Net	Þorskur	12,833
2012	Net	Þorskur	16,45
2013	Net	Þorskur	0,43
2014	Net	Þorskur	16,55
2015	Net	Þorskur	9,07
2016	Net	Þorskur	21,34
2017	Net	Þorskur	2,89
2005	Net	Ýsa	10,672
2006	Net	Ýsa	21,142
2007	Net	Ýsa	20,365
2008	Net	Ýsa	91,19
2009	Net	Ýsa	42,284
2010	Net	Ýsa	49,445

2011	Net	Ýsa	36,075
2012	Net	Ýsa	17,779
2013	Net	Ýsa	0,14
2014	Net	Ýsa	0,35
2015	Net	Ýsa	1,15
2016	Net	Ýsa	4,53
2017	Net	Ýsa	2,58
2005	Net	Steinbítur	0,262
2006	Net	Steinbítur	0,19
2007	Net	Steinbítur	0,32
2008	Net	Steinbítur	0,061
2009	Net	Steinbítur	0,63
2010	Net	Steinbítur	0,2
2011	Net	Steinbítur	0,006
2015	Net	Steinbítur	0,03
2010	Net	Tindaskata	0,265
2011	Net	Tindaskata	0,05
2012	Net	Tindaskata	1,257
2016	Net	Tindaskata	0,13
2005	Net	Hlýri	0,008
2006	Net	Hlýri	0,042
2007	Net	Hlýri	0,035
2008	Net	Hlýri	0,622
2009	Net	Hlýri	0,063
2010	Net	Hlýri	1,125
2011	Net	Hlýri	0,053
2015	Net	Hlýri	0,084
2016	Net	Hlýri	0,028

2005	Net	Annað	0,415
2006	Net	Annað	0,43
2007	Net	Annað	0,321
2008	Net	Annað	2,555
2009	Net	Annað	1,018
2010	Net	Annað	1,023
2011	Net	Annað	1,588
2012	Net	Annað	1,307
2014	Net	Annað	0,04
2015	Net	Annað	0,19
2016	Net	Annað	0,16
2017	Net	Annað	0,04

Viðauki 11: Gæðahandbók Fiskeldis Austfjarða



GÆÐAHANDBÓK SJÓKVÍELDIS

Fiskeldi Austfjarða

Gæðahandbók þessi er í samræmi við Wholefoods og AquaGap stöðlunum og staðlinum frá V-Tún og tekur mið af þeim kröfum sem koma fram í lögum og reglugerðum er varðar sjókvíeldi á Íslandi.

Inngangur

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Inngangur	2
Gæðastjórnun	2
Starfstöðvar	4
Stjórnun, skipulag og eftirlit	7
Umhverfismarkmið Fiskeldi Austjarða	9
Öryggi og þjálfun starfsmanna	10
Þjálfun starfsmanna	11
Kröfur eftirlitsaðila	13
Innra eftirlit	15
Móttökueftirlit Fóðurs	16
Móttökueftirlit netapoka	17
Yfirborðseftirlit	19
Neðansjávareftirlit	21
Laxalús	23
Þörungablómi	25
Hitastig sjávar, selta og súrefni	27
Væktun á sjó og botnseti	28
Sannprófun á innra eftirlit	29
Vaktanir	30
Væktunaráætlun	30
Viðbragðsáætlanir	33
Slysaslepping	34
Meðferð kvartana	36
Fárviðri	37
Afræningjar	38
Hafis og rekis	39
Mengun af völdum olíu eða annarra efna	40
Ísing á búnaði	41
Neyðarslátrun	42
Tímabundin og varanleg stöðvun á rekstri	43
Sjúkdómar og massadauði	44
Þjón á kvíum vegna slys/áreksturs	45
Verklagsreglur	46

Frávik og úrbætur	46
Meðhöndlun á netapoka	47
Rekstur á fiski milli netapoka	48
Skipt um netapoka	49
Hreinsun á netapoka.....	51
Móttaka á seiðum.....	52
Losun á dauðum fiski úr netapoka.....	53
Utanaðkomandi þjónustubátar.....	55
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna	56
Slátrun.....	57
Meðhöndlun á netapoka	58
Flutningur lifandi fiskar	59

Inngangur

Markmið með gerð þessarar gæðahandbókar er að auðvelda fyrirtækinu að uppfylla opinberar kröfur. Miðað er við þær kröfur er varða starfsemi sem er frá borðstokki í kví og frá kví yfir borðstokk. Opinberar kröfur eru útlistaðar í kafla um lög og reglugerðir.

Gildissvið einstakra eftirlitsstofnanna:

- Umhverfisstofnun (UST) gefur út starfsleyfi í fiskeldi, hefur eftirlit með að starfsemi eldisstöðva sé í samræmi við starfsleyfi.
- Matvælastofnun (MAST) gefur út rekstrarleyfi í fiskeldi, hefur eftirlit með að starfsemi eldisstöðva sé í samræmi við rekstrarleyfi og safnar skýrslum um framleiðslu í fiskeldi.
- Matvælastofnun (MAST) sér um eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisaforða.

Gæðastjórnunarkerfið á að stuðla að því að farið sé eftir lögum og reglugerðum, að frávik séu uppgötvuð sem fyrst og úrbætur framkvæmdar.

Gæðastjórnun

Gæðastjórnun er og á að vera einföld, leiðbeinandi og upplýsandi fyrir stjórnendur, starfsfólk og viðeigandi stofnanir þannig að þessir aðilar þekki til hlítar ábyrgð, hlutverk, væntingar og kröfur hver annars.

Gæðastjórnun á að kalla fram öguð vinnubrögð þar sem stjórnendur og starfsmenn horfa með fyrirhyggju til lengri tíma í stað þess að eyða kröftum sínum í að vinna úr málum sem komin eru í óefni vegna lítils og lélegs undirbúnings.

Gæðastjórnun og gæðakerfi er fyrst og fremst folgið í að skrá og lýsa á skipulegan hátt þeim vinnuáferðum sem starfsmenn fyrirtækisins hafa tileinkað sér og geta haft áhrif á framgang og gæði verksins eða framleiðslunnar. Þá er ekki eingöngu átt við það sem snýr að sjálfri framleiðslunni heldur einnig og ekki síður varðandi skipulag, innkaup, breytingar, samskipti, reikningsgerð, starfslýsingar svo að dæmi séu tekin. Með skilvirkri gæðastjórnun leitast Fiskeldi

Austjarða eftir að koma í veg fyrir slysasleppingar, tryggja gæði umhverfis, stuðla að heilbrigði eldisstofns og auka öryggi starfsmanna svo fátt sé nefnt.

Sérhver verklagsregla, viðbragðsáætlun, vinulýsing og eyðublað er sett upp með sem líkastri ásynd og númerað en frumritinu komið fyrir í gæðahandbók fyrirtækisins. Afrit af viðeigandi skjali eða eyðublaði er kynnt viðkomandi starfsmanni eða hópi starfsmanna og þeir hvattir til að kynna sér innihaldið vel og starfa samkvæmt því. Með þessari aðferð aukast líkur á að starfsmenn fái rétt og skýr skilaboð.

Forsvarsmáður fiskeldisstöðvar, sem sér um daglegan rekstur, skal hafa eftirlit með umhverfi, þar með talið mannvirkjum og búnaði, og heilbrigði lagardýra. Í fiskeldisstöðvum skal hafa eftirlit með eldisfiski daglega svo framarlega sem það er hægt vegna veðurs.

Leyfishafi skal vakta, meta og viðhalda eldiseiningum ásamt öðrum búnaði, sem tilheyrir eldinu, til að hindra slysasleppingar og til að uppgötva og koma tímanlega í veg fyrir að fiskur sleppi.


Gæðastjórnun Fiskeldi Austjarða og handbók er að mestu byggð á eftirfarandi þáttum:

1. Verkferlar
 - Verklagsreglur
 - Verklagsáætlanir.
 - Verklagsstímaferlar
2. Starfsmenn
 - Starfslýsingar og samningar við starfsmenn.
3. Virkt eftirlit
 - Hvað á að vakta
 - Hver annast eftirlit
 - Hvernig eftirlit fer fram
 - Skráningar. Hver skráir hvað.

Ætíð skal viðhafa þá verklagsreglu að skrá sem mest af upplýsingum beint í EQS og Havbrúksloggen og eldisbókhald(ET) og skal það gilda í stað eyðublaða sem tilgreind eru í gæðahandbókinni.

Starfstöðvar


Starfstöðvar	
Heiti	Staðsetning
Berufjörður	Glimeyri
Berufjörður	Svarthamarsvík
Berufjörður	Svarthamrar
Berufjörður	Hamraborg I
Berufjörður	Hamraborg II
Fáskrúðsfjörður	Eyri/Fagraeyri
Fáskrúðsfjörður	Höfðahúsabót
Fáskrúðsfjörður	Einstigi



Á kortinu má sjá staðsetningar sjókvíaldis í startsléyfi. Hér að neðan má sjá hnit fyrir sjókvíaldi í startsléyfinu.

Fjörður	Svæði/staður	Norðurhnit	Vesturhnit	Eldistegund
Berufjörður	Glimueyri	64°43.374	14°23.774	Lax
		64°43.912	14°24.028	
		64°43.999	14°23.411	
		64°43.575	14°23.080	
Berufjörður	Svarthamarsvík	64°41.919	14°23.004	Lax
		64°42.175	14°23.284	
		64°42.613	14°22.387	
		64°42.226	14°21.643	
Berufjörður	Svarthamar	64°43.550	14°23.160	Lax
		64°42.690	14°22.230	
		64°42.175	14°23.280	
		64°43.370	14°23.780	
Berufjörður	Hamraborg I	64°41.540	14°16.990	Lax
		64°41.260	14°15.930	
		64°41.200	14°14.040	
		64°40.690	14°14.280	
		64°40.750	14°16.520	
Berufjörður	Hamraborg II	64°41.030	14°17.540	Lax
		64°42.140	14°19.210	
		64°41.920	14°18.360	
		64°41.400	14°18.920	
		64°41.660	14°19.800	

Hnit eldis í Berufirði. Glimueyri, Svarthamarsvík og Svarthamar eru eitt svæði og kallast Svarthamar.




Á kortinu má sjá staðsetningar sjökvaeldis í starfsleyfi Fiskeldis Austjarða.

Hnit eldis í Fáskrúðsfirði.

Eyri/Fagraeyri	Norðurhnit (N)	Vesturhnit (W)
Punktur 1	64°54.29580	13°54.14520
Punktur 2	64°54.56160	13°54.03000
Punktur 3	64°54.31200	13°51.30300
Punktur 4	64°54.04680	13°51.41820
Einstigi	Norðurhnit (N)	Vesturhnit (W)
Punktur 1	64°53.46840	13°49.28100
Punktur 2	64°53.70600	13°48.97920
Punktur 3	64°53.13120	13°46.53840
Punktur 4	64°52.89420	13°46.84440
Höfðahúsabót	Norðurhnit (N)	Vesturhnit (W)
Punktur 1	64°54.43140	13°49.63800
Punktur 2	64°54.67200	13°49.35300
Punktur 3	64°54.12600	13°46.87740
Punktur 4	64°53.87940	13°47.15280

Stjórnun, skipulag og eftirlit



Hlutverk stjórnenda.

Frákvæmdastjóri(CEO): Ábyrgð skv. lögum um hlutafélög.

Rekstrarstjóri(COO): Ábyrgð er dagleg stjórnun og rekstur fyrirtækisins

Eldisstjóri sjókvía: Ábyrgða á lífmassa og búnaði og skipulag daglegrar vinnu. Frekari skilgreiningar á ábyrgð skv. gæðahandbók. m.a. skráningar í Havbruksloggen og FT. Að eldið sé stundað innan ramma regluverksins og rekstar- og starfsleyfis.

Gæðastjóri :Kemur að daglegu skipulagi með eldisstjóra. Skipulag skv. gæðahandbók. Samþætting sjóeldis og seiðastöðva. Gæði afurða.

Stöðvastjórar: Ábyrgð á skipulagi daglegri vinnu. heyra undir eldisstjóra og bera ábyrgða öryggi sjómanna og þeirrar daglegu vinnu.

Fjármálastjóri: yfirumsjón með bókhaldi og gerð ársreikninga, skýrslu og áætlunargerð.

Stjórnun og Eftirlit vegna lifrænt eldis

- Uppfæra skal árlega stjórnunaráætlun fyrir lifræna framleiðslu með lýsingum hvernig reglum verði framfylgt.
- Tiltökinn starfsmaður með umboð til að framfylgja stjórnunaráætluninni skal bera ábyrgð á starfsemi framleiðslueiningarinnar.
- Skýrslur skulu haldnar um alla framleiðslueininguna. Þær þurfa að vera nægilega ítarlegar til þess að úttekt geti farið fram hvenær sem er, frá byrjun lifrænnar aðlögunar.
- Starfsmenn sem annast hirðingu fisks skulu hafa nægilega grunnþekkingu og færni sem varðar heilsu og velferð.
- Haga skal allri umsjón og hirðingu fisk, þ.m.t. veiðar og slátrun með þeim hætti að álag á þau, þjáningar þeirra og neikvæð umhverfisáhrif verði sem minnst.
- Halda skal handfjötun lifandi fisks í lágmarki og fyllstu varúðar og nota viðeigandi áhöld og aðferðir til komast hjá óþarfa álagi og hnjaski.

Þær skýrslur sem þarf að halda

- Ræktunar- og eldisstofn
- Mælingar á gæðum vatns og – ef nauðsynkrefur-fjöldi baktería í því
- Mælingar á þéttleika
- Dagbók um tegundir, magn og uppruna aðkeypra fóðurefna
- Dagbók um þrif í tönkum og kvíum
- Dagbók um heilbrigði eldisdýra, meðferð, bólusetningu og aðra lyfjagjöf
 - Upplýsingar um sjúkdómagreiningar, þ.m.t. Ovenjulega og óregulega hegðun fisks
 - Lýsing á lækni meðferð, meðferðatíma og útskilnaðartími.
 - Söluheiti lyfja og annarra efna sem notuð eru við meðferð
- Skráningar um flutninga milli eldiséininga, þarf að vera nægar fyrir rekjanleika
- Slysasleppingar
- Lýsing á þrifum flutningagáma, aðstæður meðan á flutningi stendur og flutningstími.
- Afurðir

Umhverfismarkmið Fiskeldi Austjarða

Umhverfismarkmið Fiskeldi Austjarða hf. er að valda umhverfinu sem allra minnstum umhverfisspjöllum og mengun.

Markmiðið er að vera ávallt innan þeirra viðmiðunamarka sem stöðinni eru sett í umhverfismálum jafnframt því að tekið sé tillit til viðkvæmrar náttúru í umhverfi FA.

FA starfar samkvæmt kröfum AQUAGAP um sjálfbæra náttúrulega framleiðslu og notar engin lyf eða önnur efni sem teljast óumhverfisvæn í eldinu.

Fiskeldi Austjarða starfa einnig eftir lífrænum staðli frá V-Tún með fiskinn sem flokkast undir lífræna stofn.

Fær með talið er sápur, bólusetningarefni, lyf eða fúkkalyf eru engin og nætur eru ekki fúavarðar með ólífrænum efnum eða þungmálum. Fær sápur sem við notum eru með vottanir fyrir lífræmur sápur.

Fiskivelferð er höfð að höfuð- markmiði t.d. má ekki ala lax skv. AquaGap-staðli við meiri þéttleika en 2% af eldisrúmmáli.

Þéttleiki hjá Fiskeldi Austjarða á lífrænum eldisfiski sé ekki meiri en 10kg/m³.

FA hf. einsetur sér að ganga vel um náttúruauðlindir jarðarinnar og haga rekstri sínum svo að sem minnst röskun verði á náttúru og lífríki, með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið frá starfsemi fyrirtækisins. Fiskeldi Austjarða einsetur sér að nota fóður sem stenst kröfur um sjálfbæra framleiðslu og rekjanleika.

Fiskeldi Austjarða hf. fylgir þeim lögum og reglugerðum er lúta að umhverfismálum hér á landi.

Fiskeldi Austjarða hf. tekur þátt í rannsóknarvinnu sem og annarri vinnu opinberra aðila sem miðar að því að bæta umhverfispætti í kringum eldisstöðvar og lágmarka áhrif á villt dýralíf. Fyrirtækið heldur grænt bókhald og skráir alla helstu umhverfispætti svo unnt sé að vinna að umbótum á því sviði. Félagið er í mikilli rannsóknarverkefnum með RORUM um áhrif eldis á umhverfi.

Öryggi og þjálfun starfsmanna

Formáli

Markmiðið er að fyrirbyggja vinnuslys og tryggja öryggi starfsmanna og réttindi FA lítur á það sem skyldu sína að tryggja öryggi starfsmanna sína og annarra. FA einsetur sér að haga rekstri sínum þannig að öryggi starfsmanna og utanaðkomandi aðila verði á sem bestan hátt tryggt, með það að markmiði að lágmarka vinnuslys. FA einsetur sér að uppfylla allar skyldur, samninga og reglugerðir um réttindi starfsfólks og gerir kröfu um að allir viðskiptaðilar virði öryggi og réttindi starfsfólks.

Umfang

Verklagsreglurnar skulu ná yfir alla starfsemi hjá FA.

Verklagsreglur

FA áformar að framfylgja ofangreindri stefnu á eftirfarandi hátt:

FA leggur áherslu á að upplýsa starfsmenn og skapa jákvæð viðhorf meðal þeirra gagnvart stefnu og markmiðum fyrirtækisins í öryggi- og umhverfismálum.

FA fylgir þeim lögum og reglugerðum er lúta að öryggismálum hér á landi. Fyrirtækið hefur það markmið að uppfylla öryggi- og reglugerðir og réttindi starfsfólks.

Haldið skal utan um tilkynningar um vinnuslys í þessari gæðahandbók. Ef til þess kemur að skipaður sé öryggi- og vinnuslysaáhrifaáætlun þá skal haldið utan um tilkynningar þess efnis í þessari gæðahandbók.

Tilkynning um vinnuslys

Á vefslóðinni hér að neðan má sækja eyðublað til að tilkynna um vinnuslys.

http://www.vinnueftirlit.is/media/eydublad/tilkynning_um_vinnuslys.pdf

Þjálfun starfsmanna

Framkvæmdastjóri fyrirtækisins skal sjá til þess að starfsmenn hafi þjálfun sem uppfyllir opinberar kröfur ásamt gæðakröfum fyrirtækisins. Allir starfsmenn FA eiga að hafa fengið þjálfun í öllum þeim tækjabúnaði sem þeir þurfa að nota og öllum þeim aðgerðum sem þeir þurfa að framkvæma. Starfsmenn eru hvattir til að fara fram á frekari þjálfun í gegnum námskeið, ráðstefnur og þess háttar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að þjálfunarkröfur starfsmanna séu uppfylltar og metur þörf starfsmanna á aukinni þjálfun.


Þjálfun starfsmanna	
Markmið:	<p>Tryggja skal að starfsmenn fái þjálfun sem hefur það að markmiði að hindra og bregðast rétt við slysasleppingum, mengun á umhverfi og slæmri heilsu fiska.</p> <p>Að nýliðum sé ljóst hvernig þeir eigi að sinna störfum sínum samkvæmt verklagsreglum í gæðahandbók og fái viðunandi verkþjálfun frá leiðbeinanda.</p> <p>Að starfsmenn þekki vel til verklagsreglna og fari eftir þeim við störfin.</p>
Ábyrgð:	Stöðvastjóri
Þekking og kunnátta:	<p>Öllum starfsmönnum er úthlutað áætlun um hverju skal ljúka og hvenær í samstarfi við stöðvastjóra.</p> <p>Til að framfylgja lögum og reglugerðum þurfa starfsmenn að ljúka öllum kritískum þáttum þjálfunaráætlunar sinnar innan þeirra tímaramma sem fylgir þeirri stöðu sem starfsmaður sinnir.</p> <p>Krítískir þættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Tjón sem getur átt sér stað á náttúrulegum laxastofnum við slysasleppingu ○ Helstu ástæður fyrir slysasleppingum og hvernig berst er að koma í veg fyrir þær. ○ Hvaða reglur gilda um veiðar á elsitiski, sme sleppur út kvi og hvernig framkvæma skal veiðar á þeim ○ Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. ○ Öllum starfsmönnum skal kynnt gæðakerfi/gæðahandbók eldisstöðvar og þær verklagsreglur og viðbragðsáætlanir sem notast er við <p>Dýralæknar eru hvattir til að eyða tíma í að upplýsa starfsmenn um heilsu fiska á meðan reglubundnum heimsóknnum standur. Það er gert til að halda þekkingu starfsmanna við og bæta hana.</p> <p>Nýliðar Nýliðar eru kynntir fyrir næsta yfirmanni þeirra eru og framleiðsluferli lýst. Nýliðar skulu fá fræðslu um efni gæðahandbókar og hvernig gæðastjórnunarkerfið nýtist við starfinu. Nýliðar skulu fá viðunandi fræðslu um öryggis- og umgengisreglur fyrirtækisins leiðbeinanda.</p>

	Eftir starfsmaður hefur hafið störf skal honum kynntar þær verklagsreglur sem eiga við hverju sinni og fá ítarlega verkþjálfun samhliða frá leiðbeinanda og honum gerð grein fyrir hvaða verkþáttum hann verði ábyrgur.
Viðmið:	A.m.k árlega skal halda fund með öllum starfsmönnum um efni gæðahandbókar, breytingar á henni og nýjar áherslur skulu kynntar vel. Verklagsreglur yfirfarnar og athugar hvort þær séu í samræmi við aðferðir sem notaðar eru og viðmið séu rétt. Athugað hvort breytingar hafa verið gerðar á reglugerð um fiskeldi og farið yfir helstu þætti í henni sem snúa beint að starfsmönnum.
Skráning:	Þjálfunarskrá er gerð fyrir hvernig og einn starfsmann út frá skráning þjálfunar í EQS

Kröfur eftirlitsaðila

Kröfur eftirlitsaðila eru margar en hér er reynt að setja fram þær kröfur sem ber að fullnægja innan ákveðins tímaramma við venjubundinn rekstur á sjókvíaeldi á Íslandi. Tímaskalinn í eftirlifarandi mynd er á hversu margra daga/mánaðar/árs fresti þarf að uppfylla þessar kröfur. Neðansjávareftirlitið þarf t.d. að vera framkvæmt eigi sjaldnar en á 90 daga fresti

TÍMATAFLA - KRÖFUR STOFNANNA



ALMENN UMHIRÐA

Í fiskeldisstöðvum skal hafa eftirlit með eldisstíki daglega svo framfarlega sem það er hægt vegna veðurs. (sbr. 42. gr kafla 8 í reglugerð um Fiskeldi) Ábyrgð: Stöðvarstjóri.

UPPLÝSINGAR UM LÍFMASSA

Eftir fyrirspurn MAST skal senda upplýsingar um heildarlífmassa í fiskeldisstöð. Ábyrgð: Eldisstjóri.

NEÐANSJÁVAREFTIRLIT

Netpoka skal stefnt að skoða með um 90 daga millibili með köfun eða með neðansjávarmyndavél. Einnig þarf að framkvæma eftirlit við ákveðnar aðstæður, sjá kafla um neðansjávareftirlit. (Ábyrgð: Stöðvarstjóri.)

EFTIRLIT MAST

MAST hefur umsjón með eftirliti fiskeldis.

ÞJÁLFUN STARFSMANNA

Innan árs eftir að starfsmaður hefur starf í laxeldisstöð þarf hann að hafa kynnt sér ákveðna þætti, sjá kafla um þjálfun starfsmanna. (sbr. viðauka 3 *Þjálfun starfsmanna* í reglugerð um Fiskeldi)

SANNPRÓFA INNRA EFTIRLIT

Sannprófa skal innra eftirlit eldisstöðvar að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir slysasleppingu eða önnur alvarleg óhöpp (sbr. Viðauka 3 í reglugerð um Fiskeldi). Ábyrgð:Eldissjóri.

SKÝRSLA TIL MAST

Rekstrarleyfishafi skal gefa MAST árlega skýrslu um starfsemi sína (sbr. 47. gr. Kalla 9 í reglugerð um Fiskeldi)

EFTIRLIT UST

Tekið er kerfisbundið mat á umhverfisáættu sem ræður tíðni eftirlits, tekið út frá áhættumati fyrir fiskeldi-kvjar

GRÆNT BÓKHOLD & ÚSTREYMSBÓKHOLD UST

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 og útstreymsbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008. Í reglugerðum þessum kemur fram að bókhöldin skulu afhent UST fyrir 1. maí ár hvert (sbr. 3.3 í starfsleyti). Heimilt er að skila skýrslunum sameiginlega auk ársyfirlits, sundurliða þó upplýsingar fyrir hvern fjórð(stöð)

Undir flípanum „Leiðbeiningar“ á vefslóðinni <http://ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/grænt-bokhald/> er að finna eyðublað fyrir grænt bókhald í formi excel skjals. Þar koma fyrir allir þeir þættir sem þarf að gera grein fyrir. Nóg er að fylla út þetta skjal og senda til útgefanda starfsleytis.

ÁRSSKÝRSLA UST

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert um niðurstöður mælinga og skráninga. (sbr. 3.2 í starfsleyti)

UMHVERFISVÖKTUN

Fiskeldi Austjarða hf. hefur sent UST vöktunaráætlun sem stofnunin hefur samþykkt (sjá kalla um vöktunaráætlun)

EFTIRLIT MAST

Í fylgiskjali reglugerðar nr. 1254/2008 kemur fram í B-hluta III, viðauka tíðni áhættumiðaðs dýraheilbrigðiseftirlit. Á slóðinni: <http://www.mast.is/library/Listar/ListiFiskeldisfyrirtakiIslandi1301GJ2.pdf> er hægt að sjá opinbera skrá eldisfyrirtækja þar sem fram kemur áhættustig og tíðni eftirlits.

OFANSVÁREFTIRLIT

Samhliða fóðrun og annarri eldisvinnu er fylgst með ytra ástandi eldiskvíja og neta. Á meðan eldistíma stendur fer fram þvottur og eftirlit á eldisnótum (seiða- og matfiskanætur) af ytri aðilla og að loknu eldi eru nætur sendar í hreinsun og úttekt á I-ja sérhæfðu þvotta og/eða netaverkstæði. () Rekstrarleyfishafi skal geta framvísað skjölum fyrir viðgerðir á netpoka þar sem fram koma niðurstöður styrkleikaprófana og lýsing á viðhaldi og viðgerðum (sbr. Ákvæði til bráðabyrgða nr 7)

ENDURSKOÐUN STARFSLEYTIS

Endurskoða skal starfsleytið á fjögurra ára fresti. (sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999)

EFTIRLITSMÆLINGAR UST

Tafla A í reglugerð um mengunarvarnareftirlit nr. 786/1999 gefur upp tíðni eftirlitsmælinga.

Innra eftirlit

Áætlun um reglubundið eftirlit hefur þann meginilgang að varna því að fiskur sleppi úr eldiskvíum, að lágmarka skaðleg áhrif á umhverfi og að tryggja heilbrigði eldiskífs.

Eldisstjóri og Stöðvarstjóri er ábyrgur fyrir því að öllum eftirlitsþáttum sé framfylgt eins og þeir eru skilgreindir hér og að réttum úrbótum sé breytt þegar viðmið bresta. Ef annar aðili er ábyrgur er það sérstaklega tekið fram í verkreglu viðkomandi eftirlits.

Öll frávik og úrbætur skulu skráðar í undir **Frávik og Úrbætur**.

Ef eyðublað er tiltækt fyrir viðkomandi eftirlit skal það einnig skráð þar.

Vöktunarþáttur	Tíðni	Framkvæmdaraðili	Stofnun ¹
MÓTTÓKUEFTIRLIT NETPOKA	Breytilegt	Starfsmenn	MAST
YFIRBORÐSEFTIRLIT	Daglega	Starfsmenn	MAST
NEÐANSJÁVAR EFTIRLIT	Mánaðarlega	Kafari/myndavélar/þnifbátur	MAST
LAXALÚS	Mánaðarlega/efir árstíð.	Dýralæknir/starfsmenn	MAST
ÞÖRUNGABLÓMI	Daglega	Fóðrari skráir í FT/havbrúksloggen	MAST/UST
HITASTIG SJÁVAR OG SÚREFNI	Daglega	Fóðrari skráð í FT	MAST/UST
VÖKTUN Á SJÓ OG BOTNSETI	Breytilegt að lágmarki skv starfsleyfi. Skila fyrir 1 maí til UST.	NA/RORUM	UST
MÓTTÓKU EFTIRLIT FÓÐURS	Breytilegt	Starfsmenn	MAST/UST

1. Viðkomandi stofnun fylgir eftir að kröfur um eftirlit í lögum og reglugerðum sé uppfyllt.

Móttökuefirlit Fóðurs																		
Markmið:	Tryggja að allar kröfur við móttökuefirlit á fóðri séu uppfylltar																	
Tíðni:	Við móttöku á fóðri																	
Ábyrgð:	Stöðvastjóri og Deildarstjóri fóðrunar																	
Framkvæmdaraðili:	Stöðvastjóri og aðrir starfsmenn																	
Eftirlit:	<p>Tekið er sýni úr fóðursendingu til að kanna gæði fóðurkögglá á þriggja mánaða fresti, fóður 3-5mm er sigtað í gegnum sigti með 1mm möskvastærð en >5mm fóður er sigtað með 2.36mm möskvastærð.</p> <p>Passa að lifrænt vottað fóður blandast ekki við hefðbundið fóður og fari á réttan stað/geymslu við móttöku.</p>																	
Viðmið:	<p>Vigtað er hlutfall fóðurs sem fer í gegnum sigtið og athugasemd skráð og fóður endursent ef sigtað duft reynist meira en 1% af sýninu</p> <p>Sökkhraði fóðurs og vænt rek mv 6 cm/sek straumhraða</p> <p>Sökkhraði cm/s Rek tími/s Rek veganlengd mv 30 m dýpi/m</p> <table border="1" style="margin-left: auto; margin-right: auto;"> <tr> <td>10</td> <td>300</td> <td>18</td> </tr> </table> <p>Það eru 80 metrar af minnsta kosti á milli kvía á starfstöðvum IFF</p> <div style="text-align: center;"> <p>Sökk hjá fóðri (Sýni nr. 2021)</p> <table border="1" style="margin-left: auto; margin-right: auto;"> <thead> <tr> <th>Fóðurstæð diam. (mm)</th> <th>Sökkhraði (m/s)</th> </tr> </thead> <tbody> <tr><td>2.5</td><td>0.071</td></tr> <tr><td>3.5</td><td>0.089</td></tr> <tr><td>5</td><td>0.104</td></tr> <tr><td>6</td><td>0.116</td></tr> <tr><td>9</td><td>0.127</td></tr> <tr><td>12</td><td>0.141</td></tr> </tbody> </table> </div>	10	300	18	Fóðurstæð diam. (mm)	Sökkhraði (m/s)	2.5	0.071	3.5	0.089	5	0.104	6	0.116	9	0.127	12	0.141
10	300	18																
Fóðurstæð diam. (mm)	Sökkhraði (m/s)																	
2.5	0.071																	
3.5	0.089																	
5	0.104																	
6	0.116																	
9	0.127																	
12	0.141																	

Skráning:	Allar skráningar um fóður er skráð í FT og EQS eftir því sem við á. Frávík eru skráð samkvæmt verklagsreglum.
------------------	---

Móttökuefirlit netapoka	
Markmið:	Tryggja að allar kröfur við móttökuefirlit á netapoka séu uppfylltar
Tíðni:	Við móttöku á netapoka, nýjum eða úr viðgerð
Ábyrgð:	Stöðvastjóri ber ábyrgð að tekið sé efirlit þegar netapokar koma
Framkvæmdaraðili:	Stöðvastjóri eða aðrir starfsmenn.
Efirlit:	Við móttöku á netpoka skal farið yfir hvort netpokinn sé í samræmi við pöntun og merkingar og vottorð skoðað. Við sjósetningu á netpoka, sem kemur úr viðgerð, er gerð úttekt á þvotti, böðun með gróðurhamlandi efnum og athugað hvort göt eða slit finnist á pokanum. Köfunarefirlit á poka er framkvæmt eftir ísetningu hans.
Viðmið:	Netpoki skal uppfylla kröfur í viðauka 2 í reglugerð um fiskeldi. Hver netpoki skal merktur með birgðanúmeri sem fest er með varanlegu merki innan eins metra fyrir ofan sjólinutóg á hringlaga netpoka eða á einu horni hans. Netpoki skal einnig merktur framleiðanda og framleiðsluári. Við flutning skal pakka netpoka í umbúðir til að tryggt sé að hann skemmist ekki við flutning. Með netpoka skal fylgja vottorð frá framleiðanda þar sem fram kemur: <ol style="list-style-type: none"> 1. nafn framleiðanda, birgðanúmer netpoka og framleiðsluár 2. stærð netpoka og styrkleikaflokkur, 3. efaisgerð, styrkleiki nets, leysisgarns og tógs sem notað er til að styrkja netpokann, staðfesting á að netpokinn sé unninn samkvæmt pöntun, að hann hafi verið framleiddur eftir viðurkenndum staðli og að haft hafi verið efirlit með framleiðslunni, 4. tilvísun í notkunar- og viðhaldshandbók, 5. undirskrift forsvarsmanns eldistöðvar.


	Ef netpoki er að koma úr viðgerð frá netaverkstæði skulu fylgja með niðurstöður eftirlitsins samkvæmt kröfum í viðauka 3, II. hluta í reglugerð um fiskeldi.
Úrbætur:	Ef fram kemur í eftirliti að einhverju sé ábótavant skal netpoki endursendur eða gert við hann og það tilkynnt framleiðanda eða netaverkstæði.
Skráning:	Allar skráningar eru í havbrúksloggen. Við móttöku á nýjum netpoka skal komið á ferilskráningu þar sem niðurstöður móttökueftirlits og aðrar upplýsingar um netpokann eru skráðar. Niðurstöður eftirlits með netpoka, sem er að koma úr viðgerð, eru skráðar í Ferilskrá viðkomandi netpoka. Frávik eru skráð samkv. verklagsreglunni Frávik og Úrbætur.

Yfirborðseftirlit	
Markmið:	Vakta skal yfirborð sjókvíar til að tryggja að allar festingar séu tryggar og að engin göt séu á netapoka. Einnig skal athuga hvort að afföll fiska séu innan settra marka og hvort af ræningjar séu sjáanlegir.
Tíðni:	Festingar: vikulega Annað: daglega
Ábyrgð:	Stöðvastjóri ber ábyrgð að eftirlit sé tekið.
Frankvæmdaraðili:	Stöðvastjóri eða aðrir starfsmenn
Eftirlit:	Athuga skal yfirborðsfestingar á netapokum og eldiskví. Athuga festingar á öðrum búnaði, s.s. fuglaneti, fódurslögum, myndavélum og rafmagnskössum. Fylgst er með veðurálagi og skipaumferð við og í nágrenni kviáþyrpingar með yfirborðsmyndavélum á pramma og kvíum. Telja fjölda dauðra fiska/sveimara á yfirborði Athuga hvort skarfur eða selur viðhefst á svæðinu
Viðmið:	<ol style="list-style-type: none"> 1. Að allar festingar séu vel tryggar 2. Engin göt á netapoka við yfirborð 3. Fuglanet í lagi 4. Ef skarfur sést með viðveru lengur en 3 daga á kviarsvæði skal bregðast við 5. Ef útselur sést við kviarsvæði skal bregðast strax við 6. Ef landselur sést í tvo daga samfleytt skal bregðast við 7. Ef óvenjulegur dauði fer yfir 200 fiska á dag í kví
Úrbætur:	<ol style="list-style-type: none"> 1. Tryggja festingar eins fljótt og auðið er 2. Ef gat er á neti skal virkja viðbragðsáætlunina Slysaslepping 3. Laga fuglanet eins fljótt og hægt er. 4. Ef einn skarfur hefur viðveru á kviarsvæði í meira en 3 daga skal gripa til aðgerða um að fæla eða tjarlægja hann í burtu. Sjá viðbragðsáætlunina Afæringjar 5. Ef útselur sést við eldiskvíar skal bregðast við strax og tjarlægja/fæla dýrið.

	<p>6. Ef landselur sést skal hafa sérstakar gætur á hegðun dýrsins, ef landselur sést í tvo samfelld skal grípa til aðgerða</p> <p>7. Dauði umfram 10 fiska á dag á því kallar á sérstaka skoðun á aðstæðum. Leitað orsaka, hegðun fisksins, fóðurtaka og umhverfisskilyrði skoðuð. Ef fleiri en 50 fiskar þá er fiskur tekinn til greiningar.</p>
Skráning:	Upplýsingar skráðar í gæðakerfið EQS hjá okkur undir Daily checklist

Neðansjávar eftirlit	
Markmið:	Tryggja að búnaður sé í lagi til að koma í veg fyrir slysasleppingar. Einnig skal athuga hvort að atferli fisks sé eðlilegt og að aiföll fiska séu innan settra marka.
Tíðni:	Samkvæmt reglugerð skal skoða netpoka með um 90 daga millibili með köfun eða með neðansjár myndavél. <ul style="list-style-type: none"> ➤ Köfunareftirlit <ul style="list-style-type: none"> ○ Netpoki: um 90 daga millibili ○ Rammafestingar: Þriðja hvern mánuð ➤ Myndavélaeftirlit <ul style="list-style-type: none"> ○ Netpoki: um 90 daga millibili ○ Dauður fiskur: Daglega ○ Atferli fisks: Daglega ○ Botnfestur: Árlega ➤ Köfunar eða myndavélaeftirlit <ul style="list-style-type: none"> ○ Áður en nýr hópur af fiski er settur í eldiseininguna. ○ Eftir meðhöndlun eða uppákomu sem eykur líkur á óhappi, s.s. eftir slæmt veður, nótar skipti, flutning á fiski, eftir áhlaup afræningja, skemmdarverk á netpoka eða öðrum búnaði og eftir drátt á kví, <p>Eftir slátrun, flokkun og aðra vinnu þar sem talið er að líkur séu á að netpoki hafi orðið fyrir skemmdum.</p>
Ábyrgð:	Eldisstjóri og stöðvarstjórar bera ábyrgð að það sé gerð neðansjár eftirlit
Frankvæmdaraðili:	Kafarar sjá um köfun. Stöðvarstjóri eða aðrir starismenn sjá almennt um neðansjár eftirlit með myndavélum og fylgjast með ástandi á botnfestum.
Eftirlit:	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Köfunareftirlit <ul style="list-style-type: none"> ○ Einn kafari framkvæmir eftirlit og tveir kafarar á yfirborði. Kafarar skulu útbúnir með einni myndvél og göt og önnur frávik skráð og myndað. Eftir hverja köfun er útfyllt köfunarskýrsla. ➤ Neðansjár myndavélaeftirlit <ul style="list-style-type: none"> ○ Ástand netpoka er skoðað þar sem leitast skal við að skoða eins stórt svæði nótar og myndavél gefur færi á. Fylgst er með fóðuruþptöku, atferli fisks og fjölda dauðra fiska á botni. ○ Færanleg upptökuvél, af báti, er notuð við til að skoða ástand á botnfestum. Botnfestur, akkeri og keðjur, eru skoðaðar einu sinni á ári. <p>Athuga með hliðsjón af tækjum</p>

Viðmið:	<ol style="list-style-type: none"> 1. Engin göt eða slít á netpoka. Festingar úr netpoka í floteiningu í lagi. Engar flækjur eða núningur festinga eða búnaðar við netpoka. 2. Afferli fisks sé eðlilegt. 3. Ljós í kvíum eru stillt á að ekki sé kveikt á þeim lengur en 16 tíma á sólarhring 4. Viðmið fyrir ástand á botnfestum er að tæring sé óveruleg í öllum lásurum og kósum. Samskeyti á tógi og keðjum séu í lagi.
Úrbætur:	<ol style="list-style-type: none"> 1. Gert skal við án tafar. Ef gat á netpoka er það stórt að talin sé hætta á að fiskur hafi komist út um það skal það tilkynnt Fiskistofu og síðan fylgt viðbragðsáætlun eldisstöðvar vegna slysasleppinga. 2. Óútskýrður dauði umfram 200 fiska á dag kallar á sérstaka skoðun á aðstæðum. Leitað orsaka, hegðun fisksins, fôðurtaka og umhverfisskilyrði skoðuð. Ef ekki finnast eðlilegar skýringar á dauðanum skal taka fisk til greiningar. <p>Gert skal við án tafar.</p>
Skráning:	<ul style="list-style-type: none"> • Eftir kofunarefirlit skal fylla út eyðublaðið Kofunarskýrsla í forritinu Havbrúksloggen. • Eftir neðansjávar myndavélaefirlit skal skrá í HAVBRUKSLOGGEN þar sem við á. <p>Frávik eru skráð samkv. verklagsreglunni Frávik og Úrbætu í Havbrúksloggen eða EQS þar sem við á</p>

Laxalús	
Markmið:	Komið sé í veg fyrir að laxalús nái sér á strik á eldissvæðum fyrirtækis. Jafnframt er mikilvægt að greina lúsafloru á hveijum tíma, laxalús og fiskilús.
Tíðni:	Breytileg
Ábyrgð:	Eldisstjóri ber ábyrgð á að eftirlit sé virkt.
Frankvæmdaraðili:	Stöðvarstjóri eða aðrir starfsmenn
Eftirlit:	<ul style="list-style-type: none"> Sjá lýsingu í norski verklagsreglu um talningu á laxalús á slóðinni: http://lusedata.no/wp-content/uploads/2012/06/20130705-Veileder-telling-av-lakselus.pdf Sýni skulu send til Dýralækni Fisksjúkdóma, Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, 112 Reykjavík. Lúsatalning fer fram mánaðarlega samkvæmt leiðbeiningum MAST um lúsatalningu og vöktun lúsasmits í sjókvíum, samb. Reglugerð 220/2013. Niðurstöður mælinga er aðgengilegar þeim er það óska. Gefa skal út árlega samantekt fyrir eldissvæðið í heild og fyrir hveija eldisstöð. <p style="text-align: center;"><i>Salmon louse (Lepeophtheirus salmonis) life cycle</i></p> 
Viðmið:	Í samræmi við viðmið MAST

Úrbætur:	Aflusun er framkvæmd undir leiðsögn dýralæknis fisksjúkdóma og í samráði við aðra eldisaðila á svæðinu. Hægt er að nálgast leiðbeiningar um aflusun á http://www.lusedata.no
Skráning:	Fylla skal út eyðublaðið Laxalús FT

Þörungablómi	
Markmið:	Tryggja að heilsu fiska stafar ekki hættu af sviþörungum.
Tíðni:	Vor, sumar og haust: Daglega Aðrir árstímar: Vikulega
Ábyrgð:	Eldisstjóri ber ábyrgð að eftirlit sé virkt
Framkvæmdaraðili:	Eldisstjóri og aðrir starfsmenn, Starfsmenn á fódurstöð hafa yfirsýn í gegnum myndavél
Eftirlit:	<ul style="list-style-type: none"> Sjónkýpi er mælt með neðansjávarmyndavél eða hvítri, hringlaga skífu (30 cm í þvermál) sem er látin síga niður þar til hún er ekki lengur sjáanleg. Mæling er tekin á meðan tjart er þar sem birta getur haft veruleg áhrif á niðurstöðuna. Atferli fiska og fódurupptaka er könnuð með neðansjávarmyndavél.
Viðmið:	<ul style="list-style-type: none"> Að sjónkýpi sé meira en 3 metrar. Engin blæðing eru í tálknum eða óeðlilega mikið slím og ekki uppsófnun á saur. Breytingar á lit sjávar, hann getur orðið rauður, brúnn, rauðbrúnn, hvítleitur, gulleitur eða grænn, það fer eftir tegundum hver liturinn er eða aurburði. Eftirlitandi atferlisþættir séu ekki til staðar: <ul style="list-style-type: none"> Minni fódurtaka (allar tegundir af skaðlegu sviði) Fiskurinn leitar upp í yfirborðið og gapir eftir lofti (svið sest á tálkn og dregur úr súrefnisupptöku þeirra) Fiskurinn er sljór eða sjúkur (allar tegundir af skaðlegu sviði)
Úrbætur:	<ul style="list-style-type: none"> Stöðva fódur þar til tryggt er að þörungar eigi ekki sök. EKKI hreyfa við fiski. Sjósýni send til greiningar til Hafrannsóknarstofnunar. Samband haft við dýralækni fisksjúkdóma og frekari aðgerðir gerðar í samstarfi við hann Framkvæma viðbragðsáætlun vegna þörungablóma. Árangursríkt getur verið að dæla djúpsjó við kvíar upp á yfirborðið og fá þannig „ferskan“ sjó upp í efstu metrana þar sem fiskurinn heldur sig.

	Mikilvægt er að setja af stað viðbraðgsáætlanir um „sjúkdóma og massadauða“ og „neyðarslátrun“ ef aðstæður kalla eftir því.
Skráning:	Upplýsingar skráðar á eyðublaðið Daglegt eftirlit / FISH TALK/HAVBRUKSLOGGEN eftir því sem við á. Frávík eru skráð samkv. verklagsreglunni Frávík og Úrbætur ef það er ekki hægt að framkvæma úrbætur strax.

Hitastig sjávar, selta og súrefni	
Markmið:	Tryggja að lífsskilyrði séu góð fyrir eldisfisk.
Tíðni:	Daglega á sama stað inni kvi (skráð heiti sýnatökustaðar), í Fish Talk. Stöðugt eftirlit á meðan fóðrun stendur.
Ábyrgð:	Eldisstjóri ber ábyrgð að eftirlit sé virkt
Framkvæmdaraðili:	Fóðrarar sem eru ábyrgir fyrir öllum skráningum í FT eða aðrir starfsmenn
Eftirlit:	Súrefnisstyrkur er mældur á 5 m dýpi með Oxyguard mæli/myndavélum.
Viðmið:	Að súrefni sé meira en 70%. Að hitastig sé hærra en 1,5°C á 5m dýpi.
Úrbætur:	Ef súrefni fer niður fyrir 70% á að hætta að fódra. Hættumörk eru við 50%. Leita skal skýringa og brugðist við samkv. því. Ef hitastig fer niður fyrir 1,5 °C á 5m dýpi að hætta að fódra.
Skráning:	Upplýsingar skráðar í eldisbókhalðið (FishTalk). Einnig er búið að setja upp umhverfisstöð með siskráningu á umhverfisþáttum hiti strauður selta. Frávik eru skráð samkv. verklagsreglunni Frávik og Úrbætur ef það er ekki hægt að framkvæma úrbætur strax.

Vöktun á sjó og botnseti	
Markmið:	Tryggja að uppsöfnun á úrgangi undir kvíum hafi ekki skaðleg áhrif á eldisfisk og umhverfi.
Tíðni:	Sjá skjal vöktunaráætlun
Ábyrgð:	Eldisstjóri ber ábyrgð að eftirlit sé virkt
Frankvæmdaraðili:	Sýnataka er framkvæmd af Náttúrustofu Austurlands og RORUM..
Eftirlit:	Sjá skjalid Vöktunaráætlun
Viðmið:	Notast verður við alþjóðleg viðmið. Staðall sem er viðmið er ISO 12878:2012.
Úrbætur:	Ef viðmið standast ekki skal tilkynna Umhverfisstofnun og er ákvörðun um úrbætur tekin í samstarfi við hana.
Skráning:	Skýrsla með niðurstöðum er fengin frá NAT/RORUM og send til UST. Frávík eru skráð samkv. verklagsreglunni Frávík og Úrbætur.

Sannprófun á innra eftirlit	
Markmið:	Til að tryggja að innra eftirlit virki sem skildi, fer fram endurskoðun á því minnst einu sinni á ári svokallaðar sannprófanir. Eftirfarandi er gátlisti fyrir framkvæmd sannprófana.
Tíðni:	Sannprófun er framkvæmd að vori ár hvert, alltaf eftir slysasleppingu og þegar stórar breytingar eiga sér stað á rekstri eldisstöðvarinnar. Framkvæmdar eru óvæntar sannprófanir á einstökum verkþáttum amk. Einu sinni á ári til að skoða skilvirkni eftirlitsins. Niðurstöður slíkra stikkprófana skal skrá og mynda grundvöll fyrir umræðu á frekari þróun kerfisins.
Ábyrgð:	Sannprófunarráði er framkvæmdastjóri, eldisstjóri og gæðastjóri.
Framkvæmdaraðili:	Sannprófunarráðið skipar þann aðila sem fer með sannprófanir. Sá sem fer með sannprófanir skal vera óháður þeim þáttum sem verið er að sannprófa
Eftirlit:	Hvort fyrirbyggjandi ráðstöfunum hafi verið framfylgt varðandi: <ol style="list-style-type: none"> 1. Viðhald á eldisstöðinni 2. Þjálfun 3. Verklagsreglur/viðbragðsaætlanir 4. Eftirlit 5. Áhættugreining 6. skráning
Viðmið:	Ef frávik koma upp við sannprófanir þarf stöðvastjóri að útbúa aðgerðaáætlun fyrir úrbætur. Alvarlegt frávik þarf að laga strax en almennt er miðað við þriggja vikna frest til að framkvæma úrbætur en hægt að lengja þann tíma ef þurfa þykir. Stöðvastjóri útbýr úrbótaáætlun sem sannprófunarráð samþykkir og sér til að framfylgt sé innan setts tímaramma.
Skráning:	Skráning sannprófana, niðurstöður og eftirfylgni úrbóta skal haldið við og vera aðgengilegt . Niðurstöður sannprófunarinnar skulu skráðar og undirritaðar af Eldisstjóra og tímasett úrbótaáætlun gerð fyrir þau atriði sem var ábótavant. Öll skjöl sem tilheyra sannprófunum skulu undirrituð af úttektaðila og sannprófunarráði

Vaktanir

Vöktunaráætlun

INNGANGUR

Vöktunaráætlun þessi er unnin af Náttúrustofu Austjarða (NAT) og RORUM í samráði við Fiskeldi Austjarða. Við gerð áætlunarinnar var haft til hliðsjónar starfsleyfi FA, auk almennar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar varðandi vöktun og reynslu Náttúrustofunnar við rannsóknir á botndýrum við fiskeldiskvíar. NAT/RORUM framkvæmir botnmælingar árlega. Sýnatoka er að minnsta kosti O-prufa þá er tekin botn fauna og TOC, skv ISO 12878:2012(Faunal index score, Number of macrofaunal taxa). Aðferðarfræði er í samræmi við ISO 12878:2012 og Aquagap staðal. Síðan er tekin er tekin botnprufa eftir eldislotu og eftir hvíld. Þá er mælt TOC skv. ISO 12878:2012

STAÐSETNING

FA er með eldissvæði í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Verið er að vinna að uppbyggingu fleiri eldissvæða.

STAÐA RANNSÓKNA


Nokkrar athuganir á botndýralífi hafa verið gerðar í Berufirði og Fáskrúðsfirði, Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2012). Innan fiskeldissvæðisins hafa verið gerðar athuganir frá 2001, Náttúrustofa Austjarða og Vestjarða auk þess er nú stórt verkefni í gangi með Þorleifi Ágústssyni og Þorleifi Eiríkssyni, NORCE, RORUM o.fl. botnprufur í sambandi við eftirlit og rannsóknir verið gerðar hvert ár skv. þessu. Prufutökur hafa verið mjög tíðar síðan 2016 vegna rannsókna RORUM og NORCE.

Staðsetning sýnatökustöðva

Reynsla Náttúrustofu Vestjarða á botnsýnatökum við fiskeldiskvíar er að áhrif frá eldi á botndýr afmarkast að mestu innan 100 m og er mest innan 30 m frá kví. Miðað við dýpið (u.þ.b. 50 m í Berufirði) á eldissvæðinu þá má vænta að áhrifin séu vel innan 100 m frá kví. Aðeins hafa verið teknar –prufur í Fáskrúðsfirði þar sem enn til dags nóvember 2018 hefur ekki verið eldi þar.

Fyrir hvefja kví (kviapyrpingu) eru settar út þjár sýnatökustöðvar: ein við kví, ein 30 m frá kví í megin straumstefnu og ein 100 m frá kví í megin straumstefnu (mynd 2). Að auki er ein viðmiðunarstöð sem er tekin ef þess gerist þörf. Hún er staðsett vel utan áhrifasvæðis en mun vera með samsvarandi botngerð og dýpi eins og er á fiskeldissvæðinu.

Sýnatökustöðvar taka mið af megin straumstefnu sbr. mynd 1..



Mynd 1. Dæmi um uppsetningu sýnatökustöðva út frá kvíum og meginstraumstefnu.

Vöktun á botni

Tæki

Notuð verður Van Veen greip (200 cm² eða 250 cm²). Sigtí, 0,5mm er notað fyrir botndýragreiningar. Ólugar viðsjár (Leica MZ 6 og 12) eru notaðar til að greina dýralíf í sýnunum.

Fjöldi stöðva og sýna

Tekin eru þrjú sýni á hverri stöð fyrir botndýragreiningar (þar sem það á við). Eitt sýni á stöð er tekið fyrir efnamælingar.

Tíðni sýnatöku. Skv ISO 12878. Sýnataka ár hvert, nema ekki sé fiskur á svæðinu, ef svo þá til að fá 0-prufu.

5.2 Frequency of operational monitoring of local impact zone

The effort made for environmental monitoring should be proportional to the scale of impact and should be long-term sustainable use of the marine environment. Guidance on the frequency of operational monitoring of local impact zone is given in Table 3. The timing of the survey is determined by the production cycle at the farm site, i.e. surveys should be carried out during periods where the feed consumption is highest. A component of aquaculture site management is the use of fallow periods, which allow some time for ecosystems to assimilate organic inputs from farm activities. Fallowing may impact the frequency of monitoring required.

Table 3 — Guidance on the frequency of operational monitoring of local impact zone at finfish sites (local impact zone) in relation to impacts at the site (sediment condition)

Sediment condition	Minimum monitoring frequency
Very good	Every second year or every second production cycle
Good	Every production cycle, alternatively every year
Poor	Every six months
Very poor	In most countries, authorities require that production changes be made.

NOTE Under very poor conditions, it is likely that the sediments are totally anoxic, with production of methane gas and hydrogen sulfide, and with a total absence of burrowing organisms (infauna).

Meðhöndlun sýna

Öllum sýnum er lýst með tilliti til lyktar, lits, setgerð og hvort lifandi dýr sjáist. Botndýrasýnin fá um 10% formalín og eru þau varðveitt þannig í minnst tvo daga. Formalíninu er síðan hellið af, helst ekki seinna en eftir viku og 70% isopropanól er sett í staðinn. Sýnin er síðan sigtuð með 0,5 mm sigti eftir eina til tvær vikur. Eftir það eru dýrin tind úr og þau greind til tegunda ef hægt er.

Efnasýnin fara strax í frost um leið og þau eru komin í land. Þau eru síðan send til rannsóknarstöðva sem eru í flestum tilvikum erlendis.

ÚRVINNSLA Á SÝNUM, SKÝRSLUGERÐ

Flest botndýr eru greind til tegunda en í sumum tilvikum er hærrí flokkun látin duga. Skrifað er minnisblað (stutt skýrsla) um hvert svæði þar sem kemur fram tegundagreiningin, aðferðarfræðin, sýnatökustaði o.ðl.

Í botnseti er mælt: heildar lífrænt kolefni (TOC), heildar nitur (N), heildar fosfór (P) og heildar brennisteinn (S).

VÖKTUN Á STRANDSJÓ

Mæld verða heildar köfnunarefni og fosfór í sjó. Sýnataka fer fram á sama tíma og sýni verða tekin af botnseti, eða á þriggja ára fresti, eða til samræmis við starfsleyfi eða hvort er styttra á milli í tíma rúmi í hverju tilviki.

NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA

Niðurstöður mælinga verða sendar á Umhverfisstofnun.

Viðbragðsáætlanir

Mikilvægt er að viðbragðsáætlanir séu yfirfarnar minnst einu sinni á ári. Tryggja þarf að nauðsynlegur búnaður við framkvæmd viðbragðsáætlaða sé tiltækur og í góðu ásigkomulagi. Einnig þarf að tryggja að allir samningar við utanaðkomandi aðila séu í gildi. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að þessum kröfum sé uppfyllt ásamt því að virkja réttar viðbragðsáætlanir þegar þeirra er þörf.

Ice Fish Farm

Slysaslepping

Markmið:	Tryggja að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé í fullu samræmi við kröfur stjórnvalda um endurheimtur á fiski, tilkynningarskyldu og skýrslugerð.
Umfang:	Ef slysaslepping hefur átt sér stað eða rökstuddur grunur leikur á um að fiskur hafi sloppið úr eldiskvíum skulu starfsmenn bregðast fljótt og örugglega við þannig að komið sé í veg fyrir að meira af fiski sleppi. Yfirvöldum er tilkynnt slysasleppingin til Fiskistofu án tafar og veiðar á eldislax hafnar. Einnig skal tilkynna Umhverfisstofnun á ust@ust.is og MAST á mast@mast.is . Fiskistofu skal tilkynnt þetta skriflega innan 12 tíma frá því að slysaslepping uppgötvast. Öll viðbrögð skulu vera skv reglugerð 1170/2015 viðauki 4.. Sjá viðurlög í kafla um lög og reglugerðir.
Ábyrgð:	Stöðvarstjóri ber ábyrgð á að viðbragðsáætlun sé sett í gang eftir að slysaslepping uppgötvast.

<p>Viðbragðsáætlun:</p>	<p>Viðbrögð við slysasleppingum skulu vera :</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Tilkynna slysasleppinguna til Stöðvastjóra eða/og framleiðslustjóra(kjartan Lindbol 0047 959 09 675) 2. Leita að orsökum og koma í veg fyrir að meiri fiskur sleppi. 3. Tilkynna til Fiskistofu um slysasleppingu munnlega sími:569 7900 4. Samband haft við kafara: K-tech S: 855-4551 Samuel í K-tech. 5. Gat á neti er fundið annað hvort með myndavél á báti eða kafara. 6. Ef það finnst gat á netinu skal það lokað strax, netinu skipt út fyrir nýtt eða lagfært 7. Heftja veiðar á fiski eftir að búið er að tilkynna til Fiskistofu <ol style="list-style-type: none"> A. Að góðar líkur eru taldar á því að hægt sé að veiða umtalsvert magn af storkufiski með utanaðkomandi hjálp skal hafa samband við neðangreinda aðila Eli sími:863 1022 8. Effiskur sleppur er heimild að veiða innan 200 metra frá fiskeldisstöð, þrátt fyrir friðun. Fiskistofa verður að hafa verið tilkynnt um slysið fyrst. Heimildin gildir í 3 daga frá því að fiskur sleppur ATH: ef slysaslepping á sér stað á göngutíma laxfiska skal veiðin vera í samráði við Fiskistofu <p>Tilkynna til Fiskistofu um slysasleppingu skriflega eins fljótt og mögulegt er: Skrifleg tilkynning skal berast innan 12 klst.</p> <p>Fylla skal út eyðublaðið Tilkynning um slysasleppingu að hluta/ fullu og sent á eftirfarandi netfang: mast@mast.is, Skrifleg skýrsla skal berast innan viku.</p> <p>Fylla skal út eyðublaðið Tilkynning um slysasleppingu að fullu og sent á eftirfarandi netfang: fiskistofa@fiskistofa.is Skrifleg skýrsla skal berast innan viku</p> <p>Skrifleg tilkynning skal berast til sveitarfélaga og næstu veiðifélaga ef liggur rökstuddur grunnur um storkufisk úr eldi. Næsta Sveitarfélag er Djúpavogshreppur fyrir leyfið í Berufirði. senda skal tilkynningu á eftirfarandi netfang: djupivogur@djupivogur.is</p> <p>Næsta sveitarfélag er Fjarðabyggð fyrir leyfið í Fáskrúðsfirði. senda skal tilkynningu á eftirfarandi netfang: fjardabyggd@fjardabyggd.is</p> <p>Næsta veiðifélag sem er vegna beggja leyfa er Veiðifélag Breiðdælinga. senda skal tilkynningu á eftirfarandi netfang: heydalir@simnet.is</p>
<p>Skráning:</p>	<p>Eyðublaðið Tilkynning um slysasleppingu er í kaflanum Eyðublað og einnig á rafrænu formi á vef Fiskistofu á síðinni: http://www.fiskistofa.is/media/eydublod/Slysaslepping.pdf. Eintak af útfylltu eyðublaði skal einnig geyma í (viðkomandi skjalastjórnunarkerfi). Verklagsreglan Frávik og Úrbætur er framkvæmd</p>

Meðferð kvartana	
Markmið:	Að tryggja að allar kvartanir hljóti umfjöllun og skoðun og til að fyrirbyggja galla á framleiðslu eða umhverfistjón af völdum hennar.
Umfang:	Berist kvörtun frá gæðaeftirliti eða fiskkaupanda varðandi gæði framleiðslunnar eða kvörtun frá utanaðkomandi aðila varðandi umhverfis eða öryggismál ber að taka það til skoðunnar innan fyrirtækisins.
Ábyrgð:	Sannprófunarráð, Stöðvastjóri og Gæðastjóri
Viðbragðsáætlun:	<p>Berist kvörtun um gæði eldísfisks ber sannprófunarráði auk gæðastjóra að fara yfir eldísferil og reyna að greina ástæður og bæta úr.</p> <p>Berist kvörtun frá þriðja óháða aðila varðandi umhverfis eða öryggismál Skal sannprófunarráð strax fjalla um það ásamt stöðvarstjóra og gæðastjóra og greina hvort að um hættu eða ógn sé að ræða og hvort að bregðast megi við kvörtunum. Jafnframt skal formaður sannprófunarráðs tilkynna stjórn fyrirtækisins um eðli kvörtunar og til hvaða ráða verði gripið.</p>
Skráning:	Havbrúksloggen. Verklagsreglan Frávik og Úrbætur er framkvæmd.

Fárviðri	
Markmið:	til að vera viðbúin með stöðina ef færviðri er í kortunum
Umfang:	að það verði engin skemmd eða sem minnst skemmdir á búnaði eða á stöðinni
Ábyrgð:	Stöðvastjóri, allir starfsmenn
Viðbragðsáætlun:	Ef það er færviðri í kortunum, ættu starfsmenn að fara yfir allann búnað og stöðina til að sjá hvort að tæki og búnaður sé nógu vel gengið frá. til þess að þau þola veðrið að bestu getu. Stöðvastjóri og aðrir starfsmenn fylgjast með veðurspá inná https://www.vedur.is/
Skráning:	Havbrúksloggen, ef færviðri hefur skemmt búnað er skráð inn sem frávik

Afræningjar	
Markmið:	Koma í veg fyrir að afræningjar valdi beinu eða óbeinu tjóni á eldisfiski, sem gæti falist í áverkum eða stressi. Enn fremur að koma í veg fyrir tjón á búnaði og mögulegum slyasleppingum.
Ábyrgð:	Stöðvastjóri og aðrir starfsmenn
Viðbragðsáætlun:	<p>Fjarlægja bæði sjávarspendýr og vargfugla sem vinna tjón á eldisfiski og búnaði.</p> <p>Selir</p> <ul style="list-style-type: none">Ef útselur sést við eldiskviar skal bregðast við strax og fjarlægja dýrið.Ef landselur sést skal hafa sérstakar gætur á hegðun dýrsins, ef landselur sést í tvo daga samfellt skal grípa til aðgerða. <p>Skarfur</p> <ul style="list-style-type: none">Ef einn skarfur hefur viðveru á kviarsvæði í meira en 3 daga skal grípa til aðgerða um að fæla eða fjarlægja ham í burtu. Veidítímabil fyrir dila skarf er frá 1. september til 15. mars.Ávallt skal framkvæmdastjóra og eftirlitsaðila gert viðvart ef grípa þarf til aðgerða gegn afræningja. Öll dráp á afræningjum eru skráð (á stæða dauða og dagsetning) og upplýsingar gerðar opinberar á heimasíðu fyrirtækisins.
Skráning:	Öll skráning í EQ5

Hafis og rekis	
Markmið:	Koma í veg fyrir að hafis/rekis valdi tjóni á sjókvíum með þeim afleiðingum að skaða eldisfisk eða að slysaslepping eigi sér stað.
Umfang:	Í miklum frostum skal fylgjast með hvort lagnaðaris sé byrjaður að myndast í jarðarbotnum, árósum og öðrum stöðum þar sem hættu á að hann geti myndast. Mesta hættan er í vindasömu veðri eftir mikið frost, þá getur ísinn losnað og farið á rek. Við slíkar aðstæður skal hafa sérstakar gætur á ísreki.
Ábyrgð:	Eldisstjóri og stöðvastjóri
Viðbragðsáætlun:	<ul style="list-style-type: none"> • Berist hafis að ströndum Austjarða skal eldisstjóri fylgjast með spám um ísrek á vef veðurstofunnar: http://www.vedur.is/hafis/tilkynningar • Allir stálbátar Fiskeldi Austjarða skulu settir í viðbragðsstöðu til að verja eldiskvíar gegn tjón vegna ísreks. • Flytja kvíar á öruggari stað sé þess kostur <ul style="list-style-type: none"> ○ Sjá verklagsreglu um flutningin á lifandi eldisfisk • Ef það er ekki möguleiki skal Stöðvarstjóri hefja nauðsynlegan undirbúning fyrir neyðarslátrun í samráði við framkvæmdastjóra og eldisstjóra. • Sjáist til að stórra ísfleka nálgast kvíapyrpingar skal fara á bát og brjóta eða ýta ísnum frá kvíum. • Hafa skal samband við útgerðir stærri stálskipa sem eru tiltæk til aðstoðar til varnar eldiskvíum vegna ísreks. <p>Sérstakar gætur skal hafa á að ísrek safnist ekki við fóðurslóngur. Ef rekis safnast við fóðurslóngur, svo hættu sé talin af, skal sigla yfir fóðurslóngur á léttabát og hleypa ís framhjá.</p>
Skráning:	EQS. Verklagsreglan Frávik og Úrbætur er framkvæmd.

Mengun af völdum olíu eða annarra efna	
Markmið:	Að koma í veg fyrir að mengun berist á þann stað sem sjókvíaelði fer fram á ásamt því að gera ráðstafanir í þá átt að lágmarka tjón.
Ábyrgð:	Eldisstjóri og aðrir starfsmenn
Viðbragðsáætlun:	<ul style="list-style-type: none"> • Láta yfirmann fiskeldis og hafnarvörð vita strax og vart er mengunar • Fá vitneskju um magn og tegund mengunar • Ef mengun er veruleg og útséð með að hægt verði að hefta hana á ákveðnum stað skal gera ráðstafanir til þess að sjókvíar verði fluttar á stað þar sem líkur er á að mengun nái ekki til <p>Tilkynna skal atvikið þegar í stað til Umhverfisstofnunar, ust@ust.is og heilbrigðiseftirlits á staðnum</p>
Leiðbeiningar um tilkynningar vegna mengunaróhappa.	<p>Tilvik sem krefjast tafarlausra viðbragða s.s. bráðmengun eða slys skulu eftir atvikum tilkynnt eftirfarandi viðbragðsaðilum:</p> <p>-Neyðarlinan(112): símsvörun og boðin viðeigandi viðbragðsaðila mengunar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Slökkvilið: hverskonar mengun á landi sem krefst aðkomu viðbragðsaðila. • Hafnarstjóri: hverskonar mengun hafs eða stranda innan hafnarvæða sem krefst aðkomu viðbragðsaðila. <p>Landhelgisgæslan: ef um er að ræða hverskonar mengun hafs og stranda utan hafnarvæða sem krefst aðkomu viðbragðsaðila.</p>
Skráning:	Skráning fer fram í EQS kerfinu undir frávik og mengun. Eyðublöðin tilkynningar vegna mengunaróhappa og tilkynningar vegna bráðamengunar hafs og stranda er að finna með hvern viðbragðsáætlun í bátum og þrómmum. Verklagsreglan Frávik og Úrbætur er framkvæmd.

Ísing á búnaði	
Markmið:	Koma í veg fyrir að ísing valdi tjóni á sjókvíum með þeim afleiðingum að fiskur sleppi út úr netpoka.
Ábyrgð:	Eldisstjóri og stöðvastjóri
Viðbragðsáætlun:	<ul style="list-style-type: none">Fylgjast skal með veðurspá og sjávarhita og meta líkur á ísingu. Við mat á ísingarhættu skal taka mið af sjávarhita, lofthita og vindhraða.Til að koma í veg fyrir tjón skal losa hoppnet frá og láta það falla í sjóinn. Við það bráðnar ísinn af netinu. Slíkt skal eingöngu gert undir stöðugu eftirliti starfsmanna. <p>Við minniháttar ísingu og þegar hættu er á að ísing aukist skulu starfsmenn nota trékylfur og bijóta ísinn af hoppneti, stoðum og handriði.</p>
Skráning:	EQS og Havbrúksloggen. Verklagsreglan Frávik og Úrbætur er framkvæmd.

Neyðarslátrun	
Markmið:	Að hámarka nýtingu og virði eldísfisks ásamt því að urða eða setja í grinder skemmd hráefni.
Ábyrgð:	Eldisstjóri
Viðbragðsáætlun:	<p>Haft er samband við utanaðkomandi báta eins og þörf krefur ef magn er mikið. Samningur hefur verið gerður við brunnbátinn Donnalaks sem er sláturbátur félagsins</p> <ul style="list-style-type: none">• og getur tekið 140 tn í einu til að veita aðstoð í slíkum aðstæðum. Donnalaks +47 907 52 488<ul style="list-style-type: none">o Fleiri bátar eru kallaðir til ef aðstæður krefjast þess.o Öllum söluhæfum fiski skal slátra til vinnslu afurða.• Ef hefðbundin vinnsla hefur ekki við er haft samband við fleiri fiskvinnslustöðvar.<ul style="list-style-type: none">o Gerður hefur verið samningur við Búlandstind ehf. um vinnslu á sláturfiski, afköst 100 tn á dag.• Lifandi lax sem tekst að blóðga og kæla tímalega er seldur til manneldis.• Dauður lax fer til meltu sem hráefni er svo notað í loðdýrafóður (sjá gæðahandbók um meltu)• Tilkynna skal dauða til MAST, Gíslí Jónsson og UST, ust@ust.is
Skráning:	Verklagsreglan Frávik og úrbætur er framkvæmd.

Tímabundin og varanleg stöðvun á rekstri	
Markmið:	Lágmarka umhverfisleg áhrif verði stöðvun á rekstri
Umfang:	Samkvæmt starfsleyfi er neyðaráætlun til meðferðar og förgun á eldísisk kynnt hér, það er óvænt stöðvun á rekstri. Ef um skyndilega stöðvun verða rekstri verður aðgerðum framkvæmt í því ástandi, af fisknum og ytri aðstæður þegar slíkar förgun verður
Ábyrgð:	Framkvæmdastjóri
Viðbragðsáætlun:	<ul style="list-style-type: none"> • Tilkynna Umhverfisstofnun og MAST um stöðvun rekstrar. • Tilkynna UST ef neyðaráætlun er virkjuð og fiskur fluttur á urðunarstað. • Sjá verklagsregluna Neyðarsláttinn fyrir meðhöndlun á fisk. • Öll efni s.s. olíur, sápur, auk fóðurs á lager skal endursenda til birgja. • Ganga skal þannig frá húsnæði, bátum, tækjum og öðrum búnaði að engin hættu er á mengun frá þeim. • Taka skal alla eldísþoka úr eldískvíum eftir að fiskur hefur verið fjarlægður. Heila þoka skal koma fyrir á viðurkenndu geymslusvæði fyrirtækisins. Skemmda þoka og tógum skal koma til Egersund til förgunar. • Tómar eldískvíar skal taka á land eða festa tryggilega í rammafestingar.
Skráning:	Verklagsreglan Frávik og úrbætur er framkvæmd og skráning í EQS.

Sjúkdómar og massadauði	
Markmið:	Þessi neyðaráætlun er gerð til að tryggja góðar smitvarnir og velferð fiska í neyðartilfellum
Umfang:	Með massadauða er átt við að dauðinn er svo mikill að ekki er mögulegt að jafnlægja fjölda dauðra fiska í reglubundum rekstri. Massadauði getur stafað af sjúkdómum eða ytri þáttum á borð við skaðlega þörungum, marglyttur, skaðleg umhverfisáhrif eða bráðamengun.
Ábyrgð:	Eldisstjóri og stöðvastjóri
Viðbragðsáætlun:	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Ef grunur vaknar um skaðleg umhverfisáhrif eða að fiskaheilsa fari hrakandi skal hafa samband við Stöðvarstjóra. ▪ Stöðvarstjóri hefur samband við Framkvæmdastjóra, Eldisstjóra og dýralækni fiskeldis. ▪ Framkvæmdastjóri, Eldisstjóri og Stöðvarstjóri skuli í samráði við dýralækni fiskeldis, MAST og UST og meta hvaða ráðstafanir hægt er að þeita til að ákvarða orsök og hindra frekari skaða. ▪ Verklagsreglan Neyðarslátrun er framkvæmd ef mat aðila er að ekki sé hægt að stöðva dauða. ▪ Tilkynna skal neyðarslátrun til MAST, Gísla Jónssonar og UST, ust@ust.is.
Skráning:	Verklagsreglan Frávik og úrbætur er framkvæmd og skráð í EQS

Tjón á kvíum vegna slys/áreksturs	
Markmið:	koma í veg fyrir frekari tjóni ef tjón verður á kví, með afleiðingum sem skaða eldisfisk eða að slysaslepping eigi sér stað
Umfang:	Ef tjón verður á kví þarf að taka réttar ákvarðanir til að fyrirbyggja frekari tjón
Ábyrgð:	Eldisstjóri og Stöðvarstjóri
Viðbragðsáætlun:	<ol style="list-style-type: none">1. Skoða skemmd um leið og reyna að koma í veg fyrir frekari skemmd ef hægt er.<ul style="list-style-type: none">• Skoða hvort skemmd hafi með sér í för hættu á slysasleppingu eða tjóni á fiski2. Skoða hvort þörf er á færa fisk úr kví3. Gera skal áætlun um hvað þarf að gera til að laga kví.4. Þarf að taka til greina Veður, árstíma og stærð á fiski ef þörf er á fiskflutningi5. Tilkynna þarf slys ef um ræðir grunur á slysasleppingu, ef slysaslepping hefur orðið eða ef þarf að færa fisk milli kvía6. Eldisstjóri sér um að tilkynna Mast á Mast@mast.is og þarf að fara eftir viðbragðsáætlun um slysasleppingu ef grunur er um sleppingu.
Skráning:	Verklagsreglan Frávik og úrbætur er framkvæmd og skráning fer fram bæði í EQS og Havbruksloggen

Verklagsreglur

Frávik og úrbætur	
Markmið:	Markmið þessarar verklagsreglu er að gera því betri skil hver sé ábyrgur fyrir meðhöndlun frávika og hvernig úrbótum sé háttað.
Ábyrgð:	Allir starfsmenn bera ábyrgð á að fylgja þessari verklagsreglu. Eldisstjóri er ábyrgur fyrir því að sjá til þess að úrbætur séu framkvæmdar innan setts tímaramma.
Verklagsregla/ Skráning:	Fyrir öll frávik sem tengjast fiskvelferð er skráning í EQS og á búnaði í Havbrúksloggen. Sá sem uppgötvar fráviknið skal fylla út lýsing (lýsing á frávikni) Eldisstjóri fyllir út úrbætur á samt fyrir byggingu (fyrirbyggjandi aðgerðir til að hindra endurtekningu á frávikni)

Meðhöndlun á netpoka	
Markmið:	Tryggja að netpoki sé meðhöndlaður á þann hátt að gæði hans og öryggi séu fullnægjandi með tilliti til slysasleppinga.
Umfang:	Verkreglurnar gilda um meðhöndlun á netpoka frá móttöku og þar til hætt er að nota hann. Móttaka, flutningur, geymsla, sjósetning, skipti og úttekt á netpoka.
Ábyrgð:	Stöðvarstjóri
Verkregla:	<p>MÓTTAKA Á NETPOKA Sjá móttökuefirlit í kaflanum Innra Efirlit.</p> <p>FLUTNINGUR OG GEYMSLA</p> <ul style="list-style-type: none"> Netpoka skal geyma á þurrum og frostlausum stað. Það er mikilvægt að þeir séu ekki geymdir í lengri tíma óvarðir gegn sólarljósi, þá mega þeir ekki komast í snertingu við súru. Netpokar skulu fluttir og geymdir þannig að þeir verði ekki fyrir skaða. <p>MÉDHÖNDLUN OG SJÓSETNING Á NETPOKA</p> <ul style="list-style-type: none"> Alltaf skal meðhöndla netpoka á varfærinn hátt þegar lyfta þarf honum eða flytja. Ekki skal beita átaki á möskva þegar poka er lyft, styrkur netpokans liggur í styrktartógum. Þegar netpoki er settur í kví skal allt vera klárt áður en fiskur er settur í nótina. Framkvæma skal köfunarefirlit til að ganga úr skugga um að engin gót séu á netpokanum. Öll eyru á hoppneti skulu fest í hringinn. Dauðfiskasófun (háfur eða Lift-up) skal setja í nótina og hann prófaður. Meta hvort ástæða er til að bæta við þyngingum á pokann. <p>SKIPT UM NETPOKA Sjá verkregluna Skipt um Netpoka.</p> <p>ÚTTEKT Á ÁSTANDI OG VIÐHALD Á NETPOKA Að lágmarki á 24 mánaða fresti skal gera úttekt á ástandi netpokans af (netaverkstæði). Möskvar í netpoka skulu uppfylla að lágmarki 70% af slitþoli samkv. reglugerð um Fiskeldi. Fyrir hoppnet er þó nægilegt að slitþolið sé 65%.</p>
Skráning:	<p>Á hverjum tíma skal vera hægt að sjá hvar netpoki er, efirlit með honum og forsögu hans í Ferilskrá netpoka. Allar skráningar um netpoka eru í Havbrúksloggen.</p> <p>Vottorð frá framleiðanda og niðurstöður úr efirliti frá eftirlitsaðila skal geyma í (viðkomandi skjala stjórnunarkerfi) undir kaflanum ferilskrá netpoka.</p>

Rekstur á fiski milli netapoka	
Marknið:	Koma í veg fyrir slysaþleppingu þegar fiskur er rekinn á milli netpoka.
Ábyrgð:	Stöðvarstjóri
Verkregla:	<ul style="list-style-type: none">Möskvastærð í tengineti og í fyrir dráttarnót skal hæfa stærð fiskisins, þannig að tryggt sé að fiskurinn ánetjist ekki neti. Til viðmiðunar skal nota töflu um lágmarks möskvastærð (sjá í verklegsreglurni Skipt um netpoka).Eððar kvíar skulu tryggilegar festar áður en tenginet er fest milli netpoka.Þegar fiskur er rekinn milli eldiskvía má straumur ekki vera of mikill og veður almennt gott. Flutningi skal hagað þannig að álag sé sem minnst og að komið sé í veg fyrir meiðsl á fisknum, valdi flutningur meiðsl á fisknum skal skilt tjón vera tilkynnt til vottunarstofunar Tún
Skráning:	Fjöldi fiska skráður í eldiskvæld. FT.

Skipt um netapoka																								
Markmið:	Koma í veg fyrir slysaþleppingu þegar skipt er um netpoka.																							
Ábyrgð:	Stöðvarstjóri																							
Undirbúningur:	<ul style="list-style-type: none"> Tæmir allan fisk úr kví áður en nótaskipti hefjast. Séu innsigli og umbúðir órofið (sjá móttökueftirlit) telst netpoki hæfur til sjósetningar. Þegar skipt er um netpoka má strumur ekki vera of mikill og veður almennt gott. Eldisstjóri metur aðstæður í hvert sinn, breytilegt eftir vindátt o.fl. Lágmarkstjöldi þáttakenda eru þrjú starfsmenn, kafari getur verið einn af þeim. Kafari yfirfer poka áður en fiski er sleppt í hann. Netpoka skal hafa lágmarks möskvastærð m.t.t. fiskistærðar, samkvæmt töflu hér að neðan: <table border="1"> <thead> <tr> <th rowspan="2">Minnsta fiskistærð (g)</th> <th colspan="2">Lágmarks möskvastærð</th> </tr> <tr> <th>Leggur mm</th> <th>Heilmöskvi mm</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>25</td> <td>14</td> <td>30</td> </tr> <tr> <td>50</td> <td>16</td> <td>34</td> </tr> <tr> <td>100</td> <td>20</td> <td>42</td> </tr> <tr> <td>200</td> <td>22</td> <td>46</td> </tr> <tr> <td>500</td> <td>25</td> <td>52</td> </tr> <tr> <td>1000</td> <td>28</td> <td>58</td> </tr> </tbody> </table>	Minnsta fiskistærð (g)	Lágmarks möskvastærð		Leggur mm	Heilmöskvi mm	25	14	30	50	16	34	100	20	42	200	22	46	500	25	52	1000	28	58
Minnsta fiskistærð (g)	Lágmarks möskvastærð																							
	Leggur mm	Heilmöskvi mm																						
25	14	30																						
50	16	34																						
100	20	42																						
200	22	46																						
500	25	52																						
1000	28	58																						
Verkregla:	<p>Nótaskipti með fiski í kví æskileg aðferð.</p> <ul style="list-style-type: none"> Byrjað er á því að smeygja nýju nótinni niður með gamla pokanum. 8 tóg eru bundin með jöfnu millibili í nýju nótina og á handrið kvíar. Nýja nótin er látin sökkva niður og opnast hún fyrir neðan gamla pokann. Tógin eru sett inn á koppa og nýja nótin dregin utan um þá gömlu. Kafari fer niður og tekur nýju nótina út. Áður en gamla nótin er fjarlægð er Neðansjávar eftirlit með köfun framkvæmt. Öll bönd eru leyst af eldri poka, hún látin hanga á krókum handriðs. Nýja nótin er bundin á hringinn og hoppneti tillt á handrið. Stöðvarstjóri eða staðgengill hans skal samþykka frágang netpoka áður en fiskur er settur/fluttur yfir í nýjan netpoka. Miðjuband gamla pokans er fest í krana, hann leystur niður allan hringinn og hann síðan hífður upp á röngunni. Fiskurinn hvolfist þá í nýja pokann. <p>Eftirlitsferð er farin á kvína til að tryggja að allar festingar séu rétt bundnar.</p>																							

Skráning:	<ul style="list-style-type: none">Allar skráningar netpoka eru í Havbrúksloggen. Skráð er í ferilskrá beggja netpoka hvar núverandi staðsetning þeirra sé. Ferilskrá viðkomandi netpoka er flutt til í (viðkomandi skjalastjórnunarkerfi) þannig að hún sé undir réttu kvi. Havbrúksloggen.
------------------	---

Hreinsun á netpoka	
Markmið:	Draga úr sliti og álagi á netpoka og tryggja sjógæði.
Helstu Áhættuþættir:	<ul style="list-style-type: none"> • Ásætur auka þyngd netpoka og líkur á sliti og að möskvar slítni vegna álags. • Kræklingur og hrúðurkarl geta aukið slit á netmóskvum og myndað göt og hindrað sjóskipti í kví. <p>Hvitt nælon þolir aðeins 20 þvætti þa er strykurinn farinn, þannig að FA hefur skipt yfir í nýtt efni Viking Plus sem þolir 100 þvætti.</p>
Ábyrgð:	<p>Eldisstjóri er ábyrgur fyrir því að samningur sé gerður við viðurkendum aðila um að sinna nótaþvotti.</p> <p>Samningur: Egersund á Eskifirði, tengiliður er Barði S:787-6050 Þjónustudeild IFF sér um neðansjávarþvott og rótbot efirlit. Framkvæmt mánaðarleg eða 9x á ári á hverri virkri nót.</p> <p>Stöðvastjóri er ábyrgur fyrir því að samningi sé fylgt eftir og hreinsun sé nægjanleg.</p>
Undirbúningur:	<ul style="list-style-type: none"> • Frá 1. janúar til 31 mars verði nótapokar aðeins þvegnir þyki á stæða til • Í apríl skulu allir pokar þvegnir einu sinni, bæði veggir og botnar • Frá 1. maí til 31 ágúst skulu allir veggir poka þvegnir u.þ.b á þriggja vikna fresti og botnar á 6 vikna fresti. <p>Frá 1. september til 31. desember skulu allir veggir poka vera þvegnir á 4 til 6 vikna fresti og botnar á 8 til 12 vikna fresti. Þ.e.a.s. veggir poka skulu þvegnir þrisvar á þessu tímabili og botnar einu sinni eða tvisvar, að höfðu samráði við tengilið þjónustukaupa.</p>
Verkregla:	<ul style="list-style-type: none"> • Við hreinsunina er notaður þjarki sem þjónustuaðili leggur til. • Hreinsa skal undan straumi eins og frekast er unnt, til að lífrænn úrgangur berist síður inn í kvína. <p>Kafarar eru notaðir til að hreinsa netpoka eftir því sem við á.</p>
Skráning:	Skráð er í Ferilskrá netpoka í Havbrnksloggen. dagsetning hreinsunar og helstu upplýsingar hennar.

Móttaka á seiðum																								
Markmið:	Markmið með verklagsreglum er koma í veg fyrir að seiði sleppi í náttúruna og að tryggja gæði og heilbrigði seiða.																							
Ábyrgð:	Eldisstjóri ber ábyrgð á að eftirlit sé virkt og heilbrigðisvottorð sé í lagi. Stöðvarstjóri og gæðastjóri skulu tryggja að búnaður sé í góðu ásigkomulagi.																							
Verkregla:	<ul style="list-style-type: none"> • Hitastig sjávar þarf að vera yfir 4 °C þegar seiði eru flutt í sjókvíar • Tryggja þarf að laxaseiði séu fullkomlega sjóklár (smoltuð) við útsetningu. Mælingar á seltupólí laxaseiða er framkvæmt af þar til bætum aðilum (Pharmaq) á síðustu stigum eldis í seiðastöð eða innra seltupólspróf. 330 dgr á saltfóðri o.s.frv. • Séu seiði losuð úr brunnbát þegar dagsbirtu nýtur ekki við skal komið fyrir minnst einu ljósi á yfirborði viðkomandi kvíar. • Tryggja þarf að allur búnaður eldiskvíar sé fullfrágenginn þegar fiski er sleppt í kví • Notkun tilbúna örvandi eða róandi efna fyrir flutning eða á meðan honum stendur er óheimil. - Netpoka skal hafa lágmarks möskvastærð m.t.t. fiskistærðar, samkvæmt töflu hér að neðan: <table border="1" style="margin: 10px auto; border-collapse: collapse; text-align: center;"> <thead> <tr> <th rowspan="2">Minnsta fiskistærð [g]</th> <th colspan="2">Lágmarks möskvastærð</th> </tr> <tr> <th>Leggur mm</th> <th>Heilmöskvi mm</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>25</td> <td>14</td> <td>30</td> </tr> <tr> <td>50</td> <td>16</td> <td>34</td> </tr> <tr> <td>100</td> <td>20</td> <td>42</td> </tr> <tr> <td>200</td> <td>22</td> <td>46</td> </tr> <tr> <td>500</td> <td>25</td> <td>52</td> </tr> <tr> <td>1000</td> <td>28</td> <td>58</td> </tr> </tbody> </table> <ul style="list-style-type: none"> • Brunnbátur skal ekki leggjast að kví í vindstyrk meiri en 15 m/sek og leggjast að vind megin ef blæs. • Passa þarf að aðskilnaður milli hefðbundna hópa og lífræna hópa sé eftir stöðlum. • Lífrænir hópar eiga alltaf að vera í fyrstu kvíum með straumi á stöðinni 	Minnsta fiskistærð [g]	Lágmarks möskvastærð		Leggur mm	Heilmöskvi mm	25	14	30	50	16	34	100	20	42	200	22	46	500	25	52	1000	28	58
Minnsta fiskistærð [g]	Lágmarks möskvastærð																							
	Leggur mm	Heilmöskvi mm																						
25	14	30																						
50	16	34																						
100	20	42																						
200	22	46																						
500	25	52																						
1000	28	58																						
Skráning:	E fjöldi lifandi/dauðra seiða skal skráð í eldisbókhalda FT. Heilbrigðisvottorð dýralæknis og flutningsskýrsla skulu geymd í möppu um heilbrigðismál.																							

Losun á dauðum fiski úr netapoka	
Markmið:	Markmiðið með verkreglum er að tryggja að réttri meðhöndlun við losun á dauðum fiski sé fylgt, minnka álag á netpoka, draga úr hættu á að afræningjar sækji í dauðan fisk, tryggja hreinlæti og minnka hættu á smiti. Einnig að tryggja að dauður fiskur sé meðhöndlaður á réttan hátt.
Umfang:	Verkreglurnar ná yfir losun úr dauðfiskaháfi eða Lift-up kerfi, meðhöndlun á dauðum fiski og skrásetningu á orsökum og fjölda.
Ábyrgð:	Stöðvarstjóri ber ábyrgð á að starfsreglum sé fylgt. Stöðvarstjóri og aðrir starfsmenn sjá um að hreinsa dauðfisk, telja dauða fiska, skrá fjöldann (og þyngd þegar við á) og sjá til þess að afrit af skráningarblaði berist til þeirra er skrá í eldisbókhalda. Starfsmenn á fóðurstöðinni skrá í FT. Eldisstjóri stýrir skýrslugerð til Umhverfisstofnunar.
Verkregla:	<ul style="list-style-type: none"> • Vitja skal um dauðfiskaháfa/liftup daglega þegar því verður við komið (sbr. 36. gr. VI. kafla í Reglugerð um fiskeldi Nr. 1170/2015) • Neðansjávar eftirlit skal framkvæma eigi sjaldnar en á 3 mánaða fresti með köfun eða með neðansjávar myndavélum. Sérstaklega skal skoða nætur m.t.t. slits á botni frá háfi og tjarlægja dauðan fisk sem ekki hefur ratað í dauðfiskaháf eða Lift-Up, sjá nánar í neðansjávar eftirliti. • Dauðfiskaháfana skal draga upp í einni lotu og helst ekki meðan fóðrað er. • Dauðan fisk skal losa í sérstaklega merkhum fiskikörum sem notað eru eingöngu í þeim tilgangi. Taka skal nægjanlega mörg ker til að þau nægi undir rýflega þann skammt sem búast má við úr háfum. • Allur fiskur er settur í meltu í prömmunum og skip kemur að sækja meltuna í loðdýrafóður(Hordafor). Nema um of mikið magn sér að ræða (massadauða) og þurfi að taka til þess að urða fiskinn er farið eftir atriðunum hér fyrir neðan. • Jafnframt því sem háfar eru dregnir upp og losaðir skulu sveimarar háfaðir, eftir því sem kostur er, þeir settir og skráðir með dauð fiskinum. • Hver háfur sem notaður er til að háfa „sveimara“ eða dauðan fisk sem t.d. dettur úr dauðfiskaháfi við yfirborð skal eingöngu nota á einni staðsetningu. Þetta skal gert til minnka líkur á að sjúkdómar eða óværa berist á milli staðsetninga. • Allan fisk sem á að urða skal komið í frysti/kæligám þar til að nægjanlegt magn hefur safnast til að fylla vörubilsfárm. Gámaþjónusta Funi ehf. Sér um að urða fiskinn. <p>Haldnar skulu sundurlíðunar skýrslur um fjölda og orsakir dauða úr öllum eldiseiningum sem eiga að vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.</p>

Skráning:	Starfsmenn inná stjórnstöðinni eru ábyrgir að skráning á tölum sé sett inni FT og framleiðslustjóri hefur yfirsýn
------------------	---

Utanaðkomandi þjónustubátar	
Markmið:	Koma í veg fyrir að þjónustubátar valdi skemmdum á sjókvíum með þeim afleiðingum að fiskur sleppur út.
Ábyrgð:	Stöðvarstjóri
Helstu Áhættuþættir:	<ul style="list-style-type: none"> • Skrúfa þjónustubáts geri gat á netpoka. • Eignustubátur sigli á sjókví. • Eignustubátur sem festur er við sjókvíar veldur skemmdum á þeim. <p>Báturinn beri ekki með sér smiti/ sé sóttreinsaður.</p>
Undirbúningur:	<ul style="list-style-type: none"> • Um borð í þjónustubáti þarf að vera kort af staðsetningu eldiseininga, festinga og annars búnaðar sem tilheyrir eldinu.
Verkregla:	<ul style="list-style-type: none"> • Stöðvarstjóri gerir skipstjóra þjónustubáts grein fyrir því hvernig á að leggja upp að eldiseiningu m.t.t. strauma og vinda. • Ekki skal leggjast upp að kví ef vindhraði er meira en 20 m/sek <p>Stöðvarstjóri ákveður tímasetningu á aðkomu þjónustubáta og tekur mið af aðstæðum hverju sinni.</p>
Skráning:	Stöðvarstjóri skráir þær upplýsingar ef þess þarf í Havbruksloggen eða EQS þar sem við á

Meðhöndlun úrgangs og spilliefna	
Markmið:	Að uppfylla reglur og lög er lúta að förgun spilliefna og lífræns úrgangs og koma í veg fyrir mengun
Umfang:	Á við alla þætti reksturs
Ábyrgð:	Allir Starfsmenn fyrirtækisins
Verkregla:	Lífrænum úrgangi, dauðum og sýktum fiski skal skilað til til eyðingar hjá Funa hf.. Eða eytt í maurasýru með þar til gerðum búnaði (sbr. 36. gr. VI. kafla í Reglugerð um fiskeldi Nr. 1170/2015). Spilliefnum Olíu/hreinsiefnum skal komið til förgunar til olíufélags N1 á þar til gerða spilliefnatanka eða til annara viðurkenndra aðila. Umbúðir og plast er sett í gáma frá gámaþjónustunni Funi eða Íslensku gámaþjónustunni
Skráning:	Grænt bókhald. Ábyrgð: Stöðvarstjóri, Eldisstjóri og Fjármálastjóri.

Slátrun													
Markmið:	Að hámarka verðmæti eldisafurða og lágmarka sóun verðmæta og gæta fyllstu varúðar gagnvart náttúru og dýravelferð												
Ábyrgð:	Stöðvarstjóri/Verkefnastjóri og Vinnsluaðili samkvæmt samningi þar um.												
Verkregla:	<ul style="list-style-type: none"> • Miða skal við að öll förgun fisks og meðhöndlun við slátrun valdi sem minnstu stressi og hjáski á fisk. Öllum fiski sem fangaður er hverju sinni í kastrót skal slátrað og hann ekki geymdur í nóttinni lengur en í tvo sólarhringa. • Svelti fyrir slátrun skal vera 40-70 daggráður(°d) og aðlagað að hitastigi hverju sinni <ul style="list-style-type: none"> ○ 12-14 dagar eru hámark í sveltistíma áður en slátrun byrjar ○ Ef hitastigið er undir 5°C þá ætti að vera minnsta kosti 10 dagar í svelti <table border="1" style="margin-left: 20px; border-collapse: collapse; width: 100%;"> <thead> <tr> <th>Temperature in sea(°c)</th> <th>days</th> <th>Day degrees(°d)</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>3,5°C</td> <td>10</td> <td>35°d</td> </tr> <tr> <td>5,5°C</td> <td>10</td> <td>55°d</td> </tr> <tr> <td>6,5°C</td> <td>7</td> <td>45,5°d</td> </tr> </tbody> </table> <ul style="list-style-type: none"> ○ Sýnishorn • Fiskur skal rotaður og blóðgaður um borð í sláturbát eða í vinnslu. • Kæla skal fiskinn strax eftir blæðingu á sem fljótlegastan máta. Super chill kerfi frá 3x er nú notað. • Upplýsingar um áætlað magn, hitastig fisks og uppruna skulu berast með fiski til sláturaðila samkvæmt stöðlum Aquagap skráningar. <p>Brunnbátur skal ekki leggjast að því ef vindstyrkur er meiri en 15 m/sek og leggjast að vind megin. Einnig skal súrefnismettun sjávar vera meira en 75%.</p>	Temperature in sea(°c)	days	Day degrees(°d)	3,5°C	10	35°d	5,5°C	10	55°d	6,5°C	7	45,5°d
Temperature in sea(°c)	days	Day degrees(°d)											
3,5°C	10	35°d											
5,5°C	10	55°d											
6,5°C	7	45,5°d											
Skráning:	Áætlað magn og ástand fisks skal fært í EQS undir "Harvest delivery" og skal fjöldi og vigt færð í eldisbókhalda Fishtalk, eftir að nákvæmar upplýsingar berast frá sláturaðila.												

Meðhöndlun á netapoka	
Markmið:	Tryggja að netpoki sé meðhöndlaður á þann hátt að gæði hans og öryggi séu fullnægjandi með tilliti til slysasleppinga.
Umfang:	Verkreglurnar gilda um meðhöndlun á netpoka frá móttöku og þar til hætt er að nota hann. Móttaka, flutningur, geymsla, sjósetning, skipti og úttekt á netpoka.
Ábyrgð:	Stöðvarstjóri
Verkregla:	<p>MÓTTAKA Á NETPOKA Sjá móttökueftirlit í kaflanum Innra Eftirlit.</p> <p>FLUTNINGUR OG GEYMSLA</p> <ul style="list-style-type: none"> Netpoka skal geyma á þurrum og frostlausum stað. Það er mikilvægt að þeir séu ekki geymdir í lengri tíma óvarðir gegn sólarljósi, þá mega þeir ekki komast í snertingu við súru. Netpokar skulu fluttir og geymdir þannig að þeir verði ekki fyrir skaða. <p>MÉDHÖNDLUN OG SJÓSETNING Á NETPOKA</p> <ul style="list-style-type: none"> Alltaf skal meðhöndla netpoka á varfærinn hátt þegar lyfta þarf honum eða flytja. Ekki skal beita átaki á möskva þegar poka er lyft, styrkur netpokans liggur í styrktar tógum. Þegar netpoki er settur í kví skal allt vera klárt áður en fiskur er settur í nótina. Framkvæma skal köfnareftirlit til að ganga úr skugga um að engin göt séu á netpokanum. Öll eyru á hoppneti skulu fest í hringinn. Dauðfiskasöfnun (háfur eða Lift-up) skal setja í nótina og hann prófaður. Meta hvort ástæða er til að bæta við þynningum á pokann. <p>SKIPT UM NETPOKA Sjá verkregluna Skipt um Netpoka.</p> <p>ÚTTEKT Á ÁSTANDI OG VIÐHALD Á NETPOKA Að lágmarki á 24 mánaða fresti skal gera úttekt á ástandi netpokans af (netaverkstæði). Möskvar í netpoka skulu uppfylla að lágmarki 70% af slitþoli samkv. reglugerð um Fiskeldi. Fyrir hoppnet er þó nægilegt að slitþolið sé 65%.</p>
Skráning:	<p>Á hverjum tíma skal vera hægt að sjá hvar netpoki er, eftirlit með honum og forsoðu hans í Ferilskrá netpoka. Allar skráningar um netpoka eru í Havbrúksloggen.</p> <p>Vottorð frá framleiðanda og niðurstöður úr eftirliti frá eftirlitsaðila skal geyma í (viðkomandi skjala stjórnumarkerfi) undir kaflanum ferilskrá netpoka.</p>

Flutningur lifandi fiskar	
Markmið:	Tryggja að fiskurinn hafi sem bestu gæði sem mögulega hægt er á meðan flutningi stendur.
Umfang:	Verkreglurnar gilda um allan flutning á lifandi fisk sem dæmi seiðaflutningur, flutningur í slátrun og flutningur á milli kvía.
Ábyrgð:	Eldisstjóri
Verkregla:	<p>Flutningi skal hagað þannig að álag sé sem minnst og komið sé í veg fyrir meiðslí á fiski.</p> <p>Ef það er verið að flytja lifandi fisk sem er undir lífrænni vottun og tjón verði á fiski skal slíkt þegar í stað tilkynnt til vottunarstofunnar tús.</p> <p>Flutningstæki og -lát skulu þrífir og hreinlæti þeirra kannað fyrir og eftir notkun. Þríf þessi og athugun á hreinlæti skulu vera skráð.</p> <p>Flutningsvatn skal uppfylla lífeðlisfræðilegar þarfir fisks hvað varðar hitastig og súrefnismettun.</p> <p>Fyrir fisk sem fellst undir lífræna vottun hefur leyfilega lengst 6 klukkustundir í flutningstíma þegar verið er að flytja án vatnsskipta í flutningsbifreiðum.</p> <p>Þéttleika lífræns vottunar eldisfisks í flutningi með stöðugum vatnsskiptum skal ekki vera meira en 150kg/m³.</p> <p>Notkun tilbúinna örvandí eða róandí efna fyrir flutning eða meðan á honum stendur er óheimill.</p> <p>Tiltekinn starfsmaður skal bera ábyrgð á velferð lagardýra meðan á flutningi þeirra stendur.</p>
Skráning:	Allar skráningar um flutning eru inni Fishtalk og EQS

Viðauki 12: Vátryggingaskírteini og yfirlýsing frá Tryggingamiðstöðinni vegna Seyðisfjarðar



- Fiskeldi Austfjarða hf.
Guðmundur Gíslason
Nesbala 122
170 Seltjarnarnesi

Vátryggingaskírteini
Samrit skírteinis
Kennitala 520412-0930
Netfang eggjahvita@gmail.com

Ábyrgð

Ábyrgðartrygging:

Skírteinisnúmer: 2888986
Vátryggingartímabil: Frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2019
Starfsemi: Bráðamengun V/Seyðisfjörður
Vátryggingarfjárhæð: Hámarksbætur í hverju einstöku tjónsáviki og samantlagt á vátryggingarárinu eru kr. 300.000.000
Eigin áhætta: 15% í hverju tjóni, þó minnst kr. 107.000 og mest kr. 1.070.000
Sundurliðun: Lýsing á starfsemi:
Fiskeldi Seyðisfjörður

Skilmálar: Um vátryggingu þessa gilda skilmálar Tryggingamiðstöðvarinnar nr. 200 (www.tm.is/skilm/skm200v3r11si.pdf) svo og þeir sérstöku skilmálar og/eða skildagjar sem tilgreindir eru. Vakin er athygli á almennum undantekningum vegna tjóna á munum samkvæmt 7. grein vátryggingarskilmálanna, sérstaklega er varðar tjón á munum í vörslu vátryggðs.

Vátryggingartaki er beðinn um að kynna sér vel skilmála þá sem gilda um vátrygginguna. Einkum ákvæði þeirra um greiðslu iðgjalds og áhrif þess að það sé ekki greitt á réttum tíma, ákvæði um gildissvið vátryggingarinnar og takmörkun á ábyrgð og varúðarreglur sem gilda. Skilmála er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins www.tm.is. Ef óskað er eftir því að fá skilmála senda í pósti þá hafið samband við næstu skrifstofu félagsins, umboð þess eða í síma 515 2000.

Sérstök athygli er á því vakin að samkvæmt lögum glatast réttur til bóta ef vátryggður, eða sá er á rétt til bóta, tilkynnir ekki Tryggingamiðstöðinni um kröfu sína innan árs frá því hann hefur nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans.

Gert 14.05.2019/Dórir Ingbórssón
Reykjavík 14.05.2019
TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN



Fiskeldi Austfjarða hf.
Nesbala 122
170 Seltjarnarnesi


Yfirlýsing

Það lýsist hér með yfir að Tryggingamiðstöðin hf. kt. 660269-2079 mun, að uppfylltum skilyrðum, veita Fiskeldi Austfjarða hf. kt. 520412-0930 váttryggingu til grundvallar rekstrarleyfis 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, kynslóðaskipt eldi.

Váttryggingin er til efnda váttryggingartaka gagnvart váttryggðum, Matvælastofnun kt. 460905-1410, á því að fyrirtækið inni af hendi skyldur sínar við að greiða þann kostnað sem til fellur og váttryggður hefur stofnað til skv. 21. gr. b laga nr. 71/2008 um fiskeldi vegna starfsemi váttryggingartaka samkvæmt rekstrarleyfinu. Váttryggingin takmarkast þó við að greiða þann kostnað sem til fellur við:

- a. að fjarlægja búnað sjókvíaeldisstöðvar váttryggingartaka samkvæmt rekstrarleyfinu ef hann hættir starfsemi,
- b. viðgerð á búnaði,
- c. hreinsun eldissvæðis og
- d. nauðsynlegar ráðstafanir vegna sjúkdómahættu fari váttryggingartaki ekki að fyrirmælum váttryggðs skv. lögum nr. 71/2008, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða skilyrðum rekstrarleyfis.

Váttryggður getur krafist félagið um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, án undangengis dómsúrskurðar, telji hann það nauðsynlegt enda komi til slíkra aðstæðna sem að ofan greinir.


Reykjavík, 21. maí 2019
TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF.
Þóroddur Sigfússon

Viðauki 13: Lokaðar kvíar í sjó og landeldi – valkostagreining

Lokaðar kvíar í sjó

Eldi í hálflokuðum eða lokuðum kvíum á sjó hefur verið nefnd sem leið til þess að stunda fiskeldi og geti komið í staðinn fyrir hefðbundið eldi í netkvíum. Munnurinn á hálflokuðum eða lokuðum einingum og eldi í netkvíum er sá að í fyrrnefndu kvíunum er gegnheill dúkur eða veggur sem ætlað er að aðskilja eldisfiskinn frá ytra umhverfi.¹ Dúkurinn eða veggurinn getur verið úr ýmsum efnum. Í netkvíum er engin dúkur eða veggur sem kemur í veg fyrir að sjór fæði í gegnum kvíarnar.

Umhverfisaðstæður

Markmiðið með lokuðum kvíum er að reyna að hafa stjórn á eldisumhverfi fisksins og lágmarka samspilið á milli eldisumhverfisins og ytra umhverfis. Þrátt fyrir að reynt sé að stjórna umhverfisaðstæðum í lokuðum sjókvíum og gera þær sem hægstæðastar fyrir eldisfiskinn, þá ráðast aðstæður í lokuðum kvíum mikið til af ytri aðstæðum. Þetta er vegna þess að fylla þarf kerfin af sjó og er honum dælt með dælingu inn í kvíarna af 15-25 metra dýpi í gegnum rör og neðst á hverri kví er síðan þar til gerður botnventill sem meðal annars hefur það hlutverk að stjórna útstreymi sjávar. Sjór sem notaður er í kvíunum mun þannig að öllum líkindum bera með sér úrgang og lífverur inn í kvíarnar.² Það að kalla þetta lokuð kerfi er því rangnefni.

Af þessum sökum skiptir máli að gæði þess sjávar sem dælt er inn í lokaðar kvíar séu góð og innihaldi lítið sem ekkert að utanaðkomandi úrgangi og lífverum. Sá búnaður sem notaður er í dag til að lágmarka áhættu að óæskilegum utanaðkomandi úrgangi og lífverum eru grófar síur.³ Þetta leiðir til þess að hætta á sýklum, þörungum, laxalús og öðrum örverum er alltaf fyrir hendi og geta þau borist inn í lokaðar kvíar og valdið miklu tjóni. Ýmsar aðrar hreinsiaðferðir, svo sem nota útfjólublátt ljós eða súrefni, eru í þróun en sem stendur er engin reynsla komin á þessar aðferðir.⁴

Vitað er að ýmsir þættir, t.d. hitastig, ljósmagn, magn lífrænna efna og næringarefna ásamt árstíðaskiptum hafa mikil áhrif á magn örvera í sjó fyrir utan lokaðar kvíar. Komist örverur inn í lokaðar kvíar geta komið upp sömu vandamál og koma upp í eldi í netkvíum og þau magnast í lokuðu umhverfi. Það að dæla inn sjó af 15-25 metra dýpi tryggir ekki að örverur muni ekki berast inn. Rannsakað hefur verið vel að hafið getur verið lagskipt en einnig að blöndum ólíkra laga eigi sér alltaf stað. Það þýðir að óæskilegar örverur geta borist niður á það dýpi sem sjó er dælt inn í lokaðar kvíar. Af þessu má leiða að helsti óvissuþátturinn við eldi í lokuðum kvíum, er hversu miklar líkur séu á því en ekki hvort að sýking, þörungablómi eða lús geti komið upp. Þessi tækni er enn þá í þróun og ekki er mikið vitað um þennan óvissuþátt.⁵

Í netkvíum sér náttúran til þess við að fjarlægja og dreifa úrgangsefnum, tryggja stöðugt flæði súrefnis, stjórna hitastigi og að fjarlægja koltvísýring. Þegar kemur að eldi í lokuðum kvíum krefjast allir þessir þættir sérhæfðra tæknilausna til þess að tryggja stöðugt umhverfi fyrir fiskinn svo hann þrífist. Helstu þættirnir sem horfa þarf til eru magn og ástand súrefnis, hitastig, magn koltvísýrings og heildarmagn svifagna í kvíunum. Jafnframt eru þetta áhættuþættir, vegna þess að fari eitthvað úrskaiðis bitnar það á fisknum (tafla 1).⁶

¹ Martinsen, 2015

² Lekang, 2013

³ Fiskeridepartementet, 1997

⁴ Haaland, 2017

⁵ Haaland, 2017

⁶ Haaland, 2017

Tafla 1: Helstu áhættuþættir vegna fiskeldis í lokuðum kerfum.

Risk	Source of risk	Consequence
High particle density	Feces and feed particles	Gill injuries
Increased internal infection	Low water exchange	Disease and higher mortality
Oxygen deficiency	Low water flow or low oxygen supply	Decreased stress tolerance, loss of control, suffocation
CO2	Operating errors	Suffocation
Ammonia	Operating errors	Poisoning
Stress	High fish density	Increased oxygen consumption and decreased tolerance to further stress and pathogens
Lack of space	High fish density	Wear on fins, bleeding and subsequent infections, impaired swimming ability

Heimild: Svåsand, 2016

Tryggja þarf að nægt súrefni sé í kvíunum til að viðhalda sem bestum aðstæðum fyrir eldisfiskinn. Verði súrefnisþurð fer það illa með fiskinn og getur valdið dauða. Sömuleiðis verður að gæta þess að magn koltvísýringar CO2 verði ekki mikið. Svifagnir er að mestu samsett úr fóðurögnum og úrgangi sem fiskurinn skilar af sér. Slíkur úrgangur getur aukið hættu á að upp komi sýkingar eða að þörungar fjölgi sér. Einnig þarf að tryggja að hitastig haldist stöðugt og sé ákjósanlegt fyrir fiskinn. Benda má á að hitalagsskipting í íslenskum fjörðum er ekki með sama hætti og í Noregi þannig að ekki er hægt að taka inn heitan djúpsjó að vetri. Þess vegna er afar líklegt að í okkar langa og kalda vetri myndi dæling á köldum sjó inni kerfin valda vetrarsárum og vaxtarstoppi eða dauða. Að lokum skiptir þéttleiki og magn í hverri kví máli fyrir fiskinn. Stærð lokaðra kvía er enn sem komið er lítil miðað við hefðbundnar sjókvíar. Að ala fisk í minni einingum þýðir meiri kostnað en að ala fisk í stærri einingum. Þéttleiki hefur líka áhrif á þætti eins og súrefni, koltvísýring og svifagnir.⁷

Við fiskeldi fellur alltaf til úrgangur, bæði fóðurleifar og saur frá fisknum. Í hefðbundnum kvíum flæðir sjór óhindrað í gegn og sér um að dreifa úrganginum. Í lokuðum kvíum er honum safnað saman og að öllum líkindum dælt í land, frekar en að honum sé dælt beint út í sjó. Það verður því að velta fyrir sér hvað verður um úrgang sem dælt er í land, er úrgangurinn urðaður, notaður til áburðar, fargað eða unninn á annan hátt.⁸ Þetta er óvissuþáttur verður að leysa úr og búast má við því að ef flytja eigi úrgang í land þurfi einhverskonar geymslustað. Úrgangurinn sem er sá þáttur sem helst hefur áhrif á umhverfið er því sá sami hvort kerfið sem er notað.

Að lokum má geta um slysasleppingar en slíkt er þekkt í hefðbundnu sjókvíaeldi þó það hafi minnkað mikið með bættum búnaði og eftirliti. Reynslan af svokölluðum lokuðum kerfum er að þar hefur fiskur sloppið út, dúkur rifnað og plast brotnað, og því er lítið unnið með notkun þeirra. Á meðan óvissa er til staðar um öryggi þessa búnaðar verður að ganga út frá því að alltaf séu líkur á að lax geti sloppið úr lokuðum sjókvíum.¹³

⁷ Timmons o.fl., 2010; Haaland, 2014; Calabrese o.fl., 2017

⁸ Martinsen, 2013; Haaland, 2017

Mannvirki og landnotkun

Lokaðar eldiskvíar er tiltölulega nýlegt fyrirbæri og hefur þróunin verið hröð á síðustu árum. Mismunandi frumgerðir að lokuðum kvíum eru á tekniborðinu og aðeins örfáar hafa orðið að veruleika.⁹ Þannig hafa níu frumgerðir verið byggðar (tafla 2) og aðrar 14 eru í þróun.¹⁰

Tafla 2: Yfirlit yfir þau 9 kerfi sem þróuð hafa verið og efnisval.

Name	Material
Agrimarine	Glass-reinforced plastic
Akvadesign	Flexible fabric
AquaDome	Glass-reinforced plastic
Ecomerden	Flexible fabric
FishGlobe	Polyethylen
HDN	Flexible fabric
Neptun	Glass-reinforced plastic
Preline	Glass-reinforced plastic
SalmonHome no.1	Concrete

Heimild: Haaland, 2017

Lokaðar kvíar eru í raun ný gerð að mannvirkjum og eðli þeirra er í raun annað en hefðbundinna netkvía.¹¹ Þar sem ólíkar gerðir lokaðra kvía eru í þróun, ólíkt netkvíum, þá er tækniforskrift þeirra ekki stöðluð (tafla 3). Tækniforskrift hefðbundinna netkvía er aftur á móti tiltölulega stöðluð og byggir það á marga áratuga þróun. Í dag þarf slíkur búnaður að vera vottaður og standast kröfur NS 9415:2009 staðalsins annars er notkun hans óheimil skv. lögum um fiskeldi nr. 71 frá 2008 og reglugerð sett með stöð í þeim lögum nr. 1170 frá 2015. Þó einhver lokuð kerfi hafi hlotið vottun skv. NS 9415:2009 staðlinum þá hafa þau ekki fengið stöðvarskirteini og því alls óvíst að hægt sé að nota þau við strendur Íslands. Þau geta því ekki talist valkostur eða framkvæmd í skilningi laganna.

Fyrir búnað að standast kröfur NS 9415:2009 staðalsins og stöðvarúttekt er mikilvægt vegna þess að það er grunnforsenda þess að hægt sé að nota búnað við sjókvíaeldi hér við land. Hefðbundnar netkvíar sem notaðar eru hér við land uppfylla kröfur staðalsins, meðal annars með tilliti til ölduhæðar. Lokaðar kvíar eru hannaðar til að standast ölduhæð að hámarki 1,5-2 metrar, en netkvíar sem Fiskeldi Austfjarða notar þola 5 metra ölduhæð. Lokaðar kvíar hafa sokkið í vöndum veðrum við prófanir í Noregi.¹² Hér við land getur sjólag oft verið slæmt, jafnvel inni í fjörðum og mikla storma getur gert. Þá er ölduhæð oft meiri en 2 metrar og er allsendis óvíst er að lokaðar kvíar þoli slík.

⁹ Iversen o.fl., 2013

¹⁰ Terjesen, 2017

¹¹ Iversen o.fl., 2013

¹² MSC AS, 2015

Tafla 3: Samanburður á mismunandi lokuðum kerfum.

System	Volume [m ³]	Capacity [kg/cycle]	Density [kg/m ³]	Add O ₂ [-]	Size [kg]	Amount [fish]	Flow [m ³ /min]
Neptun*	21000	1575000	75	Yes	1	1575000	400
Preline	2000	150000	75	Yes	1	150000	660
Akvadesign	6000	300000	50	Unknown	1	300000	Unknown
HDN*	3000	225000	75	Yes	1	225000	Unknown
Ecomerden	5000	400000	80	Yes	1	400000	Unknown
Agrimarine	5500	412500	75	Yes	1	412500	Unknown
Aquadome	5560	417000	75	Unknown	1	417000	Unknown
Salmon	1000	60000	60	Yes	1	60000	Unknown
Home no 1							
FishGlobe	3500	250000	71	Yes	1	250000	Unknown

*til að áætla mögulega burðargetu er þéttleiki 75 kg/m³. Heimild: Martinsen, 2015; Handeland, 2016; Terjesen, 2017.

Eins og fram hefur komið þá mun úrgangi sem fellur til í lokuðum kvíum verða safnað saman og honum dælt upp á land.¹³ Slíkt mun krefjast þess að einhvers konar aðstaða yrði byggð í landi til að geyma úrganginn. Einnig er ljóst að leiða þarf rafmagn úr landi í lokaðar kvíar til þess að knýja nauðsynlegan vélbúnað. Í dag þarf ekki aðstöðu í landi þegar hefðbundnar netkvíar eru notaðar. Landaðstaða er þáttur sem taka yrði inn í umhverfismat auk þess sem skipuleggja yrði slíkt svæði. Um er að ræða mjög ólíkar framkvæmdir.

Rekstur og kostnaður

Búast má við að þar sem lokaðar eldiskvíar á hafi er tiltölulega ný tækni og eru ennþá í þróun að kostnaður sé meiri og rekstur flóknari en í viðurkenndu sjókvíaeldi. Þetta er óvissuþáttur sem verður að skoða betur áður en hægt er að ráðast í stórar fjárfestingar á þessu sviði.¹⁴ Erlendar athuganir geta gefið einhverjar hugmyndir um kostnað, þannig sýndi ein rannsókn að stofnkostnaður er hærri og arðsemi fjárfestingar á þriðja ári er neikvæð fyrir lokaðar einingar, en jákvæður fyrir netakvíar.¹⁵ Einnig sýnir önnur rannsókn að framleiðslukostnaður er minni í netkvíum samanborið aðrar aðferðir eins og eldi í lokuðum kvíum.¹⁶

Athugun Fiskeldi Austfjarða hefur leitt í ljós að þessi kerfi eru ekki til sölu á almennum markaði og því ekki valkostur. Almenn er talið að rúmmetrinn í stöð með lokuðum kvíum sé um 10 sinnum dýrari en sjókvíastöð með netkvíum eða um 23.000 IKR/rúmmetrann. Það má áætla að í besta falli yrði framleiðslan á rúmmetra sú sama í báðum tilfellum. Kostnaðarmunur er því gríðarlegur auk þróunarkostnaðar.

¹³ Martinsen, 2013; Haaland, 2017

¹⁴ Martinsen, 2013

¹⁵ Boulet o.fl., 2010

¹⁶ Mørseth o.fl., 2013; Bjørndal o.fl., 2018

Landeldi

Landeldi, það er að ala fisk á landi, er ekki ný tækni heldur á hún sér langa sögu og má rekja hana allt aftur til 19. aldar. Á þeim tíma hefur aðferðin tekið miklum breytingum og þróast. Landeldi er stundað í mörgum löndum og gefið góða raun í tengslum við ýmsar tegundir fiska, t.d. tilapiu og silung. Þegar kemur að eldi á laxi þá hefur þessi tækni ekki reynst eins vel, þrátt fyrir það eru landeldisstöðvar notaðar við að ala upp laxaseiði áður en þau eru vanin á saltvatn og látin út í sjókvíar til frekara eldis.¹⁷

Hér á landi er landeldi ekki ný tækni heldur hefur landeldi á laxi og öðrum tegundum verið stundað um áratugaskelið. Stöðvar eins og Silfurstjarnan í Öxarfirði og Íslandlax í Grindavík voru byggðar á 9. áratug síðustu aldar og hafa verið í rekstri síðan þá. Þetta eru ekki stórar stöðvar og búa þær við einstakar aðstæður sem gerir þær arðbærar. Framleiðsla þeirra er á bilinu 1.000-1.500 tonn á ári.

Í umræðunni hefur því verið haldið fram að landeldi sé ein af þeim aðferðum sem gæti leyst sjókvíaeldi af hólmum. Einnig hefur komið fram að skortur hafi verið á greiningum á valkostum í umhverfismótum fyrirtækja sem stunda sjókvíaeldi. Af þessum sökum setur Fiskeldi Austfjarða fram eftirfarandi umfjöllun um þennan valkost til viðbótar því er fram kom í frummatsskýrslunni.

Valkosturinn felst í að byggð verði landeldisstöð í og við Seyðisfjörð. Stöðin á að geta framleitt allt að 10.000 tonn af laxi á ári. Bæði er fjallað um gegnumstreymisstöðvar og endurnýtingarstöðvar (e. RAS Recirculating Aquaculture System). Fiskeldi Austfjarða áætla að undir slíka stöð þyrfti um 30 ha lands. Hér að neðan verða áhrifum slíkrar stöðvar á umhverfið gerð skil, s.s. vegna gerðar mannvirkja, landnotkunar og reksturs.

Umhverfisaðstæður

Að reisa landeldisstöð sem á hverju ári framleiðir 10.000 tonn fylgir mikið umhverfisálag. Tengist það helst staðsetningu og stærð mannvirkisins (sjá umfjöllun kafla 4.4.2), aðgengi að vatni og notkun á því, aðgengi og notkun á rafmagni og velferð eldisfisksins og sjúkdómahættu. Slíkt álag er óhjákvæmilegt ef til þess kemur að slíkt mannvirki yrði reist í Seyðisfirði.

Vatn er takmörkuð auðlind og á það við bæði um ferskvatn og jarðhita. Vatn þekur um 70% af yfirborði jarðar og af því er 2,5% ferskvatn, en saltvatn eða sjór eru 97,5%. Ef flytja ætti allt eldi á laxi á land í heiminum þá myndi samkeppni um þessa takmörkuðu auðlind, sem vatn er, aukast á heimsvísu. Ferskvatn er stundum notað á síðari stigum eldis á laxi vegna skorts á aðgangi að saltvatni eða til þess að blanda það við saltvatn til þess að minnka seltu af lífeðlisfræðilegum ástæðum.¹⁸

Landeldisstöð Fiskeldis Austfjarða myndi vera staðsett við ströndina nærri sjó til þess að unnt sé að nýta saltvatn við framleiðsluna. Vatnsnotkun 10.000 tonna landeldisstöðvar er um 10.000 l/s á ári sem er gríðarlegt magn. Ef stöðin væri gegnumstreymisstöð þarf að tryggja að vatnið sem notað er sé sem næst kjörhita eða um 10°C. Til þess þarf jarðhita til að hita upp grunnvatnið en hann finnst ekki á Austfjörðum. Gegnumstreymisstöðvar er aðeins hægt að byggja á Reykjanesi og í Öxarfirði þar sem háhitasvæði er að finna.¹⁹ Af þessum sökum myndi rekstur stórrar gegnumstreymisstöðvar aldrei ganga upp á köldu svæði eins og á Austfjörðunum. Ef horft er til endurnýtingarstöðvar (RAS kerfi) þá gildir það sama um hana, en ekki hefur náðst góður eldisárangur í slíkum stöðvum þar sem ekki hefur tekist að tryggja góð vatnsgæði.²⁰

¹⁷ ISFA, 2016

¹⁸ ISFA, 2016

¹⁹ Amar Freyr Jónsson, 2018; Helgi Thorarensen, 2018; Björndal o.fl., 2018

²⁰ Amar Freyr Jónsson, 2018; Björndal o.fl., 2018

Rafmagn hér á landi er fyrst og fremst framleitt með vatnsfalls- eða jarðvarmavirkjunum. Þannig virkjunum fylgir mikið jarðrask og annað rask á umhverfi sem þó er mismikið eftir stærð virkjana. Til þess að framleiða 1 kg af laxi þarf að nota 6-10 kWh af rafmagni eftir því hverjar landfræðilegar aðstæður eru. Í útreikningum Fiskeldis Austfjarða er miðað við að nota 8 kWh til að framleiða 1 kg á laxi í landeldisstöð. Heildar rafmagnsnotkun slíkrar stöðvar yrði því um 80.000.000 kWh á ári eða 0,08 TWh á ári. Eðlilega þá vakna upp spurningar um hvort slík orka sé til staðar í núverandi orkukerfi eða hvort bæta þurfi úr því með því að byggja virkjun. Þá ber að spyrja sig hvort menn vilji umhverfisáhrif er slík virkjun myndi hafa og vísast um það til umfjöllunar um virkjunarframkvæmdir hér á landi.

Í Noregi er áætlað að 10.000 tonna landeldisstöð noti um 6 kWh á hvert framleitt kíló af laxi. Ef færa ætti alla ársframleiðslu Norðmanna í 130 landeldisstöðvar sem hver um sig framleiðir 10.000 tonn á ári er áætlað að heildarafmagnsnotkun yrði um 7,8 TWh á ári.²¹ Þessi tala er sambærileg fyrir endurnýtingarstöðvar (RAS kerfi) og gegnumstreymisstöðvar. Athuganir hafa staðfest að mikla raforku þarf til þess að reka landeldisstöðvar.²²

Í hefðbundnu sjókvíaeldi með netkvíum er þéttleiki fisk um 25 kg á rúmmetra þegar þeir eru komnir í sláturstærð. Í kerum í landeldisstöð er þéttleiki hærri, eða frá 50 kg til 80 kg á rúmmetra. Svo mikill þéttleiki getur leitt til heilbrigðisvandamála fyrir fiskinn svo sem minni vaxtar, roðvandamála og sárgeta myndast.²³ Vöxtur og stærð eldisfisks stjórnast t.d. af fóðri, hitastigi, þéttleika í kerum og öðrum umhverfisaðstæðum. Hitastig skiptir máli fyrir vöxt eldisfisks vegna þess ef hiti er ekki í og við kjörhita getur það leitt til þess að vaxtarhraði minnkar og fiskur nær ekki æskilegri sláturstærð. Þetta þýðir að ef vatnsgæði breytast til hins verra þá leiðir það til áður nefndra vandamála eða jafnvel dauða. Þetta á bæði við um endurnýtingarstöðvar og gegnumstreymisstöðvar.²⁴

Í umræðunni um landeldi hafa komið fram fullyrðingar um að það sé jafnvel laust við alla smit- og sjúkdómahættu, en því fer víðs fjarri.²⁵ Það er alltaf hættu til staðar að örverur berist inn í landeldisstöðvar með inntaksvatni, bæði ferskvatni og saltvatni. Komist örverur inn í lokuð kerfi landeldisstöðva og komi upp sýking geta þær oft á tíðum verið erfiðar við að eiga. Dauðhreinsa þarf allan búnað, bæði ker og leiðslur, og fjarlægja þarf fiskinn á meðan aðgerðir standa yfir. Vitað er til þess að í landeldisstöðvum í nágrennalöndum okkar hafi slík tilfelli komið upp aftur og aftur. Hægt er að minnka áhættuna ef inntaksvatn er meðhöndlað með útfjólubláu ljósi eða súrefni til að drepa örverunnar, en slíkt er dýrt og talsverður kostnaður hlýst af slíkri meðhöndlum.²⁶ Hér á landi er vel þekkt að BKD hafi komið upp í landeldisstöðvum og jafnvel að fiskur hafi sloppið, svo ekki er allt fengið með þeim.

Mannvirki og landnotkun

Landeldisstöðvar eru stór mannvirki sem þurfa stór landsvæði og þær geta ekki verið staðsettar hvar sem er. Slíkar stöðvar þurfa að vera staðsettar nálægt samgönguleiðum til þess að hægt sé að flytja afurðir á sem fljótastan og hagkvæmastan hátt í vinnslu og á markaði. Finna þarf góða lóð sem uppfyllir öll skilyrði sem gerðar eru til slíkra stöðva. Auk þess þarf að vera aðgangur að sjó og jarðvarma eða jarðsjó til þess að aðstæður séu sem bestar. Einnig þarf að huga að skipulagsskyldu slíkra mannvirkja og byggingartíma. Aðstæður fyrir landeldi er bara að finna á ákveðnum svæðum hér á landi og ljóst er að aðstæður í og við Stöðvarfjörð eru ekki þess háttar. Við byggingu landeldisstöðva

²¹ Bjørndal o.fl., 2018

²² ISFA, 2016; Canadian Science Advisory Secretariat, 2008

²³ Bjørndal o.fl., 2018; ISFA, 2016

²⁴ Iversen o.fl., 2013; Bjørndal o.fl., 2018

²⁵ Iversen o.fl., 2013; ISFA, 2016; Bjørndal o.fl., 2018

²⁶ Bjørndal o.fl., 2018

kæmu auk þess til skoðunar nábyliréttarsjónarmið, skoðun á rétti landeigenda s.s. vegna eignarnáms og fleiri atriði sem koma ekki til skoðunar við sjókvíaelði.

Fyrsti þátturinn í að reisa landeigisstöð snýr að því velja rétta staðsetningu en slíkar stöðvar eru ekki lítil mannvirki.²⁷ Í Noregi hefur t.d. verið áætlað að stöð sem framleiðir 10.000 tonn á ársgrundvelli þurfi a.m.k. 9 ha land ef hún er gegnumstreymisstöð en 6,4 ha ef hún er endurnýtingarstöð. Áætlað er að ef núverandi framleiðsla Norðmanna, sem er um 1,3 milljónir tonna, yrði öll sett á land myndi hún taka yfir landsvæði sem næmi um 11,7 km².²⁸ Í Kanada hefur verið áætlað að ef allt eldi á laxi yrði sett á land þyrfti um 138 km² landsvæði.²⁹ Landeldi þarf mikið landrými, eða 2-3 ha fyrir hver 1.000 tonn sem framleidd eru. Þess ber að gæta að stækkunarmöguleikar landeldis eru mun minni en í sjókvíaelði.³⁰ Auk þess er ljóst að sjónræn áhrif af slíku mannvirki á ásynd og landslag munu verða mikil og stöðin mun koma til með að sjást víða að.

Landfræðilegar aðstæður í Seyðisfirði gera það að verkum að ekki er hægt að byggja upp stóra landeigisstöð. Undirlendi er lítið sem ekkert í firðinum. Undirlendi í fjarðarbotninum en það svæði hentar að öllum líkindum fyrir landeigisstöð og það er fjarri vinnslustöð félagsins.

Þegar staðsetning og lóð liggja fyrir þá þyrfti að huga að eignarhaldi. Kanna þarf hvaða aðili eða aðilar eiga lóðina og athuga hvor áhugi sé fyrir að nota lóðina undir landeldi. Annað hvort þarf að gera lóðaleigusamning til lengri tíma eða kaupa lóðina; slíkt þýðir talsverðan kostnað fyrir framkvæmdaraðila. Því næst þarf að huga að því að fara í skipulagsvinnu. Gera þarf deiliskipulag og breyta aðalskipulagi. Slíkt þarf að gera í góðu samstarfi við sveitarfélag vegna þess að samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 liggur skipulagsvaldið hjá sveitarfélaginu. Skipulagstíminn tekur 2-3 ár. Auk þess þarf slík framkvæmd að fara í umhverfismat með tilheyrandi rannsóknum og athugunum og tæki það 4-5 ár að fullklára. Hönnun stöðvar, fá teikningar samþykktar og hefja framkvæmdir tekur nokkur ár og sjálfur byggingartíminn gæti hæglega verið 2-3 ár. Áætla má því að allt ferlið geti tekið að minnsta kosti 8 ár, þ.e.a.s. komi ekki til kærumála sem geta tafið framkvæmdina enn frekar.

Rekstur og kostnaður

Kostnaður við rekstur og fjármögnun landeigisstöðva er hærrí en við venjulegt sjókvíaelði, þetta sýna bæði erlendar og innlendar tölur úr landeldi. Þannig sýna rannsóknir frá Kanada að stofnkostnaður er hærrí og arðsemi fjárfestingar á þriðja ári er neikvæð fyrir lokaðar einingar, en jákvæð fyrir netakvívár.³¹ Norskar rannsóknir sýna svipaðar niðurstöður.³² Einnig sýna þær að kostnaður við daglegan rekstur er meiri í landeldi en í sjókvíaelði með netkvívium.

Hér á landi gílda alveg sömu lögmál, þ.e. landeldi er dýrara en sjókvíaelði. Það sýna útreikningar sem Fiskeldi Austfjarða hefur látið gera og byggjast á reynslutölum hér á landi og úr erlendum verkefnum.³³ Nokkur kostnaðarmunur er á byggingu endurnýtingarstöðva og gegnumstreymisstöðva.³⁴ Framkvæmdaraðilinn rekur í dag tvær landeigisstöðvar og búa stjórnendur félagsins yfir gríðarlegri þekkingu og reynslu af slíkum rekstri.

²⁷ Iversen o.fl., 2013

²⁸ Bjørndal o.fl., 2018

²⁹ ISFA, 2016

³⁰ Amar Freyr Jónsson, 2018

³¹ Boulet o.fl., 2010; Pinfold, 2013

³² Iversen o.fl., 2013; Bjørndal o.fl., 2017; Bjørndal o.fl., 2018

³³ Atlantic Sapphire, 2018

³⁴ Iversen o.fl., 2013; Bjørndal o.fl., 2017; Bjørndal o.fl., 2018; Boulet o.fl., 2010; Pinfold, 2013

Hægt er að bera kostnað við byggingu endurnýtingastöðvar Atlantic Sapphire í Flórída³⁵ við framkvæmd Fiskeldis Austfjarða um aukið sjókvíaelði Seyðisfirði (tafla 4). Byggingarkostnaðurinn í Flórída er um 344.000 kr/rúmmetra, sem er svo dýrt að slíkar endurnýtingarstöðvar verða aðeins byggðar við markaðinn eins og verið er að gera í Flórída ríki og Main ríki í Bandaríkjunum, en aldrei á Íslandi vegna þess að flutningurinn á markaðinn er svo dýr eða 2 USD/kg. Þessi 2 USD/kg er í raun hagnaðurinn sem næst með staðsetningunni. Til þess er og að líta að byggingarkostnaður er mun hærri á Íslandi en í USA og er ekki tekið tillit til þess hér. Framleiðni á rúmmetra í endurnýtingarstöð er í besta falli 127 kg af laxi á ári, sem gerir kröfu til meira eldisrýmis en ella til að ná framleiðslu framkvæmdar. Gera má því ráð fyrir að 10.000 tonna endurnýtingarstöð kosti um 28 milljarða króna, en til samanburðar þá er fjárfestingin við uppbyggingu 10.000 tonna sjókvíastöðvar um 2,3 milljarðar króna. Í þessum útreikningum er stuðst við rauntölur frá Atlantic Sapphire³⁶ og skýrslu frá NTNU og SINTEF.³⁷

³⁵ Atlantic Sapphire, 2018.

³⁶ Atlantic Sapphire, 2018.

³⁷ Bjørndal o.fl., 2018.

Tafla 4: Samanburður á fjárfestingu og framleiðslukostnaði á laxi í endurnýtingarstöð (RAS) annars vegar og í sjókvíaelði í Seyðisfirði hins vegar.

Samanburður á fjárfestingu og framleiðslukostnaði á laxi í landeldi og sjókvíaelði.					
Landeldi Endurnýtingarstöð (RAS) Seyðisfjörður			Sjókvíaelði Seyðisfjörður		
Fjárfesting á rúmmeter	355.000	Ikr	Fjárfesting á rúmmeter	2.310	
Framleiðsla á rúmmeter	127	Kg	Framleiðsla á rúmmeter	10	
Fjárfesting per framleitt kg/ár	2.795	Ikr	Fjárfesting per framleitt kg/	231	
Kwst per kg	0,5	#	Kwst per kg	0,4	
Ikr/kwst	11	kr	Ikr/kwst	11	
Rafmagnskostnaður/kg	5,5	Ikr	Rafmagnskostnaður/kg	4,4	
Fóður	182	Ikr	Fóður	182	
Fóðurstuðull	1,1	#	Fóðurstuðull	1,2	
Fóður per kg	200,2	Ikr	Fóður per kg	218,4	
Dauði á ári	3	%	Dauði á ári	3	
Launakostnaður	25,61	Ikr	Launakostnaður	41,85	
Afskriftir per kg	140	Ikr	5% Afskriftir per kg	35	
Viðhaldskostnaður	36	Ikr	Viðhaldskostnaður	4,8	
3% vextir á fjárfestingu	84	Ikr	5% vextir á fjárfestingu	12	
Tryggingar	1,69		Tryggingar	1,69	
Brunnbátur	0		Brunnbátur	20	
Seiði	33		Seiði	33	
Afskriftir og fjármagn	224	Ikr	Afskriftir og fjármagn	46	
Breytilegur kost/kg óslægt	302		Breytilegur kost/kg óslægt	324	
Samtals kostnaður lífandi	526		Total	371	
Slægt afhent keflavík	781		Slægt afhent keflavík	592	
Flug til USA	180		Flug til USA	180	
Slægt pakkað afhent USA	961		Slægt pakkað afhent USA	772	
Fjárfesting 10.000 tn	27.952.755.906		Fjárfesting 20.000 tn	2.309.523.810	

Nauðsynlegt að bera saman kostnað og fjárfestingu við byggingu gegnumstreymisstöðvar við fyrirhugað sjókvíaelði í Seyðisfirði (tafla 5). Eins og fyrra dæmið byggist þetta á erlendum og innlendum reynslutölum. 3 ha lands þarf til þess að framleiða hver 1000 tonn af laxi á landi.³⁸ Þannig að 10.000 tonna landeldi tekur um 20,4 ha lands. Mesta hugsanlega framleiðni á rúmmetra er 70 kg miðað við 10 gráðu hita en 40 kg/rúmmetra miðað við 5 gráðu hita. Það þarf 6-10 kWh til að framleiða 1 kg af laxi eftir því hverjar landfræðilegar aðstæður eru. Hér er miðað 8 kWh á kg af laxi út frá meðaltali. Nýbyggingarkostnaður er á milli 60.000 kr. og 140.000 kr. á rúmmetra og er því 100.000 kr. notað í útreikningum sem meðaltal. Gegnumstreymisstöðvar er aðeins hægt að byggja þar sem berg er lekt eins og á Reykjanesi og í Öxarfirði til að tryggja nægan aðgang að vatni og það þarf jarðhita til að ná 10°C hita á sjóinn sem er nauðsynlegt til að fiskurinn dafni og vaxi. Á Austfjörðum er sjór í berglögum um 5c sem dugir engan veginn og er rekstrarlíkan sem gengur aldrei upp sbr. útreikninga. Fyrir 10.000 tonna landeldisstöð á Austfjörðum má gera ráð fyrir heildarfjárfestingu uppá 25 milljarða króna, miðað við 5°C ársmeðalhita.

³⁸ Amar Freyr Jónsson, 2018

Tafla 5: Samanburður á fjárfestingu og framleiðslukostnaði á laxi í gegnumstreymisstöð annars vegar og sjókvíaelði í Seyðisfirði hins vegar.

Samanburður á fjárfestingu og framleiðslukostnaði á laxi í landeldi og sjókvíaelði.					
Landeldi gegnumstreymisstöðvar Ísland. MV 5 gráðu meðalhita.			Sjókvíaelði Seyðisfjörður		
Fjárfesting á rúmmeter	100.000	lkr		Fjárfesting á rúmmeter	2.310
Framleiðsla á rúmmete	40	Kg		Framleiðsla á rúmmeter	10
Fjárfesting per kg/ár	2.500	lkr		Fjárfesting per kg/ár	231
Kwst per kg	8	#		Kwst per kg	0,4
lkr/kwst	11	lkr		lkr/kwst	11
Rafmagnskostnaður/kg	88	lkr		Rafmagnskostnaður/kg	4,4
Fóður	180	lkr		Fóður	182
Fóðurstuðull	1,2	#		Fóðurstuðull	1,2
Fóður per kg	216	lkr		Fóður per kg	218,4
Dauði á ári	3	%		Dauði á ári	3
Launakostnaður	41,86	lkr		Launakostnaður	41,86
Afskriftir per kg	125	lkr		5% Afskriftir per kg	35
Viðhaldskostnaður	72	lkr		Viðhaldskostnaður	4,8
7% vextir á fjárfestingu	175	lkr		7% vextir á fjárfestingu	12
Tryggingar	1,69			Tryggingar	1,69
Brunnbátur	0			Brunnbátur	20
Seiði	33			Seiði	33
Afskriftir og fjármagn	300	lkr		Afskriftir og fjármagn	46
Breytilegur kost/kg óslæ	453			Breytilegur kost/kg óslæ	324
Samtals kostnaður lifan	753			Total	371
Slægt afhent keflavík	1058			Slægt afhent keflavík	592
Flug til USA	180			Flug til USA	180
Slægt pakkað afhent US	1238			Slægt pakkað afhent USA	772
Fjárfesting 10.000 tn	25.000.000.000				2.309.523.810

Heimildir:

Arnar Freyr Jónsson (2018). *Stórskala landeldi á Núpsmýri í Öxarfirði*. Erindi flutt á ráðstefnunni strandbúnaður 2018. Sótt af <https://strandbunadur.is/wp-content/uploads/2018/03/Arnar.pdf>.

Atlantic Sapphire (2018). *Atlantic Sapphire: Intrafish Seafood Investor Forum – London: September 13th 2018*. Sótt af <http://atlanticsapphire.com/assets/images/20180905-Atlantic-Sapphire-Intrafish-Seafood-Forum-London1.pdf>.

Bjørndal, T. Holte, E.A. Hilmarsen, Ø. & Tusvik, A., (2018). *Analyse av lukka oppdrett av laks – Landbasert og i sjø: Produksjon, økonomi og risikio*. NTNU, Sintef Ocean & SNF, Sluttrapport FHH Prosjekt 901442.

Boulet, D. Struthers, A. & Gilbert, É., (2010). *Feasibility Study of Closed-Containment Options for the British Columbia Aquaculture Industry*. Innovation & Sector Strategies Aquaculture Management Directorate Fisheries & Oceans Canada.

- Calabrese, S., Nilsen, T. O., Kolarevic, J., Ebbesson, L. O. E., Pedrosa, C., Fivelstad, S., Handeland, S. O. (2017). Stocking density limits for post-smolt atlantic salmon (*salmo salar* L.) with emphasis on production performance and welfare. *Aquaculture*, 468, 363-370.
- Canadian Science Advisory Secretariat (2018). *Assessing Potential Technologies for Closed-Containment Saltwater Salmon Aquaculture*. Canadian Science Advisory Secretariat.
- Fiskeridepartementet, N.-O. (1997). Forskrift om desinfeksjon av inntaksvann til og avlopsvann fra akvakulturrelatert virksomhet.
- Haaland, S.K. (2017). *Semi-closed-containment systems in Atlantic salmon production: Comparative analysis of production strategies*. NTNU.
- Handeland, S. (2016). Postsmoltproduksjon æi semilukkede anlegg; resultat fra en komparativ feltstudie. In *Fremtidens smoltproduksjon, at sunndalsøra 25-26. oktober 2016*.
- Helgi Thorarensen (2018). *Eru fleiri kostir raunhæfir fyrir laxeldi á Vestfjörðum?*. Sótt af <https://kjaminn.is/skodun/2018-10-05-eru-fleiri-kostir-raunhaefir-fyrir-laxeldi-vestfjordum/>.
- ISFA (2016). *The Evolution of Land Based Atlantic Farms*. International Salmon Farmers Association.
- Iversen, A., Andreassen, O., Hermansen, Ø., Larsen, T. A., & Terjesen, B. F. (2013). Opp-
- Iversen, A., Hermansen, Ø., Andreassen, O., Brandvik, R., Marthinussen, A., & Nystøyl, R. (2015). *Kostnadsdrivere i lakseoppdrett*. Nofima.
- Lekang, O.-I. (2013). *Aquaculture engineering (2nd edition)*. Somerset: Somerset, NJ, USA: John Wiley & Sons.
- Martinsen, S. (2013). *Assessment of Atlantic Salmon Farming in Floating Closed-Containment Systems*. Nekton AS & Smola Hatchery and Smola Farm.
- Martinsen, S. (2015). Teknologioversikt semi-lukkede anlegg i sjo. In *Tekset 2015*.
- MSCAS (2015). *Aquadomen skadet i stormen Ole*. Sótt af <http://mscaqua.no/aktuelt/skadet.html>.
- Pinfold, G. (2014). *Feasibility of Land-Based Closed-Containment Atlantic Salmon Operations in Nova Scotia*. Nova Scotia Department of Fisheries and Aquaculture.
- Svåsand T., Karlsen Ø., Kvamme B.O., Stien L.H., Taranger G.L. & Boxaspen K.K. (red.). (2016). Risikovurdering av norsk fiskeoppdrett 2016. *Fisken og havet*, særnr. 2-2016.
- Terjesen, B. F. (2017). *Lukkede anlegg land og sjø som tiltak mot lakselus*. In *Ctrlacqua (Ed.), Rensefiskkonferansen*. FHF.
- Timmons, M. B., Ebeling, J., Wheaton, F. W., Summerfelt, S. T., & Vinci, B. J. (2010). *Recirculating aquaculture systems* (3rd ed.). Cayuga Aqua Ventures.

Viðauki 14: Yfirlýsing frá Stapa jarðfræðistofu dagsett 19. september
2019

19. september 2019


Pórður Þórðarson, framkvæmdastjóri
Fiskeldi Austfjarða hf
Nesbala 122
170 Seltjarnarnesi

VARÐAR: Öflun sjávar úr borholum fyrir 10.000 tonna laxeldisstöð í Seyðisfirði

Varðandi fyrirspurn yðar um möguleika þess að afla 10.000 l/s sjávar úr borholum fyrir 10.000 tonna eldisstöð við Seyðisfjörð er rétt að líta til árangurs þeirra borana sem fram hafa farið víða á Suðaustur- og Austurlandi vegna jarðhitaleitar og öflunar fersks, ísalts vatns og sjávar, m.a. við Seyðisfjörð.

- 1) Jarðlög á Austfjörðum eru almennt séð mjög þétt og vatnsleiðni í berglögnum mjög treg og nær eingöngu bundin við sprungur í jarðlagastaflanum og malarríkar áreyrar.
- 2) Jarðhiti er til staðar á nokkrum stöðum þar sem berglögin eru nógu sprungin til að vatn seytili nægilega djúpt til að hitna, leita upp aftur og mynda jarðhitakerfi þegar vatnið stígur upp til yfirborðs. Flest eru þó jarðhitakerfin lítil á þessu landssvæði og hvert svæði, eða kerfi, gefur einungis af stærðargráðunni 10–100 l/s af vatni í dælingu með allt að 200 m niðurdrætti.
- 3) Á jarðhitasvæðunum eru til borholur í berg, sem gefa yfir 20 l/s í dælingu. Við Hoffell í Nesjum í Hornafirði er það t.d. mat Íslenskra orkurannsóknna (sjá Ársskýrslu ÍSOR, 2018) að jarðhitasvæðið þar geti staðið undir 35–45 l/s meðalársvinnslu, miðað við að dælt sé úr tveimur holum. Annars staðar þykir gott að ná 0,5–1,0 l/s af volgu eða köldu vatni úr hverri holu sem boruð er í berg, rétt nægilegu magni fyrir einstaka býli, heimili eða sumarbústað.
- 4) Á áreyrum í fjarðarbotnum Fjarðabyggðar hafa verið boraðar holur, 7"–14" víðar, sem geta gefið 10–50 l/s í dælingu. Einnig hafa verið boraðar holur á Austurfjörtanga við Hornafjörð, sem skila svipuðu magni af ísöltum og fullsöltum sjó. Áreyrar, aurkeilur og önnur laus jarðlög þurfa hins vegar að hafa rétta samsetningu af mól og sandi til að þau séu þokkalega vatnsgæf og vatnið hreint. Sandur, silt og leir gefa hins vegar lítið eða ekkert vatn, auk þess sem það litla magn sem næst getur verið mjög gruggugt.
- 5) Til að ná þeim 10.000 l/s af sjó, sem 10.000 tonna laxeldisstöð við Seyðisfjörð þyrfti, gæti þurft að bora a.m.k. 220 holur sem hver gæfi 50 l/s. Þetta er að mínu viti alls ekki mögulegt, og jafnvel þó borað væri í áreyrina fyrir botni fjarðarins leyfir rýmið hvorki þetta margar holur né dælingu. Kostnaður við boranir af þessari stærðargáðu yrði auk þess vart undir 650 milljónum króna.

Virðingarfyllst,




Ómar Bjarki Smáráson
jarðfræðingur

Viðauki 15: Staðarstraumsmælingar í Selstaðavík og Skálanesbót í júlí og ágúst 2019

Ice Fish Farm AS




Selstaðavík current measurements

5 m and 15 m



Akvaplan-niva AS Report: 61356.01

Customer information			
Title:	Current measurement 5 and 15 meters Selstaðavík		
Report number (s):	61356.01 (11 + attachments)	Locality name:	Selstaðavík
Locality number:	New	Map coordinates:	65°18.355 N 13°50.176 W
County:	Seyðisfjörður	Land:	Iceland
Contact:	Operations manager/contact: Kjartan D. Sigurðsson		
Customer:	Ice Fish Farm		

Main results from the current measurements				
Depth (m)	Max speed (cm/s)	Mean speed (cm/s)	Main direction water transport (degrees)	Mean temperature (degrees °C)
5	25,3	6,1	105	7,5
15	25,2	4,1	285-300	7,1
Information about the report				
Instruments:	08.07.2019	12.08.2019	Date of report:	16.08.2019
Responsible for field work:	Snorri Gunnarsson	Signature:		
Writer of report:	Stine Hermansen	Signature:		
Quality control	Kristine Steffensen	Signature:		

© 2019 Akvaplan-niva AS. This report can only be copied as a whole. Copying extracts from the report (text paragraphs, figures, tables, conclusion, etc.) reproduction in any other way, is only allowed after written approval from Akvaplan-niva AS.

Table of contents

1 INTRODUCTION.....	2
2 METHODOLOGY.....	3
2.1 Deployment and recovery of current instruments.....	3
2.2 Position and depth.....	3
2.3 Rig description.....	4
2.4 Current measurements.....	4
3 RESULTS.....	6
3.1 Current measurements.....	6
3.2 Tidal current.....	6
3.3 Wind generated current.....	7
3.4 Influence of the coastal current.....	8
3.5 Snow and ice melting.....	9
3.6 Data quality.....	9
4 INSTRUMENT DESCRIPTION.....	10
5 BIBLIOGRAPHY.....	11
6 APPENDIX.....	12
6.1 Current measurements.....	12
6.1.1 At 5 meters depth.....	12
6.1.2 At 15 meters depth.....	17
6.2 Rig form.....	22

1 Introduction

Akvaplan-niva AS has on behalf of Ice Fish Farm performed current measurements on the locality Selstaðavík, in Seyðisfjörður on Iceland. The measurements are performed to fulfill the criteria from the application form *Aquaculture in floating farms (20.01.2012)* issued by the Norwegian Directorate of Fisheries (Fiskeridirektoratet). The measurements also fulfill the demands from the Norwegian standard *NS 9415:2009 – Requirements for site survey, risk analyses, design, dimensioning, production, installation and operation*. There were no installations in the ocean at the time that could affect the measurements.

The methodology is in according to *NS 9425 – Part 1: Current measurement at fixed points*.

From for current measurements that is used in accredited work:

Reference	Requirements	Status
NS 9415:2009 5.2.1	Measurement position is representative for the whole locality	Ok
NS 9415:2009 5.2.1	The position is assumed to be for the maximum current speed	Ok
NS 9415:2009 5.2.1	Recording of currents at minimum every 10th minute	Ok
NS 9415:2009 5.2.1	Time, speed and direction is recorded in the entire period	Ok
NS 9415:2009 5.2.3	The measurement period is min. 28 days (one lunar phase)	Ok
NYTEK	External influences that has affected the measurements	No
APN Procedures	Procedure for current instruments and – data has been followed	Ok

2 Methodology

2.1 Deployment and recovery of current instruments

The instruments were deployed and recovered by personnel from Akvaplan-niva AS.

2.2 Position and depth

Position, measurement depth and total depth are given in Table 1. The placement in relation to the fish farm is illustrated in Error! Reference source not found..

Table 1 Measurement depth, position, total depth, measurement period and –interval for the current measurements

Measurement depth	5 meters	15 meters
Position	N65°18,355 W13°50,176	N65°18,355 W13°50,176
Position depth	86 meters	86 meters
Date measurement period	09.07.2019-08.08.2019	09.07.2019-08.08.2019
Nr. of days	30 days	30 days
Dato deployment - recovery	08.07.2019-12.08.2019	08.07.2019-12.08.2019
Data disruptions	No	No
Measurement interval	10 min	10 min
Navigation system	gps	gps
Determination of depth	Olex	Olex




Figure 1. Placement of the current measurement rig in relation to the locality Selstadavik.

2.3 Rig description

The instruments were put on a rig with instruments at 5- and 15-meters depth (appendix 6.2).

2.4 Current measurements

The position of the rig is considered to be representative for the entire location. Akvaplan-niva AS performed quality control and graphic presentation of data.

In order to distinguish the tide component of the current, a harmonic analysis of the flow was performed. The current speed was first averaged over half an hour to remove noise from the time series before the analysis was performed. The tidal estimate and the variance of tide compared with the variance of the total current is calculated from the period 08.07.19-12.08.2019.

The results from the harmonic analysis were used to reproduce the tidal contribution in the measurement series using a tidal model (Codiga, 2011). The total flow is the mean over ½-hour before the variance ellipses are estimated, so the variance of the two components is estimated on the same basis. The variance ellipses show a standard deviation of the variance to a) all the measurements and b) the reproduced tide component. Explained variance is estimated from the correlation (r) between total current and tide current, and are calculated from the following formula:

$$\text{Explained variance} = [\text{correlation coefficient}(\text{speed_tide}, \text{speed_total})]^2.$$

This gives an estimate of how much of the total variance can be explained by the estimated tide component. It is important to note that these ellipses are not a classic tidal ellipse but a variance ellipse of the tidal component to the current. Furthermore, the tide is estimated from a model and not actual measurements.

3 Results

3.1 Current measurements

The results from the current measurements at 5 meters depth reveals that the main current direction and mass transport of water are defined to the east (105 degrees), with a return current to the west-northwest (255). Average current speed is 6,1 cm/s. 0,6 % of measurements are > 20 cm/s, 15,1 % of measurements are > 10 cm/s, 62,1 % of measurements are between 10 and 3 cm/s, 19,2 % of measurements are between 3 and 1 cm/s and 3,6 % of measurements are < 1 cm/s.

The results from the current measurements at 15 meters depth reveals that the main current direction and mass transport of water are defined to the west-northwest (285-300 degrees), with a return current to the east (105 degrees). Average current speed is 4,1 cm/s. 1,0 % of measurements are > 20 cm/s, 7,2 % of measurements are > 10 cm/s, 41,7 % of measurements are between 10 and 3 cm/s, 41,6 % of measurements are between 3 and 1 cm/s and 9,5 % of measurements are < 1 cm/s.

Maximum current speed in the measurement period at 5- and 15-meter depth was 25,3 and 25,2 cm/s, respectively.

3.2 Tidal current

The current measurements performed at the locality indicate that the tidal component of the current is small to moderate in comparison with the residual current. Table 2 show the results from the variance analysis for 5 meters and 15 meters depth. Explained variance is a statistical number of how much of the total variance in the area can be explained from the tidal current.

The numbers in Table 2 are relatively small to moderate. The estimated tidal current contribution at 5- and 15-meters depth can explain 39,2 % and 21,6 % in E-W-direction respectively, and 19,6 % and 16,8 % in N-S-direction of the variance in the total current.

Table 2. Explained variance for the tidal component of total variance in the current (percentage)

Current component dir.	Depth	
	5 m	15 m
East-West	39,2 %	21,6 %
North-South	19,6 %	16,8 %

The results in Table 2 are reflected in Figure 2, where it can be seen that the tidal ellipse at 5 meters depth is relatively moderate compared with the ellipse of the residual current. At 15 meters depth the tidal ellipse is relatively small compared with the ellipse of the residual current. This indicates that the tidal current is contributing to the total current, but is not dominating.




Figure 2. Variance ellipse for total current, tidal current and residual current at 5 and 15 meters. The ellipse shows the size of one standard deviation of the variance, both in direction and size. The blue curve shows the variance ellipse of the total flow and the red curve shows the variance ellipse of the tidal component. The black variance ellipse shows the residual current, ie the current that cannot be explained by the tide. The results are estimated from current data from the entire measurement the period 08.07.2019-12.08.2019. The green arrow shows net current direction.

3.3 Wind generated current

Wind generated current will generally only be present at measurements at 5 meters depth or shallower, since the influence of wind declines with increasing depth. It is required to have strong wind from the same direction over a longer period of time to influence currents at 15 meters depth. This is seldom the case in coastal areas or fjords where fish farms are located. Data from monitoring station Dalatangi has been extracted from the Icelandic MET-office, Figure 3. The wind rose indicates that the highest wind speed was registered towards the south.




Figure 3. Wind rose for registrations at monitoring station Dalatangi during the measurement period. The figure illustrates the direction the wind is moving towards. The total length of each sector indicates the number of registrations (%) in the relevant direction. The length of each color segment in each sector shows the distribution of wind speed in the corresponding sector.

During the period July-August there was relatively calm winds and it was only two registered occasions where the wind was above 10 m/s. The highest windspeed was measured on the 24th of July and was directed toward the south, Figure 4.




Figure 4. Normalized speed and direction for current/wind in the measurement period. The figure has been normalized (smoothed) to increase the readability. Wind and current directions are plotted so that they can be directly compared. Wind and current are going towards the specified directions.

High windspeed coincides partly with high current speed, Figure 4, during the measurement period. This occurs often when the wind is directed eastwards along the fjord. The monitoring station is located at south side of the entrance of the fjord and is more exposed than the location of wind from all directions. The results indicate that wind has had an effect on the current during the measurement period.

3.4 Influence of the coastal current

The Icelandic coastal current flows clockwise around Iceland. The current is relatively fresh and is influenced by solar heating in the summer and can make the surface water warmer than the ambient water masses. The temperature curve at 5 meters depth is varying between 6,3 °C and 9,3 °C. There are some periods where warmer water is transported into the area, with the warmest water in the end of July. This was a period with relatively high current speed, and the current is directed towards the northwest in the fjord. The measurements at 15 meters show a temperature curve varying between 6,2 °C and 8 °C. At the end of July there can be observed a heating in the timeseries. There was an increase in current speed at the same time coming from

the south east. This probably resulted in that warmer water from further out the fjord was brought into the area.

3.5 Snow and ice melting

The measurement was performed during July-August, a period where snow and ice melting normally don't occur. There are some freshwater resources in the area, but there are no signs that these have affected the measurements.

3.6 Data quality

The results are analyzed in an in-house software, AdFontes. The current data are processed so that all data points that are exceeding fixed criteria from the instrument manufacturer together with all data points that are recorded 2 meters from the surface of the water (instrument not deployed) are removed from the data series. Quality control is performed by visual inspection in AdFontes. The removed data are logged and stored at Akvaplan-niva AS.

The presented results are directly from recorded data. There are no reduction of noise or data compression. The tidal currents are filtered with ½-hour interval.

Calibration of instruments is performed in according with recommendations from the manufacturers. History of calibration is stored at Akvaplan-niva AS.

4 Instrument description

The current measurements were performed by Seaguard single point instruments from Aanderaa. Instrument description is given in Table 3.

Table 3. Instrument description

Measurement depth	5 m	15 m
Producer	Aanderaa	Aanderaa
Model	Seaguard 4420	Seaguard 4420
Measurement technology	Single point	Single point
Serial nr.	893	891
Accuracy	± 1 %	± 1 %
Resolution	0,1 mm/s	0,1 mm/s
Range	0 – 3 m/s	0 – 3 m/s
Mean period duration	2,5 min	2,5 min
Raw measurements pr. aggregated data value	4	4
Modification	None	None
Calibration	APN-log	APN-log
Instrument log	APN-log	APN-log

5 Bibliography

Codiga, D.L. Unified Tidal Analysis and Prediction Using the UTide Matlab Functions (2011)

Fiskeridirektoratet. Veileder søknadsutfylling. 20.01.2012. Veileder for utfylling av søknadsskjema for tillatelse til akvakultur i flytende eller landbasert anlegg.

NS 9415: 2009. Marine fish farms - Requirements for site survey, risk analyses, design, dimensioning, production, installation and operation

Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa
og náttúrulegra laxastofna á Íslandi

Ragnar Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson, Agnar Steinarsson og Jón Hlöðver Friðriksson



REYKJAVÍK JÚLÍ 2017

Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi

Ragnar Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson, Agnar Steinarsson og
Jón Hlöðver Friðriksson

Titill: Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi		
Höfundur: Ragnar Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson, Agnar Steinarsson og Jón Hlöðver Friðriksson		
Skýrsla nr: HV 2017-027	Verkefnisstjóri: Ragnar Jóhannsson	Verknúmer: 10598
ISSN nr. 2298-9137	Fjöldi síðna: 38	Útgáfudagur: 14.07 2017
Unnið fyrir: Hafrannsóknastofnun	Dreifing: Opin	Yfirfarið af: SG
<p>Ágrip: Unnið var áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar frá laxeldi í sjókvíum á Vestfjörðum og Austfjörðum. Matið var unnið í samstarfi með erlendum sérfræðingum á sviði stofnerfðafraeði. Áhættumatið verður sannreynt og uppfært reglulega með viðamikilli vöktun í laxveiðiánum. Getur það leitt til aukningar eða minnkunar á æskilegu leyfilegu magni á frjóum laxi í sjókvíaelði. Frumforsenda greiningarinnar er að náttúrulegir laxastofnar skaðist ekki. Sé tekið tillit til varúðarsjónarmiða er miðað við að fjöldi eldislaxa verði ekki meira en 4% í ánum en erfðablöndun verði mun lægri. Notuð voru bestu fáanleg gögn bæði innan lands og utan. Búið var til dreifingarlíkan sem sýnir hvernig eldislax getur dreifst frá eldissvæðum á Vestfjörðum og Austfjörðum. Fjöldi eldislaxa sem getur komið í ár er háður fjarlægð frá eldissvæði og umfangi eldisins.</p> <p>Líkanið gerir almennt ráð fyrir litlum áhrifum á náttúrulega stofna fyrir utan nokkrar ár. Nokkur áhrif verða á Laugardalsá, Hvannadalsá/Langadalsá í Ísafjarðardjúpi en Breiðdalsá í Breiðdalsvík er sú á sem virðist í mestri hættu. Þessar fjórar ár þarf að vakta sérstaklega. Af þessum ástæðum og í ljósi núverandi þekkingar er lagt til að ekki verði leyft eldi í Ísafjarðardjúpi vegna mögulegra mikilla neikvæðra áhrifa á laxastofna í Djúpinu. Af sömu ástæðum er lagt til að eldi verði ekki aukið í Berufirði og lagst gegn eldi í Stöðvarfirði vegna nálægðar við Breiðdalsá. Niðurstöður matsins eru því að ásættanlegt sé að leyfa allt að 71.000 tonna framleiðslu af frjóum eldislaxi hér við land. Þar af 50.000 tonn á Vestfjörðum og 21.000 tonn á Austfjörðum. Hér er um að ræða um sjöfalda núverandi ársframleiðslu í íslensku laxeldi sem nú er um 10.000 tonn. Helsta ástæðan fyrir þessari niðurstöðu er sú að eldissvæðin eru í mikilli fjarlægð frá helstu laxveiðiám og laxeldi er bannað á mjög stórum hluta strandlengjunnar. Í Noregi og Skotlandi eru eldissvæðin hins vegar í mjög mikilli nálægð við helstu laxveiðiár og því verða blöndunaráhrifin mun meiri í þessum löndum. Áhættumatslíkanið er fyrst og fremst hugsað sem gagnvirkt verkfæri til þess að meta mögulegt umfang erfðablöndunar á hlutlægan hátt.</p> <p>Til viðbótar eru lagðar til mótvægisáðgerðir til að sporna við erfðablöndun. Þeirra helstar eru að leggja enn meiri áherslu á að næg hrygning sé ávallt til staðar í náttúrulegum laxveiðiám. Þá er lagt til að stór gönguseiði verði notuð í eldinu í meira mæli en nú er. Það dregur bæði úr hættu á slysasleppingum og kemur eldinu einnig til góða. Þá er lagt til að kynbótum verði flýtt á eldisstofninum á þann veg að kynþroskastærð/aldur hækki með því að skima burt arfbera fyrir</p>		

snemmkynþroska í eldisstofninum. Það hefur þau áhrif að mun lægra hlutfall laxa er kynþroska við slátrun og dregur enn frekar úr hættu sem stafar frá þeim laxi auk þess að auka verðmæti sláturfisksins. Ef tekst að koma þessum aðgerðum í framkvæmd er mögulegt að endurmeta matið til hækkunar.

Þessu til viðbótar er unnt að ala ófrjóan lax. Auka þarf rannsóknir og tilraunir með ófrjóan lax á Íslandi við þær aðstæður sem hér eru. Þetta verði gert í samvinnu við erlenda rannsóknaraðila og eldisfyrirtækin í landinu. Í samræmi við framangreint er óhætt að ala auk 71.000 tonna framleiðslu af frjóum eldislaxi hér við land og allt að 61.000 tonn af ófrjóum laxi miðað við núverandi burðarþolsmat fyrir þessi svæði. Eldi á ófrjóum laxi á Vestfjörðum getur því orðið allt að 30.000 tonn til viðbótar við 50.000 tonna framleiðslu á frjóum laxi og á Austfjörðum getureldi á ófrjóum laxi orðið 31.000 tonn til viðbótar við framleiðslu á 21.000 tonnum af frjóum laxi. Aðrir þættir geta jafnframt takmarkað umfang eldisins eins og endurskoðað burðarþol, óæskileg áhrif laxalúsar, stærð heppilegra eldisvæða og ef vart verður við óæskileg áhrif á hrygningu eða uppeldi nytjastofna sjávar (þorskur, ýsa, rækja og fleiri tegundir). Starfshópur um stefnumótun í fiskeldi mun vinna með niðurstöður áhættumatsins í störfum sínum sem og ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðar.

Abstract:

Risk assessment was made to evaluate how much salmon farming could be operated in Iceland without taking too high risk of genetic deterioration of the wild salmon populations. Many fjords and bays with valuable salmon rivers are already closed for salmon farming and salmon farming is limited to 2 areas one in the Westfjords, NW- Iceland and another in the Eastfjords. The salmon farms use a strain of a Norwegian origin from a selective breeding program. The risk assessment will then be evaluated annually with monitoring of the wild population in the rivers. A monitoring programme is described where genetic introgression is measured annually in rivers in all parts of Iceland. Best available data from the literature was used in the model both from Iceland and from other salmon farming countries. Precautionary approach was used and the threshold number of escapees should not exceed 4 % in natural salmon rivers. Genetic introgression will presumably be much lower due to lower spawning success and fitness of the escapees from salmon farms. A model was made to calculate the distribution of escapees from farming sites in the Westfjords, NW-Iceland and the Eastfjords. Two separate models were run one for smolt escapees and another for adult escapees as the adults can travel in rivers further away and distribute more. The size of the farming and the distance to rivers are the key variables in the model.

Based on the principle to protect the wild populations it is suggested that not more than 71.000 tonnes of fertile salmon can be farmed in Iceland, thereof 50.000 tonnes in Westfjords and 21.000 in the Eastfjords. Three rivers close to the farming sites are most vulnerable and must be monitored.

A number of countermeasures are proposed to decrease the risk. These measures include; using larger smolt (500 g+), eliminating early maturity in the farm stock and increase research and development of using sterile salmon in farming and more. The ministry of fisheries and agriculture will now consider the conclusions of the risk assessment for its work in policy making for the aquaculture.

Lykilorð: Laxeldi, erfðafræði, áhætta, laxveiðiár

Undirskrift verkefnisstjóra: 	Undirskrift forstöðumanns sviðs: 
--	---

Efnisyfirlit

Formáli	2
Samantekt	3
Ástand laxastofna í N-Atlantshafi og Kyrrahafi	6
Atlantshafslax	6
Kyrrahafslax	7
Laxveiði á Íslandi	8
Ástand íslenskra laxastofna	10
Stofngerð íslenskra laxastofna	12
Laxeldi á Íslandi	13
Slyasleppingar og strok eldislaxa á Íslandi	14
Rannsóknir á erfðablöndun íslenskra laxastofna	15
Erfðablöndun eldislaxa og villtra laxastofna í Noregi	16
Slyasleppingar og hrygning strokulaxa í Noregi	17
Mat á umfangi slyasleppinga í norsku laxeldi	17
Hrygning strokulaxa	17
Munurinn á eldislaxi og villtum laxi	18
Erlend reiknilíkön fyrir erfðablöndun laxastofna	19
Alþjóðlegt samstarf og reiknilíkön erfðablöndunar	19
Reiknilíkan og flokkunarkerfi NINA	20
Þröskuldsgildi í áhættumati erfðablöndunar í Noregi	20
Áhættulíkan fyrir erfðablöndun eldislax við íslenska stofna	21
Tilgangur reiknilíkans fyrir áhættumat	21
Sértæk virkni reiknilíkans fyrir íslenskar aðstæður	21
Forsendur og breytistærðir reiknilíkans	22
Reiknijöfnur reiknilíkans	23
Tillaga að þröskuldsgildi stroklaxa í stofni	24
Notkun áhættulíkansins	25
Notkun og niðurstöður líkans	25
Breytur	25
Niðurstöður miðað við rekstrarleyfi sem gefin hafa verið út	26
Niðurstöður miðað við núverandi burðarþolsmat	27
Vöktunaráætlun	28
Skráning, eftirlit og merkingar	28
Varðveisla erfðæfnis	28
Vöktun	28
Sýnataka og greining	29
Mótvægisáðgerðir	31
Ályktanir og tillögur	33
Tillögur að magni eldis á hverju svæði	33
Heimildir	35

Formáli

Miklir möguleikar eru í fiskeldi á Íslandi. Til þess að nýta þá þarf aukna rannsókn- og þróunarvinnu. Áform eru uppi um aukið eldi á laxi í sjókvíum. Þegar notkun á norskættuðum kynbættum eldislaxi var leyfð upp úr aldamótum þá var um leið sjókvíaeldi á laxfiskum bannað í fjörðum og flóum utan helstu laxveiðianna til að vernda villtu laxastofnana gegn erfðablöndun og laxalús. Eftir standa svæði þar sem laxeldi er ekki bannað, aðallega á Vestfjörðum og Austfjörðum. Í dag hafa verið gefin út leyfi fyrir eldi á um 30.000 tonnum af laxi. Framleiðslan í ár er áætluð um 10.000 tonn. Óheft aukning á laxeldi í sjókvíum getur ógnað velferð villtra laxastofna. Því lagði Hafrannsóknastofnun til að unnið yrði áhættumat þar sem nýtt yrði fyrirbyggjandi þekking hérlendis og erlendis til að meta hversu mikið eldi á frjóum laxi í sjókvíum væri óhætt að stunda án þess að óásættanleg áhætta væri tekin með náttúrulega laxastofna landsins. Samhliða yrði búin til og sett af stað vöktun í ánum til að endurmeta áhættuna með reglubundnum hætti. Í raun er þetta hugmyndafræðin með svipuðum hætti og aflaráðgjöf stofnunarinnar. Árlega mun vöktun segja til um hversu mikið eldi er ásætlanlegt að stunda án þess að náttúrulegir laxastofnar skaðist. Vera kann að það þurfi að minnka umfang laxeldis eða óhætt verði að auka það. Áhættumatið tekur eingöngu til eldis á frjóum laxi. Með notkun á ófrjóum laxi er unnt að auka eldi umfram það sem hér er lagt til.

Þessi vinna hófst í vor með stuðningi frá umhverfissjóði sjókvíaeldis. Að vinnunni komu auk sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar tveir virtir stofnerfðafræðingar, þeir Dr. Eric Verspoor, forstöðumaður Áa og vatnastofnunar Inverness college, University of the Highlands and Islands í Skotlandi og Dr. Philip McGinnity, vísindamaður við Cork University á Írlandi.

Hér eru niðurstöður og tillögur stofnunarinnar settar fram. Hér er eingöngu mat lagt á áhættu vegna erfðablöndunar. Aðrir þættir geta takmarkað eldið eins og burðarþol fjarða eða endurskoðun þess sem þarf að gera um leið og álag (eldi) fer af stað í hverjum firði. Þá geta staðhættir og stærð fjarða takmarkað eldismöguleika. Einnig þarf að huga vel að vörnum gagnvart laxalús og að hún valdi ekki skaða í eldinu og náttúrulegum stofnum nærri eldissvæðum. Í íslenskum fjörðum á sér einnig stað hrygning nytjastofna og seiðauppeldi. Rannsaka þarf og vakta áhrif eldis á þessa þætti sem og á aðra nytjastofna eins og rækju.

Samantekt

Stangveiði og netaveiði úr náttúrulegum íslenskum laxastofnum hafa gefið að meðaltali um það bil 40-50 þúsund laxa á ári undanfarna fjóra áratugi. Með tilkomu hafbeitar og sleppinga, ásamt minnkun netaveiða, hefur síðan orðið mikil fjölgun í heildarfjölda stangveiddra laxa upp í allt að 80-90 þúsund laxa í bestu árum. Bein verðmæti veiðiréttinda í íslenskum laxveiðiám eru metin yfir 4 milljarðar króna og með afleiddum, óbeinum áhrifum (gisting, veitingasala o.fl.) metin 15-20 milljarðar króna á ári.

Íslenskar stofnerfðarannsóknir hafa leitt í ljós erfðabreytileika milli íslenskra laxastofna og sýnt að hver á hefur sinn sérstaka stofn. Íslenskur lax er fjarskyldur öðrum Atlantshafslaxi. Mestur erfðamunur er milli lax í Ameríku og Evrópu, svo myndar íslenskur lax sérstakan erfðahóp sem skilur sig frá evrópskum laxi. Norskur lax er því fjarskyldur íslenskum laxi en eldisstofn af norskum uppruna er notaður í eldið hér á landi. Staða íslensku laxastofnanna er allgóð en víða hefur laxastofnum hnignað annars staðar. Hlutfall stórlaxa í íslenskri laxveiði var u.þ.b. 50% fyrir fjórtíu árum síðan en upp úr 1985 fór hlutfall stórlaxa í laxveiði hratt minnkandi og hlutfallið var komið niður í rúm 10% á árunum upp úr aldamótum. Meginástæða þess er hærri dánartala lax á öðru ári í sjó. Til að sporna við því að tapa þessum erfðabætti úr stofninum var farið að sleppa stangveiddum stórlaxi lifandi. Hlutfall stórlaxa hefur farið heldur vaxandi á nýjan leik og var 14% á árinu 2015.

Laxeldi á Íslandi á sér 45 ára sögu og fyrir um það bil sjö árum síðan hófst svokölluð þriðja bylgja sjókvíaldis á laxi á Íslandi. Árið 2016 urðu tímamót þegar framleiðslan rúmlega tvöfaldaðist á einu ári upp í 7.200 tonn og á yfirstandandi ári er áætlað að framleiðslan muni aukast upp í u.þ.b. 10 þúsund tonn. Útflutningsverðmæti alls fiskeldis í landinu námu 13 milljörðum króna á síðasta ári. Á upphafsárum sjókvíaldis á níunda áratug síðustu aldar var mikið um slysasleppingar, stök og villur eldislaxa af íslenskum eldisstofnum. Sýnt hefur verið fram á það að erfðablöndun eldislaxa og villtra stofna átti sér stað í Elliðaánum á níunda áratugnum. Upp úr aldamótum var leyft að nota kynbættan, norskættaðan eldislax í íslensku laxeldi í sjókvíum. Um leið var bannað að stunda laxeldi í fjörðum og flóum utan við helstu laxveiðiár landsins. Stór slysaslepping átti sér stað á Norðfirði árið 2003 en langflestir þeirra týndust í hafi og aðeins er staðfest að 0,4% þeirra hafi veiðst í laxveiðiám. Önnur smærri slysaslepping varð á Patreksfirði árið 2013 og í kjölfarið hafa fundist sterkar vísbendingar um erfðablöndun í villtum laxastofnum í tveimur ám nálægt eldissvæðum í Tálknafirði og Arnarfirði. Ekki fundust merki erfðablöndunar í fjarlægari ám og almennt er mjög lítil laxagengd í ár á þessum slóðum.

Framleiðsla úr norskum laxeldi hefur verið um það bil 1 milljón tonn á ári á undanförunum árum. Talið er að umfang slysasleppinga hafi áður verið mjög hátt í samanburði við stærð villtra laxastofna en slysasleppingum hefur þó fækkað verulega á undanförunum árum. Opinberar tölur benda til þess að umfang slysasleppinga sé nú u.þ.b. 0,2 stökulaxar á hvert framleitt tonn en rannsóknir benda þó til þess að margfalda megi þessa tölu með stuðlinum 2 - 4 til að sjá raunverulegt umfang stroks og sleppinga. Árin 2014-2015 var stökufiskur meira en 10% af heildarfjölda kynþroska laxa í 10-20% af rannsókuðum ám í Noregi. Yfir 90% þeirra stökulaxa sem ganga upp í ár eru kynþroska en hafa þó almennt mjög lélega samkeppnishæfni gagnvart villtum fiski. Norskar rannsóknir hafa sýnt fram á erfðablöndun úr eldislaxi í um það bil helmingi af þeim norskum laxveiðiám sem innihalda ¼ hluta af norskum laxastofnum. Í um það bil fjórðungi ána reiknaðist hlutfall erfðablöndunar hærra en 10% og meðaltalsgildi erfðablöndunar í öllum ám var 6,4%. Helmingur ána var hins vegar laus við erfðablöndun þannig að miðgildi erfðablöndunar var mun lægra eða 2,3%. Þetta er lítið mjög alvarlegum augum af yfirvöldum og hagsmunaaðilum og ályktað var að varðveisla á erfðabreytileika villtra laxastofna náist aðeins með tvennum hætti, annars vegar með verulegri minnkun á fjölda stökulaxa út í villta náttúru eða með æxlunarhindrun í gegnum notkun á ófrjóum eldislaxi.

Í skýrslu þessari er kynnt nýtt gagnvirkt áhættumatslíkan fyrir erfðablöndun eldislax við villta íslenska laxastofna. Tilgangur líkansins er að gefa rétta mynd af fjölda strokufiska sem gætu tekið þátt í klaki í hverri á. Ef fjöldinn fer yfir þröskuldsmörk á hverju ári er hættu á því að erfðablöndun safnist upp með tíma og hafi áhrif á stofngerð náttúrulegra stofna. Ætlunin er að tryggja að framleiðsla úr íslensku laxeldi hafi ekki neikvæð áhrif á villta stofna og skapa um leið trausta ímynd íslensks laxeldis. Forsendur áhættulíkansins verða endurskoðaðar frá ári til árs í samræmi við niðurstöður vöktunaráætlunar. Með þeim hætti má byggja stjórnun laxeldis á nýjustu upplýsingum til að lágmarka umhverfisáhrif greinarinnar. Markmiðið er að hámarka atvinnu- og samfélagsleg áhrif laxeldis án neikvæðra áhrifa á lax- og silungsveiði í landinu. Þröskuldsgildi ásættanlegrar innblöndunar eldislaxa í náttúrulegar laxveiðiár miðast við 4% og var sett með hliðsjón af erlendum heimildum og náttúrulegu flakki villtra fiska milli ára. Þessi þröskuldsmörk verða síðan endurskoðuð með tilliti til niðurstaðna vöktunaráætlunar þar sem erfðamengi 20 ára/árkerfa verður greint árlega og erfðablöndun mæld. Lagt er til að fylgt verði niðurstöðum áhættulíkans með þeim hætti að gildi innblöndunar í þeim ám eða vatnakerfum sem það tekur yfir verði ekki hærra en þröskuldsgildið 4%. Lagt er mat á eftirfarandi firði: Vestfirðir: Ísafjarðardjúp, Arnarfjörður, Patreksfjörður (og Tálknafjörður), Dýrafjörður. Austfirðir: Berufjörður, Fáskrúðsfjörður, Reyðarfjörður, Stöðvarfjörður. Ekki er lagt mat á þá firði þar sem burðarþol liggur ekki fyrir. Taflan hér fyrir neðan sýnir niðurstöður áhættumatslíkansins varðandi hámarks umfang laxeldis á hverju svæði fyrir sig miðað við gefnar forsendur:

Landsvæði	Hámarkseldi samkvæmt erfðablöndunarmati
Vestfirðir	
Patreksfjörður, Tálknafjörður og Patreksfjarðarflói	20.000 tonn
Arnarfjörður	20.000 tonn
Dýrafjörður	10.000 tonn
Ísafjarðardjúp	0 tonn
Vestfirðir samtals:	50.000 tonn
Austfirðir	
Berufjörður	6.000 tonn
Fáskrúðsfjörður og Reyðarfjörður	15.000 tonn
Stöðvarfjörður	0 tonn
Austfirðir samtals:	21.000 tonn
Samtals:	71.000 tonn

Líkanið gerir almennt ráð fyrir litlum áhrifum fyrir utan fjórar ár. Nokkur áhrif verða á Laugardalsá, Hvannadalsá og Langadalsá í Ísafjarðardjúpi en Breiðdalsá er sú á sem virðist í mestri hættu. Þessar fjórar ár þarf að vakta sérstaklega. Af þessum ástæðum er lagt til að ekki verði leyft eldi í Ísafjarðardjúpi vegna mikilla neikvæðra áhrifa á ár í Djúpinu. Af sömu ástæðum er lagt til að eldi verði ekki aukið í Berufirði og lagst gegn eldi í Stöðvarfirði vegna nálægðar við Breiðdalsá. Ekki skiptir höfuðmáli hvernig eldi skiptist milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hvað varðar áhættu. Þrátt fyrir verulega aukið umfang laxeldis spáir líkanið mjög lítilli innblöndun (langt undir þröskuldsmörkum) í öllum helstu laxveiðiám landsins (nema Breiðdalsá). Helsta ástæðan fyrir þessari niðurstöðu er sú að eldissvæðin eru í mikilli fjarlægð frá helstu laxveiðiám og laxeldi er bannað á mjög stórum hluta strandlengjunnar. Í Noregi og Skotlandi eru eldissvæðin hins vegar oft í mikilli nálægð við helstu laxveiðiár og því verða

blöndunaráhrifin mun meiri í þessum löndum. Áhættumatslíkanið er fyrst og fremst hugsað sem gagnvirkt verkfæri til þess að meta mögulegt umfang erfðablöndunar á hlutlægan hátt.


Til viðbótar eru lagðar til mótvægisáðgerðir til að sporna við erfðablöndun. Þeirra helstar eru að leggja enn meiri áherslu á að næg hrygning sé ávallt til staðar í náttúrulegum laxveiðiám. Þá er lagt til að stór gönguseiði verði notuð í eldinu í meira mæli en nú er. Það dregur úr áhættu á sleppingum og kemur eldinu einnig til góða. Þá er lagt til að kynbótum verði flýtt á eldisstofninum á þann veg að kynþroskastærð/-aldur hækki með því að skima burt arfbera fyrir snemmkynþroska í eldisstofninum. Það hefur þau áhrif að mun lægra hlutfall laxa er kynþroska við slátrun og dregur úr hættu sem stafar frá þeim laxi auk þess að auka verðmæti sláturfisksins. Auka þarf rannsóknir og tilraunir með ófrjóan lax á Íslandi við þær aðstæður sem hér eru. Þetta verði gert í samvinnu við erlenda rannsóknaraðila.

Ástand laxastofna í N-Atlantshafi og Kyrrahafi

Þegar unnið er mat á stöðu íslenskra laxastofnsins er skynsamlegt að byrja á því að skoða málin í stóru samhengi. Hér á eftir fylgir því örstutt samantekt á ástandi annarra laxastofna.

Atlantshafslax

Á árunum í kringum 1970 var skráður alþjóðlegur heildaraflí á Atlantshafslaxi iðulega á bilinu 11-12 þúsund tonn á ári eða sem samsvarar u.þ.b. 3-4 milljónum laxa. Þær þjóðir sem náðu mestum afla voru Grænland og Kanada með 2000-2500 tonn hvor þjóð. Síðan komu Norðmenn, Írar og Skotar með 1500-2000 tonn hver þjóð, Rússar og Engendingar með u.þ.b. 600 tonn hvor þjóð og Íslendingar með u.þ.b. 200 tonn. Færeyingar veiddu 300-1000 tonn á níunda áratugnum en hættu síðan laxveiðum alfarið fljótlega upp úr því. Heildaraflinn (með áætluðum óskráðum afla) hélst á bilinu 7-11 þúsund tonn út níunda áratuginn en hefur síðan farið stöðugt minnkandi. Í kringum aldamótin var aflinn kominn niður í u.þ.b. 4 þúsund tonn og þar af voru Norðmenn með 1200 tonn og Írar með 700 tonn. Á árunum 2010-2014 var meðaltals heildaraflinn kominn niður í tæp 1800 tonn (með óskráðum afla). Þar af voru Norðmenn með 600 tonn, Kanada, Skotland, Ísland og England með 110-143 tonn og Írland og Rússland með 84 tonn hvor þjóð. Mynd 1 sýnir framangreinda þróun í heildarafla allra veiðipjóða á Atlantshafslaxi á tímabilinu 1960-2015 (ICES 2015, 2016).



Mynd 1. Yfirlit yfir heildarafla á Atlantshafslaxi á tímabilinu 1960-2015. Myndin sýnir tilkynntan heildarafla allra veiðipjóða að viðbættum áætluðum óskráðum afla frá árinu 1986. Heimild: ICES 2016.

Mynd 1 sýnir glögglega hinn mikla samdrátt sem orðið hefur í laxveiðum í Atlantshafi á undanförunum áratugum. Heildarveiði á Atlantshafslaxi er því um þessar mundir aðeins um 1/6 hluti þess sem hún var fyrir þrjátíu árum síðan þ.e. aðeins ríflega hálf milljón laxa á ári. Sjóveiðar á laxi heyrja nú nánast sögunni til nema sem meðafli en í Noregi, Rússlandi og Bretlandseyjum er ennþá stunduð talsverð strandveiði í net og nemur þessi strandveiði alls um þriðjung af heildaraflanum (ICES 2016).

Hin mikla minnkun í heildarveiði Atlantshafslax endurspeglar samsvarandi minnkun í stærð stofnsins. Almennt er talið að rekja megi hluta af þessari hnignun stofnsins til ýmissa mannglegra þátta s.s. ofveiði, hnattrænnar hlýnunar, mengunar, virkjanagerðar og hugsanlega fiskeldis (ICES 2016). Líklega er þó ofveiði langmikilvægasta ástæðan og stofninn er greinilega ennþá að súpa seyðið af hinni gegndarlausu ofveiði sem átti sér stað á stórum laxi í fæðugöngum við vesturhluta Grænlands á sjötta, sjöunda og

áttunda áratug síðustu aldar. Þessi fiskur kom að jöfnu frá ströndum Evrópu og Ameríku og að langmestu leyti var um að ræða stórlax sem var tvo vetur í sjó. Ofveiði á stórlaxinum hefur síðan almennt leitt til minni nýliðunar og minni framleiðni laxastofna. Áhrifin urðu líka augljós í íslenskum ám þar sem stórlaxahlutfallið er nú aðeins 10-15% en var í kringum 50% í byrjun áttunda áratugarins (Guðni Guðbergsson 2016). Netaveiði Íslendinga á stórlaxi í sjó og vötnum hefur auðvitað einnig haft slæm áhrif á ástand íslenskra laxastofna. Staða íslensku laxastofnanna er þó almennt talin allgóð en víða hefur laxastofnum hnignað annars staðar (ICES 2016).

Kyrrahafslax


Í Kyrrahafi eru stundaðar umfangsmiklar veiðar á fimm laxategundum. Heildaraflinn var á bilinu 300-400 þúsund tonn fram til 1977, jókst síðan jafnt og þétt og hefur haldist nokkuð stöðugur í kringum 1 milljón tonna síðan 1997 (u.þ.b. 500 milljónir laxa). Mest veiðist af *pink salmon* (41% af aflanum 2016) og síðan koma *chum* (33%), *sockeye* (21%), *coho* (3%) og *chinook* (1%). Meðalstærð *pink* er aðeins 1-2 kg en *chum* verður almennt um 5-7 kg. *Coho* og *sockeye* verða almennt 4-6 kg en *chinook* er risinn í hópnum og veiðist í meðalstærðinni 7-8 kg. Helstu veiðipjóðirnar árið 2016 voru Rússar (51%), Bandaríkin/Alaska (31%), Japan (13%), Kanada (3%) og Kórea (1%) (Geiger et al. 2011).

Hin varanlega aflaukning á Kyrrahafslaxi sem hófst fyrir fjórum áratugum síðan er talin skýrast að hluta til af hlýnun sjávar en þó einnig að verulegu leyti af gríðarlega umfangsmiklum sleppingum eða hafbeit á eldisseiðum. Undanfarna þrjá áratugi hafa veiðipjóðirnar sleppt samtals u.þ.b. 5 milljörðum seiða í hafbeit á hverju ári og samið síðan um aflaheimildir sín á milli. Á vesturströnd Bandaríkjanna (Washington og Oregon) er ástand laxastofna mjög slæmt og svo virðist sem útbreiðsla laxastofna hafi almennt færst norðar í kjölfar hlýnandi sjávar. Í Japan er ástandið einnig mjög slæmt vegna áhrifa mengunar og þéttbýlismyndunar. Annars staðar má almennt segja að staða villtra stofna sé nokkuð góð sem sannast á því að heildarlaxveiðiaflinn hefur haldist stöðugur undanfarna tvo áratugi (Noakes and Beamish 2011).

Sjókvíaldí á Atlantshafslaxi er stundað við austurströnd Kanada (u.þ.b. 70 þúsund tonn á ári) og Washington-fylkis í Bandaríkjunum (u.þ.b. 7 þúsund tonn á ári). Mörg dæmi eru um slyasleppingar úr eldiskvíum en Atlantshafslaxinn getur hins vegar ekki æxlast við Kyrrahafslax og því geta ekki myndast blendingar á milli tegundanna. Allt frá öndverðri 19. öld hafa stjórnvöld í Kanada og Bandaríkjunum staðið fyrir fjölmörgum tilraunum með innflutning á Atlantshafslaxi (hrognum og seiðum) í ár og vötn í þeim tilgangi að koma upp sjálfbærum stofni sem gæti staðið undir stangveiði á Atlantshafslaxi. Allar þessar tilraunir hafa hins vegar misheppnast og Atlantshafslaxinn virðist því eiga mjög erfitt með að ná varanlegri fótfestu í Kyrrahafinu, þrátt fyrir mikla aðstoð frá mannum (Noakes and Beamish 2011).

Laxveiði á Íslandi

Skipuleg skráning á veiðitölum úr íslenskri laxveiði hófst á árinu 1974. Sókn hefur lítið breyst á undanförunum fjórum áratugum og því er almennt litið á veiðitölur sem góðan mælikvarða á stærð íslenska laxastofnsins (Ingi Rúnar Jónsson o.fl. 2008). Stöplaritíð á mynd 2 sýnir yfirlit yfir laxveiði á Íslandi á þessu tímabili. Veiðinni er skipt í fjóra meginflokka og búið er að leiðrétta sleppingar fyrir endurveiðum slepptra laxa (reiknað með 30% endurheimtum) (Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson 2004, 2007).



Mynd 2. Yfirlit yfir laxveiði á Íslandi á tímabilinu 1974-2016. Veiðinni er skipt í fjóra flokka (sjá skýringar) í samræmi við veiðiaðferð uppruna laxins. Athugið að veiðitölur fyrir árið 2016 byggja að hluta til á áætlun. Heimild: Guðni Guðbergsson 2016.

Netaveiðin (gulu stöplarnir) var á fyrri hluta tímabilsins oft nálægt 20.000 löxum á ári. Síðan 1997 hefur netaveiði eingöngu verið stunduð í ferskvatni (ám) og veiðitölur oftast verið á bilinu 4-10 þúsund laxar. Mest er netaveiðin í Þjórsá (50-60%) og Hvítá/Ölfusá (40-50%).

Hafbeitarlaxinn (rauðu stöplarnir) byrjar að koma að ráði inn í veiðina í kringum aldamótin og hefur frá árinu 2007 gefið að meðaltali 15 þúsund laxa á ári. Um það bil 95% af veiðinni kemur úr Ytri- og Eystri-Rangá (ásamt þverám) en aðrar hafbeitarár eru til dæmis Breiðdalsá, Tungufljót, Skógá og Norðlingafljót. Lítið er um að hafbeitarlaxi sé sleppt lifandi (um 5% að meðaltali).

Sleppingar (gráu stöplarnir) fara að koma inn sem flokkur upp úr aldamótum. Á undanförunum árum hefur u.þ.b. 35% af stangveiddum villtum laxi verið sleppt lifandi aftur í ána (leiðrétt fyrir endurveiði). Veiðihlutfall á eins sjóvetra (1SW) smálaxi hefur haldist nokkuð stöðugt síðan 1974 (~50%) en veiðihlutfall á margra sjóvetra (MSW) stórlaxi hefur lækkað verulega á undanförunum árum (frá 70% í 50%) (ICES 2012).

Stangveiðiafli (þ.e. drepinn fiskur) af villtum laxi (bláu stöplarnir) hefur sveiflast á bilinu 22-50 þúsund laxar í gegnum allt tímabilið. Athygli vekur að aflinn hefur verið sögulega mikill undanfarin tíu ár að undanskildum árunum 2012 og 2014. Með tilkomu hafbeitar og sleppinga, ásamt minnkun netaveiða, hefur orðið mikil fjölgun í heildarfjölda stangveiddra laxa (allt að 80-90 þúsund laxar í bestu árum).

Í ársskýrslu Veidimálastofnunar fyrir lax- og silungsveiði árið 2016 má telja 76 laxveiðiár sem hafa gefið meðalveiði umfram 60 laxa á ári á tímabilinu 1974-2015 og 64 ár sem hafa gefið yfir 100 laxa meðalveiði (Guðni Guðbergsson 2016). Veiðihæstu árnar árið 2016 voru Ytri-Rangá (9323 laxar), Miðfjarðará (4338 laxar), Eystri-Rangá (3254 laxar) og Blanda (2386 laxar). Aðrar gjöfular veiðiár með yfir 1000 laxa ársafli voru Pverá/Kjarrá, Laxá í Dölum, Langá, Haffjarðará, Norðurá, Laxá í Aðaldal, Haukadalsá og Víðidalsá. Þar skammt undan voru síðan Vatnsdalsá, Selá í Vopnafirði, Hítará og Elliðaárnar („Veiðisumarið 2017“).


Gróft á litið má því áætla að íslensku laxveiðiárnar geti með gönguseiðasleppingum og minnkaðri netaveiði gefið af sér sjálfbæra veiði upp á 70 þúsund laxa á ári. Til að setja þessa tölu í samhengi við laxeldi þá má áætla að heildarstangveiðiafli á laxi á Íslandi nemi um 175 tonnum á ári (miðað við 2,5 kg meðalstærð) sem samsvarar u.þ.b. 1/60 hluta af framleiðslunni í íslensku laxeldi á yfirstandandi ári. Bein verðmæti veiðiréttinda í íslenskum laxveiðiám eru hins vegar metin á 3-4 milljarðar króna að núvirði og heildarverðmætasköpun með afleiddum, óbeinum áhrifum (gisting, veitingasala o.fl.) er metin í kringum 15-20 milljarðar króna á ári að núvirði (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2004, Sigurbergur Steinsson 2009). Með þessum reiknikústum má því áætla að hver veiddur íslenskur lax skapi verðmæti sem nema u.þ.b. 250 þúsund íslenskum krónum, þó vissulega komi stór hluti þessara verðmæta úr vösum íslenskra veiðimanna og fyrirtækja.

Ástand íslenskra laxastofna

Stórlax er samkvæmt skilgreiningu lax sem hefur gengið tvo vetur eða meira í sjó áður en hann gengur upp í á til að hrygna. Í veiðiskýrslum flokkast hængar >4 kg og hrygnur >3,5 kg sem stórlaxar en fiskar undir þessum mörkum flokkast sem smálaxar (einn vetur í sjó). Erfðafræðirannsóknir hafa sýnt að laxinn hefur ákveðið stórlaxagen sem ræður lengd sjögöngunnar að miklu leyti (Barson o.fl. 2015). Hlutfall stórlaxa í íslenskri laxveiði var u.þ.b. 50% fyrstu tíu árin eftir að skráningar hófust en upp úr 1985 fór hlutfall stórlaxa í laxveiði hratt minnkandi og hlutfallið var komið niður í rúm 10% á árunum upp úr aldamótum. Meginástæða þess er talin vera hærrí dánartala lax á öðru ári í sjó. Eftir að farið var að sleppa stangveiddum stórlaxi lifandi hefur tekist að hlutfall stórlaxa farið heldur vaxandi á nýjan leik og var 14% á árinu 2015 (Guðni Guðbergsson 2016).

Mælingar hafa jafnframt sýnt að meðalþyngd veiddra laxa hefur lækkað jafnt og þétt síðan mælingar hófust á áttunda áratugnum en þá var meðalþyngd smálaxa og stórlaxa u.þ.b. 3 kg og 6 kg. Meðalþyngd stórlaxa féll niður í 4,5 kg á árunum 2006-2009 en var búin að hækka aftur upp í 5,1 kg árið 2015. Meðalþyngd smálaxa féll niður í 2,1 kg á árinu 2013 en var búin að hækka aftur upp í 2,3 kg árið 2015. Þessi þróun gefur vísbendingu um að stórlaxastofninn sé að fara að rétta aftur úr kútnum (Guðni Guðbergsson 2016, Sigurður Már Einarsson og Ásta K. Guðmundsdóttir 2017).

Þegar eingöngu er litið á landaðan fjölda náttúrulegra laxa (bláu og gulu stöplarnir á mynd 2) sést að fjöldinn á síðustu 12 árum er almennt mjög svipaður og hann var á sjöunda og áttunda áratugnum. Þetta getur hins vegar gefið villandi mynd af þróuninni því að samsetning aflans hefur breyst verulega á tímabilinu. Hlutfall stórlaxa hefur lækkað mjög og meðalþyngd veiddra laxa hefur því lækkað mikið. Mynd 3 sýnir yfirlit yfir landaðan afla náttúrulegra laxa í tonnum á umræddu tímabili.



Mynd 3. Yfirlit skráðan afla á náttúrulegum laxi á Íslandi á tímabilinu 1974-2015. Um er að ræða samanlagða heildarþyngd á lönduðum laxi úr stangveiði og netveiði. Heimild: ICES 2016.

Mynd 3 gefur allt aðra mynd af þróun laxveiðinnar en mátti ráða af mynd 2. Vegna fallandi meðalþyngdar í aflanum (úr 4-5 kg niður í 2-3 kg) hefur landaður afli í tonnum fallið úr u.þ.b. 200 tonnum á áttunda áratugnum niður fyrir 100 tonn á ári á undanförunum árum. Sleppingar á lifandi fiski hafa þarna eitthvað að segja (sérstaklega síðustu þrjú árin) en þær breyta myndinni þó ekki verulega.

Myndin sýnir að heildaraflinn hefur haldist í kringum 100 tonninn síðan 1995 og líklegt er að aflinn muni ekki ná aftur fyrri hæðum nema stórlaxastofninn nái sér aftur á strik.


Ef litið er á þróun veiðinnar á mynd 2 þá má áætla að sjálfbær heildarveiði (stangveiði og netaveiði) úr hinum náttúrulega íslenska laxastofni sé af stærðargráðunni 50 þúsund laxar á ári. Á árunum fyrir 1985 hefði þessi aflur að jafnaði skipst í 25 þúsund smálaxa og 25 þúsund stórlaxa. Í dag væri hins vegar nær lagi að skipta þessum sama afla upp í 42 þúsund smálaxa og 8 þúsund stórlaxa. Það er því ljóst að heildarfjöldi smálaxa hefur aukist verulega til þess að veita upp á móti hinni miklu fækkun stórlaxa (Guðni Guðbergsson 2016).

Í gegnum tíðina hafa margir haft af því áhyggjur að íslenskir laxar endi gjarnan sem meðafli hjá uppsjávarveiðiskipum og að það skýri að verulegu leyti þá minnkun sem orðið hefur á stangveiði á stórlaxi (Guðni Guðbergsson og Óðinn Sigbórsson 2007). Íslenskar erfðafræðirannsóknir í samstarfi Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og Matis hafa hins vegar leitt í ljós að lax sem fæst sem meðafli við makrílveiðar á Íslandsmiðum er aðeins að mjög litlu leyti af íslenskum uppruna en að langmestu leyti upprunninn frá meginlandi Evrópu, ásamt Skandinavíu og Rússlandi (Kristinn Ólafsson o.fl. 2016). Líklegt er að íslenski laxinn leiti meira í suðvestur- og vesturátt í fæðugöngur og þá jafnvel að mestu leyti upp að vesturhluta Grænlands, enda hefur á því svæði orðið sambærileg fækkun stórlaxa og í íslenskum ám (Árni Ísaksson o.fl. 2002). Veiði á stórlaxi í grænlandskri lögsögu hefur farið vaxandi á síðustu árum og hafa Kanadamenn af því sérstakar áhyggjur. Veiðin á þessu mikilvæga stórlaxasvæði er langt umfram ráðleggingar ICES og NASCO og vinnur þvert gegn markmiðum um uppbyggingu stofnsins (ICES 2016). Það gæti að sama skapi verið mikilvægt hagsmunamál fyrir Íslendinga að dregið verði aftur úr veiðum á þessu svæði.

Stofngerð íslenskra laxastofna

Íslenskar stofnerfðarannsóknir hafa leitt í ljós erfðabreytileika milli íslenskra laxastofna og sýnt að hver á hefur sinn sérstaka stofn. Íslenskur lax er fjarskyldur öðrum Atlantshafslaxi. Mestur erfðamunur er milli lax í Ameríku og Evrópu, svo myndar íslenskur lax sérstakan erfðahóp sem skilur sig frá evrópskum laxi. Norskur lax er því fjarskyldur íslenskum laxi en eldisstofn af norskum uppruna er notaður í eldið hér á landi.

Stofnerfðarannsóknir á laxi á Íslandi eru fáar og hafa aðeins tvær stórar rannsóknir kannað stofngerð laxastofna. Fyrri rannsóknin var framkvæmd á árunum 1990-1994 og beindist að erfðamörkum í laxi úr 32 ám og þremur eldisstofnum sem aldir voru hér við land. Rannsóknin leiddi í ljós að hver á hafði sérstakan stofn og 6,2% af erfðabreytileikanum mátti skýra með muni á milli stofna. Annar erfðabreytileika mátti skýra sem breytileika innan stofna (Daníelsdóttir o.fl. 1997). Síðari rannsóknin var unnin í samstarfi Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og Matís á árunum 2008-2011 en þá var erfðabreytileiki laxastofna metinn í 26 íslenskum laxveiðiám með notkun á 15 erfðamörkum (Kristinn Ólafsson o.fl. 2010, 2014). Verkefnið var hluti af evrópsku rannsóknarverkefni Salsea/Merge þar sem lax á öllu útbreiðslusvæði hans var rannsakaður með tilliti til erfða og vistfræði í sjó. Mynd 4 sýnir niðurstöður stofngerðargreiningar fyrir þessar 26 íslensku laxveiðiár.



Mynd 4. Hér hefur stofngerð verið áætluð út frá greiningu með stofngerðargreiningarforritinu STRUCTURE (Pritchard et al. 2000). Stofnar eru sýndir sem lóðréttar línur sem er raðað inn í litaða hluta eftir tillögu forritsins um greiningu. Greiningin gefur til kynna að stofngerðir greinist í tvo til þrjá skyldleikaklasa. Neðst til hægri eru niðurstöður sýndar sem skyldleikatré (Neighbour joining tree of pairwise DA (Nei et al. 1983)).


Á árinu 2007 lauk ítarlegri úttekt á stöðu þekkingar er varðar áhrif eldis á umhverfi og villta stofna. Verkefnið var styrkt af AVS og framkvæmt af Háskóla Íslands, Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun, Hafrannsóknastofnuninni og Skipulagsstofnun (Guðrún Marteinsdóttir o.fl. 2007). Með niðurstöðum framangreindra verkefna er kominn vísir að erfðagagnagrunni fyrir íslenska laxastofna sem opnar t.d. á þann möguleika að ættgreina sjógöngulax (t.d. lax úr meðafli fiskiskipa) og staðfesta hvort hann eigi ættir að rekja í íslenska á.

Laxeldi á Íslandi

Á Íslandi hefur fiskirækt í ám og vötnum verið stunduð allt frá árinu 1883. Tilraunir með hafbeitt á íslenskum laxaseiðum hófust árið 1963 í Laxeldisstöð Ríkisins í Kollafirði. Í lok níunda áratugarins varð mikil aukning á hafbeitt í landinu en endurheimtur voru slæmar og starfsemi var endanlega hætt fyrir aldamótin. Nú er eingöngu um að ræða sleppingar gönguseiða til þess að auka veiði í laxveiðiám (Valdimar Ingi Gunnarsson 2002, 2007).

Tilraunir með sjókvíaeldi á laxi hófust árið 1972 og landeldi á laxi hófst árið 1979. Sjókvíaeldið gekk erfiðlega framan af og landeldið var allsráðandi á tíunda áratugnum en framleiðslan fór aldrei mikið yfir tvö þúsund tonn á ári. Upp úr aldamótum fjaraði landeldið smám saman út en áhugi á sjókvíaeldi jókst á nýjan leik. Framleiðsla úr sjókvíaeldi var í kringum 6 þúsund tonn á árunum 2004-2006 en rekstur fyrirtækjanna var erfiður og þessi eldisbylgja fjaraði snögglega út árið 2007. Framleiðsla úr eldi var síðan mjög lítil í nokkur ár en árið 2010 hófst sjókvíaeldi á laxi á nýjan leik þegar Fjarðalax hóf starfsemi árið 2010. Fiskeldi Austfjarða og Arnarlax hófu síðan starfsemi á árunum 2012-2014 og árið 2016 sameinuðust Arnarlax og Fjarðarlax undir nafni þess fyrrnefnda. Framleiðslan var á bilinu 3-4 þúsund tonn í nokkur ár en árið 2016 urðu tímamót þegar framleiðslan rúmlega tvöfaldaðist á einu ári upp í 7.200 tonn og á yfirstandandi ári er áætlað að framleiðslan muni aukast upp í u.þ.b. 10 þúsund tonn. Útflutningsverðmæti alls fiskeldis í landinu námu 13 milljörðum króna á síðasta ári (www.hagstofa.is). Í dag hafa verið gefin út leyfi fyrir eldi á um 30.000 tonnum af laxi. Nú hafa einnig bæst í hópinn fyrirtækin Arctic Fish á Vestfjörðum og Laxar fiskeldi á Austfjörðum. Þriðja bylgja sjókvíaeldis á laxi er því hafin á Íslandi eins og sjá má á mynd 5 („Ársskýrsla dýralæknis fisksjúkdóma 2016“ (2017), „Framleiðsla í íslensku fiskeldi“ (2016)).

Framleiðslutölur í íslensku laxeldi



Mynd 5. Yfirlit yfir framleiðslutölur úr íslensku laxeldi á tímabilinu 1985-2017. Heimild: www.mast.is

Meginhluti núverandi framleiðslu kemur úr sjókvíaeldi en Íslandsbleikja framleiðir um 1000 tonn af laxi á ári í landeldisstöð í Öxarfirði. Í Grindavík er nú að rísa ný landeldisstöð Matorku ehf sem stefnir á framleiðslu á bleikju og laxi. Sjókvíaeldisstöðvarnar eru staðsettar á sunnanverðum Vestfjörðum (Dýrafirði, Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði) og á Austfjörðum (Berufirði og Fáskrúðsfirði). Eldisfyrirtækin hafa öll hug á því að auka starfsemi sína og hafa sótt um starfsleyfi til sjókvíaeldis í ýmsum svæðum s.s. Ísafjarðardjúpi, Jökulfjörðum, Eyjafirði, Mjóafirði, Norðfirði, Stöðvarfirði og Seyðisfirði. Einungis er heimilt að ala laxfiska í sjókvíum á Vestfjörðum, Austfjörðum og í Eyjafirði og er sú ráðstöfun sett til verndar villtum laxastofnum, komi til óhappa eða slyssleppinga.

Slysasleppingar og strok eldislaxa á Íslandi

Á upphafsárum laxeldis í sjókvíum á Íslandi á seinni hluta níunda áratugarins var eldisbúnaður frumstæður og mikið var um að lax slyppi úr kvíum. Sjókvíaeldið var að mestu leyti staðsett í Faxaflóa (aðallega við Reykjavík og í Hvalfirði) og strokulaxarnir leituðu mikið upp í ár næst eldisvæðunum (Sigurður Guðjónsson 1991, Guðjonsson et al. 2005). Í Elliðaám og Leirvogsá náði hlutfall eldislaxa hæst upp í 30-40% og upp í rúm 60% í Botnsá í Hvalfirði árið 1988 (Friðjón M. Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1991, 1993). Einnig var mikið um það að hafbeitarseiði frá hafbeitarstöðinni í Kollafirði leituðu upp í ár við Faxaflóann (Valdimar Ingi Gunnarsson 2002, 2007). Allur eldisfiskur á þessum tíma var þó af íslenskum uppruna og ekki var litið á innblöndun eldisfisks sem sérstaklega alvarlegt vandamál. Eldislaxinn var oftast auðþekktur á útliti (oft með eydda ugga og sporð) en notast var við lestur á hreistursflögum til þess að fá öruggari greiningu (Ingi R. Jónsson og Þórólfur Antonsson 2004).

Í annarri bylgju laxeldis sem stóð yfir á árunum 2002-2006 var alfarið búið að skipta yfir í norskættaða eldislaxinn (Guðjónsson og Scarnecchia 2009). Á þessu tímabili var aðeins tilkynnt um eina slysasleppingu á eldislaxi þann 20. ágúst 2003, þegar 2900 fullvaxta eldislaxar sluppu eftir að gat kom á sláturkví í höfninni á Neskaupsstað. Fiskurinn hafði verið fluttur með brunnbáti frá sjókvíaeldisstöð Íslandslax í Eyjafirði þar sem hann var búinn að vera í eldi frá því í júlí 2002. Reynt var að góma strokulaxana með netalögnum en aðeins tókst að endurheimta 109 eldislaxa síðar um sumarið. Af endurheimtum löxum sýndu 14% merki um kynþroska. Flestir laxarnir veiddust í Norðfjarðarflóa í og við höfnina þar sem eldislaxinn slapp og hinir 9 voru teknir í Mjóafirði. Í september veiddust síðan 10 eldisfiskar til viðbótar í laxveiðiám á Austfjörðum. Sex þessara fiska höfðu synt um 70 km leið í suðurátt og veiddust í Breiðdalsá. Hinir fjórir höfðu hins vegar synt um 120 km leið norður í Vopnafjörð þar sem þrír þeirra veiddust í Hofsa og einn í Selá. Það er athyglisvert að eldislaxar veiddust ekki í neinni bleikjuá heldur leituðu bara upp í stóru laxveiðiárnar á svæðinu. Ekki var tilkynnt um neina veidda eldislaxa árið eftir. Alls tókst því að endurheimta um 4% af strokufiskinum og staðfest er að um 0,4% þeirra hafi veiðst í laxveiðiám (Ingi Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson 2004, Valdimar Gunnarsson og Eiríkur Beck 2004).

Þetta atvik gefur nokkrar athyglisverðar upplýsingar um ferðir og lifun strokulaxa. Í fyrsta lagi að lifun strokulaxa getur verið mjög lítil og mjög fáir laxar ganga upp í ár til að hrygna þegar strokstaðurinn er staðsettur langt frá laxveiðiám. Í öðru lagi að sumir strokulaxarnir synda um langan veg þar til þeir finna laxveiðiá. Í þriðja lagi að strokulaxar geta leitað í báðar áttir meðfram strandlengjunni, ekki bara réttsælis með stefnu strandstraumsins.

Í þriðju bylgju laxeldis sem nú stendur yfir hefur aðeins verið tilkynnt um eina slysasleppingu á eldislaxi. Atburðurinn átti sér stað í nóvember 2013 þegar tilkynnt var að 200 fullvaxta eldislaxar hefðu sloppið eftir að gat kom á sláturkví Fjarðalax á Patreksfirði. Næsta sumar á eftir veiddist síðan 21 eldislax í ósum Kleifaár í botni Patreksfjarðar en Kleifaá er ekki náttúruleg laxveiðiá. Fiskistofa gaf í kjölfarið leyfi til netaveiða og sjóstangveiða í Patreksfirði í tilraun til þess að góma fleiri strokulaxa og alls veiddust 43 staðfestir eldislaxar til viðbótar (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2014a,b). Ekki hafa borist tilýningar um veiddan eldislax á nærliggjandi fjörðum enda var þarna um umfangslitla sleppingu að ræða. Erfitt getur þó verið að taka eftir minniháttar leka af strokufiski úr sjókvíum og í rannsókn Leós Alexanders Guðmundssonar hjá Hafrannsóknastofnun komu fram niðurstöður sem virðast benda til þess að eldislaxar gætu hafa sloppið úr sjókvíum á þessu svæði á hverju ári á árabílinu 2011-2014 (Leó Alexander Guðmundsson o.fl., óbirt gögn).

Rannsóknir á erfðablöndun íslenskra laxastofna

Eins og lýst var í síðasta kafla var mikið um að eldisfiskar og hafbeitarfiskar leituðu upp í Elliðaárnar á níunda og tíunda áratugnum. Í íslenskri vísindagrein frá árinu 2013 var síðan í fyrsta sinn sýnt fram á erfðablöndun úr eldisfiski yfir í náttúrulega íslenska laxastofna þegar könnuð voru erfðafræðileg áhrif eldislaxa á stofngerð og erfðasamsetningu laxastofna í árkerfi Elliðaáa (Elliðaár, Hólmsá og Suðurá) (Guðmundsson et al. 2013). Niðurstöður sýndu fram á erfðafræðilegan mun á milli allra þriggja ána innbyrðis sem þótti merkileg niðurstaða fyrir svo lítið árkerfi. Í rannsókninni fundust blendingar (seiði) villtra laxa og eldislaxa á árunum 1990-1991 og síðan einnig á árinu 2005, þrátt fyrir að ekki hefði orðið vart við eldislax í ánni eftir 1999. Það þótti benda til þess að blendingar fyrri ára hefðu náð að ganga aftur upp í árnar sem kynþroska fiskar og koma upp sínum eigin afkvæmum.

Í yfirstandandi rannsókn á vegum Hafrannsóknastofnunar (Leó Alexander Guðmundsson o.fl., óbirt gögn) hafa í fyrsta sinn fundist vísbendingar um erfðablöndun úr eldisfiski af norskum uppruna yfir í náttúrulega íslenska laxastofna. Verið er að vinna að skýrslu um þessar rannsóknir en helstu bráðabirgðaniðurstöður eru birtar hér með góðfúslegu leyfi höfunda. Í rannsókninni voru erfðagreind sýni úr 701 laxaseiði úr 16 vatnsföllum á tímabilunum ágúst 2015 og ágúst/október 2016. Auk þess voru erfðagreind sýni úr tveimur kynþroska eldislögum sem veiddust í Mjólka í ágúst 2016. Sýnin voru greind hjá Mátis ohf með þekktum erfðamörkum (Ellis o.fl. 2011, Leó Alexander Guðmundsson og Sigurður Guðjónsson 2013) og að auki var notast við erfðamörk úr greiningu á 26 íslenskum laxastofnum (Kristinn Ólafsson o.fl. 2014). Erfðablöndun villtra laxa og eldislaxa var metin með forritinu STRUCTURE 2.3.3 (Pritchard o.fl. 2000).

Bráðabirgðaniðurstöður gefa sterkar vísbendingar um að strolaxar af norskum eldisuppruna hafi sloppið úr eldiskvíum, hrygnt og blandast villtum lögum í nágrenni eldisvæða. Skýr merki um erfðablöndun mátti sjá í tveimur laxastofnum, í Botnsá í Tálknafirði og í Sunndalsá í Trostansfirði, sem er einn af innfjörðum Arnarfjarðar. Í Botnsá fundust fjórir blendingar og tvö hrein eldisseiði, öll af árgangi 2014. Sýnataka var ekki umfangsmikil en það er athyglisvert að helmingur greindra seiða úr Botnsá reyndist vera af eldisuppruna. Höfundar skýra blendingana með því að eldislax hafi hrygnt í ánni og æxlast með villtum lögum (sennilega eldishrygnur og villtir hængar). Hrein eldisseiði hafa hugsanlega verið afkastur innbyrðis æxlunar strolaxa en einnig er mögulegt að þarna hafi verið um að ræða strolaxseiði úr seiðastöðinni í botni Tálknarfjarðar. Höfundar leiða að því líkur að þarna hafi verið um að ræða afkvæmi strolaxa úr slyasleppingunni í Patreksfirði í nóvember 2013.

Sundalsá er aðeins um 10 km frá eldisvæði í Fossfirði (syðsti innfjörður Arnarfjarðar) og þar fundust fimm blendingar eldisfiska og villtra laxa. Þar af voru fjögur seiði af 2015 árgangi og jafnframt fundust tveir kynþroska laxar við Mjólkárirkjun í Borgarfirði (nyrsta innfirði Arnarfjarðar) árið 2015. Ákveðnar vísbendingar um erfðablöndun fundust í öllum seiðaárgöngum á tímabilinu 2011-2015. Ekki er vitað um tilkynntar slyasleppingar eftir árið 2013 og þetta vekur því óneitanlega upp spurningar um það hvort minniháttar leki af strolaxfiski hafi orðið á hverju ári á þessu tímabili.

Niðurstaða höfunda er sú að mjög sterkar vísbendingar séu um það að erfðablöndun villtra laxa og eldislaxa hafi átt sér stað í þessum ám. Það verður þó að hafa í huga að eingöngu greindist erfðablöndun í ám sem liggja næst eldisvæðum og að mjög lítil laxagengd er að jafnaði í þessar ár. Höfundar nefna einnig sýnatökusvæðin hafi verið lítil og að umfang meintrar erfðablöndunar gæti hæglega verið meira en sýnataka leiddi í ljós. Talsverð óvissa er þó varðandi greiningu sýna og túlkun á niðurstöðum og augljóslega er þörf á því að efla þessar rannsóknir til þess að niðurstöður séu hafnar yfir allan vafa. Í vöktunaráætlun (sjá bls. 27) er lagt til að Botnsá í Tálknafirði og Selárdalsá í Arnarfirði verði á lista yfir þær ár sem verða vaktaðar sérstaklega með reglulegri sýnatöku og erfðagreiningum.

Erfðablöndun eldislaxa og villtra laxastofna í Noregi

Í nýlegri vísindagrein (Glover et al. 2017) var framkvæmt mat á umfangi og áhrifum erfðablöndunar eldisfisks við villta norska laxastofna eftir fimmtíu ára sögu laxeldis þar í landi. Í Noregi er laxeldi gríðarstór atvinnuvegur sem skapar meira en tvöfalt meiri útflutningsverðmæti en allur íslenski sjávarútvegurinn og þar hafa menn skilgreint laxalús og erfðablöndun sem tvö langstærstu vandamálin sem steðja að greininni. Í greininni er farið ítarlega yfir stöðu þekkingar á þessu sviði og einnig fjallað um sögu og stöðu erfðablöndunar í öðrum löndum, sérstaklega Írlandi. Niðurstöður þessarar greinar voru að miklu leyti lagðar til grundvallar við gerð þessa áhættumats enda er norskt laxeldi það langstærsta í heiminum og þar liggja fyrir upplýsingar um langtímaáhrif af gríðarstöru laxeldi á villta laxastofna.

Í Noregi hefur verið mjög erfitt að greina erfðablöndun í villtum stofnum vegna þess að mjög lítil erfðamunur er á villtum fiski og eldisfiski. Í dag hefur erfðatækninni hins vegar fleygt fram og nú er hægt að styðjast við svokallaða SNP-tækni þar sem ekki þarf að bera saman við söguleg gögn. Í viðamikilli rannsókn þar sem greind voru sýni úr 147 norskum ám (3/4 hlutar af villtum laxastofnum í Noregi) greindist tölfræðilega marktæk erfðablöndun í helmingi ána. Í um það bil fjórðungi ána reiknaðist hlutfall erfðablöndunar hærra en 10% og meðaltalsgildi erfðablöndunar í öllum ám var 6,4%. Helmingur ána var hins vegar laus við erfðablöndun þannig að miðgildi erfðablöndunar var eðlilega mun lægra eða 2,3%. Í flestum tilfellum leiðir erfðablöndunin til minni erfðabreytileika í villta stofninum (fækkunar á samsætum).

Sá þáttur sem virðist skipta langmestu máli hvað varðar temprun á erfðablöndun eftir innrás strolulaxa er einfaldlega þéttleikinn sem fyrir er í ánni. Sé þéttleikinn mikill verður samkeppnin mikil á seiðastiginu, afkvæmi eldisfisksins láta í minni pokann og erfðablöndunin verður minni en ella. Talið er að við erfðablöndun geti orðið breytingar á ýmsum þáttum svo sem vaxtarhraða seiða, sjógöngualdri, vaxtarhraða í sjó og kynþroskaaldri. Allt bendir til þess að erfðablöndun hliðri eiginleikum og eðli hins villta stofns í átt að eiginleikum eldisfisksins. Oft getur þó verið erfitt að greina þessar breytingar vegna annarra þátta sem einnig hafa áhrif á vöxt og atferli eins og loftslagsbreytingar. Reiknimódel og hermanir hafa einnig sýnt að breytileiki milli stofna mun minnka vegna blöndunar við eldisfisk.

Samantekt á helstu helstu niðurstöðum þessarar vísindagreinar:

- Þekkingin hefur aukist mikið á öllum þáttum varðandi áhrif sleppinga á villta stofna.
- Erfðavísamælingar sanna með óyggjandi hætti innblöndun eldislax í 150 laxastofna í Noregi.
- Þekking á erfðafraeðilegum mun á eldislaxi og villtum laxi hefur aukist mikið.
- Þekking á erfðamengi laxins og eðli einstakra gena hefur aukist verulega og opnað nýjar leiðir til að rannsaka erfðir og áhrif þeirra.
- Varðveisla á erfðabreytileika villtra laxastofna næst aðeins með tvennum hætti:
 - Með verulegri eða algjörrri minnkun á fjölda strolulaxa út í villta náttúru.
 - Með æxlunarhindrun í gegnum notkun á ófrjóum eldislaxi.


Knýjandi spurningar að mati greinarhöfunda:

- Hver eru líffræðileg og vistfræðileg áhrif blöndunar eldisfisks á villta stofna?
- Hver eru þolmörk villtra laxastofna gagnvart erfðablöndun frá eldislaxi? Er hægt að skilgreina þolmörk fyrir ásættanlega erfðablöndun og nýta sem verkfæri við verndun villtra laxastofna?
- Hafa villtir stofnar þróunarlegan sveigjanleika til þess að þola 1, 5 eða 10% erfðablöndun án þess að breyta sínum grundvallareiginleikum eða glata þróunarlegu svigrúmi sínu?
- Hversu lengi er villtur laxastofn að hreinsa út tímabundna erfðablöndun með náttúruvali?

Slysasleppingar og hrygning strokulaxa í Noregi

Mat á umfangi slysasleppinga í norsku laxeldi

Í laxeldi er algengt að meta fjölda strokulaxa sem hlutfall af umfangi framleiðslunnar og þá yfirleitt sem fjölda fiska á hvert framleitt tonn. Mynd 6 sýnir yfirlit yfir hlutfallslegan fjölda strokulaxa í Noregi frá því að skipulagt eftirlit hófst árið 2001.



Mynd 6. Strokulaxar í Noregi – fjöldi einstaklinga á hvert framleitt tonn. Bláa línan sýnir eingöngu tilkynntar sleppingar en rauða línan sýnir áætlaðan heildarfjölda sleppinga (margföldunarstuðull 4).

Talið er að raunverulegt strok sé ávallt mun meira en tilkynntar tölur gefa til kynna og þannig var raunverulegt strok fyrir árin 2005-2011 álitíð 2-4 sinnum hærra en tilkynnt strok. Erfðarannsóknir benda til þess að dreifðar smásleppingar (leki) séu helsta ástæðan fyrir þessu vanmati í opinberum tölum. Á undanförunum árum virðist hafa dregið verulega úr sleppingum, líklega vegna hertra reglugerða og betri eldisbúnaðar. Með öryggisstuðlinum 4 (sjá mynd 6) má áætla að umfang stroks frá árinu 2008 hafi verið u.þ.b. 0,8 laxar á tonn að meðaltali. Ársframleiðslan hefur verið nálægt 1,2 milljón tonnum undanfarin 5-6 ár þ.a. áætlað strok er allt að 1 milljón eldislaxar á ári eða sem nemur 0,3% af heildarfjölda eldislaxa. Þegar þessi tala er sett í samhengi við stærð hinna villtu stofna þá kemur í ljós að það strjúka sennilega fleiri laxar úr norskum kvíum en sem nemur heildarfjölda villtra laxa sem ganga upp í ár til að hrygna (400-500.000 laxar á ári). Það verður þó að hafa í huga að aðeins lítill hluti strokulaxa nær að synda upp í ár til að hrygna. Langflestir strokulaxar eiga í erfiðleikum með að afla sér fæðu í villtri náttúru eða forðast afræningja. Afkomumöguleikar þeirra ráðast verulega af nálægð sleppistaðar við árósa og einnig af aldri við strok. Almennt má þó segja að langflestir strokulaxa hverfi í hafi og syndi aldrei upp í ár til að hrygna.

Hrygning strokulaxa

Í norsku rannsókn kom í ljós að á árunum 2014-2015 var strokufiskur meira en 10% af heildarfjölda kynþroska laxa í 10-20% af rannsókuðum ám. Yfir 90% þeirra strokulaxa sem ganga upp í ár eru kynþroska en nýsloppinn eldislax hefur þó mjög lélega samkeppnishæfni gagnvart villtum fiski. Rannsóknir hafa sýnt að hrygning tekst einungis í um 1-3% tilfella hjá eldishængum miðað við villta hænga. Hjá eldishrygnum var hlutfallið hins vegar mun hærra eða u.þ.b. 30% miðað við villtar hrygnur. Eldisfiskurinn velur sér oft önnur svæði og hrygnir jafnvel á öðrum tíma en villtur fiskur en hvort tveggja getur dregið úr afkomumöguleikum hrognanna. Eldisfiskur hefur jafnframt oftast minni hrogn en villtur fiskur af sambærilegri stærð en vitað er að hrognastærð skiptir miklu varðandi endurheimtur úr hafi. Á móti kemur að eldisfiskurinn er oft á tíðum stærri en sá villti sem er fyrir í ánni og getur því jafnvel hrygnt jafnstórum hrognum og villti fiskurinn (Fleming et al. 1996, 2000).

Munurinn á eldislaxi og villtum laxi

Kynbætur á eldislaxi hófust í Noregi árið 1971 með vali á grunnstofni úr mörgum norskum ám og í dag er búið að framleiða meira en 12 kynslóðir af kynbótafiski í Noregi. Þeir arfgerðareiginleikar sem valið hefur verið fyrir eru hraður vöxtur, seltuþol og smoltun, seinn kynþroski og þol gegn sjúkdómum og snikjudýrum. Fyrstu þrjú áratuginu var notast við fjögurra ára kynslóðabil en árið 2005 skipti kynbóta fyrirtækið Aquagen yfir í þriggja ára kynslóðabil sem leiðir til enn hraðari framfara. Í dag er einnig búið að raðgreina erfðamengi laxins og farið er að beita mun markvissari aðferðum í kynbótum en áður. Sameindaerfæðilegar aðferðir sem byggja á vali fyrir einstökum genum gefa kost á mun hraðari kynbótum og frekari aðgreiningu eldislax frá villtum stofnum. Þessi aukni erfðamunur mun væntanlega knýja fram auknar kröfur um fullkominn aðskilnað á eldislaxi og villtum laxi.

Samanburðarrannsóknir á eldislaxi og villtum laxi hafa sýnt marktækan mun á þáttum eins og hegðun, kynþroska, útliti og sjúkdómsspoli en munurinn er þó mestur hvað varðar vaxtarhraða. Niðurstöður kerjarannsóknna eru yfirleitt á þann veg að eldisfiskurinn er 2-3 sinnum stærrí við lok tilraunar (Glover et al. 2017). Á þessu eru þó undantekningar og í sumum tilfellum stafar munurinn að verulegu leyti af foreldraáhrifum þar sem foreldrafiskurinn er ekki sambærilegur. Einnig er vitað að kynbótaframfarir í vaxtarhraða stafa ekki eingöngu af erfðafræðilegum breytingum heldur einnig vegna aðlögunar að því manngerða umhverfi sem fiskinum er gert að lifa í. Margar rannsóknir sýna að eldislax stendur sig betur í eldisumhverfi og sá villti stendur sig betur í náttúrunni.

Samanburðarrannsóknir í villtri náttúru hafa flestar sýnt mun betri frammistöðu hjá villtum laxi. Til grundvallar slíkum samanburði er gott að hafa til hliðsjónar dæmigerða afkomu hjá villtum laxi sem er eitthvað á þann veg að 1-2% hrognanna ná að verða að sjógönguseiðum og innan við 10% þeirra skila sér síðan aftur í ána. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að villtur lax gengur yfirleitt aftur eftir aðeins einn vetur í sjó en eldisfiskurinn er oftast þriggja til fjögurra vetra þegar hann snýr aftur upp í ána. Vegna lengri sjógöngu er því skiljanlegt að endurheimtur séu minni af eldislaxi en villtum laxi. Í norski rannsókn í ánni Imsa þar sem notast var við samanburðarhæfa foreldra (1-2 vetur í sjó) var sýnt fram á lélega samkeppnishæfni eldislaxins. Hrygningarárangur eldisfisksins var innan við þriðjungur af árangri villta fisksins og lífshæfni (fitness) eldisfisksins var einungis 16% af lífshæfni villta fisksins (lífshæfni = viðhald stofnstærðar hrygningarfisks í ánni frá kynslóð til kynslóðar). Burðargeta árinna var takmarkandi þáttur og innblöndun eldisfisksins hafði því þær afleiðingar að framleiðni árinna á ársgrundvelli minnkaði um 30%. Það var þó athyglisvert að í þessari rannsókn mældist enginn marktækur munur á lifun í sjó eða aldri við kynþroska, líklega vegna þess að foreldrafiskurinn var samanburðarhæfur en því er ekki alltaf til að dreifa í samanburðarrannsóknnum (Fleming et al. 2000).

Í annarri norski rannsókn (Skaala et al. 2012) var frjóvguðum hrognum plantað í laxveiðiá með vaxandi þéttleika yfir þriggja ára tímabil. Niðurstöðurnar sýndu að seiði úr eldishrognum höfðu minni lifun og að lifunin fór minnkandi með auknum hrognþéttleika. Þetta bendir til þess að eldisseiðin hafi skerta samkeppnishæfni og hafi því minni afkomumöguleika ef seiðaþéttleikinn í ánni er mikill. Jafnframt bendir það til þess að seiði undan strokulaxi hafi meiri afkomumöguleika í ám þar sem þéttleiki er lítill og samkeppnin því lítil að sama skapi.

Erlend reiknilíkön fyrir erfðablöndun laxastofna

Alþjóðlegt samstarf og reiknilíkön erfðablöndunar

Eldi á Atlantshafslaxi er nú orðið yfir tvær milljónir tonna á heimsvísu sem er meira en allir villtir stofnar samanlagt. Því eru vaxandi áhyggjur af neikvæðum erfða- og lífshæfniáhrifum (e. fitness) á villta stofna. Æxlun eldislax í ám er nú orðin staðreynd víða, eins og dæmi sanna frá Noregi og einnig í Norður Ameríku. Þessi blöndun stofna getur hugsanlega breytt einkennum og staðbundinni aðlögun villtra stofna og valdið því að villtir stofnar minnki eða hverfi (Glover et al. 2017).

Enn er þol villtra stofna gagnvart erfðablöndun við eldisfisk ekki vel þekkt, né heldur hvernig blendingum reiðir af. Þar er um að ræða flókið samspil erfða og umhverfis sem getur verið mjög breytilegt frá einum stað til annars. Þetta gerir ákvarðanatöku við stjórnun fiskeldis erfiða og standa öll lönd með villta laxastofna og eldi frammi fyrir sama vanda. Því er unnið að því í hinum ýmsu löndum til að skoða þessi áhrif með það að markmiði að vernda og viðhalda náttúrulegum stofnum.

Til að samræma vinnu og krafta hefur verið stofnaður starfshópurinn „Atlantic Ocean Research Alliance’s - Galway“ sem hittist fyrst í Marine Institute in Oranmore í Írlandi dagana 7-9. mars 2017, með fulltrúum frá Noregi, Kanada, BNA, Írlandi, Bretlandi og Íslandi. Ragnar Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson frá Hafrannsóknastofnun tóku þátt í þessum fundi. Markmið þessa hóps er að vinna saman að líkanasmíð varðandi blöndun eldislaxa við villta stofna, meta áhrif erfðablöndunar og skoða og meta mótvægisáðgerðir. Nýta á gögn sem aflast sameiginlega, deila reynslu og vinnu. Fyrsti fundurinn var fjármagnaður að mestu af Fisheries and Oceans Canada og leiddur af Dr. Ian Bradbury frá þeirri stofnun.

Á þessum fundi voru rædd þrjú líkön sem gerð hafa verið eða eru í þróun:

1. OMEGA sem hannað var af bandarísku haf- og veðurfræðistofnuninni (NOAA Fisheries) sem tölulegt verkfæri til ákvarðanatöku (OMEGA 2014). Eins og nafn líkansins gefur til kynna þ.e. „A numerical decision-support tool: the Off-shore Mariculture Escapees Genetics/Ecological Assessment (OMEGA) model“, er það hannað fyrir sjávarfiska með annað hrygningarmynstur og einfaldari lífsferil en lax. Til að ná yfir flókin lífsferil laxins auk þess að gera ráð fyrir hrygningu í mörgum ám í mismunandi fjarlægð frá strokstað er þetta líkan ekki hentugt fyrr en eftir gagngerar breytingar.
2. IBSEM er hannað af Kevin Glover (Hafrannsóknastofnun Noregs), Marco Castelliani og John Gilbey (Castelliani et al. 2015). Líkaninu er ætlað að ætlað að meta erfðaáhrif og herma vistfræðilegt samspil. Með líkaninu er notast við umhverfisbreytur (hitastig búsvæða); vistfræðibreytur (t.d., kyn, vöxt, kynþroska, sjóþroska, hrygningarárangur og lifun) og erfðafræðibreytur (21 gen dreift yfir þrjú litninga, hvert samsett af erfðavísu sem tengdir eru við mismunandi æviskeið). Þetta líkan er því ætlað að meta þróun erfðablöndunar en ekki líkur á henni eða dreifingu fisks frá strokstað.
3. Einnig var kynnt líkan sem er í smíðum í Skotlandi af Eric Verspoor o.fl. Skoska líkanið er blandað erfða- og stofnfræðilegt líkan sem kannar áhrif á flæði gena frá eldisfiski í villta stofna, áhrif þeirra á lífshæfni (fitness) og nýliðun. Lífshæfni er reiknuð sem fall af erfðabreytileika sem er skipt yfir mismunandi æviskeið með föstum umhverfisþáttum. Lifun blendinga er samlagning lifunar alinna og villtra fiska. Líkanið byggir á ýmsum forsendum með sérstakri áherslu á stofn Girnock árinna, þverár Dee í Skotlandi. Þetta líkan er því hannað til að meta þróun erfðablöndunar en ekki líkur á henni eða dreifingu fisks frá strokstað.

Reiknilíkan og flokkunarkerfi NINA

Einnig ber að nefna líkan sem notað er af norsku náttúrufræðistofnuninni (Norsk Institutt for Naturforskning (NINA)) og er lýst í grein Liu et al. (2013). Þetta líkan hefur verið notað í tillögu að flokkunarkerfi fyrir áhrif mismunandi álags stroks eldislaxa á villta stofna (Diserud o.fl. 2012). Líkanið nýtir gögn um hlutfall strokulaxa og gögn um samkeppnishæfni eldislaxa miðað við villta laxa (Fleming o.fl. 2000, McGinnity o.fl. 2003). Líkanið reiknar samsetningu stofns á hverjum tíma (afkomendur villtra fiska, eldisfiska og blendinga) á öllum lífsstigum og spáir um hve mikið breytur eins og hlutfall eldisfisks hafa á stofn yfir fleiri kynslóðir. Hermun með þessu líkani sýnir breytingar sem verða á hlutfalli blendinga, villtra fiska og eldisfisks í klakstofni sem fall af föstu hlutfalli eldisfisks af stofni hvers árs. Þetta er borið saman við gögn úr 110 ám á árabílinu 1989-2012. Að lokum var ástand stofna metið og mat lagt á hve mikil áhrif hlutfall eldisfisks í klakstofni hefði til langframa á samsetningu stofns. Áhættumat NINA-líkansins skiptist í sex flokka eftir umfangi erfðablöndunar:

- **Flokkur 1:** Stofn í bráðri hættu eða glataður stofn. Í þessum flokki eru vatnsföll þar sem stofninn er líklega tapaður og ekki er gert ráð fyrir að erfðaeefni hafi verið geymt á öruggum stað (svo sem fryst svil). Í þennan flokk falla ár þar sem reiknaður villtur hluti stofns er undir 25%. *Samkvæmt líkani jafngildir það því að árlega hafi 35% fiska í klakstofni verið eldisfiskur.*
- **Flokkur 2:** Stofn í hættu. Í þessum flokki eru stofnar þar sem líkur á erfðablöndun við eldislax eru miklar og stofninn er á hraðri breytingu frá upprunalegum stofni. Í þennan flokk falla ár þar sem reiknaður villtur hluti stofns er 25-50%. *Samkvæmt líkani jafngildir það því að árlega hafi 20-35% fiska í klakstofni verið eldisfiskur.*
- **Flokkur 3:** Stofn sem er verulega ógnað. Í þessum flokki eru stofnar sem eru á ljóstri leið erfðablöndunar. Í þennan flokk falla ár þar sem reiknaður villtur hluti stofns er 50-75%. *Samkvæmt líkani jafngildir það því að árlega hafi 8,7-20% fiska í klakstofni verið eldisfiskur.*
- **Flokkur 4:** Stofn sem þarf sérstakt eftirlit. Stofnar á líklegri leið erfðablöndunar. Í þennan flokk falla ár þar sem reiknaður villtur hluti stofns er 75-90%. *Samkvæmt líkani jafngildir það því að árlega hafi 3,3-8,7% fiska í klakstofni verið eldisfiskur.*
- **Flokkur 5:** Stofn í góðu horfi. Vatnsföll þar sem lítil áhrif eru en með meira álagi gætu færst í lægri flokk. Í þennan flokk falla ár þar sem reiknaður villtur hluti stofns er 90-95%. *Samkvæmt líkani jafngildir það því að árlega hafi 1,6-3,3% fiska í klakstofni verið eldisfiskur.*
- **Flokkur 6:** Stofn í mjög góðu horfi. Vatnsföll með engin sýnileg áhrif og ekki talin í hættu. Í þennan flokk falla ár þar sem reiknaður villtur hluti stofns er 90-95%. *Samkvæmt líkani jafngildir það því að árlega hafi 0-1,6% fiska í klakstofni verið eldisfiskur.*

Pröskuldsgildi í áhættumati erfðablöndunar í Noregi

Norska Hafrannsóknastofnunin hefur samhliða áhættumatinu unnið mat á umhverfisáhrifum laxeldis, þar með talið áhrifum erfðablöndunar (Taranger et al. 2014, 2015). Breytingar í erfðamengi hafa verið mældar með erfðamörkum og innblöndun eldisfisks hefur verið áætluð fyrir 20 laxastofna í meira en 3-4 áratugi (Glover et al. 2013). Tíðni strokufiska í villtum stofnum sem er í réttu hlutfalli við erfðablöndun yfir lengri tíma (Glover et al. 2012, 2013) er valin sem mat á áhættu á frekari erfðablöndun í hverjum stofni (Taranger et al. 2012). Pröskuldsgildi ásættanlegrar erfðablöndunar voru sett með hliðsjón af náttúrulegu flakki fiska milli áa og þeirri þekkingu sem aflað hefur verið um fylgni hlutfalls eldisfisks í stofni við erfðablöndun hans (Glover et al. 2012, 2013). Náttúrulegt flakk getur í sumum tilfellum orðið nokkuð hátt eða allt að 10% til 20% (Stabell 1984). Pröskuldsgildið fyrir enga eða nær enga hættu á erfðablöndun var því valið með tilliti til lægri marka náttúrulegs flakks sem er um 4% en 10% fyrir mikla hættu á erfðablöndun sem efri mörk áhættudreifingar.

Áhættulíkan fyrir erfðablöndun eldislax við íslenska stofna

Tilgangur reiknilíkans fyrir áhættumat

Í skýrslu þessari er kynnt nýtt áhættumatslíkan fyrir erfðablöndun eldislax við villta íslenska laxastofna. Tilgangur líkansins er að gefa rétta mynd af fjölda strokufiska sem gætu tekið þátt í klaki í hverri á. Sá fjöldi er í beinu sambandi við áhættu á erfðablöndun. Ef fjöldinn fer yfir þröskuldsmörk á hverju ári er hættu á því að erfðablöndun safnist upp með tíma og hafi áhrif á stofngerð náttúrulegra stofna. Við höfum valið að nota gildi náttúrulegs flakks í fjölda því ljóst er að stofnar hafa viðhaldist þrátt fyrir það. Ætlunin er að tryggja að framleiðsla úr íslensku laxeldi hafi ekki neikvæð áhrif á villta stofna og bæta ímynd íslensks laxeldis. Þar sem margar breytur eru óvissar og lítið þekktar leggjum við til að áhætta vegna erfðablöndunar verði metin með gagnvirku áhættulíkani sem byggir á niðurstöðum vöktunaráætlunar sem framkvæmd verður árlega. Forsendur áhættulíkansins verða því endurskoðaðar frá ári til árs í samræmi við niðurstöður vöktunaráætlunar. Með þeim hætti má byggja stjórnun laxeldis á nýjustu upplýsingum til að lágmarka umhverfisáhrif greinarinnar. Markmiðið er að hámarka atvinnu- og samfélagsleg áhrif laxeldis án neikvæðra áhrifa á lax- og silungsveiði í landinu.

Sértæk virkni reiknilíkans fyrir íslenskar aðstæður

Ferli erfðablöndunar skiptist upp í tvö þrep:

- i) strok eldisfiska og líkur á að þeir fari upp í tiltekna á.
- ii) æxlun eldisfiska í ánni, afdrif afkvæma og áhrif á erfðamengi stofns.

Í síðasta kafla mátti sjá að til eru erlend reiknilíkon sem geta reiknað umfang erfðablöndunar og einnig líkon sem geta metið samband strokufiska og erfðablöndunar til lengri tíma. Ekki er hins vegar til nothæft líkan sem spáir til um far eldisfisks að ám. Ástæða þess er einföld, fiskeldi í Noregi og Skotlandi er mjög þétt og oftast mjög nálægt árósum þannig að líkan fyrir far eldisfiska hefur ekki merkingu. Þessu er hins vegar öðruvísi farið hérlendis þar sem eldissvæði eru að jafnaði langt frá laxveiðisvæðum og ferill og dreifing stroks skiptir verulegu máli. Firðir og flóar utan helstu laxveiðiaá landsins voru á sínum tíma friðaðir fyrir laxeldi til að vernda náttúrulega stofna fyrir erfðablöndun, snikjudýrum og sjúkdómum (Gudjonsson and Scarnecchia 2009). Fyrirtæki eru fá í laxeldi og munu verða fá í framtíðinni og svæði afmörkuð. Íslenskar ár eru lítið eða ekki erfðablandaðar af manna völdum auk þess sem framfarir í erfðatækni og efnatæki gera það mögulegt að fylgjast með fari og blöndun af völdum fiska frá einstökum fyrirtækjum. Því verður mun einfaldara að fylgja eftir mögulegri erfðablöndun með vöktun.

Ljóst er að líkanið þarf að geta spáð fyrir um dreifingu eldislaxa sem strjúka frá hverjum stökum eldisstað og áætla hve mikið af fiski mun skila sér í hverja á. Líkanið þarf að reikna áhrif frá öllum eldisstöðvum á allar ár þar sem stofnstærð er þekkt, bæði áætla fjölda strokufiska sem vænta má og hlutfall þeirra af klakstofni árinna. Þá er hægt að meta hverja á ásamt með meðal- og miðgildishlutfall strokulaxa.

Það eru einkum á tveimur stigum í eldinu sem er hættulegt að lax sleppi.

- i. Seiði sem sleppa snemmsumars lenda í náttúrulegum ferli laxins og þeir laxar sem lifa af sjávardvölinu eru mjög hæfir (fit) til hrygningar. Lax sem sleppur á öðrum æviskeiðum á minni möguleika og lax sem sleppur að vetri drepst að langstærstu leyti.
- ii. Lax sem sleppur nálægt kynþroska að sumri (hluti laxins er kynþroska skömmu fyrir slátrun) þarf ekki annað en að koma sér upp í á til að hrygna. Hrygningarhæfni slíks lax er samt verulega skert og á það frekar við um hængi en hrygnur.

Forsendur og breytistærðir reiknilíkans

Breytur sem skipta mestu máli um hve mikið af eldisfiski mun skila sér sem kynþroska fiskur í náttúrulega á eru sem hér segir:

1. Umfang eldis F_x í firði x mælt í tonnum á ári.
2. Hlutfall þeirra fiska sem sleppa fyrir hvert tonn framleitt, S , mælt í fjölda fiska á hvert tonn framleitt. Hér er stuðst við opinberar tölur frá Noregi og Skotlandi um fjölda strokulaxa. Með upplýsingum um framleiðslu á sama tíma er hægt að reikna hlutfall strokulaxa á hvert tonn framleitt. Þessar tölur eru nokkuð örugglega undirmat (Glover et al. 2017) þar sem ekki er allt strok tilkynnt. Það sést meðal annars á að samband tilkynnts magns og fjölda strokulaxa í ám fylgist ekki að en það er línulegt samband þar á milli ef rétt er talið. Nýleg víðtæk rannsókn á veiðum á merktum eldisfiski leiðir í ljós að raunverulegt strok var 2-4 sinnum hærra en það sem tilkynnt var af eldismönnum á árabílinu 2005-2011 (Skilbrei, Heino & Svásand 2015). Því höfum við notað meðaltal árána 2009-2016 og stuðulinn 4 ofan á tilkynnt strok. Einnig er áhugavert að benda á að svo virðist sem hlutfall stroks virðist 10 sinnum hærra í Skotlandi en í Noregi. Þrátt fyrir það teljum við rétt að styðjast við norskar tölur ($\times 4$) þar sem sömu staðlar fyrir eldisbúnað eru notaðir hérlendis og í Noregi.
3. Hegðun ungra sjógönguseiða er önnur en eldri fiska sem sleppa. Því meðhöndlum við *snemmbúið strok* þar sem ung sjógönguseiði sleppa sérstaklega. Þau synda á haf út í fæðuleit og snúa svo til baka á upprunastað. Í náttúrunni yfirgefa sjógönguseiðin sína upprunaá á tiltölulega skömmum tíma, oftast örfáum sólarhringum. Mögulega á innþrentun á upprunaá sér stað á þeim tíma er seiðið skryðist sjógöngubúningi og er ratvísi í rétta á mjög góð. Þegar sjógönguseiði sleppur úr sjókví á sér stað svipað ferli. Svo virðist sem seiðið snúi sem kynþroska lax aftur að sínum upprunastað, það er að sleppistað (kvínni), en reyni svo að ganga í ár nærri strokstað þar sem kynþroska lax er að finna.
4. Til eru gögn um lífun sjógönguseiða úr sjó, L , í gögnum frá íslenskum hafbeitarám (Magnús Jóhannsson o.fl. 2004). Eldisfiskur hefur minni líflíkur en lax úr hafbeitarám og er stuðullinn L_E/L_V áætlaður 0,37 (Hindar et al. 2006).
5. Stærri fiskur sem sleppur hefur aðra hegðun en sjógönguseiði og leitar í ár þegar dregur að kynþroska. Hann leitar vanalega undan straumi (Hansen 2006) í leit að og getur farið mjög langt yfir á ferð sinni, yfir 1000 kílómetra (Gudjonsson 1991; Piccolo & Orlikowska 2012). Hins vegar eru líkindi á að finna eldisfisk í vatnsfalli í sterku sambandi við magn eldis á svæðinu (Fiske et al. 2006) og mun færri eldislaxar koma í ár á austurströnd Skotlands þar sem ekki er fiskeldi en á vesturströnd þar sem eldið er staðsett (Green et al. 2012, Youngson, Webb, MacLean & Whyte 1997). Því meðhöndlum við *síðbúið strok* einnig sérstaklega.
6. Fyrir síðbúið strok koma breyturnar T , heildareldistími í sjó, H , hættutími, sem er sá tími sem fer að bera á kynþroska (áætlað síðustu 4 mánuðina) og K , meðalhlutfall kynþroska yfir hættutímabil í stað líflíkana sjógönguseiða, L .
7. Sem líkindadreifingarfall fyrir fjarlægð sem fiskar fara er notað svokallað Weibull fall með strokstað sem hámark dreifingarfalls. Þó fallið hafi ekki beina eðlislæga merkingu getur það nýst með góðum hætti sem parametrískt líking. Stuðlar Weibull fallsins eru β , lögunarstuðull og η , vegalengdarstuðull.

Reiknijöfnur reiknilíkans

Jafna (1) og (2) sýna fjölda laxa sem fara upp í einhverja á, annars vegar laxar sem eru stórir E_B , jafna (1) og fyrir sjógönguseiði E_S , jafna (2). Jafna (4) lýsir Weibull dreifingarfalli með vegalendina 0 í hámarki sínu. Plúsgildi eru ár réttisælis frá strokstað en mínusgildi eru rangsælis eftir strandlengju Íslands. Líkur á að fiskur fari í ákveðna á eru í réttu hlutfalli við fiskigengd hennar. Jafna (5) reiknar fjölda fiska sem fer upp í á a.

$$E_B = F_B S \frac{H}{T} K$$

$$E_S = F_S S L$$

$$w_{max} = \left(\frac{(\beta - 1) \eta^\beta}{\beta} \right)^{\frac{1}{\beta}}$$

$$W_{norm} = \frac{\frac{\beta}{\eta} \left(\frac{V_a + w_{max}}{\eta} \right)^{\beta-1} e^{-\left(\frac{V_a + w_{max}}{\eta} \right)^\beta}}{\sum_{V_a + w_{max}} \frac{\beta}{\eta} \left(\frac{V_a + w_{max}}{\eta} \right)^{\beta-1} e^{-\left(\frac{V_a + w_{max}}{\eta} \right)^\beta}}$$

$$F_r = A_r E W_{norm}$$

- E** Fjöldi eldislaxa sem skilar sér í einhverja á. E_S táknar fjölda sem hefur upphaflega sloppið sem smolt og E_B þá sem sloppið hafa stórir.
- F** Ársframleiðsla af laxi í tonnum.
- S** Hversu margir laxar sleppa fyrir hvert tonn sem framleitt er.
- H** Hættutími (apríl - september) er það tímabil sem hætta er við kynþroska og að fiskur fari í á.
- T** Fjöldi mánaða sem fiskurinn er alinn í sjó.
- K** Hlutfall þeirra sem sleppa sem kynþroskast og leita upp í á.
- L** Hlutfall sjógönguseiða sem lifa af í sjó og skila sér í ár.
- W_{max}** Hámarkun á Weibull dreifingu fyrir gefna fasta β og η . Notað til að hliðra dreifingunni.
- V_a** Vegalengd frá eldisstað að laxá a.
- W_{norm}** Stöðluð Weibull dreifing sem lýsir því hvernig laxar sem sleppa dreifa sér í laxárnar. Dreifingin hefur lögunar- og stærðarstuðla β og η .
- A_a** Fjöldi fiska í á a.
- F_a** Fjöldi eldislaxa sem fer í laxá a.

Tillaga að þröskuldsgildi stroklaxa í stofni.

Ljóst er að móta þarf stefnu um að erfðablöndun sé undir þeim öryggismörkum sem metin eru örugg svo að fiskeldi geti vaxið á skynsamlegan hátt og í sátt við náttúru og samfélög þar sem uppbygging fiskeldis mun eiga sér stað. Tryggja þarf að framleiðsla úr íslensku laxeldi hafi ekki neikvæð áhrif á villta stofna laxfiska. Einnig er mikilvægt að láta náttúruna njóta vafans, það mun bæta ímynd íslensks laxeldis.

Þröskuldsgildi er það mark þar sem árlegt hlutfall af eldisfiski hefur uppsöfnuð áhrif á erfðamengi stofna. Þetta gildi er enn rannsóknaspurning en á blaðsíðu 20 má sjá að svipuð niðurstaða virðist vera milli NINA og MRI í Noregi varðandi þröskuldsgildi fyrir ásættanlegt stök eldislaxa. NINA nefnir mörkin 3,3% stroklaxa í stofni í góðu horfi (flokkur 5) og MRI telur 4% sem neðri mörk enda endurspeglar sú tala meðalflakk milli ára.

Það er því skynsamlegt að miða við sömu þröskuldsgildi hér á landi. Þröskuldsgildi fyrir strokulaxa af eldisuppruna verða því sett 4%. Þessi mörk verða síðan endurskoðuð með tilliti til niðurstaðna vöktunaráætlunar þar sem erfðamengi 20 ára/árkerfa verður greint árlega og erfðablöndun mæld. Ef sannanleg erfðablöndun eykst með tíma þarf að endurskoða mörkin.

Sú aðferðafræði sem við leggjum til við mat á áhættu erfðablöndunar er gagnvirk áhættulíkan sem byggir á niðurstöðum vöktunaráætlunar sem framkvæmd verður á hverju ári. Forsendur áhættulíkansins verða endurskoðaðar frá ári til árs í samræmi við niðurstöður vöktunaráætlunar. Með þeim hætti má byggja stjórnun laxeldis á nýjustu upplýsingum til að lágmarka umhverfisáhrif greinarinnar. Markmiðið er að hámarka atvinnu- og samfélagsleg áhrif laxeldis án neikvæðra áhrifa á lax- og silungsveiði í landinu.

Notkun áhættulíkansins

Notkun og niðurstöður líkans

Áhættumatslíkanið er fyrst og fremst hugsað sem gagnvirkt verkfæri til þess að meta mögulegt umfang erfðablöndunar á hlutlægan hátt. Líkanið reiknar tvær dreifingar strokufiska fyrir hvern fiskeldisstað, annars vegar fyrir snemmbúið strok og hins vegar síðbúið strok. Þessar tvær dreifingar eru lagðar saman og mynda heildardreifingu. Heildardreifingar fyrir öll svæði eru svo lagðar saman og mynda heildardreifingarspá.

Breytur

Þegar líkanið er opnað kemur það upp með valin gildi fyrir breytur (undir flípanum Breytur). Í báðum tilfellum, síðbúið og snemmbúið strok, er gert ráð fyrir að 0,8 fiskar strjúki á hvert tonn framleitt. Þetta byggir á nýjustu tölum frá Noregi yfir tilkynnt strok að viðbættum öryggisstuðlinum 4. Miðað við strokstuðulinn 0,8 ættu u.þ.b. 9 þúsund laxar að strjúka úr íslenskum sjókvíum á árinu 2017 sem er líklega mun hærra en rauntölur. Stuðlinum er hins vegar einnig ætlað að ná yfir hugsanlegar stórslysasleppingar sem gætu átt sér stað með löngu árabili.

1. Breytur fyrir snemmbúið strok:

- a. Weibull lögunarstuðull β : Notað er gildið 2,5 sem gefur nokkuð samhverfa dreifingu frá strokstað.
- b. Weibull vegalendarstuðull η : Gert er ráð fyrir í fyrstu nálgun að fiskur leiti ekki mikið lengra en 200 kílómetra sundleið frá strokstað. Nánara mat fæst með vöktun.
- c. Heimsæknistuðull: Gera má ráð fyrir því að sjógönguseiði upplifi eldiskvíar og ströndina nálægt þeim sem heimkynni sín. Því getur valdið lykt af fiski og þá sérstaklega af kynþroska fiski. Þetta leiðir til tregðu þeirra að leita lengra burt. Í fyrsta mati gerum við ráð fyrir að lykt jafngildi fiskmagni á við 20% strokulaxa frá strokustað. Þessi stuðull hefur nokkuð mikil áhrif og stærð hans mun verða ljósari með vöktun.
- d. Líkur á að sjógönguseiði lifi af dvölinu í sjó: Hér er stuðst við niðurstöður úr hafbeit svo sem í Rangá. Gert er ráð fyrir 5% fyrir villt seiði.
- e. Hlutfallsleg lífshæfni eldis sjógönguseiða gagnvart villtum: Hér er stuðst við tölur frá Hindar et al. (2006) en þar kemur fram að hlutfallsleg lífshæfni sé um 37%.
- f. Gert er ráð fyrir að fiskar muni leita í ár í réttu hlutfalli við laxagengd gefinnar áar og dreifingarfall. Notaðar eru meðaltals veiðitölur árána 2000-2015 til að meta klakstofn árinna. Reiknað er með veiðihlutfallinu 50%.

2. Breytur fyrir síðbúið strok.

- a. Weibull lögunarstuðull β : Notað er gildið 2,0 sem gefur nokkuð meiri dreifingu meðstraums frá strokstað.
- b. Weibull vegalendarstuðull η : Gert er ráð fyrir í fyrstu nálgun að fiskur leiti langt og sé ekki með heimsækni. Gert er ráð fyrir allt að 1000 kílómetra sundleið frá strokstað.
- c. Hlutfall síðbúinna stroka sem kynþroskast og leitar upp í á: Gert er ráð fyrir að 15% fiskanna sem sleppi nái kynþroska og leiti upp í ár.
- d. Tími sem laxinn er alinn í sjó í mánuðum: Gert er ráð fyrir 18 mánaða eldistíma í sjó.
- e. Hættutími í mánuðum: Hættutími er skilgreindur sá tími sem hætta er á að fiskur nái kynþroska og leiti í ár sleppi hann innan þess tímabils.

Vöktunaráætlun

Til að gera kleyft að endurskoða og fylgjast með áreiðanleika áhættumats þarf að vakta lykildreytur sem hafa áhrif á líkanið.

Skráning, eftirlit og merkingar

- Umfang eldis í hverjum firði, fyrirtæki og magn í tonnum á ári. Fyrir þurfa að liggja upplýsingar um eldi hvers fyrirtækis svo reikna megi framleiðslumagn í firði. Fjöldi útsettra seiða og fjöldi laxa í hverjum árgangi. Skráð og skilað til MAST.
- Skráning framleiðenda á stroki. Skáning framleiðenda á stroki, magn af fiski og tímasetning stroks, strokstaður. Skilað til Fiskistofu.
- Merking á eldislaxi með stöðugum samsætum. Merkja þarf eldisseiði fyrir hvert fyrirtæki. Það er hægt að gera með stöðugum samsætum. Bætt er örilitlu magni af stöðugri samsætu af Baríum, einni samsætu eða fleirum, í bólusetninguna sem allir eldislaxar fá rétt áður en þeir eru settir í sjókví. Samsætunarbættast í kvörnum fiskanna, þannig að hver framleiðandi eldislaxa fær sitt merki, eins konar strikamerki. Allir laxar tiltekins fyrirtækis eru með sama merkið sem greinanlegt er frá öðrum merkjum framleiðenda. Bóluefni er afhent af MAST sem skráir hvar það er afhent, hvar notað og af hvaða framleiðenda.

Varðveisla erfðaefnis

- Varðveisla erfðaefnis úr foreldrafiski. Framleiðendum hrognna er skylt að varðveita í gagnagrunnum erfðaeftni foreldrafiska og halda bókhald yfir það frá hvaða foreldrum er selt til hvernar stöðvar. Erfðaeftni og skráning verði afhent MAST. Með arfgerðargreiningu má rekja afkvæmi til foreldra og þar með er einnig hægt að rekja fyrirtæki og staðsetningu eldis. Arfgerðargreiningu verður beitt verði þess þörf.
- Varðveisla erfðaeftni úr villtum stofnum. Lagt er til að svil verði djúpfrost í sviljabanka til að varðveita nothæft erfðaeftni úr náttúrulegum stofnum. Stofnarnir verði varðveittir á ábyrgð Hafrannsóknastofnunar. Stofnar verða valdir með eftirfarandi að leiðarljósi:
 - Stofnar með yfir 400 laxa veidda að meðaltali á ári síðustu 15 hlaupandi ár.
 - Stofnar sem eru í sérstakri hættu vegna nálægðar við eldissvæði.
 - Stofnar sem endurspeglar fjölbreytni og erfðabreytileika íslenskra stofna.

Vöktun

- Vöktun lykiláa með Árvaka. Vöktun lykiláa í hverjum landsfimmtungi með vöktunartækinu Árvaka frá Vaka hf. Árvakinn er útbúinn með myndbandsupptökubúnaði og verður staðsettur nálægt árósum. Með búnaðinum er hægt að telja fiska, leggja mat á lúsamagn og greina hvort fiskur er af eldisuppruna. Þess ber að geta að einungis er hægt að greina strokufisk úr síðbúnu stroki þar sem fiskur sem sloppið hefur sem sjógönguseiði greinist ekki frá villtum fiski. Í töflu 1 má sjá lista yfir þær ár sem verða vaktaðar.

Tafla 1. Listi yfir þær ár sem verða vaktaðar með Árvaka frá Vaka ehf.

Vestfirðir	
Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi	(nýr búnaður)
Langadalsá í Ísafirði	(nýr búnaður)
Húnaflói	
Blanda	(til staðar þarf að uppfæra búnað)
Fitjá	(nýr búnaður)
Norðausturland.	
Skjálfandaflijtót	(til staðar þarf að uppfæra búnað)
Vesturdalsá	(til staðar)
Faxaflói	
Elliðaár	(til staðar)
Úlfarsá	(til staðar)
Gljúfurá	(til staðar þarf að uppfæra búnað)
Langá	(til staðar þarf að uppfæra búnað)
Breiðafjörður	
Krossá	(til staðar þarf að uppfæra búnað)
Laxá	(nýr búnaður)

Sýnataka og greining

- **Stroksýni úr veiddum/slepptum fiski.** Sett verði upp kerfi stroksýnatöku (DNA-sýnatöku) úr veiddum fiski. Slíkt sýnatökukerfi er starfrækt í dag hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins fyrir hesta sjá kynningarmyndband [hér](#). Hjá fiskum er tekið stroksýni úr tálknum, sýnatakan tekur örfáar sekúndur og hefur hún ekki áhrif á lifun fiska. Skráning annarra upplýsinga verður á vefsvæði sem hægt er að nálgast í síma eða tölvu. Hægt er að fá sendar upplýsingar til baka um arfgerð fisks að greiningu lokinni sem hvati til þess að sýnataka verði framkvæmd. Með þessari sýnatöku fæst heildarhlutfall eldisfiska í klakstofni ásamt hlutfalli síðbúins og snemmbúins stroks.
- **Söfnun og greining hreisturssýna.** Mikilvægt er að safna hreistri af laxi úr völdum ám. Með greiningu hreisturs er hægt að greina með ágætri vissu hvort um eldislax sé að ræða. Lagt er til að hreistri safnað verði úr a.m.k. einni á úr hverjum landsfimmtungi, eins og þeir eru skilgreindir hér að framan.
- **Erfðagreiningar smáseiða.** Rafveidd verða á hverju ári um 100 smáseiði í ám víðsvegar til að fylgjast með mögulegri erfðablöndun. Greind verða 59 SNP erfðamörk (Karlsson et al. 2011). Í töflu 2 má sjá lista yfir þær ár sem erfðasýni verða tekin úr (tafla 2).

Tafla 2. Listi yfir þau vatnsföll sem verða vöktuð með reglulegri söfnun og greiningu erfðasýna. Gerð verður erfðagreining á 100 marktækum DNA sýnum úr seiðum úr hverju vatnsfalli fyrir sig.

Ísafjarðardjúp	Austurland
Laugadalsá	Breiðdalsá
Langadalsá	Suðurland
Arnarfjörður	Þjórsá
Selárdalsá	Ölfusá/Hvítá/Sogið
Dýrafjörður	Faxaflói
Sandsá	Elliðaá
Tálknafjörður	Norðurá
Botnsá	Grímsá
Húnaflói	Langá
Blanda	Breiðafjörður
Vatnsdalsá	Krossá
Fitjá/Viðidalsá	Laxá í Dölum
Norðausturland	
Laxá í Pingeyjarsýslu	
Hafralónsá	
Hofsá	

Mótvægisáðgerðir

Með hliðsjón af þeirri greiningu sem lögð er til grundvallar í þessari skýrslu leggja skýrsluhöfundar til að lögð verði áhersla á eftirfarandi þætti til þess að draga úr líkum á erfðablöndun eldisfisks við náttúrulega íslenska laxastofna:

- Staðlar fyrir fiskeldisbúnað í sjó. Varðandi kröfur til eldisbúnaðar er lagt til að þær verði samkvæmt norska staðalinum NS 9415:2009 sem gerir mestar kröfur um styrkleika búnaðar.
- Notkun á geldfiski. Lögð verði áhersla á rannsóknir á notkun geldfiska í íslensku eldi. Nokkrar aðferðir eru í þróun varðandi framleiðslu á geldfiski.
 - Þrilitnun á fiski. Sú aðferð sem helst er notuð við framleiðslu á ófrjóum laxfiskum er að gera laxinn þrilitna en svo nefnist lífvera með þrjú litningapör í stað tveggja (2N). Þessari aðferð er beitt af Stofnfiski með góðum árangri og selur fyrirtækið slík hrogn til Noregs. Í Noregi hafa verið framkvæmdar margar tilraunir, þar sem borið er saman eldi á 2N og 3N laxi. Helstu niðurstöðurnar úr þeim eru að 3N fiskur vex yfirleitt hraðar á ferskvatnsstiginu en aftur á móti hæggar í sjófasanum en 2N fiskur (Fraser et al. 2013). Helstu vandamál við notkun þrilitna fisks virðast vera minna sjúkdómsþol og lifun við hátt og lágt hitastig. Borið hefur á meiri vandamálum vegna vetrarsára (*Moritella viscosa*) í þrilitna fiski (Anna Wargelius, símtal). Áherslu þarf að leggja á rannsóknir við íslenskar aðstæður til að skera úr um hvort þrilitnun sé raunhæfur kostur á Íslandi.
 - Bólusetning fyrir kynþroska. Hjá Norsku Hafrannsóknastofnuninni er verið að vinna að þróunarverkefninu SALMOSTERILE þar sem verið er að þróa aðferð til geldingar með mótefnisaðferðum. Aðalmarkmiðið er að þróa bóluefni sem afvirkjar kynfrumulifunarpóteín (e. inactivate sex cell survival proteins) í laxaseiðum og þvingar kynfrumurnar þar með í stýrðan frumudauða (e. apoptosis). Hægt væri að meðhöndla hrygnur í tæka tíð fyrir hrygningu og þroska hrognna og með þeim hætti myndi bóluefnið erfast til afkvæma. Þessi aðferð er hinsvegar enn í þróun (2013-2017). Ekki er ljóst með útkomu enn en vakta þarf þessa aðferðafræði og nýta hana hérlendis eins skjótt og hún kemst í notkun.
- Framleiðsla á afkvæmalausum fiski með stýringu á genatjáningu. Um er að ræða böðunartækni á hrognum sem gerir stóran hluta systkinahópsins geldan. Uppgötvunin felur í sér sameindaferju Vivo, sem flytur svokallað Morpholino oligomer (MO) sem í stuttu máli ruglar staðsetningu forstigs kynfumna og gerir fiskinn ófrjóan. Aðferðin var þróuð af Ten-Tsao Wong og Yonathan Zohar hjá University of Maryland og standa nú yfir tilraunir í BNA og í Noregi (Wong og Zohar 2015, Zohar og Wong 2016). Fylgst verður með þessum tilraunum og hefur Hafrannsóknastofnun óskað eftir að vera þátttakandi í þeim.
- Aðrar erfðaaðferðir til að aðgreina eldislax frá náttúrulegum laxi. Með hraðri þróun þekkingar á genamengi laxins verður erfðamunur á eldislaxi og villtum laxi sífelld ljósari. Þetta opnar mögulega á það að nýta þessar upplýsingar til að framleiða eldisfisk sem hefur skilar sér lítið til baka eftir strog og yrði mögulega mjög þekktanlegur frá villtum fiski. Erfðir kynþroskaaldurs og -stærðar hjá laxi eru nú þekktar og hvaða gen stýra þeim (Barson ofl. 2015). Með því að nýta þessa þekkingu í vali á laxi í kynbótum er hægt að velja algerlega út snemmkynþroska lax. Með því móti væri engin kynþroski í sláturlaxi og því verulega minni hætta sem stafaði af strokufiski úr slysasleppingum. Þetta er einnig mjög hagfelld fyrir eldisfyrirtækin þar sem að kynþroski dregur úr vexti og slíkur fiskur fellur um gæðaflokk.

- Útsetning stórseiða. Miklar líkur eru á því að útsetning stórseiða muni hafa áhrif á stök og endurkomu. Ef sett eru út stórseiði munu líkur á snemmbúnu stroki minnka, sökum stærðar seiða. Ef seiði eru mjög stór kallast þau unglaxar (500-1200 g) eru lífslíkur þeirra mun minni en seiðanna eftir stök. Þetta þarf þó nauðsynlega að staðfesta betur með rannsóknum.
- Gott ástand náttúrulegra stofna. Tryggja þarf gott ástand náttúlegs klakstofns í ánni og að veiðalag verði ekki of mikið. Of mikið veiðialag skilur eftir tóm óðöl sem eldishængar geta nýtt sér (McGinnity et al. 2003). Rannsóknir sýna einnig að eldisfiskar eiga erfiðar uppdráttar eftir því sem þéttleiki og samkeppni frá villtum fiski er meiri (Skaala et al. 2012).
- Rannsóknir á lifun sjógönguseiða af eldisstofni. Rannsaka þarf og staðfesta lifunarhlutfall sjógönguseiða af eldisstofni miðað við mismundandi stökstaði við Ísland. Gera þarf tilraunir þar sem þar sem seiðum er sleppt í hafbeit og endurheimta þeirra mæld.

Ályktanir og tillögur

Lagt er til að fylgt verði niðurstöðum áhættulíkans með þeim hætti að gildi erfðablöndunar í þeim ám eða vatnakerfum sem það tekur yfir verði ekki hærra en þröskuldsgildið 4%. Með vatnakerfum er átt við meginá og ár sem í hana renna svo sem vatnakerfi Hvítár á Suðurlandi. Reglan á við ár og kerfi sem hafa sjálfbæran laxastofn.

Tillögur að magni eldis á hverju svæði.

Lagt er mat á eftirfarandi firði:

Vestfirðir: Arnarfjörður, Patreksfjörður (og Tálknafjörður), Dýrafjörður.

Austfirðir: Berufjörður, Fáskrúðsfjörður, Reyðarfjörður, Stöðvarfjörður.

Ekki er lagt mat á þá firði þar sem burðarþol liggur ekki fyrir.

Tafla 3. Tillögur um æskilegt hámarkseldi á hverju svæði fyrir sig samkvæmt útreikningum áhættumatslíkans. Reiknað er með að hlutfall snemmbúinna og síðbúinna stroka sé 50:50.

Landsvæði	Hámarkseldi samkvæmt áhættumati
Vestfirðir	
Patreksfjörður, Tálknafjörður og Patreksfjarðarflói	20.000 tonn
Arnarfjörður	20.000 tonn
Dýrafjörður	10.000 tonn
Ísafjarðardjúp	0 tonn
Vestfirðir samtals:	50.000 tonn
Austfirðir	
Berufjörður	6.000 tonn
Fáskrúðsfjörður og Reyðarfjörður	15.000 tonn
Stöðvarfjörður	0 tonn
Austfirðir samtals:	21.000 tonn
Samtals:	71.000 tonn

Útreikningar áhættumatslíkansins voru lagðir til grundvallar við framsetningu á ofangreindum tillögum. Líkanið gerir almennt ráð fyrir lítilli innblöndun í flestar ár en Laugardalsá, Hvannadalsá og Langadalsá í Ísafjarðardjúpi, ásamt Breiðdalsá í Breiðdal virðast allar í talsverðri hættu vegna innblöndunar eldisfisks. Af þessum ástæðum er lagt til að ekki verði leyft eldi í Ísafjarðardjúpi vegna mikilla neikvæðra áhrifa á ár í Djúpinu. Af sömu ástæðum er lagt til að eldi verði ekki aukið í Berufirði og lagst gegn eldi í Stöðvarfirði vegna nálægðar við Breiðdalsá. Ekki skiptir höfuðmáli hvernig eldið skiptist milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hvað varðar áhættu. Niðurstöður matsins eru því að ásættanlegt sé að leyfa allt að 71.000 tonna framleiðslu af frjóum eldislaxi hér við land. Þar af 50.000 tonn á Vestfjörðum og 21.000 tonn á Austfjörðum. Hér er um að ræða sjöföldun á núverandi ársframleiðslu í íslensku laxeldi sem er um 10.000 tonn.

Þessu til viðbótar er unnt að ala ófrjóan lax. Auka þarf rannsóknir og tilraunir með ófrjóan lax á Íslandi við þær aðstæður sem hér eru. Þetta verði gert í samvinnu við erlenda rannsóknaraðila og eldisfyrirtækin í landinu. Í samræmi við framangreint er óhætt að ala auk 71.000 tonna framleiðslu af frjóum eldislaxi hér við land, allt að 61.000 tonn af ófrjóum laxi miðað við núverandi burðarþolsmat

Heimildir

Árni Ísaksson, Sumarliði Óskarsson og Þór Guðjónsson 2002. Occurance of tagged Icelandic salmon in the salmon fisheries at West Greenland and within the Faroese fishing zone 1967 through 1995 and its inference regarding the ocean migration of salmon from different areas of Iceland. *International Council for the Exploration of the Sea*. North Atlantic Salmon Working Group. Working paper 22.

Ársskýrsla dýralæknis fisksjúkdóma 2016 (2017). *Ársskýrsla dýralæknis fisksjúkdóma 2016*. Matvælastofnun. <http://www.mast.is/library/Sk%C3%BDrslur/Arsskyrsladyralaeknisfisksjukdoma2016.pdf>

Barson, N.J., Aykanat, T., Hindar, K., Baranski, M., Bolstad, G.H., Fiske, P.H., Jacq, C., Jensen, A.J., Johnston, S.E., Karlsson, S., Kent, M., Moen, T., Niemelä, E., Nome, T., Næsje, T.F., Orell, P., Romakkaniemi, A., Sægvog, H., Urdal, K., Erkinaro, J., Lien, S., Primmer, C.P. (2015). Sex-dependent dominance at a single locus maintains variation in age at maturity in salmon. *Nature* 528, 405–408 doi:10.1038/nature16062.

Castellani, M., Heino, M., Gilbey, J. Araki, H., Svåsand, T. and Glover K.A. (2015). IBSEM: An Individual-Based Atlantic Salmon Population Model. *PLOS ONE*. doi.org/10.1371/journal.pone.0138444

Danielsdóttir, A.K., Marteinsdóttir, G., Arnason, F. and Guðjónsson, S. (1997). Genetic structure of wild and reared Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) populations in Iceland. *ICES Journal of Marine Science*, 54: 986-997.

Diserud, O.H., Fiske, P. og Hindar, K. (2012). NINA Rapport 782. Forslag til kategorisering av laksebestander som er påvirket av rømt oppdrettslaks. ISBN: 978-82-426-2377-5.

Ellis, J.S., Gilbey, J. et al and Stevens, J.R. (2011). Microsatellite standardization and evaluation of genotyping error in a large multi-partner research programme for conservation of Atlantic salmon (*Salmo salar* L.). *Genetica*, 139: 353–367.

Fiske, P., Lund, R. A., & Hansen, L. P. (2006). Relationships between the frequency of farmed Atlantic salmon, *Salmo salar* L., in wild salmon populations and fish farming activity in Norway, 1989-2004. *ICES Journal of Marine Science*, 63, 1182–1189.

Fleming, I. A., Jonsson, B., Gross, M. R., & Lamberg, A. (1996). An experimental study of the reproductive behaviour and success of farmed and wild Atlantic salmon (*Salmo salar*). *Journal of Applied Ecology*, 33, 893–905.

Fleming, I. A., K. Hindar, I. B. Mjølnerød, B. Jonsson, T. Balstad & A. Lamberg. (2000). Lifetime success and interactions of farm salmon invading a native population. – *Proc. R. Soc. Lond. B* 267: 1517-1524.

Framleiðsla í íslensku fiskeldi (2016). *Fiskeldisfréttir*. Febrúar 2016 1. Tölublað, 5. Árgangur. Bls. 13-14. <http://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2016/12/VIG2016-Fiskeldisfrettir-01.05.2016.pdf>.

Fraser, T.W. Hansen, T. Skjæraasen, J.E., Mayer, I. Sambras, F. Fjelldal P.G. (2013). The effect of triploidy on the culture performance, deformity, and heart morphology in Atlantic Salmon. *Aquaculture* 416 255-265.

Friðjón M. Viðarsson og Sigurður Guðjónsson (1991). Hlutdeild eldislaxa í ám við Faxaflóa. Veiðimálastofnun. VMST-R/91015. 49 bls.

Friðjón M. Viðarsson og Sigurður Guðjónsson (1993). Hlutdeild eldislaxa í ám á SV-horni landsins, samkvæmt hreisturslestri. Veiðimálastofnun. VMST-R/93015. 38 bls.

Geiger, H. J., Perry, T., Fukuwaka, M. and Radchenko V. (2002). Status of Salmon Stocks and Fisheries in the North Pacific Ocean. *NPAFC Technical Report* No. 4.

Glover, K.A., Solberg, M.F., McGinnity, P., Hindar, K., Verspoor, E., Coulson, M.W., Hansen, M.M., Araki, H., Skaala, Ø. and Svåsand, T. (2017). Half a century of genetic interaction between farmed and wild Atlantic salmon: Status of knowledge and unanswered questions. *Fish and Fisheries* 1–38.

- Glover, K. A., Pertoldi, C., Besnier, F., Wennevik, V., Kent, M., and Skaala, Ø. (2013). Atlantic salmon populations invaded by farmed escapees: quantifying genetic introgression with a Bayesian approach and SNPs. *BMC Genetics*, 14: 4.
- Glover, K. A., Quintela, M., Wennevik, V., Besnier, F., Sørsvik, A.G.E., and Skaala, Ø. (2012). Three decades of farmed escapees in the wild: A spatio-temporal analysis of population genetic structure throughout Norway. *PLoS ONE*, 7: e43129.
- Green, D.M., Penman, D.J., Migaud, H., Bron, J.E., Taggart, J.B., & McAndrew, B.J. (2012). The impact of escaped farmed Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) on catch statistics in Scotland. *PLoS One*, 7(9), e43560.
- Gudjonsson, S. (1991). Occurrence of reared salmon in natural rivers in Iceland. *Aquaculture* 98, 1-3 p133-142.
- Gudjonsson, S. and Scarnecchia, D.L. (2009). "Even the Evil Need a Place to Live": Wild salmon, salmon farming and zoning of the Icelandic coastline. *Fisheries* 34:477-486. doi:10.1577/1548-8446-34.10.477.
- Gudjonsson, S., I. R. Jonsson and T. Antonsson (2005). Migration of Atlantic salmon, *Salmo salar*, smolt through the estuary of River Ellidaar in Iceland. *Environmental Biology of Fish.* 74:291-296.
- Guðmundsson, L.A., Guðjónsson, S., Marteinsdóttir, G., Scarnecchia, D.L., Daniélsdóttir, A.K. and Pampoulie, C. (2013). Spatio-temporal effects of stray hatchery-reared Atlantic salmon *Salmo salar* on population genetic structure within a 21 km-long Icelandic river system. *Conservation Genetics* 14: 1217-1231. doi:10.1007/s10592-013-0510-y
- Guðni Guðbergsson (2016). Lax- og silungsveiðin 2015. Skýrsla Veiðimálastofnunar. VMST/ 15022. 46 bls.
- Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson (2004). Hlutfall merktra laxa sem sleppt er og veiddust oftar en einu sinni í íslenskum ám sumarið 2003. VMST-R/0410. 9 bls.
- Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson (2007). Áhrif veiða og sleppa á laxastofna og veiðitölur. *Fræðaping landbúnaðarins* 4. Bls. 196-204.
- Guðni Guðbergsson og Óðinn Sigþórsson (2007). Lax sem meðafli íslenskra fiskiskipa. *Veiðimaðurinn*. 182. 46-49.
- Guðrún Marteinsdóttir, Heiðrún Guðmundsdóttir, Sigurður Guðjónsson, Anna K. Daniélsdóttir, Þóroddur F. Þóroddsson og Leó Guðmundsson (2007). Áhrif eldis á umhverfi og villta stofna. Lokaskýrsla vegna AVS verkefnis, S004-05.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2004). Lax- og silungsveiði á Íslandi. Efnahagsleg áhrif og líffræðileg staða auðlindarinnar. Skýrsla unnin fyrir Landssamband veiðifélaga. Skýrsla nr. C04:06. 74 bls.
- Hansen, L.P. (2006). Migration and survival of farmed Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) released from two Norwegian fish farms. *ICES Journal of Marine Science*, 63: 1211-1217.
- Hindar, K., Fleming, I.A., McGinnity, P. & Diserud, A. (2006). Genetic and ecological effects of salmon farming on wild salmon: Modelling from experimental results. *ICES Journal of Marine Science*, 63, 1234-1247.
- ICES 2012. Report of the Working Group on North Atlantic Salmon (WGNAS), 22-31 March 2011, Copenhagen, Denmark. ICES 2011/ACOM:09. 45 pp.
- ICES 2015. WGNAS Stock Annex for Atlantic salmon. <http://ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2015/WGNAS/WGNAS%20Stock%20Annex%20for%20Atlantic%20salmon.pdf>
- ICES 2016. ICES WGNAS report 2016. Report of the Working Group on North Atlantic Salmon. http://ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2016/WGNAS/wgnas_2016.pdf

- Ingi Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson (2004). Laxar af eldisuppruna endurheimtir á Austurlandi sumarið 2003. Veiðimálastofnun. VMST-R/0403. 14 bls.
- Ingi Rúnar Jónsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson (2008). Relation between stock size and catch data of Atlantic salmon (*Salmo salar*) and Arctic charr (*Salvelinus alpinus*). *Icel. Agric. Sci.* 21: 61-68.
- Karlsson, S., T. Moen, S. Lien, K. A. Glover, and K. Hindar (2011). Generic genetic differences between farmed and wild Atlantic salmon identified from a 7kSNP-chip. *Mol. Ecol. Resour.* 11 (Suppl. 1):247–253.
- Kristinn Ólafsson, Christophe Pampoulie, Sigríður Hjörleifsdóttir, Sigurður Guðjónsson og Guðmundur Ó. Hreggviðsson (2014). Present-Day Genetic Structure of Atlantic Salmon (*Salmo salar*) in Icelandic Rivers and Ice-Cap Retreat Models. *PLoS ONE* 9(2): e86809. doi:10.1371/journal.pone.0086809
- Kristinn Ólafsson, Sigríður Hjörleifsdóttir, Christophe Pampoulie, Guðmundur Ó. Hreggviðsson, Sigurður Guðjónsson (2010). Novel set of multiplex assays (SalPrint15) for efficient analysis of 15 microsatellite loci of contemporary samples of the Atlantic salmon (*Salmo salar*). *Molecular Ecology Resources* 10: 533–537.
- Kristinn Ólafsson, Sigurður M. Einarsson, John Gilbey, Christophe Pampoulie, Guðmundur Ó. Hreggviðsson, Sigríður Hjörleifsdóttir and Sigurður Guðjónsson (2016). Origin of Atlantic salmon (*Salmo salar*) at sea in Icelandic waters. *ICES J. Mar. Sci.* 2016; 73 (6): 1525-1532. doi: 10.1093/icesjms/fsv176.
- Leó Alexander Guðmundsson (2014). Upprunagreining á löxum veiddum í Patreksfirði í júlí 2014. Veiðimálastofnun, VMST/14046. 29 bls.
- Leó Alexander Guðmundsson, Guðni Guðbergsson, Halla Margrét Jóhannesdóttir og Eydís Njarðardóttir (2014). Rannsókn á löxum veiddum í Patreksfirði í ágúst 2014. Veiðimálastofnun, VMST/14047. 34 bls.
- Leó Alexander Guðmundsson og Sigurður Guðjónsson (2013). Notkun erfðamarka til að greina strokulax úr sjókvíaelði og erfðablöndun við villtan lax. V 014-13. Lokaskýrsla vegna AVS verkefnis. 15 bls.
- Liu, Y., Diserud, O.H., Hindar, K. and Skonhoft, A. (2013). An ecological–economic model on the effects of interactions between escaped farmed and wild salmon (*Salmo salar*). *Fish and Fisheries*, 14, 158–173.
- Magnús Jóhannsson, Sumarliði Óskarsson, Sigurður Guðjónsson, Sigurður Már Einarsson og Jónas Jónasson (2004). Sleppingar örmerkra laxagönguseiða í fiskrækt árin 1986-1991 og endurheimtur þeirra. Veiðimálastofnun skýrsla VMST-S/94011.
- McGinnity, P., Prodöhl, P., Ferguson, A., Hynes, R., Ó. Maoiléidigh, N., Baker, N., Cotter, D., O’Hea, B., Cooke, D., Rogan, G., Taggart, J., and Cross, T. (2003). Fitness reduction and potential extinction of wild populations of Atlantic salmon *Salmo salar* as a result of interactions with escaped farm salmon. – *Proc. R. Soc. Lond. B* 270: 2443-2450.
- Nei, M., Tajima, F. and Tatenó, Y. (1983). Accuracy of estimated phylogenetic trees from molecular data. II. Gene frequency data. *J. Mol. Evol.* 1983; 19(2): 153-70.
- Noakes, D. J. and Beamish, R. J. (2011). Shifting the Balance: Towards Sustainable Salmon Populations and Fisheries of the Future. *Sustainable Fisheries: Multi-Level Approaches to a Global Problem*, 23–50. American Fisheries Society.
- Omega (2014). Offshore Mariculture Escapes Genetics Assessment (OMEGA) model. http://www.nmfs.noaa.gov/aquaculture/science/omega_model_homepage.html. Sótt 9.7.2017.
- Piccolo, J.J. and Orlikowska, E.H. (2012). A biological risk assessment for an Atlantic salmon (*Salmo salar*) invasion in Alaskan waters. *Aquatic Invasions* 7, v2 259-270.
- Pritchard, J.K., Stephens, M. and Donnelly, P. (2000). Inference of population structure using multilocus genotype data. *Genetics*, 155: 945-959.

Skaala, Ø., K.A. Glover, B.T. Barlaup, T. Svåsand, F. Besnier, M.M. Hansen and R. Borgstrøm (2012). Performance of farmed, hybrid, and wild Atlantic salmon (*Salmo salar*) families in a natural river environment. *Canadian Journal of Fisheries and Aquatic Sciences*, 69:1994-2006, <https://doi.org/10.1139/f2012-118>

Sigurbergur Steinsson (2010). Stangaveiðimarkaðurinn á Íslandi: mat á heildartekjum af laxveiðileyfasölu árið 2009. Bifröst: Háskólinn á Bifröst. <http://hdl.handle.net/1946/6655>

Sigurður Már Einarsson og Ásta K. Guðmundsdóttir (2017). Vöktunarrannsóknir á laxastofni Laxár í Dölum 2016. hafogvatn2017-022. HV 2017-21. Reykjavík 2017.

Sigurður Már Einarsson (2004). Líffræði og nýting ferskvatnsfiska á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði. Ársskýrsla veiðimálastofnunar 2003. Reykjavík: Veiðimálastofnun.

Skilbrei, O.T., Heino, M., & Svåsand, T. (2015). Using simulated escape events to assess the annual numbers and destinies of escaped farmed Atlantic salmon of different life stages, from farms sites in Norway. *ICES Journal of Marine Science*, 72, 670–685.

Stabell O. (1984). Homing and olfaction in salmonids: a critical review with special reference to the Atlantic salmon. *Biological Reviews of the Cambridge Philosophical Society*, 59: 333–388.

Taranger, G.L., Karlsen, Ø., Bannister, R.J., Glover, K.A., Husa, V. Karlsbakk, E., Kvamme, B.O., Boxaspen, K.K., Bjørn, P.A., Finstad, B., Madhun A.S.H., Morton, C. and Svasand, T. (2015). Risk assessment of the environmental impact of Norwegian Atlantic salmon farming. *ICES Journal of Marine Science* 72(3), 997–1021. doi:10.1093/icesjms/fsu132

Taranger, G.L., Svåsand, T., Kvamme, B.O., Kristiansen T.S., and Boxaspen, K. (Eds) (2014). Risk assessment of Norwegian aquaculture 2013 (in Norwegian). *Fisken og Havet*, Særnummer 2-2014.

Taranger, G.L., Svåsand, T., Kvamme B.O., Kristiansen T. S. and Boxaspen K.K. (2012). Risk assessment of Norwegian aquaculture [Risikovurðing norsk fiskeoppdrett] (In Norwegian). *Fisken og havet*, særnummer 2-2012. 131 pp.

Valdimar Ingi Gunnarsson (2002). Hugsanleg áhrif eldislaxa á náttúrulega laxastofna. Gefið út af embætti veiðimálastjóra. 67 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson (2007). Reynsla af sjókvíældi á Íslandi. Hafrannsóknastofnunin, *Fjölrit* 136.

Valdimar Ingi Gunnarsson og Eiríkur Beck (2004). Slysasleppingar á eldislaxi á árinu 2003 - Kynþroskahlutfall og endurheimtur. Veiðimálastjóri. 18 bls.

Youngson, A., Webb, J.H., MacLean, J.C. and Whyte, B.M. (1997). Frequency of occurrence of reared Atlantic salmon in Scottish salmon fisheries. *ICES Journal of Marine Science* 54 (6): 1216-1220.

Veiðisumarið 2017, 75 aflahæstu árnar. (2017). Sótt 5. júlí af <http://www.angling.is/is/veiditolur/>

Wong, T.T. and Zohar, Y. (2015). Production of reproductively sterile fish by a non-transgenic gene silencing technology. *Nature Scientific Reports* | 5:15822 | DOI: 10.1038/srep15822

Zohar, Y., and Wong, T.T. (2016). Method of Producing Infertile Fish and Egg-producing Aquatic Animals and Delivering Compounds into Eggs and Embryos. United States Patent Application Pub. No. US2016/0286768 A1.

Viðauki 20: Endurskoðað áhættumat erfðablöndunar 2020 – tækniskýrsla

Hætta á göngu strokulaxa úr laxeldi í íslenskar laxveiðiar

Tækniskýrsla Hafrannsóknastofnunar 2020

Efnisyfirlit

1.	Reiknilíkan fyrir áhættumat	2
1.1	Reiknilíkan fyrir innblöndun eldislaxa í villta laxastofna.....	2
1.2	Almennar forsendur reiknilíkansins.....	3
1.2.1	Landfræðilegir þættir.....	3
1.2.2	Eldisþættir.....	4
1.2.3	Gögn varðandi lífsferil.....	5
1.3	Reiknilíkan og breytistærðir.....	6
1.3.1	Strokstuðullinn.....	6
1.3.2	Hlutfall strokulaxa í laxveiðiám.....	8
1.3.3	Lögunarstuðull dreifingarfalls (β).....	8
1.3.4	Vegalengdarstuðull dreifingarfalls (η).....	9
1.3.5	Heimsækni stuðull (H).....	9
1.3.6	Endurheimta úr snemmstroki (L_S).....	10
1.3.7	Endurheimta úr síðstroki (L_G).....	11
1.3.8	Dreifing strokulaxa.....	11
1.4	Næmnigreining.....	14
1.5	Vöktun laxveiðiáa.....	14
1.5.1	Vöktun með Árvaka (Riverwatcher).....	14
1.5.2	Erfðafræðileg vöktun.....	16
2.	Niðurstaða vöktunar og endurmat stuðla	17
2.1	Tilkynntir stroatburðir.....	17
2.2	Tilkynnt veiði strokulaxa í ám.....	18
2.3	Mat á fjölda strokulaxa.....	20
2.4	Dreifing strokulaxa.....	22
2.5	Endurmat stuðla fyrir snemmstrok.....	24
2.6	Endurmat stuðla fyrir síðstrok.....	25
2.7.	Rannsóknir á erfðablöndun með rafveiðum.....	28
3	Umræður.....	29
3.1	Mat á strokstuðli (S).....	29

3.2	Breytur tengdar dreifingarstuðli fyrir snemm- og síðstrok.	30
3.3	Mat á endurheimtu stórseiða(post-smolts) úr snemmstroki í veiðiár (L_3)	30
3.4	Mat á endurheimtu síðstrokslaxa í veiðiár (L_6)	31
3.5	Samanburður milli Íslands og Noregs	31
3.6	Nýtt mat á stuðlum áhættumats á grunni vöktunarniðurstaðna:	33
3.7	Fyrirbyggjandi aðgerðir	33
3.8	Þakkarorð	33
3.9	Fjármögnun	34
3.10	Viðbótargögn	34
	Heimildir	35

Myndalisti

Mynd 1-1 Kort sem sýnir hafstrauma kringum Ísland.....	4
Mynd 1-2 Svæði þar sem laxeldi er bannað við Íslandsstrendur (rautt).....	5
Mynd 1-3 Áhrif heimsæknistuðulsins (H) á spáðan fjölda strokufiska sem ganga í ár eftir veturdvöl sem fall af fjarlægð. Í þessu dæmi er eldið 10.000 tonn og stærð stofns í á 1.000 fiskar. Blá lína sýnir fallið þegar heimsæknistuðull er 0, gul lína 0.05, lína 0.1 og gulbrún 0.25	10
Mynd 1-4 Skjáskot úr Árvakanum sem er aðgengilegur af vef Hafrannsóknastofnunar (https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/voktun-veidiaa/ar-og-eldi).....	15
Mynd 1-5 Ár í Árvaka vöktunar áætluninni. Ár sem nú þegar hafa uppsettann Árvaka eru merktar bláar og þær sem munu fá í framtíðinni eru merktar rauðar.	15
Mynd 1-6 Ár í rafveiðivöktunaráætlun.	17
Mynd 2-1 Dreifing síðbúinna stroka frá árinu 2018. Tvær Weibull dreifingar eru teiknaðar yfir með stuðla $\beta = 1.5$ og $\eta = 540$ (blá lína) og $\beta = 2$ og $\eta = 1000$ (rauð punctalína). Jákvæð fjarlægð er réttisælis um Ísland.....	23
Mynd 2-2 Veiði snemmbúinna stroka í ám eftir 1-3 ár í sjá sem fall af strokstærð. Snemmbúnu strokunum var skipt upp í eftirfarandi hópa: 50-120 g ($x = 85$ g; 20,178 fiskar), 140-160 g ($x = 154$ g; 19,487 fiskar), 190-240 g ($x = 214$ g; 17,506 fiskar), 430-580 g ($x = 494$ g; 7,309 fiskar) og 950-2000 g ($x = 1,200$ g; 4,163 fiskar).	24
Mynd 2-3 Heildar veiði á strokulöxum í Noregi árin 2014 – 2017, hópað eftir veiðiaðferð (Glover et al.2019).	26

1. Reiknilíkan fyrir áhættumat

1.1 Reiknilíkan fyrir innblöndun eldislaxa í villta laxastofna

Þessi skýrsla gerir grein fyrir nýju áhættumatslíkanum fyrir hættu á villuráfi eldislaxa inn í laxveiðiár. Tilgangur líkansins er að meta fjölda þeirra strokulaxa, sem gæti tekið þátt í hrygningu á hverju ári. Hætta á erfðablöndun eykst í beinu hlutfalli við fjölda strokulaxa í ánni (Glover ofl. 2012,2013) og sá fjöldi er því valinn sem mælieining til að meta hættuna á erfðabreytingum í náttúrulegum laxastofnum. Ef fjöldi strokulaxa fer yfir ákveðið hámark á hverju ári er hættu á því að erfðablöndun geti aukist umfram það sem náttúruvalið getur lagfært.

Í íslenska líkaninu voru slík lágmarks og hámarksgildi valin í samræmi við Taranger ofl. (2015). Lægra gildið, sem var sett við 4%, samsvarar lægra matinu á villuráfi eldislaxa í viðkomandi á og hefur í för með sér litla erfðabreytingu hjá náttúrulega stofninum, ef villuráf er undir þeim mörkum. Hærra gildið upp á 10% villuráf eldislaxa í viðkomandi á gefur til kynna þau mörk, sem villuráf eldislaxa má ekki fara yfir, til að ekki sé hættu á verulegum erfðabreytingum í viðkomandi laxveiðiá. Taka þarf tillit til þess að náttúrulegir íslenskir laxastofnar og norski eldisstofninn(SAGA stofn) eru fjarskyldari heldur en náttúrulegir stofnar og eldisstofnar í Noregi og því ætti að setja slík gildi hærrí og af meiri íhaldssemi hér á landi.

Tilgangurinn er að tryggja að framleiðsla á eldislaxi í sjókvíum hafi ekki áhrif á náttúrulega laxastofna. Þar sem óvissa er um marga þætti vegna gagnaskorts, höfum við valið að meta hættuna á erfðablöndun með gagnvirku áhættulíkani, sem byggir á upplýsingum úr vöktunarverkefni sem framkvæmt verður árlega. Á þennan hátt er hægt að aðlaga regluverk um fiskeldi í samræmi við nýjustu upplýsingar til að lágmarka umhverfisáhrif eldisins.

Framvindu erfðablöndunar má skipta í tvö stig:

- i. Strok laxa úr sjókví og líkur á því að þeir gangi í ár.
- ii. Hrygning þeirra í ánni, lífsferill afkomenda (hreinir eldislaxar og kynblendingar) og áhrif þeirra á erfðir heimastofnsins. Tvö aðskilin líkön eru notuð til að spá fyrir um þessi stig. Líkön sem notuð hafa verið hafa aðallega beinst að síðara stiginu þ.e. erfðablöndun(Castellani ofl. 2015,2018, Verspoor,2017) en eftir því sem við vitum best er þetta fyrsta líkanið sem spáir fyrir um göngur eldislaxa í ár.

Í Noregi og Skotlandi er laxeldi stundað tiltölulega þétt saman í nágrenni við veiðiár og hefur verið stundað í áratugi. Af þessum sökum hefur spálikan varðandi göngur eldislaxa í ár ekki verið hagkvæmt í þessum löndum. Á hinn bóginn þá eru laxeldissvæði

á Íslandi venjulega fjarri laxveiðiám og því eru farleiðir og dreifing strokulaxa út frá eldissvæðum mjög mikilvæg atriði. Ennfremur hefur laxeldi verið bannað í fjörðum í nágrenni helstu laxveiðiánna til að verja náttúrulega stofna fyrir erfðablöndun, sníkjudýrum og sjúkdómum (Gudjonsson og Scarnecchia, 2013). Því er mjög mikilvægt að gera spálíkan um farleiðir eldislaxa til að meta áhættuna af villuráfi í ár. Þar sem eldi á Atlantshafslaxi í opnum sjókvíum er á byrjunarstigi hér á landi eru tækifæri til að fylgjast með göngum eldislaxa í ár í kjölfar aukningar í framleiðslu.

Þetta spálíkan er því mjög dýrmætt til að meta áhrif laxeldis á náttúrulega laxastofna á Íslandi. Svipað spálíkan hefur nýlega verið nýtt á Nýfundnalandi (Bradbury et.al., 2020) til að meta áhrif fyrirhugaðrar aukningar í sjókvíaeldi á laxi. Laxeldi á Íslandi er bundið við ákveðin svæði langt frá helstu laxveiðiánum til að lágmarka áhrif eldisins á náttúrulega stofna. Notkun líkansins mun varpa ljósi á fjölmarga þætti svo sem fjölda strokulaxa, afkomu laxanna, hegðun og lífsferil í sjó. Tæknilegar framfarir í erfðarannsóknnum gera okkur kleift að fylgjast með dreifingu og afkomu strokulaxa frá einstaka eldisstöðvum. Líkanið metur áhrif allra sjóeldisstöðva á laxastofna í öllum þeim ám þar sem stofnstærðin getur verið metin bæði sem fjöldi og eins sem hlutfall af hrygningarstofni árinna.

Próun þessa spálíkans byggði á bestu fánlegu upplýsingum úr ritrýndum vísindaritgerðum ásamt ýmsum gögnum úr íslenskum, norskum og írskum skýrslum.


1.2 Almennar forsendur reiknilíkansins

Reiknilíkanið reiknar út fjölda stroklaxa sem ganga í ár út frá þáttum sem hægt er að skipta í þrjá hópa: Landfræðilega þætti, eldisþætti og þætti tengda lífsferli.

1.2.1 Landfræðilegir þættir

Líkanið notar landfræðilega þætti svo sem styrkleika og stefnu sjávarstrauma, magn laxa sem gengur í ár ásamt halla og aðrennslisvæði ána. Hafstraumar við strendur Íslands

ganga réttsælis um landið (Mynd 1.1).



Mynd 1-1 Kort sem sýnir hafstrauma kringum Ísland.

1.2.2 Eldisþættir

Upplýsingar varðandi sjókvíaeldið eru meðal annars nákvæm staðsetning sjókvía og önnur mikilvæg atriði varðandi þeirra umhverfi, lífmassa á hverjum stað, stærð og aldur laxa, sem aldir eru í kvíunum, ásamt upplýsingum um stök laxa. Innifaldar eru upplýsingar um fjölda stroktilfella og meðalfjöldi stroklaxa á hvert framleitt tonn.

Laxeldi er eingöngu leyft á takmörkuðum svæðum umhverfis Ísland, venjulega fjarri helstu laxveiðiám. Bannsvæðin voru sérstaklega valin til að vernda laxveiðiár fyrir erfðablöndun eins og fram kemur í auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins í maí 2004 (Landbúnaðarráðuneytið 2004). Auglýsingin takmarkar því laxeldissvæðin við Vestfirði

og Austfirði (Mynd 1.2.)



Mynd 1-2 Svæði þar sem laxeldi er bannað við Íslandsstrendur (rautt).

Reiknilíkanið notar nákvæmar upplýsingar varðandi útsetningu á gönguseiðum í sjókvíar og fjölda þeirra laxa sem slátrað er eftir 18 mánuði. Þessi gögn fást úr eldisforritinu „Fishtalk“ sem notað er af laxeldisfyrirtækjunum.

Miðað við skráningu á veiði og sleppingu á löxum úr laxateljum (Jónsson ofl., 2008), er gert ráð fyrir því í líkaninu að stofnstærðin í ánni sé tvöföld skrásett veiði á hverju ári og er þá notuð meðalveiði undanfarinna 10 ára.

Laxaseiði eru bólusett nokkrum vikum áður en þau eru sett í sjókvíar og er það gert handvirktt með sprautu, sem telur seiðin og gefur nákvæman fjölda bólusetta seiða í hverju keru. Venjulega fara öll seiði úr sama keru í sömu sjókví en ef þeim er skipt upp eru þau endurtalin í kvína með fiskteljara sem getur verið með 2-3 % talningaskekkju.

Hlutfallsleg rýrnun í eldiskvíum kemur til vegna náttúrulegrar dánartölu en stundum getur strok úr kvíunum komið við sögu, sem þá eru skrásett af eldisfyrirtækinu. Við mátum fjölda stroklaxa úr kvíum með því að bera saman rýrnun í sjókvíum með og án strokviðburða. Dagleg tínsla og mat fyrirtækjanna á náttúrulegum dauða virðast vera mun óáreiðanlegri og voru ekki notuð í reiknilíkaninu.

1.2.3 Gögn varðandi lífsferil

Það er mjög mikilvægt fyrir forspárgildi þessa reiknilíkans að skilja hegðun og dreifingu laxa eftir strok. Hegðun og farleiðir gönguseiða eru ólíkar þeim sem gilda fyrir stærri laxa. Þess vegna skilgreinum við stroklaxa sem snemmstrokna, ef þeir sleppa út áður en þeir ná 1,5 kg. Þyngd og sem síðstrokna ef þeir sleppa út við meiri þyngd. Náttúruleg gönguseiði ganga til sjávar yfir frekar stuttan tíma og ganga á ætisslóðir þar sem þeir dvelja uns þeir ganga til baka í ána eftir 1-3 ár í sjó. Á hinn bóginn ganga eldisseiði, sem

strjúka úr kvíum, ekki niður úr ám og hafa því annað hegðunarmunstur þegar þau verða kynþroska.

Náttúruleg laxaseiði læra sennilega að þekkja ána sína, þegar þau fara í göngubúning, og eiga auðvelt með að rata aftur í ána. Ekki er ljóst hvernig þessu er varið varðandi gönguseiði úr eldi. Reiknilíkanið gerir ráð fyrir að snemmstroknir laxar gangi til baka úr sjó á þann eldisstað þar sem þau sluppu út. Síðan muni þeir ganga í nærliggjandi á þegar kynþroski brestur á. Einnig er sú kenning möguleg að lyktin af systkinahópnum í eldi í kvíunum dragi laxinn að og seinki hrygningargöngu hans í á, þar sem hann skynji kvíumhverfið sem ármynni. Þessa kenningu á þó eftir að sannreyna.

Hér á landi eru til langtíma gögn varðandi endurheimtur laxaseiða í hafbeitarár svo sem Rangármur og styttri tíma gögn fyrir endurheimtu náttúrulegra seiða svo sem í Elliðaármur. Talið er að gönguseiði úr sjókvíum hafi að meðaltali 37% af þeirri endurheimtu sem vænta má fyrir náttúruleg seiði (Hindar et al., 2006). Miðað við þessar tölur er gert ráð fyrir að endurheimta náttúrulegra gönguseiða sé um 5% og endurheimta eldisseiða sé 37% af þeirri tölu (1,85 %). Einnig er gert ráð fyrir því að snemmstroknir laxar muni truflast á göngu sinni í ána vegna lyktar af löxum í kvíni sem þeir sluppu úr. Í fyrstu útgáfu af reiknilíkaninu var gert ráð fyrir því að þessi hegðun mundi koma í veg fyrir að laxarnir leituðu í ár og dragi þannig úr endurheimtum. Miðað við þær forsendur spáði fyrsta líkanið því að endurheimta fyrir snemmstroknna laxa yrði 1,85% ($5\% \times 0,37=1,85$). Þetta gildi var sameiginlegt fyrir allar endurheimtur snemmstrokinna laxa eftir 1-3 ár í sjó.

1.3 Reiknilíkan og breytistærðir

Reiknilíkanið áætlar fjölda strokulaxa út frá umfangi eldis í hverjum firði og spáir fyrir um endurkomu þeirra úr hafi og dreifingu endurkomulaxa í vatnsföll. Líkanið inniheldur ýmsar jöfnur og byggir á þeim forsendum sem taldar voru upp hér á undan. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir hinum ýmsu breytistærðum sem líkanið byggir á.

1.3.1 Strokstuðullinn

Það eru engin gögn til varðandi fjölda strokulaxa á hvert tonn af framleiddum laxi í íslensku laxeldi. Þar sem sömu kröfur eru gerðar til eldisbúnaðar og vinnuferla hér á landi eins og í Noregi (NS 9415:2019), er gert ráð fyrir því að hlutfallslegt strok sé svipað í báðum löndum. Norsk yfirvöld hafa í mörg ár gefið út árlegt yfirlit yfir fjölda tilkynnta stroklaxa og gefið út sem fjölda stroklaxa á hvert framleitt tonn (Fiskeridirektoratet, 2019a,b). Við tókum inn þessar upplýsingar fyrir fyrstu útgáfu af reiknilíkaninu og notuðum meðalfjölda strokulaxa fyrir 9 ár, þ.e. frá 2008-2016. Þetta byggir á því að

norski staðallinn NS 9415:2009 gekk í gildi 2009 en var í notkun allvíða nokkuð fyrr og því varð vart við verulega lækkun á stroktölum strax árið 2008, sem tengdist notkun á nýjum búnaði í samræmi við fyrirhugaðan staðal.

Eins og áður var minnst á hefur verið metið að raunverulegt laxastrok úr kvíum hafi verið tvisvar til fjórum sinnum hærra heldur en það sem tilkynnt var um (Skilbrei et al.,2015). Erfðarannsóknir gefa til kynna að óreglulegt smástrok (lekar) séu helsta ástæðan fyrir þessu vanmati í opinberum tölum. Á síðari árum virðist hafa orðið veruleg minnkun á þessum leka, sennilega vegna strangari reglna og betri eldisbúnaðar. Í fyrstu útgáfu af reiknilíkaninu voru opinberar norskar tölur um strok margfaldaðar með 4 sem gaf meðaltals strokstuðul(S) upp á 0,8 strokulaxa á hvert framleitt tonn á tímabilinu 2008-2016 (Tafla 1-1.)

Hlutfallið á milli snemmstroku og síðstrokulaxa er í líkaninu metið sem 50:50. Þetta hlutfall hefur verið notað í verkerfðafræðilegu líkani hjá NINA (Hindar et al.,2006). Þetta byggir á hlutfalli astaxanthin litarefna í holdi strokulaxa, sem gengu í tvær norskar veiðiár haustið 1991. Innihald astaxanthin féll í tvo aðskilda hópa. Fimmtíu og eitt prósent af strokulöxunum höfðu hlutfallsgildi sem samsvaraði því afbrigði astaxanthins, sem finnst í löxum sem þrífast á framleiddu laxafóðri, en hinn hlutinn innihélt það afbrigði astaxanthins sem finnst í náttúrulegum löxum (Lura,1994). Magnið af litarefninu féll því í tvo hópa , annars vegar með svipað magn eins og í eldisfiski en hinsvegar með svipað magn eins og finnst í náttúrulegum laxi. Þetta ásamt öðrum þáttum benti til þess að hlutfallið milli snemm- og seinstrokinna laxa hefði verið um 50:50 meðan á rannsókninni stóð. Í fyrstu útgáfu af okkar líkani notuðum við 50:50 hlutfall, þ.e. 0,4 fiska úr snemmstroki og 0,4 fiska úr síðstroki á hvert framleitt tonn í íslensku fiskeldi á ári.

Ef þessu er beitt á árlega framleiðslu upp á 13.500 tonn úr nokkrum sjókvíaeldisstöðum árið 2018 og notum strokstuðul (S) upp á 0,8) var því spáð að 10.800 laxar mundu strjúka úr sjókvíum árið 2018, helmingurinn sem snemmstrokslaxar (<1,5 kg) og helmingurinn sem síðstrokslaxar

Tafla 1.1. Árlæg tala fjölda skráðra strokulaxa á hvert tonn framleitt, samkvæmt Fiskedirektoriatet í Noregi. Uppgefnar tölur eru margfaldaðar með 4 í síðasta dálki. Meðaltal og staðalfrávik eru birt fyrir neðan töfluna.

Ár	Strok/tonn	x4
2008	0.41	1.65
2009	0.13	0.53
2010	0.24	0.97
2011	0.28	1.11
2012	0.33	1.32
2013	0.03	0.13
2014	0.16	0.65
2015	0.23	0.92
2016	0.12	0.48
$\bar{\mu}$	0.22	0.86
σ	0.11	0.44

1.3.2 Hlutfall strokulaxa í laxveiðiám.

Hlutfall eldislaxa í laxagöngu: Lengi hefur verið vitað að laxar læra að þekkja ána sína gegnum lyktarskyn (Lema og Nevitt, 2004). Í þessu reiknilíkani er gert ráð fyrir að laxar muni leita aftur í ána sína í hlutfalli við laxamagni í viðkomandi á þ.e. í samræmi við laxalykt í ánni, þó ekki endilega lykt af þeirra eigin fjölskyldu.

1.3.3 Lögunarstuðull dreifingarfalls (β)

Breytan β er lögunarstuðull og ræður samhverfni fallsins. Samhverfnin er notuð til að meta hlutfall fiska sem ganga meðstraums eða á móti strandstraumnum umhverfis Ísland. Stuðullinn β er mismunandi fyrir síð- og snemmbúið strok sem skýrist með mismunandi hegðunarmynstri. Eldisstaður er settur efst á dreifingarferli og jákvæðar tölur lýsa dreifingu meðstraums og neikvæðar mótstraums.

Fyrstu áætlanir um β fyrir snemmstroku laxa voru settar við 2,5, sem gefur samhverfa dreifingu út frá strokstað. Upprunalegt mat á β fyrir síðstroku laxa voru sett þannig að 65% af laxinum mundi fara í ár eftir göngu sólarinnis út frá strokstað (eldiskví) en 35% ganga gegn sólu. Þessu var náð með því að setja $\beta=2$. Gögn frá Noregi og Kanada voru notuð sem fyrsta mat fyrir líkanið (McGinnity et al., 1997; Fleming et al., 2000), en niðurstöður fyrsta vöktunarárs hafa nú gefið upplýsingar til að endurmeta gildin. Landfræðilegir þættir gætu haft áhrif á dreifingu laxa út frá eldisstað og því hugsanlegt að mismunandi stuðlar giltu fyrir mismunandi staði. Í þessari fyrstu útgáfu af reiknilíkaninu er hins vegar gert ráð fyrir sömu dreifingu út frá öllum eldisstöðum.

1.3.4 Vegalengdarstuðull dreifingarfalls (η)


Breytan η er vegalengdarstuðull, sem ákvarðar hve langt laxar dreifa sér frá strokstað. Í þessari útgáfu af reiknilíkaninu er gert ráð fyrir því að strokulaxar muni ekki dreifa sér lengra en 200 km frá strokstað. Hins vegar er ljóst að ratvísi gönguseiða úr norskum eldisstofni gæti verið mjög ólík því sem gerist hjá náttúrulegum íslenskum laxastofnum, sem gæti haft veruleg áhrif á afdrif þeirra í hafi og nákvæmni í göngumynstri og endurheimtu. Til að meta betur þennan þátt er nauðsynlegt að framkvæma sleppingar á merktum eldislöxum.

1.3.5 Heimsæknistuðull (H)

Við höfum gert ráð fyrir að göngulax á leið heim upplifi umhverfi sjókvíanna sem sína heimaá vegna mikillar lyktaf frá sínum skyldmönnum. Þetta veldur tregðu hjá þeim að yfirgefa svæðið. Til að taka tillit til þessa skilgreinir líkanið eldiskví sem eina af laxveiðiánum og spáir því að hluti af strokulöxunum muni ganga til baka á kvíassvæðið og muni því ekki ganga í laxveiðiár.

Sem fyrsta mat höfum við gert ráð fyrir því að aðdráttarafli kvíassvæðisins jafnist á við laxveiðiá með heildarstofn sem í fjölda sé 25% af þeim lífmassa sem er í kvíunum. Þannig mundi eldissvæði með 1000 tonna lífmassa samsvara laxveiðiá með 250 laxa stofnstærð og draga úr villuráfi laxa í samræmi við það.

Áhrif þessa stuðuls standa ekki í beinu sambandi við áhrif af umfangi eldis eða fjarlægð frá eldisstað eins og kemur fram í mynd 1.3. Gildi þessa stuðuls verða ljós ef við skoðum eldissvæði langt frá laxveiðiám og litlum líkum á flakki strokulaxa yfir langar vegalengdir. Ef það eru á hinn bóginn engar ár nærri viðkomandi eldisstað væri óraunhæft að gera ráð fyrir villuráfi laxa í slíkar ár. Heimsæknistuðullinn var settur inn til að leiðrétta slíkar skekkjur. Með notkun þessa stuðuls er að mörgu leyti gert ráð fyrir að hluti þeirra laxa, sem strjúka seint úr kvíum, muni ekki yfirgefa kvíassvæðið. Þennan stuðul þarf síðan að aðlaga í samræmi við nýjar upplýsingar úr rannsóknum.



Mynd 1-3 Áhrif heimsækniþulsins (H) á spáðan fjölda strokufiska sem ganga í ár eftir veturdvöl sem fall af fjarlægð. Í þessu dæmi er eldið 10.000 tonn og stærð stofns í á 1.000 fiskar. Blá lína sýnir fallið þegar heimsækniþull er 0, gul lína 0.05, lína 0.1 og gulbrún 0.25

1.3.6 Endurheimta úr snemmstroki (L_S)

Í fyrstu útgáfu af reiknilíkaninu voru endurheimtur snemmstrokinna laxa byggðar á endurheimtu náttúrulegra gönguseiða. Þar var einnig nýtt hlutfall milli endurheimtu á eldisseiðum og náttúrulegum seiðum samkvæmt sleppitilraunum í Burrishoole ári 1997 (McGinnity et al. 1997, 2003) og gögnum frá lmsa ári 2000 í Noregi (Fleming et al. 2000). Í þeim rannsóknum var mæld hlutfallsleg afkoma eldisseiða og náttúrulegra seiða allt frá hrygningu þar til þau gengu aftur í ána.

Að meðaltali var hlutfallsleg afkoma eldisseiða um 37% af afkomu náttúrulegra seiða gegnum lífsferilinn. Á Íslandi hefur komið í ljós að endurheimta náttúrulegra gönguseiða er breytileg eftir landshlutum. Endurheimta er að jafnaði lægri á norðanverðu landinu heldur en á því sunnanverðu. Þetta hefur komið í ljós með því að bera saman gögn frá Elliðaá á Suðvesturlandi og Vesturdalsá á Norðausturlandi.

Meðalendurheimta í Elliðaá á árunum 1988-2016 var 8,9 % (1SW) en til samanburðar var endurheimta smálaxa (1SW) í Vesturdalsá á árunum 1996-2016 2,2% (ICES 2019). Í reiknilíkaninu er notuð talan 5% sem meðaltals endurheimta á eins árs laxi fyrir þessar tvær ár. Miðað við þær rannsóknir, sem hér hefur verið minnst á (Fleming et al. 2000, ICES 2019), gerði reiknilíkanið ráð fyrir endurheimtum á snemmstrokkum lögum sem samsvaraði 37% af meðalheimtum náttúrulegra laxa þ.e. $5\% \times 0,37 = 1,85$.

Heimsækniþullinn lækka villur af laxanna í hlutfalli við það magn sem framleitt er á sjóeldissvæðinu, þ.e. því meiri framleiðsla því mun hlutfallslega minna af laxi mun

villast í aðrar ár. Í því endurmati sem fram fer á líkaninu var endurheimtan endurmetin út frá heimtu á stórum og stálpuðum gönguseiðum (*post-smolts*) samkvæmt gögnum frá Skilbrei et al.(2015). Endurheimtuhlutfallið (L_S) var þá lækkað í 1,3%.(sjá kafla 2.5).

Jafna 1 reiknar út Endurkomufjölda úr snemmbúnu stroki (E_S), þ.e. heildarfjölda snemmbúinna strokufiska sem áætlað er að skili sér úr hafi:

$$E_S = PS_S L_S \quad (1)$$

Í jöfnu 1 eru breytur (P), sem er heildarframleiðsla ársins, (S_S) fjöldi snemmbúinna strokufiska á hvert tonn framleitt og (L_G) endurheimtuhlutfall eftir 1-3 vetur í sjó. Líkanið gerir hins vegar ekki ráð fyrir því að allir endurkomufiskar úr snemmbúnu stroki skili sér upp í vatnsföll.

Eins og fyrr segir má gera ráð fyrir því að sjógönguseiði upplifi eldiskvíar og ströndina nálægt þeim sem heimkynni sín. Því getur valdið lykt af fiski og þá sérstaklega af kynprosa fiski. Þetta leiðir til tregðu þeirra að leita lengra burt og veldur því að sumir endurkomufiskar ganga ekki í vatnsföll. Líkanið notar svokallaðan Heimsæknistuðul (H) og eldismagn á kvíastæði (P_{kv}) til þess að áætla þennan þátt. Heimsæknistuðull hefur því eininguna fjöldi á tonn. Sjá frekari skýringar í kafla 1.3.8

1.3.7 Endurheimta úr síðstroki (L_G)

Jafna 2 reiknar út Endurkomufjölda úr síðbúnu stroki (E_G), þ.e. heildarfjölda síðbúinna strokufiska sem áætlað er að skili sér í vatnsföll.

$$E_G = PS_G L_G \quad (2)$$

Í jöfnu 2 eru breytur (P), sem er heildarframleiðsla ársins, (S_G) fjöldi síðbúinna strokufiska á hvert tonn framleitt og (L_G) endurkomuhlutfall úr sjó.

1.3.8 Dreifing strokulaxa.

Weibull dreifingarfall er notað sem líkindafall fyrir far strokulaxa með strokstað sem hámark dreifingarfalls. Líkanið reiknar út tvö dreifingarföll fyrir strokulaxa frá hverjum eldisstað (firði), annars vegar fyrir snemmbúna strokufiska (sjógönguseiði-stórseiði) og aðra fyrir síðbúin strok. Þessar tvær dreifingar eru síðan sameinaðar til að mynda heildardreifingu frá hverjum stað. Weibull fallið hefur tvær breytur, β og η . Breytan η er vegalengdarstuðull, það er ákvarðar hve langt fiskarnir dreifast frá strokstað og hins vegar β sem er

lögunarstuðull og ræður samhverfni fallsins. Samhverfnin er notuð til að meta hlutfall fiska sem ganga meðstraums eða á móti strandstraumnum umhverfis Ísland. Stuðullinn β er mismunandi fyrir síð- og snemmbúið stök sem skýrist með mismunandi hegðunarmynstri. Eldisstaður er settur efst á dreifingarferli og jákvæðar tölur lýsa dreifingu meðstraums og neikvæðar mótstraums. Dreifingu strokufiska er því lýst með eftirfarandi Weibull jöfnu:

$$W(V) = \frac{\beta}{\eta} \left(\frac{V_a}{\eta}\right)^{\beta-1} e^{-\left(\frac{V_a}{\eta}\right)^\beta} \quad (3)$$

Jafnan er normuð og gefur þá:

$$W = \frac{\frac{\beta}{\eta} \left(\frac{V_a}{\eta}\right)^{\beta-1} e^{-\left(\frac{V_a}{\eta}\right)^\beta}}{\sum_a \frac{\beta}{\eta} \left(\frac{V_a}{\eta}\right)^{\beta-1} e^{-\left(\frac{V_a}{\eta}\right)^\beta}} \quad (4)$$

Jafna (5) reiknar fjölda fiska úr aldurshópi X sem ganga í vatnsfall a , með því að sameina jöfnur (1), (2) og (4).

$$F_{aX} = E_X \frac{W_X A_a}{\sum_a W_X A_a} \quad (5)$$

Þar sem A_a er meðaltals stofnstærð vatnsfalls a og F_{aX} er fjöldi eldislaxa af aldurshópi X sem gengur í vatnsfall a .

Fyrir snemmbúið stök er sem fyrr segir, reiknað með að sjálfur eldisstaðurinn valdi tregðu til að leita lengra og afvegaleiði hluta fiska til frá því að ganga í ár. Það má túlka sem sjálft kvíastæðið virki á fiskinn sem heimaá enda eru árnar í nágrenninu honum ókunnar. Í tilfalli snemmbúins stroks er því þessi tilbúna heimaá fyrsta áin, það er vatnsfall $a = 1$ í jöfnu (5). Stofnstærðin eldisstaðurinn sjálfur og áhrif hans reiknuð sem :

$$A_{kvi} = P_{kvi} H \quad (6)$$

Þar sem A_{kvi} „stofnstærð „heimaár“ sem er margfeldi eldismagns á kviarstað, P_{kvi} , og heimsæknistuðuls (H). Því meira magn sem er alið ganga því hlutfallsleg færri fiskar í veiðiár og hækkun á stuðlinum H hefur sömu áhrif.

Í heild eru 12 stuðlar notaðar í dreifingarfallinu, sem eru listaðir í Töflu 1-2

Tafla 1.2 Stuðlar reiknilíkansins.

Stuðlar	Lýsing	Áætlað gildi
X_G	Gildi stuðuls X fyrir síðbúið strok	-
X_S	Gildi stuðuls X fyrir snemmbúið strok	-
P	Framleiðsla á eldisstað í tonnum	-
E	Fjöldi strokufiska sem ganga í ár	-
S	Strok, fjöldi fiska á hvert tonn framleitt	0.8 strokufiska á tonn
L	Hlutfall strokufiska sem ganga í ár	1.1% (L_G) 1.3% (L_S)
V_a	Fjarlægð milli eldisstaðar og áar a	-
H	Heimsæknistuðull	0.25
W	Normað Weibull fall sem áætlar dreifingu með gefnu β og η	-
A_a	Stofnstærð áar a	-
F_a	Áætlaður fjöldi strokulaxa í á a	-

Gert er ráð fyrir því að snemmbúnir strokufiskar hafi betri rötunarhæfni en síðbúnir strokufiskar. Því er reiknað með því að snemmbúið strok sé samhverft, þ.e. að það hafi bjöllulaga dreifingu og strokufiskar snúi aftur mjög nálægt strokstað (<200 km). Dreifingarferill síðbúinna strokufiska er skekkur í átt straumstefnu og því fara fleiri fiskar meðstraums en mótstraums og einnig er dreifingarsviðið (η) víðara. Lögunarstuðullinn (β) er einingalaus en η hefur gildi í kílómetrum. Ástæðan fyrir mismunandi lögun dreifingar er sú að sjógönguseiði sem koma til baka eftir vetrardvöl á fæðuslóð hegða sér með öðrum hætti en síðbúnir strokulaxar. Hegðun eldisseiða er væntanlega einnig nokkuð ólík hegðun villtra seiða. Villtir fiskar yfirgefa heimaá á tiltölulega stuttu tímabili, venjulega á nokkrum dögum, og áhrif lyktar heimaár virðast eiga sér stað við smoltun í ánni (Lema og Nevitt, 2004). Þessa vegvísun í heimaá vantar eldisfiskinn.

Aðrir þættir svo sem samrötun (e. collective navigation) og skynjun/innprentun á styrk og stefnu segulsviðs og eru einnig hluti af rötunarhæfni villtra fiska (Putman et al, 2013; Berdahl et al., 2016). Sjógönguseiðin ganga á fæðuslóða og að endingu til heimaár þegar þau verða kynþroska. Aftur á móti virðist sem snemmbúnir strokulaxar snúi aftur á strokstað, þ.e.a.s. fari að kvíastæði og í kjölfarið á laxveiðiá tiltölulega nálægt kvíum (Putman o.fl., 2013; Berdahl o.fl., 2016).

Nær fullvaxta fiskar sem strjúka í síðbúnu stroki hegða sér með öðrum hætti. Ef þeir lifa til að ná kynþroska eftir strok, munu þeir reyna að ganga í ár til að hrygna. Þeir hafa tilhneigingu til að fylgja strandstraumum (Hansen, 2006) í leit sinni að heimaá og geta farið langar vegalengdir, allt að 1000 km (Gudjonsson, 1991; Piccolo and Orlikowska, 2012). Flestir þeirra ganga þó í nálægar ár og fjöldi síðbúinna strokufiska í ám er í hlutfalli við magn eldis á svæðinu (Fiske et al., 2006). Til að mynda í Skotlandi, ganga mun færri strokulaxar upp í ár á austurströndinni, þar sem eldi er ekki til staðar, en á vesturströndinni þar sem eldi er stundað (Green et al., 2012, Youngson et al., 1997).

Fjarlægð eldissvæða frá hverri á er mæld og sett inn í Weibull dreifingarfallið með eldissvæðið miðlægt. Líkurnar á því að fiskur gangi í ákveðna á í tiltekinni fjarlægð eru metnar sem hlutfall af stofnstærð í viðkomandi á. Þetta þýðir að ef tvær ár A og B eru hlið við hlið og áin A hefur tvöfalt stærri stofn en áin B, er gert ráð fyrir að tvöfalt líklegra sé að fiskur fari í á A en í á B.

1.4 Næmnigreining

Við höfum framkvæmt næmnigreiningu til að prófa hversu viðkvæmt líkanið er fyrir breytingum á stuðlum. Skipta má stuðlunum í þrjá hópa. Fyrst eru það stuðlarnir β og η sem stjórna lögum Weibull dreifingarferilsins. Þeir hafa ekki áhrif á það hversu margir laxar ganga í ár, aðeins á það hvernig þeim er dreift. Fyrir lág gildi η gengur allur fiskurinn í ár í námunda við eldissvæði en með vaxandi gildum á η verður dreifingin breiðari. Fyrir lág gildi β fara strokufiskar frekar í ár meðstraums frá strokustað en með vaxandi gildum á β verður dreifingin samhverfari, með strokustað í miðju.


Næsti hópur stuðla (P , S og L_x) hefur línuleg áhrif. Það þýðir að 10% aukning á þessum breytum mun gefa samsvarandi 10% aukningu á E_x .

Heimsæknistuðullinn hefur hins vegar ekki línuleg áhrif og er háður bæði fjarlægð til áar og umfangi eldis á hverjum stað (sjá Mynd 1.3).

1.5 Vöktun laxveiðiáa


1.5.1 Vöktun með Árvaka (*Riverwatcher*)

Lykilár hér á landi eru vaktaðar með svo kölluðu Árvaka (*Riverwatcher*) myndgreiningarkerfi (Vaki ohf). Landinu hefur verið skipt upp í 5 svæði og nokkrar lykilár eru vaktaðar með Árvakakerfi C eða RW-C, sem inniheldur IP neðansjávar stereo stafræna myndavél með innrauðri sjónskynjun og með innrauð og hvít LED ljós niðri í vatninu, mæligöng úr ryðfríu stáli og öflugan tölvubúnað sem telur og vaktar göngulaxinn. Venjuleg mæligöng eru 160cm×105cm×63cm (L×B×H) og í þeim er komið fyrir undir vatnsborði stafrænni myndavél og LED ljósum. Venjulegt gönguop er 40 cm.



Mynd 1-4 Skjáskot úr Árvakanum sem er aðgengilegur af vef Hafrannsóknastofnunar (<https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/voktun-veidiaa/ar-og-eldi>).

Mæligöngin tryggja að myndir af göngufiski eru teknar við staðlaða og stöðuga birtu og séð til þess að fiskurinn sé í hagstæðustu fjarlægð frá myndavél. Hægt er að skoða beina útsendingu frá myndavélinni á RW-C tölvuskjá(Mynd 1-4). Tæki sem tengt er við netbúnað getur einnig sýnt beint og endurtekið með upptöku það sem síðast kom fram í myndavélinni. Kerfið hefur innbyggðan hugbúnað sem greinir fisktegund, stærð og í hvaða átt hann gengur. Einnig má sjá ástand fiskisins t.d. hvort hann er með laxalús, þótt slíkt kerfi sé enn í þróun. Einnig er hægt að sjá á myndunum hvort fiskurinn kemur úr eldiskvíum. Þetta tekur aðallega til laxa sem strjúka seint en meiri erfiðleikar eru við að greina snemmstrokulaxa. Þetta vöktunarkerfi verður sett upp í 12 laxveiðiám, sex ám merktum með bláum lit þar sem kerfið hefur þegar verið sett upp og sex ám merktum með bláum lit þar sem áætlað er að setja kerfið upp innan 3ja ára (Mynd 1.5).



Mynd 1-5 Ár í Árvaka vöktunar áætluninni. Ár sem nú þegar hafa uppsettann Árvaka eru merktar bláar og þær sem munu fá í framtíðinni eru merktar rauðar.

1.5.2 Erfðafræðileg vöktun

Í íslenskri reglugerð um fiskeldi(401/2012) er hrognaframleiðendum gert skylt að geyma vefsýni úr klaklögum til greiningar á DNA fyrir alla foreldra viðkomandi hrogn og að skrá afkomendur hvers foreldrapars svo hægt sé að rekja að fullu flutninga frá seiðastöðvum í sjókvíastöðvar. Því er mögulegt á hverjum tíma að rekja uppruna endurheimtra stroklaxa frá sjókvíastöðvum eða seiðaeldisstöðvum. Hægt er að nýta hvern klakhæng til að frjóvga um 100.000 hrogn og hver hrygna gefur af sér um 10.000 hrogn. Það reyndist fullnægjandi að erfðamerkja alla feður í 2015 hrygningarárganginum til að geta rakið alla laxa sem struku. Laxeldisfyrirtækjum er skylt að tilkynna Matvælastofnun um alla viðburði svo sem strok úr kvíum. Eftirfarandi þarf að vera í skýrslunni:

1. Tímasetning og nákvæm staðsetning slysasleppingar
2. Fiskitegund, meðalstærð og áætlaður fjöldi sem strauk
3. Upplýsingar um notkun lyfja og tími fyrri útskilnað lyfs
4. Uppruni laxins þ.e. stofn og einnig upprunastaður(seiðaeldisstöð)
5. Hvenær laxinn var tekinn inn í eldisstöð eða settur út í sjókvíar
6. Orsakir eða líklegar orsakir slysasleppingar
7. Skýrsla um aðgerðir til að ná aftur eldisfiski sem hefur strokið
8. Greinargerð um aðgerðir sem framkvæmdar verða til að koma í veg fyrir meira strok.

DNA sýnataka úr lögum sem líklega eru úr stroki: Safnað er DNA sýnum ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum úr grunaðum stroklögum í laxveiðiám. Gerðar hafa verið forskriftir varðandi sýnatöku og útbúnaður sendur á helstu laxveiðiár sem inniheldur QR strikamerkt ílát. Upplýsingar sem gefa þarf eru nafn á viðkomandi á, dagsetning veiði og staðsetning í á, stærð laxins og mynd af honum, mynd frá veiðistað og mynd af QR strikamerki á íláti. Einnig er farið fram á hreisturprufu eða jafnvel allan fiskinn ef slíkt er mögulegt. DNA sýnin eru tekin gegnum strok á tálknum. Taka þessa sýnis tekur aðeins nokkrar sekúndur og hefur ekki áhrif á afkomu laxins í ánni.

DNA sýnataka úr rafveiðum á laxaseiðum: Á hverju ári eru veidd um það bil 120 laxaseiði með rafveiðum úr þeim ám sem eru þáttakendur í þessu verkefni. DNA sýni eru þá tekin úr seiðunum til að fá erfðaupplýsingar. Árnar sem taka þátt í verkefninu má sjá á mynd 1.6.



Mynd 1-6 Ár í rafveiðivöktunaráætlun.

DNA rannsóknir: Erfðasýni eru rannsökuð með fjölrása stuttraðagreiningu (e. multiplex microsatellite loci assays). Notuð voru 15 stuttraðærðamörk sem þróuð voru fyrir Atlandshafslax og lýst af Olafsson et al. (2010). Einnig er verið er að þróa SNP erfðamarkasett og er einnig í skoðun að nota svokallaða RAD heilraðgreiningu.

2. Niðurstaða vöktunar og endurmat stuðla

Við höfum lagt til að nota einfalt líkan til að spá fyrir um innblöndun stroklaxa úr sjókvíum inn í ár með náttúrulegum laxastofnum. Bestu fáanlegu gögn eru notuð til að spá fyrir um gönguleiðir, líklega afkomu (þ.e. survival) og heimsækni strokulaxa. Þetta líkan er ætlað til notkunar við stjórnun og við almenna yfirstjórn á sjókvíaeldi á laxi. Líkanið gefur innsæi í vöktunarmöguleika varðandi villur af eldislaxa í ár og sýnir fram á nauðsyn reglubundinnar vöktunar. Þetta líkan getur mögulega útskýrt hvernig breytingar á ýmsum þáttum í sjókvíaeldi, sem snerta vöktunarkerfi, geta haft áhrif á spár um villur af laxa í ár. Þetta áhættumatslíkan varðandi erfðablöndun var staðfest sem nýr viðauki í Lögum um fiskeldi þann 1. júlí 2019.

2.1 Tilkynntir strokatburðir

Í heildina tilkynntu íslenskar sjókvíastöðvar um 5 slyasleppingar á árunum 2018-2019, sem allar komu frá fyrirtækinu Arnarlax. Þrjú slík tilfelli voru tilkynnt 2018, þar af tvö þann 11. febrúar 2018, annað í Hringsdal í Arnarfirði (meðalþyngd strokulaxa 7,2 kg) og hitt við Laugardal í Tálknafirði (meðalþyngd 3,5 kg). Þriðja tilfellið var einnig hjá sama aðila í Tálknafirði þann 6. júlí (meðalþyngd 3,5 kg.). Tvennar slyasleppingar voru tilkynntar á árinu 2019 en í báðum tilfellum voru laxarnir smáir (meðalþyngd um 250gr.

og 1,3 kg.) og er ekki búist við endurkomu þeirra fyrr en 2010 (Tafla 2.1). Upprunaleg áætlun Arnarlax gerði ráð fyrir að 300 laxar hefðu strokið frá Laugardal í júlí en ekki var gerð grein fyrir magni strokulaxa varðandi hin skiptin (tafla 2.1).

Tafla 2.1. Yfirlit yfir tilkynnta atburði frá fiskeldisfyrirtækjum árin 2018 og 2019.

Fyrirtæki	Fjörður	Staðsetning	Dags. atburðar	Dags. tilkynnt	Áætlaður fjöldi	Meðal stærð
Arnarlax	Arnarfjörður	Hringsdalur	11.2.2018	12.2.2018	0	7.2 kg
Arnarlax	Tálknafjörður	Laugardalur	11.2.2018	12.2.2018	0	3.5 kg
Arnarlax	Tálknafjörður	Laugardalur	6.7.2018	7.7.2018	300	3.5 kg
Arnarlax	Arnarfjörður	Hringsdalur	21.1.2019	22.1.2019	0	1.3 kg
Arnarlax	Tálknafjörður	Laugardalur	16.8.2019	17.8.2019	0	280 g

2.2 Tilkynnt veiði strokulaxa í ám

Stangaveiðimenn þekkja útlitseinkenni eldislaxa, sem veiðast í ám, og eru tilbúnir að tilkynna um slíkan viðburð. Myndir af löxum, sem líklega eru eldisfiskar, eru oft sýndar á samfélagsmiðlum til fróðleiks fyrir aðra. Við gerum ráð fyrir að yfir 90% af löxum með eldiseinkenni úr stangaveiði komi fram í skráningu. Þetta mun ná yfir alla laxa sem sleppa seint úr kvíum. Ekki hefur verið staðfest tilkynning um snemmstrokna laxa svo vitað sé.

Í heildina voru tekin 69 DNA sýni úr löxum sem grunur lá á að væru úr kvíaeldi á árunum 2018 og 2019. Rannsókn með „Structure“ hugbúnaði (Pritchard et al. 2000) sem nýttu 14 af þeim SalPrint15 stuttraða erfðamörkum (Olafsson et al. 2010) staðfestu að 18 af þessum löxum voru upprunnir úr sjókvíum.

Erfðafræði þessara laxa var borin saman við erfðaskrásetningu feðra í klakárgöngum frá 2014, 2015 og 2016, sem notaðir voru í seiðaeldisstöðvum. Í ljós kom að 15 af þessum 18 eldislöxum mátti rekja til eins föðurs (tafla 2.2).

Tafla 2.2: Uppruni stroufiska samkvæmt samanburði á erfðamörkum allra hænga notaðra 2014-2016

Fiskur Nr.	Veidiá (staðsetning)	Seiðastöð (fyrirtæki)	Eldisstaður (fjörður)	Veiddidags:
F2018001	Selá (Ísafjörður)	Bæjarvík, (Arnarlax)	Laugardalur (Tálknafjörður)	7/24/2018
F2018002	Staðará (Steingrímsfjörður)	Íspór (Arnarlax)	Hringsdalur (Arnarfjörður)	7/30/2018
F183110	Staðarhólsá/Hvolsá (Breiðafj.)	Bæjarvík, (Arnarlax)	Laugardalur (Tálknafjörður)	8/18/2018
F181303	Mjólká (Arnarfjörður)	Bæjarvík, (Arnarlax)	Hringsdalur (Arnarfjörður)	8/31/2018
F181304	Mjólká (Arnarfjörður)	Óstaðfest	SAGA (Stofnfiskur)	8/31/2018
F183504	Vatnsdalsá (Húnaflói)	Bæjarvík, (Arnarlax)	Laugardalur (Tálknafjörður)	8/31/2018
F183503	Eyjaferðará (Eyjafjörður)	Bæjarvík, (Arnarlax)	Hringsdalur (Arnarfjörður)	9.6.2018
F183113	Breiðdalsá (Breiðdalur)	Erlendur	Salmobreed	9/15/2018
F2018009	Laugardalsá (Ísafjarðardjúp)	Bæjarvík, (Arnarlax)	Hringsdalur (Arnarfjörður)	9/16/2018
F2018010	Fjarðarhornská (Breiðafjörður)	Bæjarvík, (Arnarlax)	Hringsdalur (Arnarfjörður)	9/25/2018
F2018011	Fífustaðadalsá (Arnarfjörður)	Bæjarvík, (Arnarlax)	Hringsdalur (Arnarfjörður)	10/15/2018
F2018012	Fífustaðadalsá (Arnarfjörður)	Bæjarvík, (Arnarlax)	Hringsdalur (Arnarfjörður)	10/15/2018
F192520	Ytri Rangá (Suðurland)	Ekki SAGA stofn	Stofnfiskur - Erlendur	8/15/2019
F192504	Mjólká (Arnarfjörður)	Íspór (Arnarlax)	Hringsdalur (Arnarfjörður) ¹	8/30/2019
F192513	Mjólká (Arnarfjörður)	Íspór (Arnarlax)	Hringsdalur (Arnarfjörður) ¹	8/30/2019
F192514	Mjólká (Arnarfjörður)	Íspór (Arnarlax)	Hringsdalur (Arnarfjörður) ¹	8/30/2019
F192503	Mjólká (Arnarfjörður)	Bæjarvík (Arnarlax)	Hringsdalur (Arnarfjörður) ¹	8/30/2019
F192515	Mjólká (Arnarfjörður)	Bæjarvík (Arnarlax)	Hringsdalur (Arnarfjörður) ¹	8/30/2019

¹ Ekki er alveg ljóst hvort um er að ræða Hringsdal eða Laugardal en höfundar telja Hringsdal líklegri (sjá síðar).

Ekki var hægt að rekja 3 af þessum eldislögum til feðra úr klakárgöngum 2014 -2016 (tafla 2.2). Erfðarannsókn með stuttraða erfðamörkum (Salprint 15 gegnum „Structure“ hugbúnað) sýndi að tveir af þessum lögum tilheyrðu SAGA stofni sem kemur frá kynbótafyrirtækinu Stofnfiski (F181304 og F192520). Hreisturlesning á F181304 sem veiddist í Mjólká sýndi að laxinn hafði verið a.m.k. eitt ár í sjó. Hafa skal í huga að, ef stroulax hefur aðgang að fóðri yfir veturinn, þ.e. dvelur nærri sjókvíunum og étur afgang fóður er ekki hægt að treysta hreisturlestrinum fullkomlega og fiskurinn gæti því verið eldri. Ekki var samsvörum milli F18304 og feðra sem nýttir voru 2014-2016. Möguleg skýring er að laxinn tilheyrir eldri hrygningu t.d. föður sem nýttur var 2013 eða jafnvel fyrr.

Laxinn sem veiddur var í Breiðdalsá (F183113) gæti tilheyrð einum af þessum fjórum eldisstofnum (Stofnfiskur, Aquagen, Salmobreed og Mowi). Erfðarannsókn leiddi í ljós að hann tilheyrði „Salmobreed“ stofninum. Allir eldislaxar á Íslandi koma úr SAGA stofni. Þetta staðfestir að laxinn (F183113), sem veiddist í Breiðdalsá var af erlendum uppruna, mögulega frá Færeyjum þótt ekki sé hægt að útiloka Skotland og Noreg.

Hægt var að rekja lax úr ytri Rangá (F192520) til Stofnfisks með „ONCORE“ rannsókn. Samt var ekki samsvörum til þeirra feðra sem nýttir voru í klakárgöngum 2014-2016 á Íslandi. Laxinn er skyldur feðrum frá 2014 en ekki beinn afkomandi. Hann virðist því ekki vera upprunninn á Íslandi.

2.3 Mat á fjölda strokulaxa

Eins og áður var getið var tilkynnt um þrjú stroktilfelli á árinu 2018 (tafla 2.1) og allir eldislaxar sem veiddust í ám 2018-2019 voru úr þessum slysasleppingum. Tvennar slysasleppingar voru tilkynntar af Arnarlaxi 2019, þ.e. í febrúar í Hringsdal við Arnarfjörð (meðalþyngd 1,3 kg) og í ágúst við Laugardal við Tálknafjörð (meðalþyngd 280 grömm). Hingað til hafa engir laxar veiðst í ám úr þessu stroki. Ekki er búist við að svo smáir laxar endurheimtist fyrr en ár er liðið frá slysasleppingu.

Það er ekki einfalt að reikna út þann fjölda sem sleppur út í hverri slysasleppingu. Jafnvel þó stundum sé hægt að veiða strokulaxa í net verður að teljast ólíklegt að það náist að veiða hátt hlutfall með þeim aðferðum, þar sem slíkar ráðstafanir eru oft gerðar löngu eftir að fiskurinn slapp út. Eina nákvæma leiðin til að meta strok úr netbúrum er í gegnum nákvæmt bókhald varðandi útsetningu, náttúrulegan dauða og slátraðan fisk sem síðar kemur úr kví. Í sumum tilfellum verður slíku bókhaldi illa við komið eða ekki framkvæmanlegt og oft er erfitt að fylgjast nákvæmlega með náttúrulegum dauða í kví. Þrátt fyrir þetta var mögulegt að gera allnákvæmt mat fyrir eitt tilfellið.

Allar 3 tilkynntar slysasleppingar á árinu 2018 komu frá Arnarlaxi (tafla 2-1). Hjá Arnarlaxi eru gönguseiðin bóluset með handafli og bólusetningavélin er með teljara svo tala seiða sem fer í eldiskvíar er nákvæm. Slátrun á laxi úr kvíum er einnig nákvæm þar sem flutninglínur hafa góða teljara. Meðan á eldi stendur er dauðum fiski safnað úr sérstakri safnþró og hann talinn en sú talning er ekki nákvæm. Gögn frá aðstöðu Arnarlax við Steinanes þar sem ekkert strok hafði átt sér stað eða tilkynnt voru notuð til að meta breytileika í meðaldauða á milli eldiskvía. Heildardauði í kvíunum var metinn eingöngu út frá slátrun úr kvíum þar sem skrásettur dauði úr kvíum reyndist mjög ónákvæmur fyrir allar kvíar. Þar sem ekki virðist hafði verið neitt strok frá Steinanesi er hægt að nota mismun í útsetningu og slátrun þar til að meta meðaltöl og staðalfrávik í náttúrulegum afföllum milli kvía.

Tafla 2.3. Eldisstæði Arnarlax við Steinanes. Tölur um fjölda útsettra seiða og talningu við slátrun Eingöngu kvíar með nákvæmri talningu eru hafðar með. Meðaltal og staðalfrávik er gefið neðan við töflu.

Kví	Útsett	Slátrað	Rauntap	Tap%
5	172.100	141.137	30.963	18,0%
7	183.192	148.857	34.335	18,7%
8	194.100	168.093	26.007	13,4%
9	183.000	138.500	44.500	24,3%
10	222.432	180.650	41.782	18,8%
11	187.612	150.125	37.487	20,0%
			μ	18,9%
			σ	3,2%

Tafla2-3 sýnir að náttúruleg afföll voru mjög svipuð í öllum sex kvíunum við Steinanes, sem var að meðaltali 18,9% og staðalfrávik upp á 3,2. Þessi afföll við Steinanes voru nýtt sem viðmið fyrir aðstöðuna í Hringsdal, þar sem tvær slyasleppingar höfðu verið tilkynntar úr kvíum nr. 2 og 6 (tafla 2.4).

Tafla 2.4. Eldisstæði Arnarlax við Hringsdal. Tölur um fjölda útsettra seiða og talningu við slátrun. Göt fundust á kvíum númer 2 og 6. Tap úr kví 2 er meira en vænta má (feitletrað). Meðaltal er tekið úr öðrum kvíum en kví 2.

Kví	Útsett	Slátrað	Rauntap	Tap%
1	170.000	135.547	34.453	20,3%
2	159.000	103.683	55.317	34,8%
3	182.644	132.790	49.854	27,3%
4	167.000	142.179	24.821	14,9%
5	152.000	116.742	35.258	23,2%
6	157.000	125.123	31.877	20,3%
			μ	21,2%
			σ	4,1%

Náttúruleg afföll voru hlutfallslega lík í fimm af sex sjókvíum í Hringsdal (tafla 2.4) og svipuð og sú rýrnun sem varð við Steinanes (tafla 2.3.). Meðalafföll í þessum fimm kvíum voru 21,2 % og staðalfrávik 4,1%. Kví #2 var ekki tekin með í þennan meðaltalsútreikning þar sem hún virtist vera afbrigðileg líklegast vegna mikils laxastoks. Mögulegt stök var tilkynnt fyrir kvíar #2 og #6. Hinsvegar virtist tap á fiski ekki vera meira í # 6 en í öðrum kvíum og því var ályktað að ekki hefði verið stök úr þeirri kví. Þannig var gert ráð fyrir að allt laxastök í Hringsdal hafi farið úr kví #2. Fjöldi stökulaxa var gróflaga metinn með því að draga náttúruleg afföll frá heildaraföllum. Náttúruleg afföll í kví #2 var varlega áætluð sem 2-Sigma viðburður (95% líkur) og gert ráð fyrir normaldreifingu á náttúrulegum afföllum fyrir allar kvíar og síðan reiknað út sem

$\mu+2\sigma=21,2+2(4,1)=29,4\%$. Fjöldi stroklaxa var því metinn á eftirfarandi hátt:

Heildarafföll - náttúruleg afföll = magn í stroki , sem verður 34,8-29,4=5,4%


Þessi útreikningur sýnir með 95% öryggismörkum að meira en 8.500 laxar struku úr þessari kví ($159.000 \times 5,4\% = 8600$ laxar).

Ekki var mögulegt að framkvæma sambærilega rannsókn fyrir aðstöðuna í Laugardal þar sem hinar tvær slysasleppingar höfðu orðið, þar sem lax hafði þar verið fluttur milli kvía og óvissa var um afföll. Með því að gera ráð fyrir svipaðri endurheimtu laxa úr báðum slysasleppingum er hægt að meta laxastrok frá Laugardal óbeint miðað við endurheimtan fjölda í ám frá hvorri aðstöðu. Þar sem rekja mátti þrjá stroklaxa til Laugardals samanborið við 12 laxa frá Hringisdal var gert ráð fyrir að 2150 ($8.600/4$) laxar hefðu sloppið út í Laugardal. Heildarfjöldi strokulaxa var því metinn upp á ca. 11.000 stroklaxa en af þeim veiddust 15 í ám. Sé gert ráð fyrir 50% veiðihlutfalli ætti heildartala að vera 30 síðstrokslaxar og endurheimtan í ár því 0,27% ($30/11.000$).

Tilkynnt framleiðsla í laxeldiskvíum á þessu svæði á árinu 2018 var um það bil 13.500 tonn. Sé haft til hliðsjónar að 11.000 laxar hafi strokið á svæðinu eins og hér var greint frá verður strokstuðullinn(S) 0,81 stroklax á hvert framleitt tonn af laxi (tafla 2.3).

2.4 Dreifing strokulaxa

Allt laxastrok á árinu 2018 var síðbúið. Til að spá fyrir um dreifingu síðstrokinna laxa var notaður líkindareikningur í samræmi við Weibull normaldreifingu þar sem helstu breytur voru $\beta=2,0$ og $\eta=1000$. Þetta líkan sýnir normaldreifingu sem hallar sólarinnis til hægri út frá strokstað og dreifir 67% af stroklaxi innan 1000 kílómetra frá eldisstað. Þegar ofangreind gögn fyrir síðstrokslaxa frá 2018 voru sett í líkanið reyndust breyturnar þurfa að vera $\beta=1,5$ og $\eta=540$, sem er nokkuð þrengri dreifing heldur en áður hafði verið spáð með líkaninu (mynd 2.1).



Mynd 2-1 Dreifing síðbúinna stroka frá árinu 2018. Tvær Weibull dreifingar eru teiknaðar yfir með stuðla $\beta = 1.5$ og $\eta = 540$ (blá lína) og $\beta = 2$ og $\eta = 1000$ (rauð punctalína). Jákvæð fjarlægð er réttssælis um Ísland


Sýnileg dreifing síðstrokslaxa á árinu 2018 virðist gefa til kynna að þeir dreifist skemur frá storkstað en áður hafði verið spáð fyrir um í reiknilíkaninu (mynd 2.1). Fjöldi storkulaxa er lítil en þessar bráðabirgðaniðurstöður styðja þá nálgun sem beitt er í áhættumatinu. Niðurstöðurnar gefa einnig til kynna að Weibull fallið sé heppilegt til að meta normaldreifingu síðbúinna stroklaxa og að þeir stuðlar sem notaðar voru hafi ekki verið fjarri lagi.

Allir laxar, sem veiddir voru sumarið 2019 í Mjólka í Arnarfirði, komu úr slyasleppingum í Hringsdal í sama firði í febrúar 2018 (mynd 2.1 rauð súla). Þetta sýnir að þessir laxar hafa dvalið og lifað lengur í sjó heldur en gert var ráð fyrir í fyrra áhættumati. Þeir 5 laxar sem veiddir voru í Mjólka 2019 voru tiltölulega nálægt eldissvæðinu, þar sem Mjólka er aðeins 26 kílómetra frá Hringsdal og 16 kílómetra frá Tjaldanes eldissvæðinu í Arnarfirði. Líklegt verður að telja að þeir hafi dvalið nærri eldiskvíunum yfir veturinn og étið tilfallandi laxafóður.

Í Noregi hefur tímasetning laxastroks verið metin með því að skoða fitusýrubúskap storkulaxa, þar sem innihald og samsetning síkra sýra er ekki sú sama fyrir laxa sem éta náttúrulegt fæði og þá sem fóðraðir eru í kvíum. Samkvæmt þessum mælingum hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að flestir storkulaxar í norskum laxveiðiam hafi sloppið frá sjóeldisstöðvum á sama ári (Glover et.al., 2019). Íslensku niðurstöðurnar, sem byggja á erfðarannsóknun, virðast gefa til kynna að þessi aðferðafræði gefi misvísandi niðurstöður. Nýlegar niðurstöður virðast gefa til kynna að laxar úr síðbúnum sleppingum dvelji jafnvel í ár nærri sjókvíum og éti laxafóður úr kvíunum. Því er ekki hægt að þekkja þá frá laxi sem hefur nýlega sloppið út með því að skoða fitusýrubúskap. Þessi kenning verður væntanlega staðfest við skoðun á fitusýrubúskap storkulaxa sem veiddust í Mjólka 2019.

2.5 Endurmat stuðla fyrir snemmstrok

Við endurmat á stuðlum fyrir snemmstrok var notast við greiningu á umfangsmiklum sleppitilraunum í Noregi. Hafrannsóknastofnun Noregs stóð fyrir röð af skipulögðum sleppingum á eldislaxi úr sjókvíum á árunum 2005-2008. Sérstaklega merktum stórseiðum (post-smolts) og fullvöxnum Atlantshafslöxum var sleppt frá mismunandi stöðum á mismunandi árstímum (Skilbrei et al.,2015). Stórseiði (post-smolts), sem sluppu á fyrsta sumri, gengu tiltölulega hratt út á haf. Lítið brot gekk til baka til hrygningar og var endurveitt eftir 1-3 ár í sjó. Í þessari skýrslu höfum við tekið gögn úr þessari rannsókn til frekari skoðunar. Sá laxafjöldi, sem veiddist í ám eftir 1-3 ár minnkaði eftir því sem meðalstærð við sleppingu jókst (50-1900 g.). Gert er ráð fyrir að veiðihlutfall hafi verið 100%, þ.e. að allir laxar sem komu til baka hafi verið veiddir. Heildarfjöldi stórseiða (post-smolts) sleppt í þessum tilraunum voru 61.344 laxar.



Mynd 2-2 Veiði snemmbúinna stroka í ám eftir 1-3 ár í sjá sem fall af strokstærð. Snemmbúnu strokunum var skipt upp í eftirfarandi hópa: 50-120 g ($x = 85$ g; 20,178 fiskar), 140-160 g ($x = 154$ g; 19,487 fiskar), 190-240 g ($x = 214$ g; 17,506 fiskar), 430-580 g ($x = 494$ g; 7,309 fiskar) og 950-2000 g ($x = 1,200$ g; 4,163 fiskar).

Hægt er að lýsa hlutfallinu á milli stærðar við sleppingu og endurheimtu með hnígandi veldisvísistuðli þar til lægri mörk kúrfunnar eru við 0,08% heimtu við 1000 g. sleppistærð (mynd 2.2). Í samræmi við þetta línurit má gera ráð fyrir að 200 g. strokulax hafi um 28% minni líkur á því að endurheimtast heldur en 93g. strokulax, sem er meðalstærð útsettra laxaseiða í Noregi (tafla 2.5). Á sama hátt má gera ráð fyrir að líkur á að endurheimta strokulax, sem er 500 g. við strok, séu 64 % lægri en fyrir staðlað gönguseiði (90 gr.). Þessi dæmi sýna greinilega að hægt er að nýta útsetningu á stærri laxi til að draga úr endurheimtum á snemmstroknum laxi í veiðiár.

Tafla 2.5 Spágildi hlutfallslegt endurkomuhlutfall stórseiða miðaða við endurkomuhlutfall 93 gramma seiða á grundvelli jöfnu sem sýnd er í mynd 2.2

Seiðastærð (g)	Hlutfallsel endurkoma (%)
93	100
200	72
250	63
300	55
350	49
400	44
450	40
500	36


2.6 Endurmat stuðla fyrir síðstrok

Við endurmat á stuðlum fyrir síðstrok var notast við greiningu á niðurstöðum úr tilkynntum stroatburðum í Noregi.

Allt frá árinu 2014 hafa fimm norskar rannsóknastofnanir komið af stað viðamiklu samvinnuverkefni um árlega vöktun á endurheimtum strokulaxa úr eldi í yfir 200 ám. Þetta vöktunarverkefni gefur út árlega skýrslu um heimtur strokulaxa í ám (Aronson et al.,2019). Samkvæmt þessari skýrslu hefur meðalfjöldi strokulaxa í ám undanfarin 10 ár verið 188.000 laxar. Fjöldi skráðra strokulaxa er mjög breytilegur milli ára en þessi breytileiki kemur hinsvegar ekki fram í norskum endurheimtutölum og einnig komist að þeirri niðurstöðu að raunverulegur fjöldi stroklaxa sem ganga í ár sé mun hærrí.

Í Noregi er ekki hægt að rekja uppruna stroklaxa með öruggum hætti til sjóeldisstöðva eins og gert er hér á landi , þar sem ekki eru reglur um að tekin séu erfðasýni úr klakforeldrum eins og gilda á Íslandi. Þannig fæst mat á göngu eldislaxa í norskar veiðiár aðallega með eftirfarandi sýnatökum (Glover et al. ,2019)(sjá einnig mynd 2-3)

1. Skrásettar stangaveiðitilraunir að sumri (staðfestingar með hreisturlestri)
2. Skrásettar stangaveiðitilraunir fyrir hrygningu að hausti(staðfesting með hreisturlestri)
3. Klakveiði að hausti í tenglum við laxaræktarverkefni (staðfesting með hreisturlestri)
4. Köfunarleiðangrar í ár að hausti, sem greina eldisfiska og fjarlægja að einhverju marki, sem síðan eru greindir með hreisturlestri.



Mynd 2-3 Heildar veiði á strokulöxum í Noregi árin 2014 – 2017, hópað eftir veiðiaðferð (Glover et al.2019).

Sé tekið mið af opinberum meðaltölum um laxastrok frá norskum sjóeldisstöðvum (188.000 á ári) og um 1700 eldislöxum sem veiddir eru í norskum ám á hverju ári (2014-2017) eru endurheimtur strokulaxa í veiðiám um 0,9 %. Veiðihlutfall í stangaveiði er sennilega hærra á Ísland (50%) heldur en í Noregi, þar sem ár eru tærari og aðgengilegri. Kafarar í köfunarleiðangri geta ef til vill þekkt um 60-70% af þeim eldislöxum sem þeir sjá en nákvæmni þessarar aðferðar er óþekkt (Svenning et al.,2015)Sé tekið tillit til allra þeirra aðferða sem Norðmenn beita gerum við ráð fyrir því að veiðihlutfall í báðum löndum sé það sama eða um 50%. Ganga eldislaxa í norskar ár er því metin að vera tvöföld á við metna endurheimtu sem er 1,8 %.

Ef heildarfjöldi strokulaxa, sem ganga í ár, er þekktur getum við reiknað út endurheimtustuðul sem tekur mið af heildarframleiðslu á eldislaxi í landinu. Við höfum skilgreint slíkan stuðul, sem við köllum endurheimtustuðul strokulaxa (MRE) sem skilgreinist sem tvöföld tala strokulaxa sem veiðast á hver 1000 tonn af framleiddum eldislaxi. Útreiknuð gildi fyrir MRE (migration rate of escapees) fyrir árið 2018 eru 2.6 fyrir Noreg (1700 strokulaxar/1.3 milljón tonn x 2) en slík gildi fyrir Ísland er 2.2 (15 strokulaxar/13.500 tonn x2) sem eru svipuð gildi að teknu tilliti til nokkurrar skekkju í matinu.

Í norska vöktunarverkefninu (Aronson et al.,2019) eru engar tilraunir gerðar til að rekja uppruna laxa úr stroki og því er hvergi minnst á heimtur úr einstaka strokviðburðum. Í ljósi þessa skoðuðum við útgefnar skýrslur um veiðar á síðstroknum löxum í veiðiám, sem hægt var að rekja til einstaka slyasleppinga, til að fá eitthvað

viðmið varðandi endurheimtu. Þar sem ekki liggja fyrir erfðafræðileg gögn varðandi eldislaxa í Noregi þá byggir rakning á uppruna eldislaxa eingöngu á hreisturlestri og samanburði á stærð laxa við heimtu og stærðardreifingu í eldiskvíum við stök. Úttekt á upplýsingum í þessum skýrslum (2016-2018) varðandi veiðar á síðstrokslögum í norskum veiðiám gefa mjög almenna mynd af heimtum eldislaxa í ár (Hellen et al.,2017; Aronsen et al.,2019 a,b; Kanstad-Hansen et al.,2017; Kambestad et al.,2017). Endurheimtuhlutfallið er reiknað út sem:

$$\text{Fjöldi stroklaxa veiddur í ánni/fjöldi laxa sem slapp} - \text{sjávarveiði} \times 100$$

Aðeins koma fram laxar frá einstaka strokviðburðum í töflu 2.6

Tafla 2.6. Samantekt á niðurstöðum úr sex skýrslum frá árinu 2016 og 2018. Veiddir laxar í ám sem höfundar telja að rekja megi til tiltekins atburðar. Frá heildartölu strokulaxa er frádrægin fjöldi laxa sem veiddir eru í sjó og hafa því ekki kost á að ganga í ár. Þeir eldislaxar sem ekki eru raktir til atburðar eru ekki taldir með.

Staður	Dags	Fjöldi strokulaxa	Veiddir laxar	Veiðihlutfall
Bergdalen	24.5.2016	30.180	252	0,83%
Kvitfloget	8.7.2016	5.368	11	0,20%
Skonseng	9.9.2016	6.358	384	6,04%
Oterstedalen	1.2.2018	8.320	208	2,50%
Geit. og Aust.	15.2.2018	106.700	82	0,08%
Frohavet	3.9.2018	15.887	36	0,23%
		172.813	973	0,56%

Meðalheimtur á eldislögum tengdum þessum ákveðnu viðburðum miðað við það sem hafði strokið var 0.56% en mikill breytileiki milli viðburða. Vegna þess mikla magns sem slapp út við Geitryggen og Austvika hefur það mjög mikil áhrif á meðaltalið en ef þessum stöðum er sleppt hækkar meðaltalið í 1.35%. Skýrslan segir raunar að endurheimtur stroklaxa frá þessum stað hafi sennilega verið vanmetnar vegna lágrar vatnsstöðu í ám og skorts á vöktun gegnum köfun. Ekki fannst nein samsvörun milli einstakra þátta svo sem árstíma eða stærðar á slyasleppingu.

Ekki var getið um meðalstærð stroklaxa við slyasleppingu í skýrslunum. Sumar skýrslur gáfu upp mjög víða stærðardreifingu, t.d. 1-7 kg í skýrslunni um Bergdalen (Hellen et al.,2017) en allir voru skráðir sem síðbúið stök. Það var erfitt fyrir þessa skýrsluhöfunda að rekja uppruna laxanna til einstakra strokviðburða, þar sem ekki voru upplýsingar um erfðir laxanna (DNA). Á heildina litið eru þessar endurheimtur í góðu samræmi við norska vöktunarverkefnið (0.9 %).

Hér á landi er hægt að rekja uppruna strokulaxa mun nákvæmar til einstakra slyasleppinga með erfðafræðilegum aðferðum. Byggist það á ákvæði í reglugerð um fiskeldi, sem tilgreinir að nota skuli erfðafræðilegar merkingar til að rekja megi uppruna

strokulaxa til einstaka sjókvíastöðva (Reglugerð um Fiskeldi 1170/2015 grein 49¹).

2.7. Rannsóknir á erfðablöndun með rafveiðum.

Í rannsókn Guðmundssonar et al. (2017) var DNA sýni tekið úr laxaseiðum í 16 ám á tímabilinu ágúst 2015 og í ágúst og október 2016. Gerð var rannsókn á erfðabreytileika með skoðun á 14 endurteknum stuttraða erfðamörkum sem nýtti stofngerðarforritið „STRUCTURE“ (Pritchard et al., 2000). Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu að stroklaxar af norskum uppruna (SAGA stofn) höfðu hrygnt í nokkru magni með náttúrulegum laxi í ám sem voru í nágrenni sjókvía. Greinilega mátti sjá merki um erfðablöndun í náttúrulegum stofnum í Botnsá í Tálknafirði og Sunndalsá í Trostansfirði, sem er einn af innri fjörðum Arnarfjarðar. Í Botnsá fundust fjögur blendingseiði (WF) og tvö seiði undan hreinum eldislaxi, sem öll tilheyrðu klakárgangi 2014. Þótt sýnataka sé takmörkuð virðist helmingurinn af seiðunum í Botnsá vera undan eldislaxi. Höfundar skýrslunnar telja að blendingar séu afkomendur eldislax sem hafi hrygnt í ánni, sennilega hrygna, og náttúrulegur hængur tekið þátt í hrygningunni. Ennfremur telja höfundar að seiðin séu afkvæmi strokulaxa úr viðburði sem varð í Patreksfirði í nóvember 2013 (Guðmundsson et al., 2017). Hrein afkvæmi eldislaxa væru sennilega undan tveimur stroklöxum en þó væri ekki hægt að útiloka að þeir hefðu sloppið sem seiði frá nærliggjandi seiðaeldisstöð.

Í Sunndalsá, sem er um 10 km frá sjókvíum í Fossfirði (syðsta firði Arnarfjarðar) fundust fimm blendingar og þeir tilheyrðu allir nema einn 2015 klakárgangi. Þessir blendingar voru af mjög blönduðum uppruna (WF) og í ljós kom að á árinu 2015 höfðu tveir strokulaxar komið fram við Mjólkárviðburðinn í Borgarfirði, sem er nyrsti innfjörðurinn í Arnarfirði. Þetta staðfesti tilvist stroklaxa á svæðinu á þessum tíma. Erfðablöndun var staðfest í öllum seiðum sem veidd voru í Sunndalsá á árunum 2011-2015. Tilkynnt var um mjög fáar slysasleppingar(strokvíðburði), sem vekur upp spurningar um smávægilegan leka á laxi úr kvíum á ári hverju á þessum tíma. Niðurstaða skýrslunnar var sú að það væru sterkar vísbendingar um erfðablöndun í þessum ám á þessu tímabili.

Hinsvegar er rétt að benda á að erfðablöndun kom aðeins fram í ám, sem voru næst eldissvæðunum, og viðkomandi ár eru með mjög litla náttúrulega laxastofna. Því eru enn nokkur vafaatriði varðandi túlkun á þessum niðurstöðum. Þegar á heildina er litið kom erfðablöndun fram í sex ám á svæðinu (tafla 2.7).

¹ Þessu til viðbótar þurfa framleiðendur laxahroga að geyma á varanlegan hátt erfðaeftni úr eldislaxi svo hægt sé á hverjum tíma að rekja uppruna veiddra eldislaxa sem sloppið hafa úr kvíum. Gögn og líffræðileg sýni skal senda til Hafrannsóknastofnunar.

Tafla 2.7. Blendingar (WF) og eldis (FF) seiði rafveidd á árunum 2015 og 2016 í sex ám (Gudmundsson et al., 2017).

Vatnsfall (staður)	Fjöldi WF	Fjöldi FF
Botnsá (Arnarfjörður)	5	2
Selárdalsá (Arnarfjörður)	1	
Sunnaldalsá (Arnarfjörður)	5	
Sandsá (Önundarfjörður)	1	
Mjólká (Arnarfjörður)	7	
Bjarnardalsá (Önundarfjörður)	1	
Heild:	20	2

3 Umræður

Í þessari skýrslu kynnum við stærðfræðilíkan sem á að meta mögulega innblöndun á Atlantshafslaxi frá tilgreindum laxeldissvæðum í veiðiár hér á landi. Líkanið spáir fyrir um magn og dreifingu á stroklöxum í íslenskar veiðiár.

Í upprunalegri útgáfu af líkaninu voru breytur í því settar í samræmi við bestu fánlegu niðurstöður úr erlendum rannsóknum. Í þessari skýrslu kynnum við niðurstöður tveggja ára vöktunar (2018-2019) á stroklöxum í veiðiám hér á landi. Við höfum aðlagð breytur í líkaninu í samræmi við rauntölur varðandi rakningu á uppruna eldislaxa samkvæmt erfðaupplýsingum ásamt útreikningum sem gera grein fyrir stærð þeirra strokviðburða, sem tilkynntir hafa verið. Allir stroklaxar sem komu fram við þessa tveggja ára vöktun komu úr strokviðburðum á árinu 2018 og voru stroklaxarnir allir úr síðbúnu stroki. Tveir strokviðburðir voru tilkynntir 2019 en þar sluppu stórseiði (post-smolts) út, sem ekki er búist við að endurheimtist fyrr en 2020 eða seinna eftir eitt eða fleiri ár í hafi. Vöktunin hefur því hingað til aðein gefið upplýsingar um síðbúna stroklaxa en engar upplýsingar fengist um strok gönguseiða eða stórseiða.

Hér á eftir er umfjöllun um þær breytur sem notaðar eru í áhættumatslíkaninu með samanburði á nýjum gildum og þeim sem áður voru nýtt.

3.1 Mat á strokstuðli (S)

Í upprunalegri útgáfu líkansins byggði strokstuðullinn (S) á heildarframleiðslu á eldislaxi. Niðurstöður úr líkaninu voru einnig settar fram sem ráðleggingar um mestu árlega framleiðslu á eldislaxi í hverjum firði, sem gerði ráð fyrir hlutfallinu 1:1 milli árlegrar framleiðslu og mesta lífmassa í kvíum. Nýjar upplýsingar benda hinsvegar til þess að þetta hlutfall sé 0,8:1, þ.e. að árleg framleiðsla sé aðeins um 80% af mesta lífmassa. Ennfremur hefur burðarþol í sjókvíaelði verið áður metið af Hafrannsóknastofnun sem mesti lífmassi í hverjum firði. Þannig mun fjörður með 10.000 tonna burðarþol (mesta lífmassa) aðeins geta staðið undir árlegri framleiðslu upp á 8.000 tonn eða jafnvel minni

framleiðslu á svæðum með minni veltu á lífmassa. Minni velta á lífmassa þýðir einnig að ráðlögð framleiðsla á frjóum eldislögum úr fyrstu útgáfu líkansins (71.000 tonn á ári) minnkar afturvirkni niður í 57.000 tonn. Leggja verður áherslu á að framleiðslutölur á Íslandi eru langt fyrir neðan þessi mörk, þar sem framleiðslan var um 30.000 tonn á árinu 2020.

Í ljósi þessara upplýsinga hefur áhættumatslíkaninu verið breytt þannig að það sé fulllega sambærilegt við útreiknað og samþykkt burðarþol í hverjum firði. Í uppfærðri útgáfu af líkaninu byggir storkstuðullinn (S) á mesta lífmassa af eldislaxi og niðurstöður sýndar sem ráðlagður hámarks lífmassi.

Í fyrstu útgáfu af líkaninu var storkstuðullinn ($S = S_1 + S_2$) um 0,8 storklaxar á hvert framleitt tonn á ári. Þegar búið er að endurmeta hlutfallið sem 0,8:1 þá verður þetta gildi um 0,64 storklaxar á hvert tonn af lífmassa á ári.

Í þessu endurmati verður storkstuðullinn (S) óbreyttur sem 0,8 storklaxar á hvert framleitt tonn, sem samsvarar 0,64 storklögum á hvert tonn af lífmassa í viðkomandi sjókvíum. Þessi ákvörðun byggir á niðurstöðum þeirrar vöktunar sem greint hefur verið frá í skýrslunni. Mat á tilkynntum storkviðburðum gefur meðaltals storkstuðul upp á 0,81 storklax á hvert framleitt tonn af laxi. Engin gögn liggja enn fyrir um endurheimtu laxa úr snemmstroki og því er áfram notast við 50:50 skiptingu milli snemmstroks og síðstroks í þessari útgáfu af líkaninu.

3.2 Breytur tengdar dreifingarstuðli fyrir snemm- og síðstrok.

Dreifingarfjarlægð síðstrokulaxa virðist vera nokkuð styttri en gert var ráð fyrir í upprunalegu líkani. Gildi η breytunnar var upprunalega metið sem $\eta=1000$, en gildi sem samsvarar $\eta=540$ virðist samsvara betur þeirri dreifingu sem verið hefur á síðstrokulögum út frá upprunastað. Dreifing á lögum úr síðstroki er einnig með hægri hallandi dreifingu (sólarsinnis með strandstraumum) þar sem $\beta=1.5$ í staðinn fyrir $\beta=2.0$ í upprunalegu mati. Einnig var ljóst að sumir laxar í síðstroki dvöldu í meira en ár nálægt eldiskvíum og áttu tilfallandi laxafóður.

Engin gögn liggja fyrir um fjarlægðardreifingu laxa úr snemmstroki og því var stuðlum hvað það varðar ekki breytt frá fyrra mati.

3.3 Mat á endurheimtu stórseiða(post-smolts) úr snemmstroki í veiðiár (L_3)

Enn hafa engin gögn fengist úr íslenska vöktunarverkefninu um endurheimtur gönguseiða og stórseiða (post-smolts), sem sleppa út. Á hinn bóginn er hægt að fá upplýsingar umfram fyrirbyggjandi íslensk gögn varðandi far stórseiða með því að skoða reiknilíkon í útgefnum norskum skýrslum varðandi laxastrok (Skilbrei et al.,2015). Svo

virðist sem endurheimtur á eldisfiski sem sleppt er í sjó minnki eftir því sem laxinn er stærri við útsetningu í samræmi við hnígandi veldisvísistuðul. Samkvæmt þessum stuðli er endurheimta 100 gr. stórseiðis úr snemmstroki í veiðiám um 0.4 % og sé gert ráð fyrir 50% veiðihlutafalli í ánni verður endurheimtan því 0.8%. Samkvæmt þessari sama línuriti er spáð að heimtur 350 gramma stroklax séu aðeins 50% af því sem gildir fyrir 93 gr. stroklax.

Eins og þegar hefur verið lýst gerir líkanið ráð fyrir heimsækni eldislaxa á sitt eldissvæði, þar sem laxar úr snemmstroki ganga til baka á eldisstað og reyna ekki að ganga í ár, sem minnkar útreiknaða endurheimtu ólínulega í samræmi við vegalengd frá veiðiá. Í raun og veru er útreiknuð endurheimta í líkaninu lægri heldur en L_s (Sjá Mynd 1.3)

3.4 Mat á endurheimtu síðstrokslaxa í veiðiár (L_G)

Endurheimta laxa úr síðstroki var í upprunalega líkaninu varfærnislega metin sem 3.3 %. Þetta gildi byggði á þeirri forsendu að 15% síðstrokslaxa mundu ná kynþroska (M) miðað við að 4 af 18 mánuðum (22%) sé áhættutími. Endurheimta síðstrokslaxa var því reiknuð út sem: $M \times R/T$ sem gerir $0,15 \times 0,22 = 0,033$ sem samsvarar 3,3%. Hægt er að bera þetta upprunalega gildi saman við niðurstöður í norsku laxastroksskýrslunum (Tafla 2.6). Samkvæmt ofangreindum niðurstöðum og með því að gera ráð fyrir að heildarendurheimta sé tvöföld endurveiði í ám var reiknað út að meðalheimta í veiðiár hafi verið 1,12% með háum breytileika (1,2%). Tölur úr opinbera norska vöktunarverkefninu gefa hinsvegar 0,9 % veiði á stroklöxum í ám, sem gefur meðal endurheimtu (L) upp á 1,8 %. Tölur úr norska vöktunarverkefninu eru samanlögð heimta snemm- og síðstrokslaxa og taka ekki tillit til minnkunar á heimtu vegna veiða á laxi í sjó. Miðað við þessar norsku tölur um endurveiði á strokulöxum í ám má telja að þessi fyrsta tala um endurheimtu síðstrokslaxa úr líkaninu (3,3%) sé skynsamlegt fyrsta mat í anda varfærnisreglunnar.

Hinsvegar, eftir að hafa verið með vöktun í tvö ár í íslenskum veiðiám, þá virðist endurheimta síðstrokslaxa vera mun lægri en spáð var fyrir um í upprunalegu líkani. Metin endurheimta (L_G) úr strokviðburði í Hringsdal var aðeins 0,26%. Þetta gildi byggist á óbeinum útreikningum á þeim fjölda sem slapp út og gæti því hugsanlega verið vanmat. Til samanburðar er sú meðalheimta, sem unnin var úr norsku vöktunarskýrslunum, metin sem 0,56-1,35% (Tafla 2-6. Í því endurmati, sem farið hefur fram, hefur endurheimta síðstrokslaxa verið endurskoðuð og lækkuð í 1,1 %. Þetta endurmetna gildi byggir á sanngjarnri málamiðlun milli niðurstaðna úr íslenska vöktunarverkefninu og norskum skýrslum um laxastrok. Stroksstuðli (S) er hinsvegar ekki breytt í þessari endurskoðun.

3.5 Samanburður milli Íslands og Noregs

Endanleg niðurstaða úr áhættumatslíkaninu er spá um raunverulegan fjölda kynþroska stroklaxa, sem ganga í veiðiár til hrygningar. Sé þessi tala síðan tengd við árlega framleiðslu á eldislaxi gefur það til kynna villuráf stroklaxa (MRE). Gildin fyrir slíkt villuráf eru metin sem 2,2 laxar á hver 1000 tonn framleitt á Íslandi en 2,6 laxar á hver 1000 tonn í Noregi. Sjókvíar sem notaðar eru í báðum löndum eru hannaðar í samræmi við staðalinn NS 9415 (norskur staðall 9415 fyrir útbúnað í eldiskvíum til að fyrirbyggja laxastrok). Veðurfar er erfiðara á Íslandi og því mætti búast við meira stroki. Til að gæta ýtrustu varkárni gerir endurskoðað reiknilíkan ráð fyrir MRE gildi upp á 4,3 í íslensku laxeldi.

Í þessu sambandi er hinsvegar rétt að láta það koma fram að hár MRE stuðull gefur ekki endilega til kynna að margir stroklaxar muni ganga í helstu laxveiðiár. Þegar helstu strokviðburðir eru skoðaðir í tengslum við íslenska vöktunarverkefnið virðast margir síðstrokslaxar (8 af 15) birtast aftur nálægt upprunalegum eldisstað. Þær ár, sem um er að ræða, eru litlar og í þær ganga tiltölulega fáir náttúrulegir laxar. Svo virðist sem hluti af síðstrokslaxum haldi sig nærri kvíunum eftir stök og éti það sem til fellur af laxafóðri. Fjórir af þeim strokslaxum sem veiddust höfðu strokið fyrir einu og hálfu ári og virtust því geta bjargað sér í náttúrunni í langan tíma. Sem dæmi má taka lax númer F181304 (sjá töflu 2.2), sem veiddur var í Mjólka sumarið 2018, en hann tilheyrði engum klakárgöngum 2014-2016 og var því sennilega úr eldri árgöngum.

Í samræmi við strangar reglur er laxeldi í sjókvíum á Íslandi bannað á svæðum nærri helstu laxveiðiám (mynd 1.2). Samkvæmt því er lax- og silungselði í opnum sjókvíum aðeins mögulegt á Vestfjörðum og Austfjörðum, þar sem fáar laxveiðár er að finna og langt í verðmætar veiðiár. Því má búast við því að mjög lítil hluti síðstrokslaxa, sem líkanið tekur til, gangi í verðmætar laxveiðiár, þar sem vegalengdin á milli eldissvæðanna og viðkomandi laxveiðiáa er mjög löng. Í ljósi þeirra takmarkana sem í gildi eru hér á landi eru aðeins þrjár laxveiðiár staðsettar nærri kvíaeldissvæðum og falla þannig undir mikla áhættu á verulegu villuráfi eldislaxa í þær og hugsanlegri erfðablöndun.

3.6 Nýtt mat á stuðlum áhættumats á grunni vöktunarniðurstaðna:

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á stuðlum áhættumats:

Stuðlar áhættumats	Fyrri gildi	Ný gildi	Breyting
Snemmbúið strok:			
Heimsæknistuðull (H):	0,25	0,25	N
Weibull stuðlar:			
$\beta =$	2,5	2,5	N
$\eta =$	120	120	N
Endurkomuhlutfall (L_s):	1,85%	1,5%	J
Síðbúið strok:			
Weibull stuðlar:			
$\beta =$	2	1,5	J
$\eta =$	1000	540	J
Endurkomuhlutfall: (L_a)	3,3%	1,1%	J
Strokstuðull (S) (fiskar/tonn):	0,8	0,8	N
Hlutfall síðbúið/snemmbúið:	50/50	50/50	N

3.7 Fyrirbyggjandi aðgerðir

Fyrirliggjandi niðurstöður sýna greinilega mikilvægi þess að hafa nægilega vegalengd milli eldissvæða og laxveiðiáa. Í Ísafjarðardjúpi eru tvæ laxveiðiár staðsettar nærri botni fjarðarins. Því er lagt til í áhættumatinu að staðsetning eldiskvíva skuli vera á svæðum sem eru vestan við línu sem dregin verði milli Æðeyjar og Ögurness.

Árvakar „Riverwatcher“ laxateljarar hafa verið settir upp í báðum laxveiðiánum í Ísafjarðardjúpi (Langadalsá og Laugardalsá). Þessir teljarar eru nettengdir og því hægt að skoða beinar útsendingar af göngufiskum á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar. Þessi heimasíða er opin almenningi og er skoðuð af okkar sérfaðingum á degi hverjum. Einnig er hægt að tengja þetta kerfi við laxagildru sem hægt er að fjarstýra frá höfuðstöðvum. Áætlað er að setja upp Árvaka í Breiðdalsá á Austfjörðum, sem liggur næst laxeldissvæðunum í þeim fjórðungi. Áætlað er að það kerfi verði komið í gagnið vorið 2021.

Enn eru í gildi þær fyrirbyggjandi aðgerðir sem nefndar voru í fyrra áhættumati.

3.8 Þakkarorð

Vöktunarverkefnið, sem tengist stroklöxum í veiðám, varð til fyrir tilstuðlan og samvinnu margra einstaklinga, sem tilkynntu um grunsamlega fiska í ám og sendu sýni. Einnig hafa ýmis félagasamtök, stangaveiðifélög vítt og breitt um landið, áreigendur, fiskeldisfyrirtæki ásamt stofnunum og fyrirtækjum svo sem Mátis ohf. svo og stjórnsýslustofnanir svo sem MAST, UST og Fiskistofa stutt við verkefnið. Við viljum hér með þakka fyrir allan stuðning og samvinnu við það að vakta fjölda stroklaxa í veiðám hér á landi.

3.9 Fjármögnun

Áhættumatsverkefnið var sett af stað með fjármagni frá Atvinnuvega og Nýsköpunarráðuneytinu.

3.10 Viðbótargögn

Endurskoðað áhættumat URL: <https://ahaettumat.shinyapps.io/Hafro2020/>

Heimildir

- Aronsen, T., Berntsen, H. H., Johansen, M. R., Moe, K., and Næsje, T. F. (2019a). Overvåkning av rømt oppdrettslaks i Trøndelag etter rømminger fra lokalitetene Geitryggen og Austvika i 2018. *NINA Rapport 1636*. Norsk institutt for naturforskning.
- Aronsen, T., Bakke G, Barlaup, B. Hårdensson Berntsen, J.H., Diserud, O., Fiske, P., Fjeldheim, P.T., Florø Larse, B., Glover, K., Heino, M., Husebø, Å., Næsje, T., Skoglund, H., Sollien, V.P., Sægvog, H., Urdal, K., and Wennevik, V. (2019). *Rømt oppdrettslaks i vassdrag i 2018*. <https://www.hi.no/hi/nettrapporter/fisken-og-havet-2019-4#sec-romt-oppdrettslaks-i-vassdrag-2018>
- Aronsen, T., Järnegren, J., Florø-Larsen, B., Holthe, E., Ulvan, E. M., Bremset, G., Sollien, V. P., Østborg, G. M., Lam-berg, A., and Næsje, T. F. (2019b). Overvåkning av rømt oppdrettslaks i elv og sjø etter rømming fra havmerd i Frohavet høsten 2018. *NINA Rapport 1700*. Norsk institutt for naturforskning.
- Barson, N., Aykanat, T., Hindar, K., Baranski, M., Bolstad, G., Fiske, P., Jacq, C., Jensen, A., Johnston, S., Karlsson, S., Kent, M., Moen, T., Niemelä, E., Nome, T., Næsje, T., Orell, P., Romakkaniemi, A., Sægvog, H., Urdal, K., Erkinaro, J., Lien, S., and C.P., P. (2015). Sex-dependent dominance at a single locus maintains variation in age at maturity in salmon. *Nature*, 528:405–408.
- Baskett, M. L., Burgess, S. C., & Waples, R. S. (2013). Assessing strategies to minimize unintended fitness consequences of aquaculture on wild populations. *Evolutionary Applications*, 6: 1090–1108.
- Berdahl, A., Westley, P. A. H., Levin, S. A., Couzin, I. D., and Quinn, T. P. (2016). A collective navigation hypothesis for homeward migration in anadromous salmonids. *Fish and Fisheries*, 17:525–542.
- Blair, G. and Jason, V. (2014). Offshore Mariculture Escapes Genetic/Ecological Assessment (OMEGA) Model, version 1.0. Model overview and user guide. *ICF International*.
